06. Almennatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almennatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur.	9.061,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjúlífeyrir.	49.795,3
06.1.4 Atvinnuleysisbætur.	5.830,0

	m.kr.
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	10.719,2
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð.....	6.614,0
Samtals	82.019,5
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglungaheimili	839,2
06.2.3 Málefni fatlaðra	9.419,2
06.2.4 Önnur velferðarheimili.....	186,1
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana.....	56,8
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta.....	1.790,2
Samtals	12.291,5
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	94.311,0
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	1.179,0
07.1.2 Skipulagsmál	2.115,5
Samtals	3.294,5
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál.....	1.685,0
Samtals	1.685,0
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	4.979,5
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþróttá- og útivistarmál	675,4
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	5.679,5
08.0.3 Fjölmiðlar.....	2.955,1
08.0.4 Kirkjumál	5.252,5
08.0.5 Önnur menningarmál	261,0
Samtals	14.823,5
Menningarmál samtals	14.823,5

09. Eldsneytis- og orkumál

09.2 Orkumál	
09.2.1 Raforkumál	1.461,1
09.2.3 Orkumál	614,6
Samtals	2.075,7
Eldsneytis- og orkumál samtals	2.075,7

10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál

10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.1 Jarðræktarmál	514,1
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	9.108,3
10.1.4 Framleiðnistarfsemi	498,5
10.1.5 Dýralæknisþjónusta	692,0
10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.475,5
Samtals	12.340,4
10.2 Skógræktarmál	810,9
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	15,1
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	2.140,5
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	1.239,0
Samtals	3.394,6
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	16.545,9

11. Iðnaðarmál

11.2 Iðnaðarstarfsemi	1.703,9
Iðnaðarmál samtals	1.703,9

12. Samgöngumál

12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	32.053,9
12.1.2 Umferðarmál	551,6
Samtals	32.605,5

12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2	Sjósamgöngur.	2.702,1
	Samtals	2.702,1
12.4	Loftsamgöngur	
12.4.2	Önnur loftsamgöngumál.	6.901,4
	Samtals	6.901,4
12.7	Önnur samgöngumál.	2.440,8
	Samgöngumál samtals	44.649,8
13.	Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2	Ferðaþjónusta	366,3
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	3.602,7
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	1.400,4
13.6	Önnur atvinnumál.	916,2
	Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	6.285,6
14.	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1	Vaxta- og lántökukostnaður	21.766,7
14.0.2	Tilfærslur til annarra opinbera aðila.	12.206,0
14.0.3	Önnur þjónusta	26.010,0
	Samtals	59.982,7
	Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	59.982,7
	Heildargjöld samtals	430.355,0

Séryfirlit 2
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2008

m.kr.

Rekstrargjöld

Laun	112.733,5
Lífeyrisskuldbindingar	5.002,0
Önnur gjöld	94.540,2
Sértekjur	-26.361,4
Rekstrargjöld samtals	185.914,3

Fjármagnskostnaður **21.764,0**

Rekstrar- og neyslutilfærslur

Lífeyristryggingar	44.076,0
Sjúkratryggingar	18.565,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.176,0
Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.972,3
Barnabætur	8.800,0
Fæðingarorlofsjóður	8.256,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.854,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	7.090,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.988,0
Vaxtabætur	5.880,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	3.781,1
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.811,0
Ríkisútvarpið	2.635,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	27.073,9
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	173.958,3

Viðhald

Vegakerfi	3.349,6
Annað	2.718,2
Viðhald samtals	6.067,8

Fjárfesting

Vegakerfi	24.637,4
Heilbrigðisstofnanir	4.486,5
Hafnarframkvæmdir	2.071,5
Háskólar og framhaldskólar	1.789,0
Flugvellir	1.823,8
Annað	7.842,4
Fjárfesting samtals	42.650,6

Gjöld samtals **430.355,0**

Séryfirlit 3
Markaðar tekjur 2008

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-201	Háskóli Íslands	
	Almanaksgjald.....	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-977	Höfundarréttargjöld	
	Höfundarréttargjald	71,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,1
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	2,7
	Greitt úr ríkissjóði	77,8
03-611	Útflutningsráð Íslands	
	Markaðsgjald	403,5
	Greitt úr ríkissjóði	403,5
04-234	Landbúnaðarstofnun	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla	3,0
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru.....	2,3
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	8,0
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	8,0
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	0,5
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi.....	14,0
	Greitt úr ríkissjóði	35,8
04-818	Búnaðarsjóður	
	Búnaðargjald á búvöruframleiðslu	310,0
	Greitt úr ríkissjóði	310,0
04-824	Verðmiðlun landbúnaðarvara	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	89,0
	Greitt úr ríkissjóði	89,0
04-827	Fóðursjóður	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	315,0
	Greitt úr ríkissjóði	315,0
04-843	Fiskræktarsjóður	
	Gjald af skírurum veiðitekjum veiðifélaga	11,0
	Gjald af óskírurum tekjum vatnsaflstöðva.....	12,5
	Greitt úr ríkissjóði	23,5

05-204	Fiskistofa	
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva.....	2,0
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni.....	9,0
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks.....	16,5
	Gjald fyrir landamæraeftirlit.....	4,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum.....	22,5
	Greitt úr ríkissjóði.....	54,5
06-303	Ríkislögreglustjóri	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra.....	6,5
	Greitt úr ríkissjóði.....	6,5
06-310	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.....	17,9
	Greitt úr ríkissjóði.....	17,9
07-331	Vinnueftirlit ríkisins	
	Skráning vinnuvéla.....	2,7
	Greitt úr ríkissjóði.....	2,7
07-982	Ábyrgðasjóður launa	
	Ábyrgðargjald vegna launa.....	822,2
	Greitt úr ríkissjóði.....	484,9
	Viðskiptahreyfing.....	337,3
07-984	Atvinnuleysistryggingasjóður	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi.....	5.047,3
	Greitt úr ríkissjóði.....	5.830,0
	Viðskiptahreyfing.....	-782,7
07-987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnu- tryggingargjaldi.....	160,3
	Greitt úr ríkissjóði.....	0,0
	Viðskiptahreyfing.....	160,3
07-989	Fæðingarorlof	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs.....	8.589,8
	Greitt úr ríkissjóði.....	7.840,0
	Viðskiptahreyfing.....	749,8
08-204	Lífeyristryggingar	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga.....	25.977,2
	Greitt úr ríkissjóði.....	25.977,2

08-208	Slysatryggingar	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	125,0
	Greitt úr ríkissjóði	125,0
08-305	Lýðheilsustöð	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	81,4
	Greitt úr ríkissjóði	81,4
08-397	Lyfjastofnun	
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	6,0
	Lyfjaeftirlitsgjald.....	65,0
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	47,0
	Greitt úr ríkissjóði	79,9
	Viðskiptahreyfing.....	38,1
08-402	Framkvæmdasjóður aldraðra	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.276,4
	Greitt úr ríkissjóði	1.276,4
09-391	Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.....	1.478,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.478,0
09-402	Fasteignamat ríkisins	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins.....	325,0
	Greitt úr ríkissjóði	325,0
10-211	Rekstur Vegagerðarinnar	
	Olúugjald til reksturs Vegagerðarinnar	3.682,8
	Þungaskattur af díselbílfreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar	1.280,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubílfreiða.....	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	4.972,8
10-212	Framkvæmdir Vegagerðarinnar	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar.....	7.420,0
	Olúugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar.....	2.347,2
	Vegna vegtenginga Hvarfjarðargangna og flýtingar á framkvæmda á árinu 1999	187,1
	Greitt úr ríkissjóði	17.442,6
	Viðskiptahreyfing.....	-7.862,5

10-251	Umferðarstofa	
	Skráningargjöld ökutækja.....	470,8
	Umferðaröryggisgjald	95,8
	Greitt úr ríkissjóði	465,5
	Viðskiptahreyfing.....	101,1
10-335	Siglingastofnun Íslands	
	Vitagjald	152,0
	Greitt úr ríkissjóði	152,0
10-471	Flugmálastjórn Íslands	
	Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga.....	9,3
	Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	0,9
	Skráning loftfars til atvinnuflugs.....	2,2
	Greitt úr ríkissjóði	12,4
10-475	Flugvellir og flugleiðsögubjónusta	
	Flugvallaskattur	495,0
	Varaflugvallagjald	543,0
	Vegna flýtingar framkvæmda við Reykjavíkflugvöll	115,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.360,8
	Viðskiptahreyfing.....	-1.437,8
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu.....	26,0
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta.....	90,0
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	32,0
	Greitt úr ríkissjóði	148,0
10-651	Ferðamálastofa	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa.....	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,8
11-245	Samtök iðnaðarins	
	Iðnaðarmálagjald.....	259,3
	Greitt úr ríkissjóði	259,3
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	55,7
	Greitt úr ríkissjóði	55,7
12-190	Ýmis verkefni	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	8,0

12-421	Neytendastofa	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum.....	72,7
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu.....	99,0
	Greitt úr ríkissjóði	171,7
14-211	Umhverfisstofnun	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	0,5
	Gjald af veiðikorti	15,2
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða.....	3,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs.....	25,0
	Greitt úr ríkissjóði	43,7
14-287	Úrvinnslusjóður	
	Úrvinnslugjald.....	700,0
	Greitt úr ríkissjóði	700,0
14-289	Endurvinnslan hf.	
	Skilagjald á einnota umbúðir.....	900,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum.....	85,0
	Greitt úr ríkissjóði	985,0
14-303	Skipulagsmál sveitarfélaga	
	Skipulagsgjald	230,0
	Greitt úr ríkissjóði	155,0
	Viðskiptahreyfing.....	75,0
14-310	Landmælingar Íslands	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands.....	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	Brunamálastofnun ríkisins	
	Brunavarnargjald.....	250,0
	Greitt úr ríkissjóði	124,1
	Viðskiptahreyfing.....	125,9
14-381	Ofanflóðasjóður	
	Ofanflóðasjóðsgjald.....	1.020,0
	Greitt úr ríkissjóði	388,9
	Viðskiptahreyfing.....	631,1
	Heildartekjur	65.722,7
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	73.285,0
	Mismunur	-7.562,3
	Þar af viðskiptahreyfingar.....	-7.562,3

Séryfirlit 4
Aðrar rekstrartekjur stofnana 2008

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-201	Háskóli Íslands	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	356,0
	Framlag Happraettis HÍ til Háskóla Íslands	318,0
	Greitt úr ríkissjóði	571,0
	Viðskiptahreyfing	103,0
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	
	Fisksjúkdómagjald.....	1,0
02-210	Háskólinn á Akureyri	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	61,9
02-215	Kennaraháskóli Íslands	
	Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands	93,0
02-238	Tækjasjóður	
	Leyfisgjald Happraettis Háskóla Íslands.....	155,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
	Viðskiptahreyfing	40,0
02-301	Menntaskólinn í Reykjavík	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri.....	6,5
02-303	Menntaskólinn að Laugarvatni	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni.....	1,4
02-304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð.....	9,3
02-305	Menntaskólinn við Sund	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,3
02-306	Menntaskólinn á Ísafirði	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,4
02-307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,9

02-308	Menntaskólinn í Kópavogi Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi.....	9,0
02-309	Kvennaskólinn í Reykjavík Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík.....	4,7
02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	11,7
02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla	9,8
02-352	Flensborgarskóli Innritunargjöld, Flensborgarskóli	6,5
02-353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja.....	8,2
02-354	Fjölbrautaskóli Vesturlands Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,6
02-355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,9
02-356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3,2
02-357	Fjölbrautaskóli Suðurlands Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands.....	7,4
02-358	Verkmenntaskóli Austurlands Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands.....	1,4
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri.....	10,3
02-360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5,9
02-361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1,1
02-362	Framhaldsskólinn á Húsavík Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík.....	1,1

02-363	Framhaldsskólinn á Laugum	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	Borgarholtsskóli	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	9,0
02-367	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,6
02-368	Menntaskóli Borgarfjarðar	
	Innritunargjöld, Menntaskóli Borgarfjarðar	0,6
02-514	Iðnskólinn í Reykjavík	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík	11,8
02-516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði.....	4,6
02-971	Ríkisútvarpið	
	Afnotagjöld RÚV	2.635,0
02-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	100,2
03-211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs.....	617,0
	Öryggisgjald	603,2
04-234	Landbúnaðarstofnun	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	1,5
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum.....	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.....	87,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	18,0
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-262	Landbúnaðarháskóli Íslands	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands.....	3,7
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands.....	12,0
04-271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
04-311	Landgræðsla ríkisins	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0

04-321	Skógrækt ríkisins Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins.....	5,0
04-831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins Afgjöld ríkisjarða Sala jarðeigna jarðasjóðs	47,0 200,0
05-204	Fiskistofa Gjald vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar..... Útflutningsvottorð Fiskistofu	0,4 2,8
05-207	Verkefnasjóður sjávarútvegsins Gjald vegna ólögmeats sjávarafla	35,0
06-106	Þjóðskrá Íbúaskrá Þjóðskrár..... Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar..... Vottorð Þjóðskrár	0,3 93,8 8,9
06-190	Ýmis verkefni Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalapýðenda..... Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	1,5 2,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala.....	19,0
06-312	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli Tollafgreiðslugjöld til Lögreglustjórans á Suðurnesjum.....	26,5
06-430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal Auglýsingar í Lögbirtingablaði	21,5
07-331	Vinnueftirlit ríkisins Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins..... Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins..... Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum.....	8,8 101,3 5,5
07-982	Ábyrgðasjóður launa Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum.....	70,5
08-301	Landlæknir Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	Geislavarnir ríkisins Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins..... Vottorð frá Geislavörnum ríkisins.....	4,5 0,7

08-373	Landspítali	
	Slysaðstofugjöld Landsþítalans.....	100,0
08-397	Lyfjastofnun	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar.....	86,6
09-201	Ríkisskattstjóri	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá.....	61,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	27,0
	Vottorðsgjöld, hlutaféлага- og fyrirtækjaskrár.....	7,0
09-402	Fasteignamat ríkisins	
	Aðgangur að fasteignamatsskrá.....	171,6
10-251	Umferðarstofa	
	Hluti sveitarféлага í rekstri Umferðarskólans	9,0
10-335	Siglingastofnun Íslands	
	Skoðunargjöld skipa.....	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	Flugmálastjórn Íslands	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar.....	9,2
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	10,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	187,2
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	1,2
10-475	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	65,0
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radiótæki	141,0
11-102	Einkaleyfastofan	
	Gjöld fyrir einkaleyfi.....	27,0
	Gjöld fyrir vörumerki	112,0
	Gjöld fyrir hönnunarvernd.....	1,0
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	11,2
	Greitt úr ríkissjóði	123,2
	Viðskiptahreyfing.....	28,0
12-402	Fjármálaeftirlitið	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	918,6
12-421	Neytendastofa	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	8,5

14-211	Umhverfisstofnun	
	Mengunareftirlitgjald.....	6,5
	Heildartekjur	7.860,6
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	7.689,6
	Mismunur.....	171,0
	Þar af viðskiptahreyfingar.....	171,0

Séryfirlit 5
Lögbundin framlög 2008

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-201	Háskóli Íslands	
	Háskólasjóður.....	215,0
	Greitt úr ríkissjóði.....	215,0
02-978	Listasjóðir	
	Listamannalaun.....	334,2
	Greitt úr ríkissjóði.....	334,2
06-705	Kirkjumálasjóður	
	Kirkjumálasjóður.....	283,9
	Greitt úr ríkissjóði.....	283,9
06-735	Sóknargjöld	
	Sóknargjöld.....	2.220,0
	Greitt úr ríkissjóði.....	2.220,0
06-736	Jöfnunarsjóður sókna	
	Jöfnunarsjóður sókna.....	367,4
	Greitt úr ríkissjóði.....	367,4
07-801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag.....	10.476,0
	Greitt úr ríkissjóði.....	10.476,0
08-305	Lýðheilsustöð	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag.....	65,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag.....	10,0
	Greitt úr ríkissjóði.....	75,0
	Lögbundin framlög alls.....	13.971,5
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	13.971,5

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisáðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, fjármagnskostnað, rekstrartilfærslur, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlíð A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einnig er tæpt á meginatriðum en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Áætlað er að tekjuafkoma ríkissjóðs veði 30,8 milljarðar kr. árið 2008. Er það mun betri afkoma en spáð var í langtímastefnumörkun sem fylgdi fjárlagafrumvarpi þessa árs, en þar var gert ráð fyrir 5 milljarða kr. tekjuhalla á næsta ári. Á næsta ári hefst ráðstöfun á söluandvirði Landssímans af fullum þunga auk þess að tímabundin frestun framkvæmda gengur til baka og gert er ráð fyrir kostnaði við mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna minni þorskafla. Ef fjárfesting ríkissjóðs hefði ekki verið riflega tvöfölduð og að frátöldum mótvægisáðgerðum og óvæntum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðsins læti nærri að tekjuafgangur á næsta ári yrði 60 milljarðar kr.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikn. 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Tekjur	422,0	376,4	448,2	461,2
Gjöld	340,2	367,3	382,2	430,4
Tekjujöfnuður	81,8	9,1	66,0	30,8
Rekstrarl. sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi ¹	5,9	-2,4	-13,4	-6,4
Handbært fé frá rekstri	87,7	6,7	52,6	24,4
Fjármunahreyfingar ²	-104,9	3,0	-65,5	7,5
Hreinn lánsfjárfjöfnuður ³	-17,2	9,7	-12,9	31,9

¹ Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

² Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lána sjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

³ Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 24,4 milljarðar kr. árið 2008 og lánsfjárafgangur 31,9 milljarðar. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafgangi í að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 14,5 milljarða kr., styrkja stöðuna við Seðlabanka um 13 milljarða kr. og greiða áfram inn á lífeyrisskuldbindingu ríkissjóðs.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir 0,7% hagvexti árið 2007 og 1,2% hagvexti árið 2008. Spáð er að verðlag hækki um 3,3% að meðaltali á

milli 2007 og 2008 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 0,9% á milli ára og að atvinnuleysi aukist úr 1,1% af vinnuafla á þessu ári í 2,9% árið 2008. Áætlað er að viðskiptahalli lækki hratt á næstu árum, eða úr 15,2% af landsframleiðslu árið 2007 í 8,8% árið 2008.

Tekjuhlíð. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 461,2 milljarðar króna árið 2008 og hækka um 12,9 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs, en að raungildi lækka tekjur ríkissjóðs um 0,4% á milli ára. Koma þar fram áhrif minni umsvifa á næsta ári og að einkaneysla dregst saman frá þessu ári. Dregur því úr tekjum af veltusköttum svo sem virðisaukaskatti og vörugjöldum. Þá dregur úr skatttekjum einstaklinga með vaxandi atvinnuleysi. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kaflanum hér á eftir.

Gjaldahlíð. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 430,4 milljarðar kr. árið 2008. Er það aukning um 48 milljarða kr. frá áætlun þessa árs eða um 8,2% að raungildi. Skýrist það fyrst og fremst af ríflega tvöföldun stofnkostnaðar á milli ára við að frestun framkvæmda frá fyrri árum gengur til baka og að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. kemur að fullum þunga. Þannig eykst almennur rekstur ríkissjóðs, það er laun og almenn vöru- og þjónustukaup, um 1,7% að raungildi. Að frátöldum rekstrargjöldum vegna yfirtöku á verkefnum vegna brotthvarfs varnarliðsins er aukning almennra rekstrargjalda 1%. Tekju-tilfærslur aukast um 4,2% að raungildi einkum vegna spár um aukið atvinnuleysi, ákvarðana ríkisstjórnar og samkomulags við aldraða um minni tekjutengingar í almannatryggingum, þá eykst framlag til Lánasjóð íslenskra námsmanna og loks aukast framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna tengingar framlaga við tekjur ríkissjóðs. Stofnkostnaður vex um 116% að raungildi og er þar fyrst og fremst um að ræða stórauikin framlög til samgöngumála með áherslu á þau svæði þar sem lækkun þorskveiðiheimilda gætir mest og hagvöxtur hefur verið minnstur undanfarin ár. Nánar er fjallað um áform á gjaldahlíð í 3. kafla.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2008, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2007.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2007. Í fjárlögum ársins 2007 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs næmu 376 milljörðum króna. Við endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 2007 er horft til þróunar innheimtu það sem af er af árinu, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2006 og breyttra efnahagsforsendna. Er nú gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs 2007 verði 72 milljörðum króna meiri en áætlað var í fjárlögum og nemi 448 milljörðum króna. Áætlað er að beinir skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum, og þar af verði tekjuskattur einstaklinga 15 milljörðum meiri og fjármagnstekjuskattur 12 milljörðum meiri. Af 26 milljarða króna hækkun áætlunar um óbeina skatta á árinu má rekja 22 milljarða til aukinna tekna af virðisaukaskatti. Vaxtatekjur ríkissjóðs eru taldar verða um 4,5 milljarða umfram áætlun fjárlaga. Viðvarandi þróttur efnahagslífsins er meginskýring enduráætlunar tekna ríkissjóðs til hækkunar en gagnstætt því sem reiknað var með við áætlun fjárlaga hefur einkaneysla aukist og atvinnuleysi minnkað á árinu. Laun hafa hækkað meira en áætlað var í upphafi árs og starfandi fólki haldið áfram að fjölga, m.a. vegna aðstreymis erlends vinnuafis. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu er nú talið verða 33,0% á árinu, borið saman við 32,4% 2006.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2008. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2008 tekur mið af þeirri niðurstöðu þjóðhagsspár að hagvöxtur ársins verði 1,2%. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að áfram dragi úr verðbólgu og verðlag hækki að meðaltali um 3,3% milli árana 2007 og 2008. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í 2,9%, en í ár er talið að það verði að meðaltali 1,1% sem er með því minnsta um árabíl. Á þessum forsendum er talið að heildartekjur ríkissjóðs nemi 461 milljarði króna sem er aukning um 2,7% frá árinu 2007. Tekjur ríkissjóðs af sköttum eru áætlaðar 422 milljarðar þar af og hækka um 4,3%, þar af aukast beinir skattar um rúm 7% en óbeinir skattar aðeins um rúm 1%. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lækkar samkvæmt þessu lítilllega milli árana 2007 og 2008, úr 33,0% í 32,7%.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun ¹ 2007	Frumvarp 2008
I Skatttekjur	335.322	377.386	343.223	404.764	422.266
Skattar á tekjur og hagnað	119.638	138.652	136.813	164.765	176.469
Einstaklingar	88.227	103.935	94.600	121.400	128.500
Tekjuskattur einstaklinga	72.610	81.122	75.600	90.500	93.500
Sérstakur tekjuskattur	1.005	331	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	14.612	22.482	19.000	30.900	35.000
Lögaðilar	23.413	32.427	39.000	39.000	44.000
Ótalið annars staðar	7.998	2.290	3.213	4.365	3.969
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	7.059	1.266	2.125	3.220	2.665
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	939	1.024	1.088	1.145	1.304
Tryggingagjöld	32.607	37.813	34.851	38.823	41.279
Eignarskattar	13.340	8.754	7.675	9.965	10.455
Skattar á vörur og þjónustu	168.743	190.447	162.318	188.602	190.837
Virðisaukaskattur	114.183	132.122	107.000	129.000	133.000
Almenn vörugjöld	17.475	19.015	22.667	19.364	18.618
Vörugjald af ökutækjum	10.391	10.083	6.800	9.250	8.150
Almennt vörugjald af bensíni	2.356	2.060	1.856	2.080	2.100
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.342	6.935	6.590	7.350	7.420
Oliugjald	1.703	5.560	4.510	5.940	6.030
Aðrir sértækir veltuskattar	5.437	6.795	5.628	7.638	7.272
Bifreiðagjald	3.665	4.110	3.950	4.440	4.610
Þungaskattur/kílómetragjald	4.575	1.172	1.054	1.260	1.280
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	2.616	2.595	2.263	2.280	2.358
Aðrir skattar	994	1.721	1.566	2.610	3.226
II Aðrar rekstrartekjur	25.800	28.705	30.474	34.996	36.259
Arðgreiðslur	8.230	1.236	1.238	1.282	1.557
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	9.315	18.358	20.450	25.045	25.382
Neyslu- og leyfisgjöld.....	7.070	7.625	7.685	7.553	8.220
Annað.....	1.185	1.486	1.102	1.117	1.101
III Sala eigna.....	58.831	14.210	1.100	6.838	1.200
IV Fjármagnstilfærslur.....	-	-	-	-	-
V Fjárframlög.....	1.213	1.662	1.617	1.672	1.443
Heildartekjur ríkissjóðs	421.166	421.963	376.414	448.270	461.168
Sjóðshreyfing	400.953	396.526	365.867	426.640	441.848

¹ Fjárlög að viðbættum fjárákalogum ársins.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2007

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 2007 bendir til að þær verði 448 milljarðar króna, 72 milljörðum hærrí en í fjárlögum ársins. Þar af eru skatttekjur taldar verða 61,5 milljörðum meiri en í fjárlögum, vaxtatekjur 4,6 milljörðum meiri og tekjur af sölu eigna 5,7 milljörðum meiri. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum og nemi 165 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað talsvert meiri tekjum á árinu en áætlað hafði verið og ný áætlun fyrir árið í heild er 15 milljörðum hærri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga er nú talinn verða 12 milljarðar meiri en í fjárlögum. Hvort tveggja skýrist af meiri aukningu tekna og þjóðarútgjalda en gert var ráð fyrir í lok sl. árs. Tekjuskattshlutfall á tekjur einstaklinga er 22,75%, einu prósentustigi lægra en í fyrra. Ekki er tilefni nú til að breyta áætlun fjárlaga um tekjuskatt lögaðila sem áætlaður var 39 milljarðar króna. Hann verður þó endurmetinn þegar álagning á lögaðila birtist í október.

Tryggingagjöld. Tekjur af tryggingagjaldi eru taldar munu hækka frá fjárlögum um fjóra milljarða eða rúm 11%, sem er nokkuð í takt við hækkun launa og aukinn fjölda starfandi manna.

Eignarskattar. Endurskoðun leiðir til verulegrar hækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 2,3 milljarða króna og er nú talið að þær muni nema 10 milljörðum. Tekjur af stimpilgjöldum eru áætlaðar 7,7 milljarðar og af erfðafjárskatti 1,7 milljarðar. Stimpilgjöld hækka um 1,5 milljarð frá fjárlögum til áætlunar og erfðafjárskatttekjur um 750 milljónir. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði tæpum 189 milljörðum króna á árinu 2007 sem er 26 milljörðum eða 16% meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af er talið að virðisaukaskattur skili 22 milljörðum meira áður var áætlað og verði 21% umfram úr áætlun fjárlaga. Þann 1. mars sl. var virðisaukaskattur á matvæli og fleiri vörur og þjónustu lækkaður úr ýmist 14% eða 24,5% í 7%. Áætlað var að aðgerðin kostaði ríkissjóð 12 milljarða króna, að teknu tilliti til örvandi áhrifa þeirra á veltu. Með þessu var reiknað í fjárlögum ársins 2007. Þar var einnig reiknað með að virðisaukaskattur á áfengi yrði lækkaður í 7% en áfengisgjald hækkað á móti sem næmi lækkun skattsins, og leiddi þetta til hækkunar tekna af áfengisgjaldi um 3,8 milljarða króna frá því sem ella hefði verið í fjárlögum. Fjárlögin voru samþykkt á þessum forsendum, en síðar var horfið frá því að breyta skattlagningu áfengis. Þetta skýrir að litlum hluta hækkun áætlunarinnar um virðisaukaskatt ársins, en meginskýringin liggur í meiri veltu en reiknað var með. Tekjur af áfengisgjaldi voru af ofangreindri ástæðu mun hærri í fjárlögum ársins 2007 en þær hafa verið undanfarin ár, eða 11,6 milljarðar króna, en þær stefna hins vegar í að skila 7,9 milljörðum króna eða svipaðri útkomu og á sl. árum. Áfengisgjald telst til almennra vörugjalda og skýrir þetta lækkun þess liðar í töflunni um skatta á vöru og þjónustu, en aukin vörugjöld af innflutningi vega að hluta upp á móti. Vörugjald af ökutækjum á árinu 2007 eru nú áætluð 9,3 milljarðar króna. Það er 2,5 milljarði meira en

reiknað var með í fjárlögum ársins. Hægar hefur dregið úr innflutningi ökutækja en gert var ráð fyrir. Reiknað var með að fluttar yrðu inn 17.000 bifreiðar á árinu en stefnir í 21.000. Þá eru tekjur ársins af bensíni og olíu nú metnar talsvert meiri en í áætlun fjárlaga, einkum er frávikið mikið í olúgjaldi vegna mun meiri olíusölu en áður hafði verið áætlað. Tekjur af öðrum sértækum veltusköttum stefna í að verða um tveimur milljörðum meiri en í fjárlögum, nær eingöngu vegna meiri tekna af aðflutningsgjöldum.

Aðrar rekstrartekjur. Þessi liður er nú talinn munu verða 4,5 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga, aðallega vegna meiri vaxtatekna ríkissjóðs en gert hafði verið ráð fyrir. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt; af skattkröfum, af endurlánum og aðrar vaxtatekjur. Þessir liðir eru allir enduráætlaðir til hækkunar nú. Vextir af skattkröfum eru taldir verða liðlega einum milljarði meiri en áætlað var, byggt á þróun innheimtu það sem af er ári. Vaxtatekjur af endurlánum eru hækkaðar óverulega en vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs eru nú áætlaðar 3 milljörðum meiri en í fjárlögum. Það skýrist annars vegar af betri afkomu og þar með hærri meðalstöðu á reikningum ríkissjóðs í Seðlabanka og hins vegar hærri vöxtum en reiknað var með við fjárlagagerðina. Þá eru arðgreiðslur ársins nú áætlaðar 1,3 milljarðar og ýmis neyslu- og leyfisgjöld 7,6 milljarðar og er frávik frá fjárlögum lítið í þeim liðum.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2008

Yfirlit. Gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2008 verði 461 milljarður króna og hækki um 2,7% frá þessu ári, reiknað á verðlagi hvers árs. Skatttekjur eru áætlaðar 422 milljarðar og hækka um 4,3% milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekju-liðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 176 milljörðum króna og hækki um 7% frá áætlun 2007.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Einstaklingar	103.935	94.600	121.400	128.500
Tekjuskattur einstaklinga	81.121	75.600	90.500	93.500
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	332	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur	22.482	19.000	30.900	35.000
Lögaðilar	32.427	39.000	39.000	44.000
Ótalið annars staðar	2.290	3.213	4.365	3.969
Samtals	138.652	136.813	164.765	176.469

Tekjuskattur einstaklinga. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili 93,5 milljörðum króna og hækki um 3,3% milli ára. Reiknað er með að persónuafsláttur hækki um 4,8% í ársbyrjun 2008. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 5,5% milli 2007 og 2008 og greiðendum tekjuskatts fjölgi um 2%. Tekjuskattshlutfallið er óbreytt, 22,75%. Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga er áætlaður 35 milljarðar króna, 13% hærri en í áætlun 2007. Erfitt hefur reynst að áætla tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti, eins og endurmat þeirra fyrir árið 2007 ber með sér. Stofn skattsins er að stærstum hluta söluhagnaður hlutabréfa og auk þess vaxta- og arðtekjur. Í áætlun fyrir næsta ár er höfð hliðsjón af þróun skattsins á undanförunum árum, vaxtaþróun og öðrum efnahagsforsendum.

Tekjuskattur lögaðila. Við mat á tekjuskatti lögaðila er tekið mið af almennum efnahagsforsendum og afkomu atvinnufyrirtækja. Áætlað er að tekjuskattur lögaðila nemi 44 milljörðum króna og hækki um 13% milli ára, eða álíka mikið og fjármagnstekjuskattur. Um báða þessa tekjustofna leikur mikil óvissa fyrirfram, en forsendur munu þó skýrast meðan fjárlagafrumvarp verður rætt á Alþingi. Álagning þessa árs á lögaðila mun liggja fyrir síðar í haust svo og frekari vísbendingar um afkomuþróun fyrirtækja.

Tryggingagjöld. Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld nemi rúmum 41 milljarði króna og hækki um rúm 6% milli ára. Í ársbyrjun 2007 tók gildi breyting á lögum um tryggingagjald nr. 113/1990 þess efnis að almenna tryggingagjaldið lækkaði úr 4,99% í 4,54% í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 vegna kjarasamninga á almennum vinnu- markaði. Ennfremur var hluta af gjaldstofni tryggingagjalds varið til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða. Sá hluti var 0,15% 2007 og verður 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Við mat á gjaldstofni tryggingagjalds er tekið mið af þróun launa og vinnumagns.

Eignarskattar. Áætlað er að eignarskattar nemi 10,5 milljörðum króna 2008 og hækki um 5% milli ára. Hér er einkum um erfðafjárskatt og stimpilgjöld að ræða. Búið er við að tekjur af stimpilgjöldum aukist milli ára en þó minna en á árinu 2007. Í ár eru þær taldar munu nema 7,7 milljörðum og er áætlað að þær aukist í 8,1 milljarð á næsta ári. Áætlað er að erfðafjárskattur hækki lítillega milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Eignarskattar einstaklinga	-8	0	0	0
Eignarskattar lögaðila	58	0	0	0
Erfðafjárskattur	951	950	1.700	1.800
Stimpilgjöld	7.147	6.200	7.740	8.100
Sértækir eignarskattar	607	525	525	555
Samtals	8.755	7.675	9.965	10.455

Skattar á vöru og þjónustu. Heildarskattar á vöru og þjónustu eru taldir munu nema 191 milljarði króna árið 2008 og aukast um 1,2% frá áætlun 2007. Áætlunin 2008 er byggð á spá um þróun einkaneyslu og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,2% á árinu 2008 og einkaneysla dragist nokkuð saman.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Virðisaukaskattur	132.122	107.000	129.000	133.000
Vörugjöld	43.653	42.423	43.984	42.318
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.708	3.350	4.270	3.870
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	768	795	580	590
Vörugjöld af ökutækjum	10.083	6.800	9.250	8.150
Vörugjald af bensíni	2.060	1.856	2.080	2.100
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.935	6.590	7.350	7.420
Olúgjald	5.560	4.510	5.940	6.030
Flutningsjöfnunargjöld	368	401	401	0
Áfengisgjald	7.546	11.599	7.880	8.150
Ýmis vörugjöld	2.789	2.502	2.342	2.238
Tóbaksgjald	3.837	4.020	3.890	3.770
Tollar og innflutningsgjöld	4.621	3.427	5.437	4.931
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.174	2.201	2.201	2.341
Bifreiðaskattar	5.282	5.004	5.700	5.890
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	2.606	2.263	2.280	2.358
Samtals	190.458	162.318	188.602	190.837

Virðisaukaskattur. Nær þriðjungur af skatttekjum ríkissjóðs kemur frá virðisaukaskatti. Áætlað er að skatturinn nemi 133 milljörðum króna árið 2008, sem er 3,1% nafnaukning milli ára. Áætlunin er m.a. byggð á horfum um einkaneyslu og aðrar hagstærðir á næsta ári. Þá hefur lækkun skatthlutfallsins 1. mars 2007 þau áhrif að þróun skattskyldrar veltu milli árána 2007 og 2008 endurspeglast ekki að fullu í þróun skatttekna á ársgrundvelli.

Vörugjöld af ökutækjum. Gert er ráð fyrir að vörugjöld af ökutækjum dragist saman á næsta ári eftir mikinn innflutning undanfarinna ára. Árið 2008 er gert ráð fyrir að fluttar verði inn 18.500 bifreiðir borið saman við áætlun um 21.000 á þessu ári. Samkvæmt þessu er áætlað að vörugjöld af ökutækjum dragist saman um 12% milli ára.

Vörugjöld af bensíni og olúgjald. Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Almenna vörugjaldið á bensín er 9,28 krónur á hvern lítra en sérstaka bensíngjaldið 32,95 krónur, hvort tveggja föst fjárhæð. Við mat á sölumagni bensíns og olíu á næsta ári er tekið er mið af áætluðu sölumagni á þessu ári og áætlunum Vegagerðarinnar um söluaukningu milli ára og þannig gert ráð fyrir að bensínsala verði nálægt 225

milljónum lítra og olíusala nálægt 145 milljónum lítra á árinu 2008. Bensíngjöldin munu samkvæmt því nema samanlagt liðlega 9,5 milljörðum króna. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að olíugjald verði áfram óbreytt, 41 króna á hvern lítra, en tímabundin lækkun gjaldsins úr 45 í 41 krónu rennur út í lok árs 2007. Áætlaðar tekjur af olíugjaldi eru því um 6 milljarðar króna sem renna til vegamála.

Bifreiðagjald og kílómetragjald. Kílómetragjald er lagt á bifreiðir sem vega 10 tonn og þar yfir og rennur það til vegamála. Miðað er við 1,5% akstursaukningu milli ára og því áætlað að tekjur af kílómetragjaldi aukist lítillega og verði 1,3 milljarðar króna. Bifreiðagjöld eru áætluð 4,6 milljarðar króna sem er hækkun um tæp 4%.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er talinn skila um 2,4 milljörðum króna sem er um 3% hækkun frá áætlun þessa árs.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi rúmum 36 milljörðum króna 2008, sem er liðlega eins milljarðs hækkun milli ára. Arðgreiðslur er taldar aukast í tæpar 1.600 milljónir 2008 eða um rúman fimmtung. Vaxtatekjur aukast lítillega, í rúma 25 milljarða. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 7,6 milljörðum árið 2007 í 8,2 milljarða á næsta ári eða um nær 9% milli ára.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 1,2 milljörðum árið 2008.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi rúmum 1,4 milljörðum króna 2008 og felst í því nokkur lækkun frá áætlun yfirstandandi árs, aðallega vegna þess að séð er fram á að framlag Happpdrættis Háskóla Íslands til Háskólans muni lækka um 360 milljónir króna milli ára.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2008, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu frávik frá fjárlögum útskýrð. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna og gerð grein fyrir lánsfjármálum ríkissjóðs.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu verðlagi ársins 2008 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun efnahagsmála. Í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 3,3% frá árinu 2007 til 2008. Í frumvarpinu er hækkun á öðrum rekstrargjöldum en launum hins vegar almennt miðuð við spá um vísitöluna að frátöldum húsnæðislið hennar en hún nemur 3,8% þar sem áætlað er að húsnæðisverð muni hækka minna en aðrir liðir. Flestir útgjaldaliðir frumvarpsins sem tengjast ákveðnum gjaldmiðlum eru miðaðir við gengi 1. september 2007. Launaforsendur frumvarpsins miðast við gildandi kjarasamninga. Hækkar launaliður flestra stofnana um 2% í ársbyrjun 2008 og gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 3,3% í upphafi árs. Talsverð óvissa er á næsta ári um þróun launa, gengis og verðlags þar sem kjarasamningar flestra ríkisstarfsmanna verða lausir á næsta ári og kjarasamningar á almennum vinnumarkaði losna á þessu ári. Á launa- og verðlagslið frumvarpsins er áætlað fyrir 4 milljarða kr. fjárveitingu til að mæta breytingum sem kunna að verða á þessum forsendum frumvarpsins.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs á næsta ári eru áætluð rúmlega 430 milljarðar kr. og aukast um 63 milljarða frá fjárlögum 2007, en í þeirri tölu er ýmislegt endurmat svo sem á afskriftum skattkrafna og breytt reikningsskil um hvernig á að færa skuldbindingar vegna vaxtamunar o.fl. Þá hefur velta margra stofnana verið endurskoðuð í ljósi ríkisreiknings 2006 og sértekjur og gjöld hækkuð, sem leiðir ekki til hækkunar gjalda nettó. Betri samanburður fæst því við áætlaða útkomu árið 2007 þar sem tekið hefur verið tillit til þessara breytinga. Hækkun útgjalda frá áætlun 2007 er 48 milljarðar eða 12,6%, sem er hækkun um 8,2% að raungildi miðað við verðlagsforsendur frumvarpsins. Má fyrst og fremst rekja hækkunina til aukningar í fjárfestingum einkum í samgöngumálum. Kemur þar meðal annars til að frestun framkvæmda frá fyrri árum gengur til baka og ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. hefst af fullum þunga. Þá aukast fjárfestingaútgjöld vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar vegna lækkunar á aflamarki þorsks. Ef litið er á hagræna skiptinu útgjalda þá aukast almenn rekstrargjöld ríkissjóðs, það er laun og kaup á vöru og þjónustu, um 1,7% að raungildi frá þessu ári, en um 1% að frátöldum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðsins.

Tekjutilfærslur hækka að raungildi um 4,2% og skýrist það einkum af spám um aukið atvinnuleysi, hækkun útgjalda almannatrygginga vegna minni tekjutenginga og auknum framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Stofnkostnaður vex um 116% að raungildi á milli ára og skýrir að mestum hluta hækkun útgjalda á milli ára. Er þar einkum um að ræða framlög til samgöngumála eins og rakið verður nánar síðar í kaflanum. Vaxtagjöld eru nær óbreytt í krónutölu á milli ára.

Í frumvarpinu eru ýmsar aðgerðir til að lækka útgjöld frá því sem þau hefðu annars orðið til mæta nýjum útgjöldum og forgangsverkefnum. Nema aðgerðirnar samtals 5,6 milljörðum króna. Gerð er krafa um að ráðuneytin lækki rekstrarkostnað stofnana og verkefna um 2 milljarða frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Kemur lækkinin mismunandi þungt á ráðuneytin þannig er lækkin útgjalda hlutfallslega helmingi minni í mennta-, félags- og heilbrigðismálum en í öðrum málaflokkum. Áformað er að fresta framkvæmum við Sundabraut er nemur 1,5 milljarði króna frá því sem áætlað var á næsta ári. Áformað er að leggja af flutningsjöfnun olíuvara, sem lækkar tekjur og gjöld um 400 m.kr., fyrirhugað er að fresta byggingu stofnunar Árna Magnússonar um 300 m.kr. Þá er ráðgert að hætta verðmiðlun landbúnaðarafurða, sem lækkar útgjöld um 300 m.kr., auk áforma um að leggja af Fóðursjóð í áföngum, sem lækkar tekjur og gjöld um 300 m.kr. á næsta ári. Þá er framlag í Þróunarsjóð EFTA lækkað um 300 m.kr. og gert ráð fyrir að sjóðurinn gangi á inneignir sínar og dregið verður úr umfangi friðargæslu um 100 m.kr. Loks má nefna að framkvæmdum við Háskólatorg verður flýtt er nemur 280 m.kr. og fellur sá kostnaður til á þessu ári.

Fram hafa komið ýmis útgjaldatilfærni sem ekki voru að fullu fyrir séð. Má þar fyrst nefna útgjöld vegna brotthvarfs varnarliðsins sem nema ríflega 1,6 milljarði króna, en helmingur þeirra skýrist með rekstri ratsjárkerfa. Einnig má nefna ákvarðanir ríkisstjórnar um mótvægisáðgerðir vegna minni þorskafla sem kosta um 4,4 milljarða kr. á næsta ári að meðtalinni flýtingu framkvæmda. Þá hafa reikningsskilareglur breyst sem hækkar útgjöld í ár og á næsta ári um 1,1 milljarð króna hvort ár, þar sem gjaldfæra þarf núvirtan vaxtamun lána Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða. Loks leiðir endurskoðun tekjuáætlunar til tæplega 1 milljarðs kr. hærri framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og afskriftir skattkrafna eru auknar um 4 milljarða króna árlega í ár og á næsta ári af sömu ástæðu.

Framsetning gjaldahliðar. Frumvarpið er lagt fram miðað við óbreytta verkaskiptingu ráðuneyta þrátt fyrir lög nr. 109/2007, um breytingar á Stjórnarráði Íslands. Með lögnum verða landbúnaðaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð, Hagstofa Íslands verður sjálfstæð stofnun og hættir að vera ráðuneyti. Hluti almannatrygginga færast frá núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagamálaráðuneytis og breytast nöfn þessara ráðuneyta til samræmis. Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2008 og verður frumvarpinu breytt við 2. umræðu og verða verkefni og fjárveitingar þeim til heyrandi færð

á milli ráðuneyta. Með því að gera breytingarnar við 2. umræðu fæst heildaryfirlit yfir nýja skípan og þingmönnum gefst kostur á að ræða breytingarnar efnislega. Þá verður meðferð fjárlagafrumvarpsins meðförum Alþingis markvissari þar sem allur samanburður á milli ára og við fyrri ár er auðveldari.

Heildarútgjöldum ríkissjóðs er skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda. Til frádráttar almennum rekstrargjöldum koma sértekjur og eru þau gjöld því færð nettó. Með sértekjum er átt við sölu á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli ríkisaðila innan A-hluta. Ekki eru að þessu sinni gerðar breytingar á flokkun útgjalda innan A-hluta sem hafa teljandi áhrif á samanburð heildarstærða á milli ára. Þó eru gerðar þær breytingar að Sinfóníuhljómsveit Íslands flyst úr B-hluta í A-hluta, en lögum um hljómsveitina var breytt og greiðir ríkissjóður nú riflega 80% af kostnaði við hana. Við þá breytingu lækka tilfærsluútgjöld um 450 m.kr. og rekstrargjöld hækka um sömu fjárhæð. Úr B-hluta færast einnig rekstur ratsjárkerfa sem verður ný stofnun í A-hluta sem ríkissjóður kostar. Þá hefur Ríkisútvarpinu verið breytt í hlutafélag og fellur því úr B-hluta ríkissjóðs, en fær eftir sem áður sérstakt framlag frá A-hluta samkvæmt samningi sem menntamálaráðuneytið gerir við hlutafélagið.

Gjöld eru í frumvarpinu eins og áður færð á rekstrargrunni, það er þegar skuldbinding verður til en ekki þegar greiðsla fer fram. Er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfesting er gjaldfærð þegar hún verður til en er ekki afskrifuð og beitt er verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyris-skuldbindingar. Er framsetning ríkisfjármála nú til endurskoðunar hjá ríkisreikningsnefnd þar sem farið verður yfir reynsluna af núverandi framsetningu og gerðar tillögur um breytingar í ljósi reynslunnar og þarfa notenda upplýsinga um ríkisfjármál.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 416,9 milljarðar króna en heildargjöld á rekstrargrunni eru 430,4 milljarðar samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 13,5 milljarðar króna og skýrist einkum af fjórum liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 milljarðar króna og eru færðar sem gjöld án þess að greiðsla komi úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum 3,7 milljarðar kr. Í þriðja lagi er mismunur á greiddum og núvirtum vaxtamun vegna lána til leiguíbúða 0,8 milljarðar kr. Í fjórða lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærrí en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn -1,3 milljarðar kr. sem kemur á móti hinum þremur.

Í séryfirlitum á bls. 234 og 239 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrar-tekjur ríkisstofnana auk þess að gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á

verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 245 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrri ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Rekstrargjöld					
Laun	87.398	97.691	100.501	105.455	112.734
Lífeyrisskuldbindingar.....	4.052	10.565	4.807	4.807	5.002
Önnur gjöld	81.762	81.663	84.083	89.066	94.540
Sértekjur	-28.121	-29.458	-20.661	-23.781	-26.361
Rekstrargjöld samtals	145.091	160.461	168.730	175.546	185.914
Fjármagnskostnaður	13.420	14.908	20.629	21.673	21.764
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	30.899	33.126	41.454	42.007	44.076
Sjúkratryggingar	14.970	16.243	17.014	17.884	18.565
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	8.091	9.869	9.741	11.835	12.176
Afskriftir skattkrafna	9.795	11.446	6.000	10.000	10.000
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.324	8.342	8.352	8.567	8.972
Barnabætur	5.374	6.371	8.500	8.500	8.800
Fæðingarorlofsjóður	6.594	6.916	7.600	7.600	8.256
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.148	6.367	7.560	7.560	7.854
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.360	2.584	4.409	2.701	7.090
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	4.477	5.244	5.244	5.988
Vaxtabætur	5.472	5.351	5.530	5.530	5.880
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.918	3.182	3.514	3.514	3.781
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	951	1.693	2.551	2.551	2.811
Ríkisútvarpið	2.483	3.205	2.780	2.780	2.635
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	21.118	22.865	23.734	24.104	27.074
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	130.547	142.036	153.982	160.376	173.958
Viðhald					
Vegakerfi	2.405	2.867	3.114	3.114	3.350
Annað	2.494	2.898	2.092	2.425	2.718
Viðhald samtals	4.899	5.764	5.206	5.539	6.068
Fjárfesting					
Vegakerfi	6.714	7.954	10.353	9.353	24.637
Heilbrigðisstofnanir	1.024	2.054	1.952	1.452	4.487
Hafnarframkvæmdir	983	741	702	702	2.072
Háskólar og framhaldskólar	479	1.735	1.482	1.864	1.789
Flugvellir	518	394	361	361	1.824
Annað	4.720	4.124	3.864	5.362	7.842
Fjárfesting samtals	14.438	17.001	18.713	19.093	42.651
Gjöld samtals	308.395	340.170	367.260	382.228	430.355

Horfur árið 2007. Útgjöld ríkissjóðs árið 2007 hafa verið endurskoðuð í ljósi breytinga á forsendum og þróun efnahagsmála. Er áætlað að heildargjöld verði 382,2 milljarðar kr. en eru 367,3 milljarðar í fjárlögum 2007. Er því gert ráð fyrir að gjöldin verði rúmum 15 milljörðum hærri en í fjárlögum. Það sem skýrir hækkun gjalda eru fyrst og fremst breytingar á forsendum frumvarpsins og ákvarðanir um mótvægisáðgerðir vegna minni þorskafla. Þannig eru afskriftir skattkrafna endurskoðaðar og hækka um 4 milljarða kr., framlög í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða 1,8 milljörðum hærri en áætlað var aðallega vegna tengingar lögbundinna framlaga í sjóðinn við tekjur ríkissjóðs. Áætlað er að vaxtagjöld verði 1 milljarði kr. hærri en í fjárlögum og nýr liður bætist við sem er 1,1 milljarður vegna núvirtis vaxtamunar af lánum til leiguíbúða. Mótvægisáðgerðir vegna minni þorskafla kosta ríkissjóð 1,3 milljarða kr. Loks má nefna að greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs verður um 1,1 milljarði kr. hærri en áætlað var vegna betri sjóðstöðu og hærri vaxta en áætlað var. Samtals skýra þessar breytingar rúmlega 10 milljarða kr. útgjöld. Á móti kemur að gert er ráð fyrir mun minna atvinnuleysi en spáð var í forsendum fjárlaga og lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs því um 1,3 milljarða kr. þar að auki er gert ráð fyrir að vaxta-tekjur sjóðsins verði 0,5 milljörðum meiri en áætlað var í fjárlögum vegna minni útgjalda og hærri tekna sjóðsins af mörkuðum tekjum. Aðrar helstu breytingar eru 0,5 milljarða hækkun útgjalda almannatrygginga vegna ákvörðunar um að draga úr tekjutengingum og tæplega 0,9 milljarða kr. hækkun sjúkratrygginga vegna lyfja- og læknskostnaðar. Nánari grein er gerð fyrir útgjöldum árið 2007 í frumvarpi til fjárukalaga fyrir það ár.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2008. Ný ríkisstjórn ákvað meginlínur í ríkisfjármálum með ákvörðun um útgjaldaramma í lok maí. Markmið í ríkisfjármálum voru endurskoðuð og teknar ákvarðanir um forgangsverkefni og lækkingu útgjalda í byrjun júlí. Ráðuneytin forgangsroðuðu útgjöldum sínum innan útgjaldaramma í júlí. Eftir sumarleyfi voru teknar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir vegna lækkunar á aflamarki þorsks, jafnframt voru efnahagsforsendur frumvarpsins endurmetnar og lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vöru og þjónustu A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs t.d. mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkissjóðs á þjónustu af einkaaðilum. Rekstrargjöld árið 2008 eru áætluð 185,9 milljarðar kr. og aukast um 10,4 milljarða kr. frá áætlun 2007, eða um 5,9%. Rekstrargjöld hækka því að raungildi um 1,7%. Að frádregnum ófyrirséðum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðsins vaxa rekstrargjöld ríkissjóðs um 1% að raungildi frá áætlaðri útkomu 2007. Auk hækkunar vegna brotthvarfs varnarliðsins aukast rekstrargjöld til menntamála vegna eflingar háskólastigsins og rannsókna. Þá aukast framlög til heilbrigðis- og velferðarmála einkum vegna öldrunarþjónustu og aukinna framlaga til málaefna fatlaðra.

Sértekjur eru greiðslur fyrir vörur og veitta þjónustu sem ríkisstofnanir í A-hluta selja á markaðslegum forsendum. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta og styrkir frá rannsóknarsjóðum. Áætlað er að sértekjur verði 26,4 milljarðar árið 2008 og hækka þær um 2,6 milljarða frá áætlun 2007, en um 5,7 milljarða frá fjárlögum 2007. Skýringin á mikilli hækkun frá fjárlögum er að velta ýmissa stofnana og verkefna hefur verið leiðrétt með hliðsjón af ríkisreikningi 2006 og áætlana um þróun árin 2007 og 2008. Við það hækka tekjur og gjöld viðkomandi stofnana og verkefna án þess að hrein útgjöld ríkisins aukist. Aðrar breytingar, eða tæplega einn milljarður kr., skýrast af almennum verðlagsbreytingum í samræmi við forsendur frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, niðurgreiðslur á búvörum auk annarra framlaga til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Hér falla einnig undir rekstrartilfærslur til ríkisaðila utan A-hluta, svo sem til B-hluta fyrirtækja og lánasjóða í C-hluta. Rekstrar og neyslutilfærslur aukast um 13,5 milljarða kr., eða 8,5% frá áætlun þessa árs. Jafngildir það 4,2% hækkunar að raungildi. Mest munar um hækkun útgjalda til atvinnuleysisbóta sem aukast um 4,4 milljarða eða rúm 163% frá áætlun þessa árs. Stafar breytingin af spám um aukið atvinnuleysi en gert er ráð fyrir að það verði 2,9% af vinnuafli árið 2008. Þá hækka útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna nokkuð hlutfallslega, eða um 14% og stafar það af breytingum á viðmiðunarfrjárhæðum til framfærslu á þessu ári, fjölgun nemenda og meiri lána til skólagjalda. Útgjöld lífeyristrygginga aukast um rúmlega 2 milljarða kr. eða tæp 5% vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar og samkomulags við aldraða um að draga úr tekjutengingum. Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukast vegna tengingar þeirra við tekjur ríkissjóðs auk þess að veitt er tíma-bundið 700 m.kr. framlag til að koma á móts við þau sveitarfélög sem standa verst vegna ytri aðstæðna. Loks má nefna að tilfærslur aukast um tæplega 800 m.kr. til þróunaraðstoðar.

Fjármagnskostnaður er áætlaður tæplega 21,8 milljarðar kr. og hækkar um 91 m.kr. frá áætlun þessa árs en um 1,1 milljarð frá fjárlögum 2007. Hækkun vaxtagjalda á árinu 2007 skýrist af hækkun vaxta innanlands og á erlendum lánnum. Þá hækka vaxtatekjur sjóða af inneignum, svo sem Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ofanflóðasjóðs, sem færast sem vaxtagjöld hjá ríkissjóði. Þó lækka vaxtagjöld erlendra lána vegna áforma um að greiða niður lán á árinu 2008. Nánar er fjallað um vaxtagjöld síðar í greinargerðinni undir fjárlagalið 19.

Viðhaldsverkefni. Útgjöld vegna viðhaldsverkefna eru í frumvarpinu áætluð rúm 6 milljarðar kr. og hækka um 530 m.kr. frá áætlun ársins eða um 9,5%. Þar af hækka útgjöld vegna viðhalds á vegum um tæplega 240 m.kr. og annað viðhald á húseignum um 300 m.kr. sem er hluti af mótvægisáðgerðum vegna lækkunar á þorskkvóta. Hækkun útgjalda vegna

viðhalds frá fjárlögum 2007 er nokkru meiri eða 860 m.kr.

Stofnkostnaður og fjármagnstílfærslur eru áætlaðar 42,6 milljarðar kr. og hækka um 23,6 milljarða króna eða um 123,4% sem jafngildir 116% hækkun að raunvirði. Þar af er hækkun á framlögum til vegamála 15,3 milljarðar eða 163%, stofnkostnaður heilbrigðisstofnana hækkar um 3 milljarða kr. eða 209% og munar þar mestu um 1,3 milljarða kr. aukið framlag til nýbyggingar Landspítala og 800 m.kr. framlög til byggingar hjúkrunarheimila. Framlög til flugvalla aukast um 1,5 milljarð kr. eða 405% og munar þar mestu um flýtingu á framkvæmdum við lengingu flugbrautar á Akureyri, 940 m.kr. Framlög til Hafnarframkvæmda aukast um 1,4 milljarða kr. mest vegna Bakkafjöru og nýrrar Vestmannaeyjaferju, eða rúmar 900 m.kr. Aðrir stofnkostnaðarliðir hækka samtals um 2,4 milljarða kr. eða 45%. Munar þar mest um framlag vegna varðskips og flugvélar fyrir Landhelgisgæsluna, eða 1,5 milljarð kr. og 1,1 milljarð vegna vaxtamunar á lánum til leiguíbúða sem flokkast sem fjármagnstílfærsla. Loks má nefna tæplega 700 m.kr. stofnkostnaðarframlög til mótvægisáðgerða vegna skerðingar á aflamarki þorsks. Á móti falla nokkur verkefni niður eða lækka þar sem þeim er að verða lokið svo sem framlag vegna Háskólatorgs og viðgerðir á Alþingishúsi.

3.2 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er milli-fært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hvernar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt

tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjárlögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve viðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnunum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggja fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjárlögum og lokafjárlögum.
2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.
3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjár-sýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.
4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjárlögum.
5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjár-

heimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.573,2	3.065,7	2.996,3	-2	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	61,2	66,8	66,8	0	9
Stofnkostnaður og viðhald	115,9	177,8	119,6	-33	3
Samtals	2.750,3	3.310,3	3.182,7	-4	16
Greitt úr ríkissjóði	-	3.310,3	3.182,7	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	3.310,3	3.182,7	-4	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2008 eru áætluð um 3.229 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 46 m.kr. en þær nema 1,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.183 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.


Rekstrargjöld að frádragnum sértekjum eru áætluð 2.996 m.kr. og lækka um 69 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Það jafngildir 210 m.kr. lækkun að raungildi því launa- og verðlagsbætur frumvarpsins eru 141 m.kr. Munar þar mest um að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 230,9 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 67 m.kr. og eru óbreyttar frá fjárlögum 2007.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 120 m.kr. og er það 58 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna samtals 110 m.kr. en á móti kemur að lagt er til að veitt verði 50 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda á Alþingisreit.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	167,5	182,7	196,4	7,5	17,3
Alþingi	1.783,2	2.265,0	2.020,2	-10,8	13,3
Framkvæmdir á Alþingisreit	2,3	10,0	50,0	400,0	2.073,9
Ríkisstjórn	217,9	221,3	247,0	11,6	13,4
Hæstiréttur	112,3	120,2	138,9	15,6	23,7
Umboðsmaður Alþingis	93,6	97,6	101,2	3,7	8,1
Ríkisendurskoðun	373,5	413,5	429,0	3,7	14,9
Samtals	2.750,3	3.310,3	3.182,7	-3,9	15,7

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 196,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári en það jafngildir 5,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lögð er til 9,4 m.kr. hækkun fjárveitingar til að viðhalda jafnvægi í rekstri embættisins en á móti er gerð 3,6 m.kr. hagræðingarkrafa.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 2.020,2 m.kr. og lækka um 244,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbætur eru 79,8 m.kr. og því nemur lækkunin 324,6 m.kr. að raungildi. Lækkun fjárveitinga stafar af því að niður falla nokkur fram-

lög sem veitt voru vegna tímabundinna útgjalda, samtals 327,4 m.kr. Munar þar mest um 155 m.kr. vegna ársþings þingmannanefndar NATO, 52 m.kr. vegna biðlauna og viðbótar þingfararkaups á kosningarári og 50 m.kr. stofnkostnað skólaþings. Á móti kemur að 3,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2004 til að bæta aðstöðu fatlaðra alþingismanna hækkar um 1 m.kr. og verður varanleg og framlag til stofnkostnaðar hækkar um 1,8 m.kr. við það að tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur nú til baka. Rekstrarumfang Alþingis hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 9 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar á fjárlagalið Alþingis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	699,4	805,6	791,9	-1,7	13,2
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0	65,0	65,0	0,0	18,2
Fastanefndir	9,0	29,5	30,6	3,7	240,0
Alþjóðasamstarf	62,7	247,5	90,5	-63,4	44,3
Almennur rekstur	661,0	729,5	764,8	4,8	15,7
Sérverkefni	25,7	52,1	33,1	-36,5	28,8
Rekstur fasteigna	165,0	169,0	175,7	4,0	6,5
Fasteignir	56,1	59,0	24,0	-59,3	-57,2
Tæki og búnaður	49,3	107,8	44,6	-58,6	-9,5
Samtals	1.783,2	2.265,0	2.020,2	-10,8	13,3

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til að ljúka endurskoðun á deiliskipulagi Alþingisreits og undirbúa fornleifarannsóknir á vesturhluta reitsins og hönnun nýbygginga. Á móti er gerð tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á reitnum og frumhönnunar nýbygginga. Reiknað er með að Skjaldbreið verði uppmæld og tekin niður. Gert er ráð fyrir að hún verði endurbýggð að hluta síðar.

301 Ríkisstjórn. Laun ráðherra að undanskildu þingfararkaupi, laun aðstoðarmanna ráðherra og þóknun ritara ríkisstjórnarinnar eru greidd af þessum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 247 m.kr. fjárveitingu á liðinn sem er 25,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Launabætur eru 15,7 m.kr. og auk þess er lögð til 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu svo fjárhagsrammi verði sem næst raunútgjöldum.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 429 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 15,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og stafar alfarið af launa- og verðlagsuppfærslu. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 6 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	725,1	739,9	818,5	11	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	310,3	286,9	330,2	15	6
Stofnkostnaður og viðhald	104,8	159,7	161,9	1	54
Samtals	1.140,2	1.186,5	1.310,6	10	15
Greitt úr ríkissjóði	-	1.186,5	1.310,6	10	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	1.186,5	1.310,6	10	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 1.350 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 m.kr. en þær nema tæpum 3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.310 m.kr. og eru öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður Hagstofa Íslands ekki ráðuneyti heldur sjálfstæð stofnun undir forsætisráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytinga-tillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 819 m.kr. og hækka um 79 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 40 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins Island.is, 5,9 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings að formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og 5 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 43 m.kr. og verða 330 m.kr. en eru 287 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Fyrir utan verðlagsuppfærslu munar mest um 21,3 m.kr. hækkun á

framlagi til Norrænu ráðherranefndarinnar, 18 m.kr. aukin framlög til Hrafnseyrarnefndar, þar af 15 m.kr. tímabundið, og 11,7 m.kr. tímabundið framlag til byggingar Norður-atlants húss við höfnina í Óðinsvéum í Danmörku. Niður falla samtals 11,5 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 162 m.kr. og hækkar um 2 m.kr. milli ára. Stærstu breytingarnar eru 20 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds á Þjóðmenningarhúsinu og 12,8 m.kr. lækkun á framlögum til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert nýjan samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum er veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi. Eldri samningar sem alls gerðu ráð fyrir 23 m.kr. árlegum framlögum falla jafnframt niður. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarks-skuldbindingu. Samtals nema samningarnir 2,1% af útgjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Vesturfarasetrið á Hofsósi	C	23,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Samtals		23,0	28,0	28,0	28,0	28,0

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	215,4	250,6	257,0	2,6	19,3
Ýmis verkefni	306,5	252,5	275,8	9,2	-10,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	521,9	508,1	537,8	5,8	3,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 17,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að framlag til Hrafnseyrarnefndar hækki um 18 m.kr., þar af 15 m.kr. tímabundið til endurnýjunar á Safni Jóns Sigurðssonar og umhverfisfrankvæmda á Hrafnseyri, gert er ráð fyrir að veitt verði 11,7 m.kr. tímabundið framlag til byggingar Norðuratlantshúss í Óðinsvéum, framlag til Vesturfarasetursins á Hofsósi hækkar um 5 m.kr. og veitt er 5 m.kr. tímabundið framlag til nefndar um minningu tveggja aldar afmælis Jóns Sigurðssonar forseta. Niður falla nokkur eldri framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna samtals 26,9 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 257 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar. Það jafngildir 3,2 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi frá fjárlögum yfirtandandi árs og skýrist af aðhaldskröfu og breyttri forgangsröðun innan langtímaáætlunar.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 275,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 20,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru: Fjárveiting á viðfangsefni *1.16 Evrópunefnd* lækkar um 5,3 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Lagt er til að 14,4 m.kr. framlag á viðfang *1.18 Stjórnarskrarnefnd* sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2005 og hefði að óbreyttu átt að falla niður verði veitt áfram þar sem starfi nefndarinnar er ekki lokið. Fjárveiting á viðfangsefni *1.21 Öryggismálanefnd* lækkar um 2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Lagt er til að fjárveiting til Hrafnseyrarnefndar á viðfangi *1.23 Hrafnseyri* hækki um 18 m.kr. Annars vegar vegna 15 m.kr. framlags sem er fyrsti hluti af alls 80 m.kr. tímabundnu framlagi sem gert er ráð fyrir að verði veitt á næstu fjórum árum til endur-

nýjunar á Safni Jóns Sigurðssonar og umhverfisframkvæmda á Hrafnseyri og er liður í undirbúningi að hátíðarhöldum árið 2011 vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta. Hins vegar vegna tillögu um 3 m.kr. fjárveitingu vegna breytinga á starfsskipulagi á Hrafnseyri og ráðstefnuhalds um Safn Jóns Sigurðssonar og Hrafnseyri í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Á viðfangsefni *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* er lögð til 5 m.kr. hækkun fjárveitingar, en forsætisráðuneytið hefur gert nýjan samning við Vesturfarasetrið um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum verður veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi. Eldri samningar sem alls gerðu ráð fyrir 23 m.kr. árlegum framlögum falla jafnframt niður. Á viðfangi *1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta*, er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag á ári í fjögur ár vegna nefndar um minningu tveggja aldar afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta. Nefndin mun starfa samkvæmt ályktun Alþingis til að undirbúa hvernig minnast eigi þess að 17. júní 2011 verða 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Í nefndinni munu eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokka, stofnana og samtaka sem tengjast minningu Jóns Sigurðssonar, forseta. Forsætisráðuneytið mun láta nefndinni í té starfsaðstöðu. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á viðfangsefni *1.90 Ýmis verkefni* hækki um 0,2 m.kr. Munar þar mest um 11,7 m.kr., eða 1 milljón danskra króna, tímabundið framlag til byggingar Norðuratlantshúss við höfnina í Óðinsvéum. Norðuratlantshús er svipuð hugmynd og Norðurbryggja í Kaupmannahöfn og gert er ráð fyrir að Íslendingar, Færeyingar og Grænlandingar geti komið þar saman og haldið ýmsa menningarviðburði. Einnig verður þar aðstaða fyrir háskólanemendur frá þessum löndum, þ.á.m. nokkrar íbúðir. Á móti kemur að niður fellur 10,5 m.kr. tímabundið framlag til Jöklaþess á Höfn í Hornafirði sem veitt var á fjárlögum 2006 og eins fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til viðgerðar á píanói. Loks er á viðfangi *5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum* lagt til að 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til fyrirbyggjandi viðhalds á fjárlögum 2004 falli ekki niður heldur verði varanlegt framlag til umsýslu og viðhalds á kirkjunni. Aðrar breytingar á fjárveitingum á þessum fjárlagalið skýrast af launa- og verðlagsbótum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	74,6	74,6	76,2	2,1	2,1
Fasteignir Stjórnarráðsins	1,9	23,7	25,0	5,5	1.215,8
Norræna ráðherranefndin	130,0	134,8	162,0	20,2	24,6
Umboðsmaður barna	26,8	34,4	36,0	4,7	34,3
Þjóðmenningarhúsið	81,8	85,4	111,9	31,0	36,8
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	6,9	9,0	8,9	-1,1	29,0
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	35,6	30,0	31,7	5,7	-11,0
Óbyggðanefnd	89,7	85,1	87,8	3,2	-2,1
Ríkislögmaður	52,7	57,5	59,6	3,7	13,1
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	77,9	74,1	76,3	3,0	-2,1
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun.	37,0	69,8	97,4	39,5	163,2
Samtals	614,9	678,4	772,8	13,9	25,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 80,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbætur. Munar þar mest um 27,2 m.kr. hækkun á framlagi til norrænu ráðherranefndarinnar vegna hækkunar á greiðsluhlutfalli Íslands og til undirbúnings að formennskuári Íslands í nefndinni, 23 m.kr. hækkun á framlagi til Þjóðmenningarhússins vegna utanhússviðhalds og útgáfu afmælisrits og 27,2 m.kr. hækkun á framlögum til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitinum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokkans.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir 25 m.kr. fjárveitingu og hækkar hún um 1,3 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Auk þess er gert ráð fyrir að 6 m.kr. verði millifærðar af stofnkostnaði á rekstur vegna umsjónar með endurbóta- og viðhaldsframkvæmdum.

231 Norræna ráðherranefndin. Gert er ráð fyrir 162 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og jafngildir það 27,2 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Á viðfangi 1.01 *Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis* er tillaga um 5,9 m.kr. tímabundið framlag til að undirbúa formennskuár Íslands í norrænu ráðherranefndinni en Ísland tekur við formennsku í nefndinni 1. janúar 2009. Kostnaður við undirbúninginn felst í launum vegna tímabundinnar ráðningar starfsmanns og útgáfukostnaði. Á viðfangi 1.61 *Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar* er tillaga um 21,3 m.kr. hækkun á fjárveitingu þar sem framlag Íslands til norrænu ráðherranefndarinnar hækkar úr 1,1% í 1,3%. Skipting á framlögum aðildarríkja Norrænu ráðherranefndarinnar miðast við hlutdeild hvers lands í samanlögðum vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum. Áætlað er að heildarframlag norrænu ríkjanna árið 2008 verði 825,5 milljónir danskra króna. Hluttur Íslands verður eins og áður sagði 1,3% eða rúmar 10,7 milljónir danskra króna.

251 Þjóðmenningarhúsið. Gert er ráð fyrir 111,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 23 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til viðhaldsframkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins mat ástand hússins að utan í fyrravor. Ráðast þarf í sprunguviðgerðir og mála húsið að utan ásamt því að gera við útitröppur og grindverk á lóðarmörkum. Þá hefur komið í ljós að skemmdir á fjórum skorsteinum hússins eru meiri en í fyrstu var talið og nauðsynlegt er að ráðast í viðgerð á þeim sem fyrst. Upphafleg áætlun gerði ráð 15 m.kr. kostnaði en ljóst er að umfang verksins er meira og heildarkostnaður um 20 m.kr. Hins vegar er lagt til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið rekstrarframlag í tvö ár til útgáfu afmælisrits í tilefni þess að á árinu 2009 verða 100 ár liðin frá byggingu hússins. Útgáfan er áformuð í mars 2009 en hefja þarf undirbúning á næsta ári. Ritið mun fjalla um byggingasögu hússins og hlutverk þess og þá starfsemi sem þar hefur verið, þ.e. starfsemi Landsbókasafnsins, Þjóðskjalasafnsins, Þjóðminjasafnsins, Náttúrugripasafnsins og Þjóðmenningarhússins. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 5 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins. Gert er ráð fyrir 31,7 m.kr. fjárveitingu til safnsins en það jafngildir 0,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 2,7 m.kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu þar sem tekjur safnsins hafa verið lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Niður fellur 2 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta og frágangs á húsi og lóð en á móti hækkar fjárveiting um 0,1 m.kr. þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

261 Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir 87,8 m.kr. fjárveitingu til nefndarinnar og er það óbreytt fjárveiting að raungildi frá fjárlögum ársins í ár. Lagt er til að 17 m.kr. tímabundið framlag til greiðslu á kostnaði annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir nefndinni og veitt var til sjö ára á fjárlögum 2001 falli ekki niður heldur framlengist um fjögur ár. Með lögum nr. 19/2006 var starfstími nefndarinnar framlengdur og nú er stefnt að því að nefndin ljúki störfum á árinu 2011.

271 Ríkislögmaður. Gert er ráð fyrir 59,6 m.kr. fjárveitingu til embættisins og er það óbreytt fjárveiting að raungildi frá fjárlögum ársins í ár. Rekstrarumfang embættisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 2 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir 76,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins en það jafngildir 1,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum ársins í ár. Breytingar eru þær að framlag til stofnkostnaðar hækkar um 1,6 m.kr. þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka og rekstrarfjárveiting lækkar um 0,5 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 6 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta. Gert er ráð fyrir 97,4 m.kr. fjárveitingu til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins hjá forsætisráðuneytinu. Það er 27,6 m.kr. hærri fjárveiting en veitt var til þeirra mála á fjárlögum 2007 en þar af eru 0,4 m.kr. launa- og verðlagsbætur á nýju rekstrarviðfangsefni. Fjárveiting á þennan lið er eins og jafnan áður veitt tímabundið til eins árs og gengur til eftirtalinna verkefna: 1. Rafræn þjónustuveita hins opinbera, Island.is, 40 m.kr. Framlagið er ætlað til reksturs, hýsingar, viðhalds og viðbóta við þjónustuvefinn Island.is sem gangsettur var í mars 2007. 2. Island.is, gagnvirkni og undirbúningur að mínum síðum, 13 m.kr. Verkefnið er þróunarverkefni sem felur í sér að undirbúa aðgengi almennings að persónubundnum upplýsingum hjá opinberum aðilum, innleiða rafræn eyðublöð, rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur á Ísland.is. 3. Upplýsingabraut kerfa ríkisins og sveitarfélaga, 10 m.kr. Um er að ræða tímabundið verkefni sem gerir stofnunum kleift að veita viðskiptavinum sínum gagnvirka þjónustu þar sem nauðsynlegt er að sækja gögn til annarra stofnana á auðveldan og öruggan máta. 4. Rafræn stjórnsýsla - stoðverkefni, 8 m.kr. Verkefnið snýr að stöðlum í rafrænni stjórnsýslu, mótun leiðbeininga um skjalasendingar og opinn hugbúnað, kynningarmál og UT-daginn 2008. 5. Rafræn málsmeðferð, 13 m.kr. Verkefnið lýtur að rafrænni málsmeðferð innan stjórnarráðsins. Rafrænum sendingum mála og skjala milli ráðuneyta og nýrri virkni í málaskrárkerfi m.a. til að gera kleift að nota það í rafræn samskipti við almenning. 6. Notandinn í fyrirrúmi, framþróun opinberra vefja, 5 m.kr. Verkefnið felur í sér mótun stefnu um opinbera vefi þar sem lögð verður áhersla á að tryggja gæði vefjanna, aðgengi þeirra fyrir alla hópa í samfélaginu og viðunandi þjónustustig. Auk stefnunnar sjálfrar verður útbúin handbók og haldnar kynningar og/eða námskeið. 7. Mælikvarðar og úttektir í rafrænni stjórnsýslu, 8 m.kr. Fengnir verða ráðgjafar til að gera úttekt á stöðu rafrænnar stjórnsýslu á Íslandi. Þróaðir verði mælikvarðar í rafrænni stjórnsýslu eða erlendir mælikvarðar aðlagðir að íslenskum aðstæðum og stuðlað að því að stofnanir setji sér mælanleg markmið í rafrænni stjórnsýslu.

Íslenska upplýsingasamfélagið, heildaryfirlit

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
01-996-1.01 Íslenska upplýsingasamfélagið, rafræn þjónustuveita hins opinbera	
Rafræn þjónustuveita hins opinbera, Island.is	40,0
01-996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	
Island.is, gangvirkni og undirbúningur að mínum síðum	13,0
Upplýsingabraut kerfa ríkis og sveitarfélaga	10,0
Rafræn stjórnsýsla, stoðverkefni	8,0
Rafræn málsmeðferð	13,0
Notandinn í fyrirrúmi, framþróun opinberra vefja	5,0
Mælikvarðar og úttektir í rafrænni stjórnsýslu	8,0
02-299-1.80 Háskóla og rannsóknastarfsemi. Vísindastarfsemi	
Framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi	5,0
05-190-1.98 Ýmis verkefni. Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis	
Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5,0
06-106-1.01 Þjóðskrá	
Ríkisnetfang	5,0
Umsóknir og vottorð Þjóðskrár. Gögn þjóðar skráð	10,0
Útgáfa nafnskirteina	7,0
07-700-1.90 Málefni fatlaðra. Ýmis verkefni	
Aukið aðgengi öryrkja og fatlaðra að upplýsingasamfélaginu	5,0
08-201-6.01 Tryggingastofnun ríkisins. Tæki og búnaður	
Rafræn samvinna TR og RSK, til hagsbóta fyrir sameiginlega viðskiptavinum	7,0
Rafræn þjónustugátt TR	10,0
08-399-6.91 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Upplýsingatæknimál	
Kvikun - vefur sjúklinga og aðstandenda	11,0
08-800-6.01 Heilsugæslustöðvar, almennt. Tæki og búnaður	
Rafræn samskipti við skjólstæðinga og pappírslaus heilsugæslustöð	7,0
09-103-1.47 Fjárýsla ríkisins. Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	
Innleiðing rafrænna reikninga í Oracle-kerfinu	14,0
09-999-6.95 Ýmislegt. Þróunarmál í upplýsingatækni	
Útboðstorg opinberra aðila	10,0
Grunnstoðir fyrir skilvirka rafræna þjónustu og gagnasamskipti kerfa ríkisins	12,0
Rafræn skilríki fyrir almenning og fyrirtæki. Rafræn skilríki fyrir starfsemi ríkisins	14,0
10-651-1.01 Ferðamálastofa	
Miðlun upplýsinga um íslenska ferðaþjónustu og náttúru	5,0
11-205-1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	
Gagnvirk þjónustumiðstöð um stofnun og rekstur	6,0
12-421-1.01 Neytendastofa	
Rafræn neytendastofa	5,0
14-401-1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Náttúruvefsjá	5,0
Samtals	240,0
Frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.	8,1

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast um verkefni. Verkefni, sem þessu tengjast, eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem stjórnin skiptir niður á umsóknir. Fyrir utan sameiginleg verkefni ráðuneyta er gerð krafa um að minnsta kosti jafn hátt mótframlag frá hlutaðeigandi ráðuneytum vegna þessara verkefna. Verkefnisstjórnin skipti samtals 240 m.kr. til upplýsingaverkefna í frumvarpinu en þegar tekið er tillit til mótframlaga og þess að til baka gengur 8,1 m.kr. frestun útgjalda til verkefna upplýsingasamfélagsins á fjárlögum 2007 er í heildina áætlað að verja um 365 m.kr. til þeirra. Við úthlutun fjár að þessu sinni lagði verkefnisstjórn megináherslu á verkefni á sviði rafrænnar stjórnsýslu.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	26.110,6	29.430,2	32.767,7	11	25
Neyslu- og rekstrartilfærslur	13.586,4	14.476,4	15.611,7	8	15
Stofnkostnaður og viðhald	3.742,9	2.345,2	2.578,5	10	-31
Samtals	43.439,9	46.251,8	50.957,9	10	17
Greitt úr ríkissjóði	-	42.051,2	47.149,7	12	-
Innheimt af ríkistekjum	-	4.200,6	3.808,2	-9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	0	-
Samtals	-	46.251,8	50.957,9	10	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 55.450 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.492 m.kr. en þær nema 8,1% af heildar-

gjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 50.958 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 47.150 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.808 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 32.768.kr. og hækka um 3.338 m.kr. fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 1.046 m.kr. munar þar mest um 1.237 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, 542 m.kr. vegna flutnings Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr B-hluta yfir í A-hluta, 348 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði í eigu ríkisins 310 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og breytinga í námsframboði í framhaldsskólum, 30 m.kr. til Öryggismálasafns og 30 m.kr. til uppbyggingar Náttúruminjasafns Íslands. Á móti falla niður framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 41 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 434 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði. Sértekjur stofnana sem heyra undir ráðuneytið hafa verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka rekstrargjöld og sértekjur um samtals 587 m.kr. Bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.135 m.kr. og verða 15.612 m.kr. en eru 14.476 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Auk launa- og verðlagsbreytinga sem nema 649 m.kr. munar þar mest um 200 m.kr. hækkun til aðildargjalda Íslands í vísindaáætlun ESB, 180 m.kr. fjárveitingar í samkeppnissjóði, 169 m.kr. hækkun vegna fjölgun lánþega hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna, 134 m.kr. til menningarsamninga á landsbyggðinni, 100 m.kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga, 60 m.kr. til ferðasjóðs Íþróttasambands Íslands, 52 m.kr. vegna endurmats sóknargjalda hjá Háskóla Íslands og 45 m.kr. til kvikmyndasjóðs. Á móti falla niður 453 m.kr. vegna tilfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr B hluta yfir í A hluta og afnotagjöld Ríkisútvarpsins lækka um 171 m.kr. vegna lækkunar á virðisaukaskatti. Þá falla niður tímabundin verkefni 137 m.kr. og vegna áforma um hagræðingu lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 22 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.579 m.kr. og er það 233 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 295 m.kr. til bygginu Húss íslenskra fræða, 288 m.kr. vegna tímabundinna frestanna á framkvæmdum sem ganga til baka, 175 m.kr. vegna Háskólans á Akureyri og 50 m.kr. til markáætlunar á sviði vísinda og tækni. Á móti falla niður tíma-bundin verkefni 598 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 5.606 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 12,1% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjú flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.422 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 370 m.kr. Að lokum eru 1.815 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 5,6 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Á yfirstandandi ári var endurnýjaður samningur við Akureyrarbæ um menningarmál. Gengið var frá samningi um menningarmál milli ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings, á Suðurnesjum, á Vestfjörðum, á Suðurlandi og á Norðurlandi Vestra. Hlutur menntamálaráðuneytisins er sýndir í töflunni hér að framan en samgönguráðuneytið kemur einnig að fjármögnun samninganna. Þá hefur verið gengið frá samningum milli ráðuneytisins og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands vegna sársambanda.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	110,0	120,0	130,0	130,0	130,0
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	1.597,0	1.710,0	1.900,0	1.900,0	1.900,0
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	545,0	545,0	545,0	545,0	545,0
Reykholtskirkja - stofnstyrkur	A	6,0	6,0	6,0	6,0	-
Safnahús í Búðardal	A	10,0	10,0	10,0	10,0	0,0
Síldarminjasafn á Siglufirði, stofnkostnaður	A	15,0	10,0	-	-	-
Stoðþjónusta, viðh. og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	87,7	87,7	87,7	-	-
Verzlunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	786,0	786,0	786,0	786,0	786,0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	246,0	246,0	246,0	246,0	246,0
Víkingsnaust	A	19,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	40,0	40,0	40,0	0,0	0,0
Íslenska óperan	B	176,0	176,0	176,0	0,0	0,0
Menningarsamstarf, ýmsir samningar	B	154,0	121,0	109,0	0,0	0,0
Afrefsmannasjóður ÍSÍ	C	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli, stofnk.	C	50,0	50,0	-	-	-
Dansmennt ehf. v. listdanskennslu í frh.sk.	C	45,0	45,0	45,0	-	-
Ferðasjóður íþróttahreyfinga	C	30,0	60,0	90,0	-	-
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ - viðbygging	C	50,0	75,0	80,0	-	-
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, verkefni FA	C	69,5	69,5	69,5	-	-
Fræðslum.st. atvinnul. gr. frá FA til fræðslu.	C	214,2	214,2	214,2	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	185,0	185,0	185,0	185,0	185,0
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	20,0	20,0	20,0	-	-
Háhraðanet frh.sk. og símenntunarmiðst.	C	37,0	-	-	-	-
Háskólaetur Vestfjarða	C	18,0	18,0	18,0	18,0	0,0
Háskóli Íslands - menntun tannsmíða	C	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0
Hraðbraut, framhaldsskóli	C	170,0	170,0	170,0	170,0	170,0
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framh.skóli	C	21,0	21,0	21,0	21,0	0,0
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framh.skóli	C	25,0	25,0	25,0	25,0	0,0
Hvalasafnið á Húsavík	C	10,0	10,0	10,0	-	-
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	40,0	60,0	70,0	-	-
Íþróttakademían - hreyfistundir í skólum	C	12,0	12,0	12,0	12,0	-
Kúttur Sigurfari	C	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0
Kvikmyndaskóli Íslands	C	28,0	33,0	35,0	-	-
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	C	18,0	-	-	-	-
Listahátíð í Reykjavík	C	34,0	36,0	36,0	36,0	36,0
Lundur, nemendagarðar	C	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Snorrastofa	C	6,0	15,7	18,0	20,0	-
Menntafélagið ehf, Fjöltækniskóli Íslands	C	280,0	280,0	280,0	280,0	280,0
Menntaskóli Borgarfjarðar	C	52,0	52,0	52,0	52,0	52,0
Námsmatsstofnun vegna PISA	C	13,0	22,5	47,0	-	-
Reykjavíkúrákademían	C	12,0	20,0	20,0	20,0	-
Símenntunarmiðstöðvar á 11 stöðum	C	121,0	121,0	121,0	121,0	121,0
Skriðuklaustur	C	0,0	15,0	15,0	15,0	15,0
Vetrariþróttamiðstöð á Akureyri, stofnk.	C	35,0	35,0	-	-	-
Víkin - Sjóminjasafn	C	10,0	10,0	10,0	-	-
Þekkingarnet Austurlands	C	18,0	18,0	18,0	18,0	18,0
Þekkingarsetur Þingeyinga	C	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0
Ýmsir minni samningar	C	85,0	63,0	48,0	30,0	30,0
Samtals		5.606,4	5.739,6	5.891,4	4.772,0	4.640,0

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	559,9	577,9	605,5	4,8	8,1
Ráðstöfunarfé	0,0	18,0	18,0	0,0	-
Samtals	559,9	595,9	623,5	4,6	11,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 6,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að óskað er eftir 8,5 m.kr. framlagi til ráðningar lögfræðings á skrifstofu menntamálaráðuneytisins. Í annan stað er óskað eftir 7,5 m.kr. framlagi vegna verkefnisstjóra á vettvangi námskrárdeildar, reiknilíkans og gagnamedferðar. Á móti er gert ráð fyrir 9,7 m.kr. lækkun vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201-203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarmiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora; 235-239 Rannsóknasjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti.

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 19.852,4 m.kr. sem er 2.798,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, eða 16,4%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 3.096,6 m.kr. sem er 422,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 16.755,7 m.kr. og hækka um 2.375,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, þar af eru launa- og verðlagshækkningar 473,2 m.kr.

Stærstur hluti útgjalda málaflokksins eru rekstrarútgjöld og rekstrarilfærslur, 15.625,7 m.kr. og hækkar um 1.629,2 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður hækkar um 271,7 m.kr. Áætlað er að háskólarnir innheimti 510,9 m.kr. ríkistekjur vegna innritunargjalda sem er hækkun um 8,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	5.670,7	6.439,1	7.117,0	10,5	25,5
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	174,9	151,1	184,4	22,0	5,4
Raunvísindastofnun Háskólans	284,6	334,1	354,9	6,2	24,7
Stofnun Sigurðar Nordals	17,2	-	-	-	-
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	89,8	-	-	-	-
Orðabók Háskólans	22,6	-	-	-	-
Íslensk málstöð	14,4	-	-	-	-
Örnefnastofnun Íslands	9,1	-	-	-	-
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	63,9	246,2	258,7	5,1	304,9
Háskólinn á Akureyri	1.035,8	1.143,0	1.225,7	7,2	18,3
Tækniháskóli Íslands	15,1	-	-	-	-
Kennaraháskóli Íslands	1.485,3	1.562,1	1.653,5	5,9	11,3
Námsmatsstofnun	45,6	97,0	115,8	19,4	153,9
Háskólinn á Bifröst	231,9	246,2	274,9	11,7	18,5
Háskólinn í Reykjavík	1.368,8	1.596,4	1.858,6	16,4	35,8
Listaháskóli Íslands	529,8	544,5	586,7	7,8	10,7
Rannsóknamiðstöð Íslands	140,0	129,3	159,3	23,2	13,8
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-	132,2	169,4	28,1	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	32,2	104,5	160,0	53,1	396,9
Rannsóknasjóður	560,0	590,0	750,0	27,1	33,9
Tækjasjóður	97,6	110,0	115,0	4,5	17,8
Rannsóknarnámsjóður	62,0	80,0	90,0	12,5	45,2
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	86,4	66,8	640,0	858,1	640,7
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	118,1	189,7	227,6	20,0	92,7
Alþjóðleg samskipti	564,6	617,6	814,2	31,8	44,2
Samtals	12.720,4	14.379,8	16.755,7	16,5	31,7

Þyngst vegur 1.236,9 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, þar af eru 136,6 m.kr. vegna fasteignagjalda, á móti er gerð krafa um 174,1 m.kr. hagræðingu í rekstri. Þá hækkar stofnkostnaður um 470 m.kr. vegna framkvæmda við Hús íslenskra fræða og Háskólann á Akureyri, 268 m.kr. hækkun framlaga í rannsóknarsjóði, 200 m.kr. hækkun aðildargjalda að áætlunum Evrópusambandsins og önnur háskólastarfsemi hækkar um ríflega 180 m.kr. Á móti fellur niður 390 m.kr. stofnkostnaðarframlag vegna byggingu Háskólatorgs.

Fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar í frumvarpinu á mismunandi viðfangsefnaliðum hjá hverjum skóla eins og lengi tíðkaðist. Fyrirkomulaginu var breytt í fjárlögum 2006. Menntamálaráðuneytið áætlar þó, með sama hætti og áður, skiptingu fjárveitinga á milli kennslu á rannsókna, á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við skólana. Skólarnir eru ekki bundnir af þeirri skiptingu.

Fjárveitingu til kennsluþáttarins er skipt niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokkka náms. Að árinu loknu eru út-

reikningarnir endurteknir með rauntölum ársnema. Skólinn heldur fjárveitingu sinni ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af henni, en getur ekki gert kröfu til viðbótarfjárveitingar þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðu. Nánar er kveðið á um uppgjorsreglur í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna. Verðflokkar náms eru á bilinu 453 þús.kr. til 2.407 þús.kr. á árnemenda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðið og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð Þús.kr.	Verðhlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	453	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	718	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	769	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklunga.	810	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	1.032	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.443	3,2
Nám í tannlækningum	2.407	5,3

Verðflokkar fyrir listnám á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Verð á ársnemenda í Listaháskólanum eru á bilinu 769 þús.kr. til 2.972 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs innifalin.

Ársnemendur	HÍ	KHÍ	HA	VHB	HR	LHÍ	Áætlað 2008	Áætlað 2007
Félags- og mannvísindi	3.680	-	545	470	900	-	5.595	5.430
Tölvufræði og stærðfræði	170	-	65	-	220	-	455	455
Hjúkrunarfræði	520	-	290	-	-	-	810	750
Kennaranám o.þ.h.	145	1.610	360	-	190	30	2.335	2.270
Verk-, tækni-, efnafræði	1.140	-	88	-	685	66	1.979	1.829
Læknisfræði	340	-	-	-	-	-	340	330
Tannlækningar	55	-	-	-	-	-	55	45
Listnám	-	-	-	-	-	282	282	282
Framhaldsskólastig	-	-	-	40	185	-	225	225
Samtals 2008	6.050	1.610	1.348	510	2.180	378	12.076	11.616
Áætlað 2007	5.875	1.560	1.268	480	2.060	373	11.616	
Meðal verðhlutfall	1,5	1,7	1,5	1,0	1,3	3,3	1,7	

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 12.076 ársnemendur í háskólum. Það er fjölgun um 4% eða um 460 ársnema frá forsendum fjárlaga 2007. Fjárveitingar til kennslu í háskólum hækka um 363,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkun og að teknu tilliti til

hagræðingar. Fjárhæðinni er skipt á grundvelli reglna um fjárveitingar til háskóla og samninga menntamálaráðuneytisins við skólana.

Framlög til rannsóknamála og tengdra verkefna aukast um 1.188,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Þar af hækka háskólar um 698,9 m.kr. að teknu tilliti til 55,1 m.kr. hagræðingarkröfu. Rannsóknarsjóðir, stoðkerfi rannsókna og alþjóðlegt samstarf, sem þessu tengist hækka um 487,8 m.kr. og aðrar stofnanir á háskólastigi um 56,9 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Breyting kennsla verðlag 2007	Breyting rannsóknir og annað verðlag 2007	Kennsla, frumvarp 2008	Rannsóknir og annað, frumvarp 2008	Frumvarp alls 2008
Háskóli Íslands	144,4	598,4	4.096,3	2.590,7	6.687,0
Háskólinn á Akureyri	44,5	0,0	883,7	342,0	1.225,7
Kennaraháskóli Íslands	34,4	3,4	1.239,3	414,2	1.653,5
Háskólinn í Reykjavík	123,9	73,5	1.447,5	411,1	1.858,6
Háskólinn á Bifröst	10,0	9,0	218,3	56,6	274,9
Listaháskóli Íslands	6,7	14,6	560,6	26,1	586,7
Samtals	363,9	698,9	8.445,7	3.840,7	12.286,4

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum; Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Raunvísindastofnun Háskólans og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

201-1.01 Háskóli Íslands. Rekstrarframlag til kennslu og rannsókna hækkar um 640 m.kr. í samræmi við samning milli skólans og menntamálaráðuneytisins en samkvæmt honum hækka framlög um þá fjárhæð árin 2009 til 2011 eða samtals um 2.860 m.kr. Framlag til kennslu hækkar auk þess um 138,3 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 175 eða úr 5.875 í 6.050 sem er fjölgun um 3% frá viðmiði sem notað var við gerð fjárlaga 2007. Lagt er til að veitt verði 70,6 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Þá er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til Fræðaseturs Háskóla Íslands á Patreksfirði með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastrandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfsstöðvar fyrir stofnanir sem vinna að menntun, rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun. Lögð er til 105,3 m.kr. lækkan rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Tímabundið framlag að fjárhæð 7,5 m.kr. sem veitt var Lagastofnun Háskóla Íslands í fjárlögum 2007 til að gefa út íslenska lögfræðiorðabók fellur niður og sömuleiðis tímabundið 1,2 m.kr. framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum sem skólinn aflar sjálfur verði hækkuð um 318 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

201-1.03 *Háskólasjóður*. Gert er ráð fyrir að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda hækki um 52 m.kr. vegna fleiri skattgreiðenda.

201-6.50 *Byggingaframkvæmdir og tækjakaup*. Tímabundin fjárheimild að fjárhæð 390 m.kr. sem veitt var til byggingar Háskólatorgs á árunum 2006-2007 fellur niður. Þá hækkar framlag um 28 m.kr. þar sem tímabundinni frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

202 *Tilraunastöð Háskólans að Keldum*. Í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 18 m.kr. vegna reksturs á öryggisrannsóknarstofu sem tekin verður í notkun á haustmánuðum 2007 til greininga á H5N1 og öðrum afbrigðum fuglaflensuveirunnar. Ráða þarf tvo sérfræðinga til starfa auk þess sem kostnaður við förgun er umtalsverður. Í öðru lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 6 m.kr. vegna stöðugildis gæðastjóra. Talin er nauðsyn á starfskrafti til að vinna í gæðamálum Tilraunastöðvarinnar vegna tilskipana Evrópusambandsins um gæðamál á rannsóknarstofum sem felldar eru inn í EES-samninga sem Ísland er aðili að. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 6,5 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skóla-húsnæði. Á móti framangreindu er lögð til 2,8 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum.

203 *Raunvísindastofnun Háskólans*. Lagt er til að rekstrarframlag hækki um 10 m.kr. til að efla skrifstofuþjónustu stofnunarinnar. Umsvif í rannsóknnum hafa aukist umtalsvert hjá stofnunni og þar með sértekjur sem hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 2003. Þetta hefur meðal annars leitt af sér aukið álag við umsýslu sértekna og við starfsmannahald. Samkeppnissjóðir fjármagna ekki skrifstofuþjónustu, til að skrifstofa stofnunarinnar geti þjónað hlutverki sínu á fullnægjandi hátt er þörf á að bæta við tveimur starfsmönnum. Þá er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 46 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

209 *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 6 m.kr. vegna stöðugildis fjármálastjóra. Í lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem tóku gildi 1. september 2006 var gert ráð fyrir að við hina sameinuðu stofnun kæmi nýtt stöðugildi fjármálastjóra. Í öðru lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 1,3 m.kr. til að efla íslenskukennslu erlendis. Annars vegar til að styrkja byrjendakennslu í íslensku við Wasedaháskóla í Tókýó og hins vegar til að hækka styrkveitingu til þriggja sendikennaraskóla í Vín, Lyon og París. Í þriðja lagi er lagt til 1 m.kr. hækkun til styrkja Snorra Sturlusonar, skv. reglum þar um frá 1992 eru þeir veittir rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast hér á landi í þrjá mánuði hið minnsta. Fjárveiting til styrkjanna hefur verið óbreytt frá upphafi, umsóknir eru á bilinu 30 til 60 á ári en einungis hægt að verða við tveimur umsóknum á ári. Með þessari hækkun ætti að verða unnt að verða við þremur til fjórum styrkjum á ári. Í fjórða lagi er lagt til 4,1

m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum. Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 15,4 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

2. Aðrir háskólar. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

210 Háskólinn á Akureyri. Lagt er til að framlag til kennslu hækki um 42,3 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 80 eða úr 1.268 í 1.348 sem er fjölgun um 6,3% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er lagt til að veitt verði 2,2 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 147 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

215 Kennaraháskóli Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til kennslu hækki um 37,1 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 50 eða úr 1.560 í 1.610 sem er fjölgun um 3,2% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 16,8 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að rannsóknarframlag hækki um 10 m.kr. vegna nýrrar rannsóknarstofu í menntunarfræðum yngri barna. Á móti framangreindu er lögð til 26,1 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 52 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

225 Háskólinn á Bifröst. Lagt er til að framlag til kennslu hækki um 12,2 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 30 eða úr 480 í 510 sem er fjölgun um 6,3% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Lagt er til að framlag til rannsókna hækki um 10 m.kr. í samræmi við ákvæði í samningum milli skólans og menntamálaráðuneytisins. Þá er lagt til að veitt verði 1,2 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Að lokum er lögð til 4,4 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum.

227 Háskólinn í Reykjavík. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til kennslu hækki um 111,7 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 120 eða úr 2.060 í 2.180 sem er fjölgun um 5,8% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlagayfirstandandi árs. Í öðru lagi er lagt til að framlag til rannsókna hækki um 74,8 m.kr. í samræmi við ákvæði í samningum milli skólans og menntamálaráðuneytisins. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 35 m.kr. framlag

til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Í fjórða og síðasta lagi er lagt til 5 m.kr. framlag til 3ja ára vegna samnings um Rannsóknarsetur í stærðfræði. Að lokum er lögð til 29,1 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

228 *Listaháskóli Íslands*. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag vegna viðauka við kennslusamning um uppbyggingu þekkingar á sviði lista við skólinn. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,8 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Í fjórða lagi er lagt til að veitt 10 m.kr. framlag til húsnæðis sem veitt var tímabundið á fjárlögum yfirstandandi árs verði framlengt þar sem ekki hefur fundist varanleg lausn á húsnæðismálum skólans. Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 4,7 m.kr. framlag til kennslu vegna fjölgunar ársnema um 5 eða úr 373 í 378 í samræmi við ákvæði í samningum. Að lokum er lögð til 9,2 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

3. Þjónustu- og greiningastofnanir. Hér verður fjallað um Námsmatsstofnun og Rannsóknamiðstöð Íslands.

223 *Námsmatsstofnun*. Lagt er til að rekstrarframlag hækki um 15 m.kr. vegna fjölbýðlegra rannsókna á vegum OECD á kunnáttu nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði svonefnd PISA rannsókn. Að undanförmu árum hefur kostnaður við þessar alþjóðlegu rannsóknir reynst mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kostnaður vegna prófanna er breytilegur á milli ára, eða á bilinu 15-35 m.kr. og dreifist milli undirbúnings, fyrirlagna prófa, úrvinnslu og kynningar á niðurstöðum. Gerður hefur verið samningur milli menntamálaráðuneytisins og stofnunarinnar um framkvæmd PISA sem gildir til ársins 2009.

231 *Rannsóknamiðstöð Íslands*. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag vegna umsýslu og samskipta við önnur lönd við sjöundu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun. Í umboði menntamálaráðuneytisins hefur RANNÍS umsjón með þátttöku Íslands í rannsóknaráætlunum ESB. Vegna nýrra fjármögnunarreglna í sjöundu rammaáætluninni hafa greiðslur vegna umsýslu verið skertar verulega, framlagið kemur á mótí þeim tekjumissi sem nýjar reglur skapa. RANNÍS mun fylgjast með tækifærum Íslands í áætluninni, veita aðstoð og upplýsingar til mögulegra þátttakenda, veita ráðgjöf til þátttakanda um verkefnaumsóknir auk þess að sjá um framkvæmd verkefnasamninga og uppgjör. Í öðru lagi er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af 02-231-Rannsóknarmiðstöð Íslands yfir á nýtt viðfang 02-231-1.05 *Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda*. Þar sem um fjárhagslega sjálfstætt verkefni er að ræða þykir rétt að fjárveitingar séu á sérstöku fjárlagaviðfangi. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 39 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum. Á viðfangsefni 02-

231 *1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda* er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag til alþjóðlegra samstarfsáætlana á sviði vísinda, í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011.

4. Rannsóknarsjóðir. Hér verður fjallað í einu lagi um, Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora, Markáætlanir á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð.

234 *Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.* Óskað er eftir 27,8 m.kr. framlagi á nýtt viðfangsefni, 234 *1.12 launatengd gjöld.* Er tillagan gerð í kjölfar hæstaréttardóms um að það eigi að reikna með launatengdum gjöldum við úthlutun úr sjóðnum. Nauðsynlegt þykir að hafa launatengd gjöld á sér viðfangsefni í ljósi dómsúrskurðar.

235 *Markáætlun á sviði vísinda og tækni.* Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 50 m.kr. og verði samtals 160 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 155 m.kr. árið 2009, 110 m.kr. árið 2011 og verði þá samtals 425 m.kr. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011. Framlag til sjóðsins hækkar um 5,5 m.kr. þar sem tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

236 *Rannsóknasjóður.* Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 160 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 100 m.kr. árið 2009, 150 m.kr. árið 2010 og 100 m.kr. árið 2011 og verði þá samtals 1.100 m.kr. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011. Skv. ríkisreikningi hefur sjóðurinn haft sértekjur undanfarin ár án þess að gert hafi verið ráð fyrir þeim í fjárlögum. Lagt til að rekstrargjöld verði hækkuð um 19 m.kr. og að sértekjur að sömu fjárhæð. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á greiðslur ríkissjóðs.

238 *Tækjasjóður.* Framlag til sjóðsins hækkar um 5 m.kr. þar sem tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Skv. ríkisreikningi hefur sjóðurinn haft sértekjur án þess að gert hafi verið ráð fyrir þeim í fjárlögum. Lagt er til að rekstrargjöld verði hækkuð um 30 m.kr. og að sértekjur að sömu fjárhæð. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á greiðslur ríkissjóðs.

239 *Rannsóknarnámssjóður.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. í sjóðinn. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki árlega um 10 m.kr. til ársins 2011 og verði sjóðurinn þá 120 m.kr. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður. Stofnkostnaður hækkar um 573,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárlagaliðurinn hækkar um 103,2 m.kr. þar sem tímabundin lækkunar í fjárlögum 2006 og 2007 gengur til baka. Þar af var 100 m.kr. lækkun í fjárlögum 2007, vegna sértaks aðhalds í framkvæmdum en 3,2 m.kr. vegna tímabundinna lækkunar í fjárlögum 2007. Lagt er til að framlag hækki um

295 m.kr. tímabundið til þriggja ára vegna byggingu Húss íslenskra fræða. Heildarkostnaður er áætlaður 300 m.kr. næstu þrjú árin en fyrir var fjárveiting upp á 5 m.kr. sem millifærð er af liðnum 02-269-6.01 *Háskóli Íslands* yfir á nýtt viðfang 02-269-6.09 *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Þá er lagt er til að framlag hækki um 175 m.kr. tímabundið til tveggja ára vegna framkvæmda við kennsluálmú við Háskólann á Akureyri. Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem frestað hafði verið í fjárlögum 2006 og 2007 og greint er frá hér að framan verði einnig ráðstafað í framkvæmdirnar. Áætlaður heildarkostnaður er 665 m.kr. sem dreifist með eftirfarandi hætti 115 m.kr. á árinu 2007, 275 m.kr. á árinu 2008 og 275 m.kr. á árinu 2009.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Viðfangsefnið 1.73 *Reykjavíkúakademían* lækkar um 4,3 m.kr. Tímabundið framlag að fjárhæð 4 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2007 vegna tíu ára afmælis Reykjavíkúakademíunnar fellur niður. Þá lækkar framlag um 0,3 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Á Viðfangsefni 1.80 *Visindastarfsemi* er lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi. Um er að ræða úthlutun af framlagi verkefnisstjórnaráttaks Íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2008 og er gert ráð fyrir jafn háu mótframlagi til verkefnisins frá menntamálaráðuneytinu. Á viðfangsefni 1.90 *Háskólastarfsemi* er í fyrsta lagi lagt er til að framlag hækki um 40 m.kr. vegna kostnaðar við framkvæmd nýrra háskólalaga. Í lögum nr. 63/2006 um háskóla sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2006, er gert ráð fyrir viðamiklum nýjum verkefnum vegna viðurkenninga fræðasviða háskóla, veitingu heimilda til doktorsnáms og ytri úttekta á háskólum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag til áframhaldandi stuðnings við íslenskukennslu við Humboldt- og Manitobaháskóla. Tímabundið framlag til verkefnisins sem veitt var á árinu 2003 féll niður í fjárlögum 2007. Að lokum fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 8 m.kr. sem veitt var á fjárlögum 2007 til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

985 Alþjóðleg samskipti. Viðfangsefni 1.90 *Alþjóðleg samskipti*. Lagt er til að framlag hækki um 4,5 m.kr. til þess að standa undir föstum kostnaði við fulltrúa menntamálaráðuneytisins í Brussel. Tveir starfsmenn starfa á vegum menntamálaráðuneytisins í Brussel, fulltrúar vísinda- og menningarmála. Auk þess að greiða laun starfsmanna af fjárlagalið aðalskrifstofu greiðir ráðuneytið staðaruppbót, húsnæðiskostnað, skólagjöld barna og ferðakostnað af viðfangsefninu. Kostnaðaraukning við þessa þætti hefur verið umfram fjárveitingar. Viðfangsefni 1.91 *Aðildargjöld ESB*. Áætlanir gera ráð fyrir að framlag vegna aðildargjalda að rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun, hækki um 200 m.kr. frá fjárlögum 2007. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun fyrir árið 2008 verður hlutdeild Íslands um 0,11% af heildarútgjöldum rammaáætlunar ESB en

endanlegt umfang áætlunarinnar liggur ekki fyrir. Sjöunda rammaáætlun ESB hófst 2007 og er til 7 ára. Hún er sú fjórða sem Ísland tekur fullan þátt í. Áætlunin er stærsta fjárfesting í alþjóðlegu samstarfi sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur eða um 5-6 milljarða fjárfesting á sjö ára tímabili. EFTA ríkin, sem eiga aðild að samningnum, greiða framlög til áætlunarinnar í hlutfalli við landsframleiðslu. Áætlunin er með nýju sniði, stærri en fyrri áætlanir og mun telja 19 undiráætlanir. Í fyrsta sinn er lagt fé til grunnrannsókna í sérstakan sjóð í umsjá Evrópska rannsóknarráðsins (ERC), breytingar eru á verkefnagerð, róttækar breytingar á styrkjategundum og nýjar fjármögnunarreglur hafa tekið gildi. Þátttaka Íslands í þessum áætlunum hefur gefið íslenskum fyrirtækjum, háskólum og rannsóknastofnunum tækifæri til að vinna með leiðandi aðilum að hagnýtum rannsóknum og þróunarverkefnum. Þannig fæst aðgangur að sérfræðipækkingu og fjármagni sem stæði annars ekki til boða. Sem dæmi um fjárhagslegan ávinning fengu íslenskir aðilar sem svarar 1,7 milljarði króna í styrki úr 5. rammaáætlun ESB en íslenska ríkið greiddi 1,2 milljarða til hennar.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkss: 301-309; 350-369; 505-581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla.

Heildarútgjöld málefnaflokkssins eru áætluð 17.864,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 1.186,1 m.kr. eða 7,1% frá fjárlögum 2007. Áætlað er að sértekjur standi undir 825,1 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 97,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokkssins 17.039,1 m.kr. og hækka um 1.088,2 m.kr., þar af nema launa- og verðlagshækkunar 479,9 m.kr. Áætlað er að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur nemi 16.320,1 m.kr. og hækki um 572,7 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkunar, en stofnkostnaður verði 719 m.kr. og hækki um 35,6 m.kr. Rekstrarútgjöld framhaldsskóla hækka um 313 m.kr. Fullorðinsfræðsla fatlaðra og símenntun hækkar um 161,2 m.kr. önnur verkefni á framhaldsskólastigi um 98,5 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	443,4	431,8	458,1	6,1	3,3
Menntaskólinn á Akureyri	399,5	427,8	461,4	7,9	15,5
Menntaskólinn að Laugarvatni	135,9	136,5	145,6	6,7	7,1
Menntaskólinn við Hamrahlíð	650,2	631,7	652,2	3,2	0,3
Menntaskólinn við Sund	394,0	389,8	399,2	2,4	1,3
Menntaskólinn á Ísafirði	231,1	216,8	228,5	5,4	-1,1
Menntaskólinn á Egilsstöðum	216,3	235,2	243,7	3,6	12,7
Menntaskólinn í Kópavogi	642,3	643,5	677,3	5,3	5,4
Kvennaskólinn í Reykjavík	291,5	286,7	292,5	2,0	0,3
Fasteignir framhaldsskóla	268,6	72,3	75,8	4,8	-71,8
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	1.103,2	673,4	709,0	5,3	-35,7
Framhaldsskólar, almennt	486,8	1.285,5	1.421,8	10,6	192,1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	822,4	882,0	905,0	2,6	10,0
Fjölbrautaskólinn Ármúla	703,2	701,0	750,0	7,0	6,7
Flensborgarskóli	382,9	417,6	458,3	9,7	19,7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	549,1	612,3	664,6	8,5	21,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	379,7	392,7	386,5	-1,6	1,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	152,6	161,5	166,1	2,8	8,8
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	278,4	267,2	301,8	12,9	8,4
Fjölbrautaskóli Suðurlands	522,8	589,3	599,1	1,7	14,6
Verkmenntaskóli Austurlands	152,1	167,2	166,8	-0,2	9,7
Verkmenntaskólinn á Akureyri	869,8	875,6	911,3	4,1	4,8
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	401,0	391,7	416,4	6,3	3,8
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	98,3	93,6	119,8	28,0	21,9
Framhaldsskólinn á Húsavík	100,4	127,0	121,3	-4,5	20,8
Framhaldsskólinn á Laugum	118,2	121,4	138,2	13,8	16,9
Borgarholtsskóli	720,2	728,1	779,6	7,1	8,2
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	140,9	169,5	177,4	4,7	25,9
Menntaskóli Borgarfjarðar	-	52,0	90,3	73,7	-
Menntaskólinn Hraðbraut	163,2	163,5	173,2	5,9	6,1
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	187,9	194,7	200,1	2,8	6,5
Símenntun og fjarkennsla	285,9	644,6	825,6	28,1	188,8
Fjöltækniskóli Íslands	286,6	293,4	327,8	11,7	14,4
Iðnskólinn í Reykjavík	1.121,6	1.147,4	1.191,2	3,8	6,2
Iðnskólinn í Hafnarfirði	462,1	492,3	519,9	5,6	12,5
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	23,6	24,7	25,1	1,6	6,4
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	20,0	21,1	21,5	1,9	7,5
Listdansskólinn	80,0	-	-	-	-100,0
Verslunarskóli Íslands	749,9	788,5	837,1	6,2	11,6
Samtals	15.035,6	15.950,9	17.039,1	6,8	13,3

Reglulegum ársnemendum fjölgar um 157 og þar af fjölgar fötluðum nemendum um 40. Er þá mætt áætlun skólanna og menntamálaráðuneytisins um nemendafjölda eins og hún var áætluð í fyrri hluta árs 2007, þ.e. 20.140 ársnemendur. Áætlunin var nokkuð hærri í upphaflegri útgjaldaáætlun en innritun nýnema úr grunnskóla var lægri en vænst var og

voru áætlaðar tölur færðar lítils háttar niður í samræmi við það hjá nokkrum skólanna. Fatlaðir nemendur, alls um 300 talsins, eru sérskráðir í reiknilíkanið í áfanga sem eru í samræmi við þjónustubörf þeirra en ekki einingabæra áfanga eins og gerist um aðra nemendur. Þannig teljast þeir með í heildartölur nemenda en nám þeirra er t.d. ekki aðgreint í bóknám og starfsnám. Að teknu tilliti til allra breytinga sem verða á forsendum reiknilíkansins ásamt samsetningu náms- og námshópa, hækka framlög um 310 m.kr. frá fjárlögum 2007 eða um 2,4%. Í öðru lagi hækkar framlag framhaldsskóla um 177,1 m.kr. vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af skólahúsnæði í eigu ríkisins. Þá er lögð til 174,2 m.kr. lækkun framlaga til framhaldsskólanna til að mæta markmiði um aðhald í ríkisrekstri.

Spálíkan menntamálaráðuneytisins gerir ráð fyrir 1% árlegri aukningu skólasóknar nemenda á öllum aldri inn í framhaldsskólakerfið. Líkanið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að nýting eða virkni aukist frá því sem nú er. Slík aukning myndi þýða frekari fjölgun nemenda í námshópum eða frekari niðurfellingu fámennra námshópa.

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fæðingarárgangar	4.673	4.560	4.768	4.533	4.609	4.623	4.442
Innritun skv. Hagstofu Íslands	23.446	24.664	26.196	26.612	26.852	26.982	27.222
Reiknaðir ársnemendur	18.056	18.980	19.292	19.996	20.176	20.274	20.454

Skálettraðar tölur eru spátölur ráðuneytisins fyrir árin 2006-2010

Í töflunni eru spátölur menntamálaráðuneytisins fyrir árin 2006-2010 en rauntölur fyrir árin 2004-2006 um innritunar- og ársnemendur. Áætlað er fyrir ársnemendum fatlaðra í þessum tölum í fyrsta sinn og eru þær því ekki fyllilega sambærilegar við eldri spár. Fæðingarárgangar eru skv. gögnum Hagstofu Íslands.

	Reiknaðir ársnem. 2005	Reiknaðir ársnem. 2006	Áætlaðir ársnem. 2007 ¹	Áætlaðir ársnem. 2008	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjárveiting 2008	Þús. kr. á árs- nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	864	872	846	870	97,4	458,1	527
Menntaskólinn á Akureyri	665	696	751	770	98,7	461,4	599
Menntaskólinn að Laugarvatni	148	137	159	160	94,8	145,6	910
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.119	1.102	1.099	1.125	97,4	652,2	580
Menntaskólinn við Sund	751	742	756	745	96,0	399,2	536
Menntaskólinn á Ísafirði	302	270	295	320	88,3	228,5	714
Menntaskólinn á Egilsstöðum	332	322	362	350	96,7	243,7	696
Menntaskólinn í Kópavogi	1.052	1.097	1.065	1.055	89,7	677,3	642
Kvennaskólinn í Reykjavík	552	548	557	550	99,0	292,5	532
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.185	1.256	1.417	1.325	73,0	905,0	683
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.305	1.202	1.169	1.170	89,9	750,0	641
Flensborgarskóli	589	653	748	760	94,0	458,3	603
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	821	846	945	970	85,6	664,6	685
Fjölbrautaskóli Vesturlands	542	533	588	545	82,6	386,5	709
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	195	211	221	220	89,6	166,1	755
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	344	382	358	375	81,0	301,8	805
Fjölbrautaskóli Suðurlands	756	778	894	875	86,7	599,1	685
Verkmenntaskóli Austurlands	153	183	170	160	75,4	166,8	1.043
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.198	1.211	1.222	1.220	78,1	911,3	747
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	663	656	697	690	94,6	416,4	603
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	104	117	100	125	89,7	119,8	958
Framhaldsskólinn á Húsavík	130	124	136	130	99,0	121,3	933
Framhaldsskólinn á Laugum	98	106	120	120	99,1	138,2	1.152
Borgarholtsskóli	986	968	1.023	1.055	73,2	779,6	739
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	145	173	181	185	91,1	177,4	959
Menntaskólinn í Borgarnesi	-	-	-	75	88,0	90,3	-
Menntaskólinn Hraðbraut	233	247	331	331	94,8	173,2	523
Fjöltekniskóli Íslands	295	299	299	320	68,3	327,8	1.024
Iðnskólinn í Reykjavík	1.364	1.362	1.397	1.390	40,2	1.191,2	857
Iðnskólinn í Hafnarfirði	546	515	517	545	41,4	519,9	954
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	-	25,1	1.046
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	24	24	24	-	21,5	896
Listdansskóli Íslands	42	21	0	0	-	-	-
Verslunarskóli Íslands	1.301	1.419	1.441	1.490	96,3	837,1	562
Framhaldsskólar almennt, v/nem. uppgj.	-	-	73	50	-	32,5	-
Samtals	18.828	19.096	19.985	20.119	0,0	13.806,8	686

¹ Sérdeildamemundur, 261 talsins, voru í fyrsta skipti taldir með í áætluðum ársnemendafjölda árið 2007.

316 Fasteignir framhaldsskóla. Lagt er til að veitt verði 1,3 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 709,0 m.kr. sem er 35,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar með hefur tíma- bundin ákvörðun um frestun framkvæmda og lækkun stofnkostnaðarliða ráðuneyta um 5% gengið að fullu til baka. Fjárhæðin skiptist þannig að 675,0 m.kr. eru til bygginga- framkvæmda og 34,0 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Framhaldsskólar í Reykjavík	300,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	35,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
Verkmenntaskóli Austurlands	20,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	40,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	80,0
Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
Hérðasskólahúsið á Laugarvatni	50,0
Tæki og búnaður, óskipt	34,0
Samtals	709,0

Lagt er til að verja 300 m.kr. til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík og 50 m.kr. til Menntaskólans í Reykjavík samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir standa yfir í framhaldsskólum víðs vegar um landið, m.a. er farið fram á 80 m.kr. framlag vegna 6.70 *Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ* sem fyrirhugað er að reisa. Fjárveitingar til framkvæmda eru færðar af 6.52 *Flensborgarskóli*, 6.53 *Fjölbrautarskóli Suðurnesja*, 6.63 *Framhaldsskólinn á Laugum* og 6.91 *Iðnnemaíbúðir í Reykjavík* í fjárlögum yfirstandandi árs þar sem framkvæmdum við þá skóla er lokið og bóúið að gera upp hlut ríkisins í þeim.

319 Framhaldsskólar, almenn. Á þessum fjárlagalið er áætlað að mestu leyti fyrir sam- eiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem menntamálaráðu- neytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Heildargjöld á liðnum eru áætluð 1.421,8 m.kr., sem er hækkun um 98,5 m.kr., án launa- og verðlagshækkana. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til: 11 m.kr. framlag á lið 1.11 *Sameiginleg þjónusta* vegna þróunar á Vöruhúsi gagna og nýju skráningarkerfi nemenda. Af sama lið fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi virðisaukaskatts vegna nemendaskráningakerfis og háhraðaneti framhaldsskólanna. 1.13 *Forfallakennsla* hækkar um 40 m.kr. vegna aukinna forfalla í röðum framhaldsskólakennara. 1.14 *Sérkennsla* hækkar um 14 m.kr. vegna bráðaað-

gerða í bættri þjónustu við blinda og sjónskerta. Í samræmi við ákvæði í 10 punkta samkomulagi við Kennarasamband Íslands hækkar annars vegar liðurinn *1.18 Námssefnisgerð* um 26 m.kr. til eflingar námssefnisgerðar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastigið og hins vegar liðurinn *1.26 Þróunarsjóður framhaldsskóla* um 15 m.kr. til eflingar þróunarsjóða. Farið er fram á 20 m.kr. framlag á *1.39 Náms í listdans* vegna fjölgunar nemenda í listdansnámi. Liður *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* lækkar um 16,3 m.kr. til að mæta breytingum á reiknilíkani. Framlag til eftirfarandi liða lækkar vegna aðhaldsaðgerða: *1.24 Iðnnemasamband Íslands* um 0,1 m.kr., *1.33 Myndlistarskólinn Akureyri* 0,2 m.kr., *1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík* um 0,3 m.kr., *1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi* um 0,1 m.kr. og *1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar* um 0,5 m.kr.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Á þennan fjárlagalið er farið fram á 6 m.kr. hækkun vegna samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpur um kennslu fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða. Lagt er til að veitt verði 0,2 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Þá lækkar framlagið um 3,3 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

451 Símenntun og fjarkennsla. *451-1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.* Lagt er til að núverandi greiðslum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins verði skipt á tvö viðfangsefni til aðgreiningar framlaga sem annars vegar renna beint til verkefna Fræðslumiðstöðvarinnar 69,5 m.kr. og hins vegar til viðfangsefna sem renna til símenntunar- og fræðslumiðstöðva iðnaðarins skv. sérstökum samningum, sbr. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi kjarasamninga frá 15 nóvember 2005 og 22. júní 2006, samtals 214,2 m.kr. Því er gerð tillaga um að 214,2 m.kr. verði millifærðar af 451-1.10 Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins yfir á nýtt viðfang *451-1.09 Námskeið og ráðgjöf.* Einnig er lagt til að 11 m.kr. framlag sem veitt var sem hluti af 120 m.kr. framlagi til fullorðins- og starfsmenntunarmála í fjárlögum 2007 m.a. til að efla starfsemi símenntunarmiðstöðvar ASÍ á höfuðborgarsvæðinu, verði millifært af *451-1.10 Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins* yfir á nýtt viðfang *451-1.20 Mímir símenntun.* *451-1.11 Símenntun og fjarkennsla.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til fjarkennslu á háskólastigi. Framlagið renni til fimm símenntunarsstöðva á landsbyggðinni, 3 m.kr. til hverrar stöðvar. Stöðvarnar eru á Sauðarkróki, í Borgarnesi, á Selfossi, í Vestmannaeyjum og í Keflavík. Tillaga þessi byggir á því jafnræðissjónarmiði að nú þegar er veitt fé til hliðstæðra stöðva á Ísafirði, Húsavík og Egilsstöðum. Lagt er til að framlag á viðfangið lækki um 0,7 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. *451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur.* Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag í því skyni að efla starfsemi Háskólaseturs Vest-

fjarða. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Þá er lagt er að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára til Rannsóknaseturs Vestmannaeyja, vegna fyrirhugaðs samnings milli menntamálaráðuneytisins og rannsóknarsetursins. Tímabundið framlag til Háskólaaseturs Vestfjarða – Fornleifaskóli Vestfjarða sem veitt var í fjárlögum 2007, fellur niður. 451-1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Lagt er til að framlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga hækki um 100 m.kr. frá yfirstandandi fjárlögum. Er þetta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. nóvember 2006 um áætlun um eflingu íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þá er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag til að takast á við brottfall erlendra nemenda úr framhaldsskólum.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þess málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	185,6	100,9	104,6	3,7	-43,6
Námsgagnastofnun	388,4	372,4	379,9	2,0	-2,2
Samtals	574,0	473,3	484,5	2,4	-15,6

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 499,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 11,7 m.kr. eða 2,4% frá fjárlögum 2007. Áætlað er að sértekjur standi undir 14,7 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 0,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 484,5 m.kr. og lækka um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Farið er fram á 1 m.kr. hækkun á 720-1.31 Sérstök fræðsluverkefni til kennslu íslenskra barna sem búsett eru erlendis. Framlag til 725 Námsgagnastofnunar lækkar um 6 m.kr. til að mæta aðhaldi í ríkisrekstri.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.477,0	5.244,0	5.987,9	14,2	33,7
Jöfnun á námskostnaði	512,1	549,5	570,3	3,8	11,4
Samtals	4.989,1	5.793,5	6.558,2	13,2	31,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans nemur 6.558,2 m.kr. og hækkar um 182,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa-, verðlags- og gengisbreytingar en þær nema 582,4 m.kr. Lagt er til að framlag í sjóðinn hækki að raungildi um 169,4 m.kr. vegna fjölgunar námsmanna og aukinna skólagjaldaána. Þá er lagt til að framlag hækki um 20 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar sjóðsins. Á móti lækkar framlag til sjóðsins um 7,1 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllum um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málaflokksins: 901-919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 8.638,6. sem er 404,2 hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 4,9%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 536,3 m.kr. sem er 89,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.894 m.kr. og hækka um 314,5 m.kr. og þar af eru launa- og verðlagshækkunar 106,1 m.kr.

Helstu tillögur um hækkunir til rekstrar og tilfærslna eru að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækkar um 91,7 m.kr. vegna breytinga á lögum um að nú greiði ríkissjóður 82% af framlagi til hljómsveitarinnar í stað 56%. Við þessa breytingu flyst hljómsveitin úr B-hluta fjárlaga í A-hluta. Þá er lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag til nýrrar stofnunar Náttúruvinnjafns Íslands, 44,6 m.kr. hækkun á framlagi til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna endurnýjunar samnings um hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð og 30 m.kr. hækkun á framlagi til Þjóðskjalasafns Íslands vegna Öryggissafns. Þá koma inn 27,9 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda og tímabundin verkefni að fjárhæð 95,5 m.kr. falla niður. Helstu tillögur um breytingar á stofnkostnaði eru þær að tímabundin verkefni að fjárhæð 146,5 m.kr. falla niður en á móti kemur að 100 m.kr. tímabundin frestun framkvæmda í fjárlögum 2006 sem var frestað aftur um eitt ár í fjárlögum 2007 gengur til baka og 5,8 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	57,8	56,7	69,7	22,9	20,6
Þjóðminjasafn Íslands	433,4	462,7	421,0	-9,0	-2,9
Þjóðskjalasafn Íslands	150,2	155,4	191,5	23,2	27,5
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	482,9	551,4	598,7	8,6	24,0
Listasafn Einars Jónssonar	14,3	15,9	16,4	3,1	14,7
Listasafn Íslands	141,8	132,4	147,3	11,3	3,9
Kvikmyndasafn Íslands	43,8	46,6	47,5	1,9	8,4
Blindrabókasafn Íslands	67,0	76,5	84,4	10,3	26,0
Náttúruminjasafn Íslands	-	-	31,0	-	-
Safnasjóður	82,3	84,6	87,7	3,7	6,6
Söfn, ýmis framlög	190,5	272,4	272,1	-0,1	42,8
Samtals	1.664,0	1.854,6	1.967,3	6,1	18,2
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	714,8	93,1	192,9	107,2	-73,0
Ríkisútvarpið	3.204,5	2.780,0	2.635,0	-5,2	-17,8
Íslenski dansflokkurinn	96,9	96,0	102,9	7,2	6,2
Þjóðleikhúsið	585,9	610,2	648,9	6,3	10,8
Sinfóniuhljómsveit Íslands	296,4	453,0	556,6	22,9	87,8
Menningasjóður	14,8	-	-	-	-100,0
Höfundarréttargjöld	96,5	78,4	78,8	0,5	-18,3
Listasjóðir	287,9	305,1	334,2	9,5	16,1
Húsafriðunarnefnd	179,2	190,0	56,8	-70,1	-68,3
Listskreytingasjóður	6,6	6,7	7,1	6,0	7,6
Kvikmyndamiðstöð Íslands	449,7	586,0	631,7	7,8	40,5
Listir, framlög	646,9	734,8	890,2	21,1	37,6
Samtals	6.580,1	5.933,3	6.135,1	3,4	-6,8

Söfn

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901-919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands sem er nýtt höfuðsafn, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Lagt er til að framlag ríkissjóðs til safna nemi 1.909,6 m.kr. sem er 55 m.kr. hækkun ef ekki er tekið tillit til launa- og verðlagshækkana. Helstu breytingar eru þær að framlög til safna hækka um 145,3 m.kr. Á móti falla niður tímabundin verkefni að fjárhæð 79,5 m.kr. Auk þess lækka framlög um 10,8 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

901 *Fornleifavernd ríkisins* hækkar um 10,5 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Veittar eru 6 m.kr. til að ráða minjavörð á Vestfjörðum sem er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Lagt er til að veittar verði 5 m.kr. til að efla rekstur stofnun-

arinnar vegna aukinna verkefna og breytinga á rekstri hennar og 0,5 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Á móti fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna Bláskeggsárbrúar í Hvalfirði. Þá er sértekjur lækkaðar úr 3,6 m.kr. í 2,5 m.kr. eða um 1,1 m.kr.

902 *Þjóðminjasafn Íslands* lækkar um 52,9 m.kr. en á móti koma 11,2 m.kr. launa- og verðlagshækkunarir. Lagt er til að veitt verði 14,6 m.kr. hækkun á framlagi vegna næturvörslu á safnaðarhúsinu við Suðurgötu. Þá eru millifærðar 10,4 m.kr. af fjárlagalið 02-902-1.11 *Hönnunarsafn Íslands* inn á nýtt fjárlaganúmer 02-919 1.15 *Hönnunarsafn Íslands* þar sem gerður hefur verið samningur við Garðabæ um rekstur Hönnunarsafnsins, það er því ekki lengur deild innan Þjóðminjasafns Íslands. Samtals 51,5 m.kr. tímabundin framlög í fjárlögum 2007 falla niður. Þar af falla niður 10 m.kr. af fjárlagalið 02-902 1.01 þ.e. 5 m.kr. vegna fjarvinnsluverkefnis hjá Landvist á Húsavík og 5 m.kr. hjá Forsvara á Hvammstanga. Þá falla niður 41,5 m.kr. af fjárlagalið 02-902 1.10 *Byggða og minjasöfn* sem skiptist þannig: 7 m.kr. til fornleifarannsóknna í Skálholti, 4 m.kr. til fornleifarannsóknna á Bæ í Örafasveit, 5 m.kr. til fornleifarannsóknna í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp, 4 m.kr. til fornleifarannsóknna á tanganum við Kolkuós, 4 m.kr. til Byggðasafnsins á Garðskaga, 6 m.kr. til Hins þingeyska fornleifafélags, 3 m.kr. til menningarsetursins að Útskálum vegna rannsóknna á fornleifum, 1 m.kr. til Önfirðingafélagsins í Reykjavík, 5 m.kr. til Kolkuóss, 2 m.kr. vegna verslunar Haraldar Júlíussonar og 0,5 m.kr. til Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Loks lækkar framlagið um 5,6 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

903 *Þjóðskjalasafn Íslands*. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar hækki um 30 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana vegna laga nr. 36 27. mars 2007 um breytingar á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, þar sem fram kemur að safnið skuli hafa sérstakt öryggismálasafn. Auk þess er hefur verið óskað eftir 10 m.kr. í fjárukalögum 2007 vegna Öryggismálasafnsins.

905 *Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn* hækkar um 28,3 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Lagt er til að veitt verði 3,8 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á samningi ráðuneytisins við safnið um rafrænan landsaðgang að erlendum vísindatímaritum sem safnið hefur umsjón með. Í fjárlögum 2007 voru 31,2 m.kr. vegna þessa sem hækkar nú í 35 m.kr. auk verðlagsuppfærslu. Veittar eru 26,5 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Þá fellur niður 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til að minnast þess að á árinu 2007 voru 100 ár liðin frá heimsókn Friðriks 8. Danakonungs til Íslands.

907 *Listasafn Íslands* hækkar um 9,7 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Annars vegar er lagt til að veitt verði 2,1 m.kr. hækkun á framlagi til listaverkakaupa þannig að heildarframlag til listaverkakaupa verði 20 m.kr. og 10 m.kr. hækkun til að efla rekstur stofnunarinnar vegna breytinga á rekstri og til útgáfu íslenskrar listasögu á 20 öld. Hins vegar er 2,4 m.kr. lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.

909 *Blindrabókasafn Íslands* hækkar um 5 m.kr. til að efla rekstur stofnunarinnar vegna aukinna verkefna vegna blindra nemenda og lesblindu.

911 *Náttúruminjasafn Íslands* er ný stofnun sem varð til með samþykkt laga nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands. Búið er að ráða forstöðumann sem stjórna á fyrirhugaðri undirbúningsvinnu við áætlun og uppbyggingu safnsins á árinu. Lögð er til 30 m.kr. fjárveiting til safnsins.

919 *Söfn, ýmis framlög* lækkar um 4,5 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri, án launa- og verðlagshækkana. Tímabundinn 20 m.kr. styrkur til að stofna Vatnasafn í Amtsbókasafnshúsinu í Stykkishólmi á 1.98 *Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* fellur niður. Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. á 1.98 *Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs sem starfrækt verður á Ströndum, Þjóðtrúarstofu á Hólmavík. Þetta er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Millifærðar eru 10,4 m.kr. af 02-902 1.11 *Hönnunarsafn Íslands* yfir á nýtt númer 02-919 1.15 *Hönnunarsafn Íslands* þar sem safnið er ekki lengur deild innan Þjóðminjasafns Íslands heldur rekið af Garðabæ sem stofnun á vegum bæjarfélagsins með samning við ráðuneytið. Þá er 1,7 m.kr. lækkun á eftirfarandi framlögum vegna aðhalds í ríkisrekstri, 0,1 m.kr. lækkun til 1.10 *Listasafns ASÍ*, 0,1 m.kr. lækkun til 1.11 *Nýlistasafnsins*, 0,1 m.kr. lækkun til 1.12 *Listasafns Sigurjóns Ólafssonar*, 0,2 m.kr. lækkun til 1.15 *Hönnunarsafns Íslands* og 1,2 m.kr. lækkun á safnið 1.98 *Ýmis framlög menntamálaráðuneytis*. Framlög til 6.36 *Sildarminjasafns á Siglufirði* lækkar um 4,2 m.kr. til samræmis við samning milli ráðuneytisins og safnsins sem gerir ráð fyrir 10 m.kr. framlagi. Þá gengur til baka 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 á 02-919 6.45 *Vikinganaust í Reykjanesbæ* um 1 m.kr. þannig að framlagið verður 20 m.kr. Á 1.98 *Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis* eru 82,9 m.kr. án launa- og verðlagshækkana sem áætlað er að skiptist þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Samningur, Byggðasafnið í Görðum v. Kúttur Sigurfara	12,0
Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10,0
Samningur, Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík	10,0
Samningur, Dalabyggð, Safnahús í Búðardal	10,0
Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrisbrú	8,0
Samningur, Heklusetur Leirubakka	6,0
Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6,0
Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofu	10,0
Verkefni tengdum heimsminjasamningi UNESCO	6,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4,9
Samtals	82,9

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Heildarfjárveiting til menningarstofnana, viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 99,8 m.kr. og verður því 192,9 m.kr. Helstu breytingar eru þær að 100 m.kr. tímabundin frestun framkvæmda í fjárlögum 2006 sem var frestað aftur um eitt ár í fjárlögum 2007 gengur til baka og 5,8 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007. Tímabundið 6 m.kr. framlag sem veitt var til endurbóta á Gunnarshúsi á Skriðuklaustri fellur niður. Þá voru gerðar nokkrar millifærslur milli viðfangsefna innan 02-969 *Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* og er skiptingin þannig: Framlag til 6.73 *Þjóðleikhússins* og 6.03 *Þjóðskjalasafnsins* er 20 m.kr. og til 6.96 *Byggðasafna* 28 m.kr. Þá kemur inn nýtt viðfang 6.82 *Geymsluhúsnæði safna* með 70 m.kr. sem er ætlað að leysa brýnasta geymsluvanda safna og hefja undirbúning að útboði vegna geymslna fyrir söfnin. Einnig er gert er ráð fyrir 30 m.kr. á 6.95 *Menningarhús* vegna undirbúnings menningarhúss á Egilsstöðum og Sauðárkróki. Loks eru 24,9 m.kr. á 6.21 *Endurbætur menningarstofnana* sem skiptist þannig að 6 m.kr. eru ætlaðar til að greiða samning við Reykholtskirkju í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um alls 30 m.kr. á fimm árum, lokagreiðsla verður árið 2010 og 18,9 m.kr. eru vegna smærra viðhalds og viðgerða hjá hinum ýmsu menningarstofnunum.

971 Ríkisútvarpið. Á árinu 2007 voru samþykkt lög um Ríkisútvarpið ohf. nr. 61/2007 þar sem Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Samkvæmt nýsamþykktum lögum er helsti tekjustofn Ríkisútvarpsins ohf. sérstakt gjald, útvarpsgjald, sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þetta gjald tekur þó ekki gildi fyrr en árið 2009, þannig að á árinu 2008 verða innheimt afnotagjöld. Því er framlag A-hluta ríkisins, sem fjármagnað er með tekjum sem stofnunin aflar með innheimtu afnotagjalda, lækkað um 145 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af afnotagjöldum og lækkun gjaldskrár frá 1. mars 2007 vegna lækkunar virðisaukaskatts úr 14% í 7%. Gert er ráð fyrir að afnotagjöld skili 2.635 m.kr. tekjum og er virðisaukaskattur þá innifalinn.

972 Íslenski dansflokkurinn. Framlag hækkar um 5 m.kr. til að efla reksturinn auk launa og verðlagshækkana. Á móti kemur lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.

973 Þjóðleikhúsið. Framlag hækkar um 20,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar hækki um 20 m.kr. til að efla reksturinn. Þá er veitt 0,9 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Að lokum eru áætlaðar sértekjur lækkaðar úr 199 m.kr. í 170 m.kr. eða um 29 m.kr.

- 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Framlag til hljómsveitarinnar hækkar um 91,7 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Nýsamþykkt lög nr. 7/2007 um breytingar á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands gera ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til hljómsveitarinnar verði 82% af áætluðum heildarútgjöldum í stað 56% og flyst stofnunin úr B-hluta í A-hluta fjárlaga. Því þarf að breyta framsetningu stofnunarinnar í fjárlögum og tilgreina sértekjur sem áætlaðar eru 81 m.kr. og ríkistekjur eru áætlaðar 100,2 og er það 18% hlutur Reykjavíkurborgar. Þá er gert ráð fyrir 11,7 m.kr. hækkun til að bæta tveimur hljóðfæraleykurum við hljómsveitina. Þá er lögð til lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.
- 977 Höfundarréttargjöld.** Ríkistekjur vegna höfundarréttargjalda hækka um 0,4 m.kr. með hliðsjón af rauntölum síðustu ára og er lagt til að útgjöld hækki um sömu fjárhæð.
- 978 Listasjóðir.** Óskað er eftir 20 m.kr. hækkun á framlagi til listasjóðs vegna fyrir hugaðra breytinga.
- 979 Húsafriðunarnefnd.** Tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru við 2. umræðu fjárlaga 2006, samtals að fjárhæð 135,5 m.kr. falla niður. Þá kemur inn 1,2 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007.
- 980 Listskreytingasjóður.** 0,4 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 kemur til baka.
- 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.** Framlag hækkar um 43,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkana en að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri um 1,1 m.kr. Veitt er 44,6 m.kr. hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra gerðu við samtök í íslenskri kvikmyndagerð um að kvikmyndasjóður yrði 560 m.kr. á árinu 2008.
- 982 Listir, framlög.** Framlag á liðnum nemur 887,4 m.kr. og hækkar um 152,6 m.kr. fyrir launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi hefur verið stofnað nýtt númer 1.45 *Samningar við sveitarfélög um menningarmál* þar sem fyrirhugað er að hafa framlög menntamálaráðuneytisins til menningarsamninga, sjá sundurliðun í töflu hér fyrir neðan. Vegna þessa hafa framlög af eftirfarandi númerum verið millifærð á hið nýja númer 1.45 *Samningar við sveitarfélög um menningarmál* og eldri númer felld niður: 90 m.kr. af 1.40 *Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi*, 38 m.kr. af 1.43 *Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál*, 16 m.kr. af 1.44 *Samningu við sveitarfélög á Vesturlandi*. Þá er lögð til 135 m.kr. hækkun á framlagi til menningarsamninga vegna endurnýjunar á samningi við Akureyrarbæ og fimm nýrra

menningarsamninga við Norðurland vestra, Vestfirði, Eyþing, Suðurland og Suðurnes. Í öðru lagi eru lagðar til eftirtaldar hækkanir: 5,4 m.kr. til 1.14 *Bókasafnsjóðs höfunda*, 12,7 m.kr. í 1.18 *Bókmenntasjóð*, 10 m.kr. til 1.24 *Starfsemi atvinnuleikhópa*, 5 m.kr. til 1.25 *Tónlistarsjóðs*, 1 m.kr. til 1.27 *Tónlistar fyrir alla*, 3 m.kr. til 1.29 *Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar* og 2 m.kr. til 1.80 *Listahátíðar í Reykjavík*. Í þriðja lagi lækka framlög um samtals 1,5 m.kr. til eftirfarandi vegna aðhalds í ríkisrekstri: 1.22 *Starfsemi áhugaleikfélaga* um 0,4 m.kr., 1.23 *Bandalag íslenskra leikfélaga* um 0,1 m.kr. og 1.24 *Starfsemi atvinnuleikhópa* um 1 m.kr. Í fjórða og síðasta lagi fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag vegna Franskrar menningarkynningar á Íslandi árið 2007.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	120,0
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	38,0
Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	17,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál	20,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum um menningarmál	15,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál	22,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál	25,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál	22,0
Samtals	279,0

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarkertra	46,0	45,1	60,7	34,6	32,0
Kvikmyndaskoðun	5,8	-	-	-	-100,0
Ýmis fræðistörf	199,3	147,3	144,0	-2,2	-27,7
Norræn samvinna	11,8	13,0	22,0	69,2	86,4
Æskulýðsmál	167,3	197,9	198,1	0,1	18,4
Ýmis íþróttamál	387,1	418,6	477,3	14,0	23,3
Uppbygg. menntunar og menningar á landsbyggð	3,8	-	-	-	-100,0
Tungutækni	3,7	-	-	-	-100,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	-4,4	-	-	-	-100,0
Ýmislegt	496,4	448,6	492,3	9,7	-0,8
Samtals	1.316,8	1.270,5	1.394,4	9,8	5,9

Heildarútgjöld málefnaflokkans á rekstrargrunni eru áætluð 1.411,2 m.kr. sem er 124,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 9,7%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 16,8 sem er 0,4 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1394,4 m.kr. og hækka um 123,9 m.kr. sem skiptist þannig að auk 16,4 m.kr. launa- og verðlagshækkun kemur 107,5 m.kr. hækkun og þar af eru 144,2 m.kr. vegna rekstrarútgjalda og rekstrartilfærslna en 36,7 m.kr. lækkun vegna viðhalds og stofn-kostnaðar.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Framlag hækkar um 13,2 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Lögð er til 3 m.kr. hækkun vegna flutnings og 10,2 m.kr. hækkun vegna táknmálstúlkunar fyrir heyrnarlausu í daglegu lífi þeirra.

983 Ýmis fræðistörf. Framlög á liðinn eru 141,3 m.kr. sem er 6 m.kr. lækkun frá yfirstandandi fjárlögum áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Helsta skýringin er að framlög hækka um 5 m.kr. á 1.53 Snorrastofa vegna endurnýjunar samnings. Þá hækkar 1.10 Fræðistörf tímabundið um 3 m.kr. vegna samstarfsverkefnis fjögurra ráðuneyta um skráningu menningararfs þjóðarinnar til varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Á móti kemur annars vegar tillaga um að fella niður 13 m.kr. tímabundnar fjárveitingar í fjárlögum 2007 sem skiptist þannig að 7 m.kr. á 1.52 Skriðuklaustur til fornleifarannsókna þar og 6 m.kr. á 1.53 Snorrastofa vegna rannsóknar kirkjustæðisins í Reykholti. Þá er lagt til að framlög lækki samtals um 1 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri sem skiptist þannig: 1.20 Iðnsaga um 0,1 m.kr., 1.21 Tónlistarsaga um 0,1 m.kr., 1.51 Hið íslenska bókmenntafélag um 0,3 m.kr., 1.52 Skriðuklaustur um 0,2 m.kr. og 1.53 Snorrastofa um 0,3 m.kr.

984 Norræn samvinna. Framlag á fjárlagaliðnum hefur verið skipt upp í 1.90 Norræn samvinna með 7,5 m.kr. og 1.98 Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu með 5,5 m.kr. í samræmi við skiptingu á fjárlögum 2007. Þá er óskað eftir 9 m.kr. hækkun á 1.98 Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu vegna aukningar á samstafi og styrkjum vegna norrænnar samvinnu. Framlag á þeim lið verða því 14,5 m.kr.

988 Æskulýðsmál. Framlag á liðinn nemur 197,3 m.kr. sem er 0,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2007 áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Breytingar eru í fyrsta lagi þær að 1.18 Æskulýðsrannsóknir hækkar um 2 m.kr. vegna aukins umfangs. Í öðru lagi er lagt til að vegna aðhalds í ríkisrekstri lækki framlög um 2,6 m.kr. sem skiptist þannig að 1.12 Ungmennafélag Íslands lækki um 1,6 m.kr., 1.13 Bandalag íslenskra skáta um 0,4 m.kr., 1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni um 0,1 m.kr., 1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi um 0,1 m.kr. og 1.17 Landssamband KFUM og

KFUK um 0,4 m.kr. Af framlagi til Ungmennafélags Íslands er gert ráð fyrir að 10 m.kr. renni til unglíngalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina.

989 Ýmis íþróttamál. Lagt er til að framlög til íþróttamála nemi 475,7 m.kr. og hækki um 57,1 m.kr. frá fjárlögum 2007 áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi er tillaga um 35 m.kr. hækkun til *1.10 Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands* þar af er 20 m.kr. hækkun er vegna samnings um fjármögnun sérsambanda ÍSí. Samkvæmt samningnum var framlagið 40 m.kr. 2007 og árið 2008 er það 60 m.kr. og árið 2009 er gert ráð fyrir að það verði 70 m.kr. Þá er 15 m.kr. tímabundin hækkun vegna sumarólympíuleikanna sem haldnir verða í Peking 2008. Í öðru lagi hefur verið stofnað nýtt númer *02-989 1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* þar sem veittar eru 60 m.kr. til að koma á fót ferðasjóði Íþróttasambands Íslands. Tilgangur sjóðsins er að styrkja íþróttaiðkendur til að ferðast á viðurkennd íþróttamót. Markmiðið er að jafna aðstöðumun íþróttafélaga, auka öryggi keppenda og efla hreyfingu og forvarnir. Miðað er við að framlagið verði 30 m.kr. árið 2007, 60 m.kr. árið 2008 og 90 m.kr. árið 2009. Í þriðja lagi hækkar framlag til *1.12 Ólympíunefndar fatlaðra* um 1,5 m.kr. vegna ólympíumóts fatlaðra sem fram fer í Peking. Í fjórða lagi hækka framlög til *1.15 Skólaíþrótt* um 1 m.kr. vegna millifærslu af *1.18 Íþróttamiðstöð Íslands* þar sem henni hefur verið lokað. Í fimmta lagi er lagt til að framlag til *1.31 Lyfjæftirlits* hækki um 2 m.kr. vegna breytts skipulags á lyfjæftirliti. Í sjötta lagi er gerð tillaga um 4,7 m.kr. lækkun á framlagi, vegna aðhalds í ríkisrekstri, sem skiptist þannig: *1.10 Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands* 2,6 m.kr., *1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* 1 m.kr., *1.14 Íþróttasamband fatlaðra* 0,4 m.kr., *1.21 Skáksamband Íslands* 0,3 m.kr., *1.25 Skákskóli Íslands* 0,1 m.kr., *1.20 Glimusamband Íslands* 0,1 m.kr. og *1.30 Bridge-samband Íslands* 0,2 m.kr. Í sjöunda lagi gengur til baka 5% tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 samtals 4,3 m.kr. sem skiptast þannig: 1,8 m.kr. á *6.53 Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* og 2,5 m.kr. á *6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík*. Í áttunda og síðasta lagi falla niður tímabundin 41 m.kr. framlög í fjárlögum yfirstandandi árs þar af eru 8 m.kr. vegna *6.52 Skíðasvæði í Tungudal við Skutulsfjörð*, 8 m.kr. vegna *6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði* og 25 m.kr. vegna *6.57 Sparkvellir*.

999 Ýmis framlög. Framlag á fjárlagaliðinn nemur 483,4 m.kr. sem er hækkun um 34,8 m.kr. áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til *1.13 Útvarpsréttarnefndar* lækki um 0,2 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri. Í öðru lagi er lagt til að tímabundið 20 m.kr. framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* sem veitt var í fjárlögum yfirstandandi árs falli niður, þar af voru 5 m.kr. vegna átaksverkefnis í íslensku og 15 m.kr. vegna átaksverkefnis í lesblindu í

skólum landsins. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði tímabundið 10 m.kr. framlag á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis til áframhaldandi átaksverkefna í lesblindu í skólum landsins. Í fjórða lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis sem veitt var á fjárlögum 2007 í verkefni um miðlun hljóð- og sjónminjaarfs sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið samþykkti. Í fimmta lagi er veitt 12 m.kr. framlag tímabundið á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis til Íþróttakademíunnar á Reykjanesi vegna samnings um tilraunaverkefni um áhrif hreyfistunda í grunnskólum sem gerir ráð fyrir samtals 48 m.k.r til ársins 2011. Upphæðin skiptist þannig að á árinu 2007 greiðast 7 m.kr., 12 m.kr. árið 2008, 12 m.kr. árið 2009, 12 m.kr. árið 2010 og 5 m.kr. árið 2011. Í sjötta lagi er veitt 8,7 m.kr. tímabundið framlag á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis til meðferðarstarfsemi í Gaulverjaskóla. Í sjöunda lagi er lagt til að veitt verði 7,5 m.kr. tímabundið framlag á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis samkvæmt samningi um stuðning við uppbyggingu Þórbergseturs að Hala í Suðursveit. Í áttunda lagi eru veittar 2 m.kr. á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis vegna Dags íslenskrar tungu. Í áttunda lagi er lögð til 5 m.kr. hækkun á framlagi á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis vegna aukins stjórnvaldskostnaðar vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Í níunda lagi er lögð til 26 m.kr. hækkun á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis vegna aukningar á samningum og styrkjum. Í tíunda og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag á 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis til undirbúnings ráðherra fundar Evrópuráðsins um fjölmiðlamál sem haldinn verður hér á landi 2009. Áætlað er að 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis skiptist þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins	10,0
Samningur við Íþróttakademíuna á Reykjanesi	12,0
Samningur til styrktar uppbyggingar Þórbergseturs	7,5
Framlag til Gaulverjaskóla vegna tilraunaverkefnis um meðferðarstarfsemi	8,7
Alþjóðasamningar er varða menningarmál, - aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	16,5
Ýmis menningarverkefni í upplýsingatækni	15,0
Framlag til undirbúnings ráðherra fundar Evrópuráðsins um fjölmiðla árið 2009	5,0
Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2,0
Ýmsir samningar og styrkir varðandi menningarmál	73,6
Samtals	150,3

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.13	Forfallakennsla	Forfallakennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.413,3	4.591,8	5.644,7	23	28
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.215,8	5.086,2	5.991,7	18	42
Stofnkostnaður og viðhald	120,8	30,0	130,0	333	8
Samtals	8.749,9	9.708,0	11.766,4	21	34
Greitt úr ríkissjóði	-	8.321,2	10.142,7	22	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.386,8	1.623,7	17	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	9.708,0	11.766,4	21	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 11.813,6 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 47,2 m.kr. en þær nema 0,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.766,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.142,7 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.623,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.644,7 m.kr. og hækka um 1.052,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 800 m.kr. framlag vegna yfirtöku Íslands á rekstri Ratsjárstofnunar ásamt 474 m.kr. framlagi vegna annarra varnarmála. Á móti kemur 280 m.kr. lækkun vegna niðurfellingar á fjárlagalið 215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 905,5 m.kr. og verða 5.991,7 m.kr. en eru 5.086,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vega í fyrsta lagi 761,4 m.kr. til eflingar þróunarmála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi 290 m.kr. tímabundið framlag vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 130 m.kr. og er það 100 m.kr. hækkun milli ára. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi 58 m.kr. hækkun framlags til sendiráða og í öðru lagi 42 m.kr. tímabundið framlag vegna endurnýjunar á þotugildrum fyrir herflugvélar á Keflavíkurflugvelli.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðal-skrifstofa; 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 25,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	978,0	987,8	922,9	-6,6	-5,6
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	0,0	0,0	137,4	-	-
Ýmis verkefni	32,4	47,6	41,4	-13,0	27,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	1.010,4	1.040,4	1.106,7	6,4	9,5

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 922,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 100,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum. Þær lækkanir á fjárlagaliðnum sem vega hvað þyngst er í fyrsta lagi, ósk um 91,2 m.kr. millifærslu yfir á nýjan fjárlagalið 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Í öðru lagi er lögð til 21 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Í þriðja lagi er lagt til að millifæra 10 m.kr. á sendiráð vegna menningarstarfsemi sendiskrifstofa. Í fjórða lagi er lagt til að millifærðar verði 7 m.kr. yfir á nýjan fjárlagalið 213 Varnarmál. Hins vegar eru hækkanir á fjárlagaliðnum sem koma á móti ofangreindum lækkunum. Í fyrsta lagi er tímabundið 15 m.kr. framlag vegna kostnaðarauka utanríkisráðuneytisins við flokkun og skil skjala til öryggismálasafns samkvæmt ákvæðum laga. Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. tímabundnu framlagi vegna endurnýjunar á aðgangskerfi og símkerfi utanríkisráðuneytisins. Í þriðja lagi er óskað eftir 5 m.kr. framlagi til að standa undir kostnaði ráðuneytisins vegna fræðslu og menntamála. Í fjórða lagi er óskað eftir 2,5 m.kr. framlagi vegna samnings um rekstur Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið en gert er ráð fyrir að rekstrargjöld á honum nemi um 137,4 m.kr. á næsta ári. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi eru 91,2 m.kr. millifærðar af fjárlagalið aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins yfir á liðinn. Í öðru lagi er óskað eftir 42 m.kr. framlagi vegna stofnunar útibús frá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins á Akureyri. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 41,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 6,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 8 m.kr. tímabundið framlag til kennslu í heimskautarétti, á móti kemur að óskað er eftir 1,1 m.kr. framlagi til samskipta við Vestur-Íslendinga en umsvif verkefnisins hafa verið að aukast.

Varnarmál og Keflavíkurflugvöllur

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli; 213 Varnarmál og 217 Ratsjárstofnun. Niður fellur liðurinn 215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	1.693,1	2.551,0	2.811,0	10,2	66,0
Varnarmál	0,0	0,0	533,8	-	-
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugv.	0,0	280,0	0,0	-100,0	-
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	822,3	-	-
Samtals	1.693,1	2.831,0	4.167,1	47,2	146,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.296 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins 2.811 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 260 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 290 m.kr. framlagi til stofnkostnaðar og skýrist sú fjárhæð að mestu af 147,4 m.kr. kostnaði við kaup á slökkvibifreið og öðrum tækjum ásamt 108,6 m.kr. kostnað vegna aðflugsbúnaðar. Þessi tillaga er afleiðing er fylgir yfirtöku á starfsemi varnarliðsins og er hún fjármögnuð með beinni greiðslu úr ríkissjóði yfir í B-hluta fjárlaga. Í öðru lagi er lögð til 30 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Áætlað er að ríkistekjur af landingargjöldum og öryggisgjaldi sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, verði samtals 1.220,2 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að tekjur af öryggisgjaldi hækki um 95,8 m.kr. og verði 603,2 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkistekjur af landingargjaldi vegna millilandaflugs hækki um 71,8 m.kr. og verði 617 m.kr. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í umfjöllun um B-hluta fyrirtæki.

213 Varnarmál. Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið en gert er ráð fyrir að rekstrargjöld á honum nemi um 533,8 m.kr. á næsta ári. Í fyrsta lagi er sótt um 200 m.kr. fjárveitingu vegna varnarsamstarfs Íslands innan NATO. Um er að ræða ýmis konar kostnað sbr. eldsneyti, aðbúnað auk annarrar almennrar fyrirgreiðslu vegna ríkja sem koma að vörnum og eftirliti á Norður Atlantshafi. Í öðru lagi er sótt um 100 m.kr. framlag vegna gæslu og viðbúnaðar á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll og Helguvík í tengslum við samstarf við grannþjóðir, heræfingar og nýtingu á svæðinu af innlendum aðilum. Um er að ræða eftirlit og gæslu á öryggissvæðum og sérstakt eftirlit vegna alþjóðlegra

og tvíhliða æfinga auk afnota aðildarþjóða NATO af svæðinu. Í þriðja lagi er óskað eftir 60 m.kr. fjárveitingu vegna reksturs öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll. Um er að ræða rekstur á byggingum og búnaði sem áður var kostaður af Bandaríkjaher. Reksturinn var áður vistaður á fjárlagalið 215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Í fjórða lagi er sótt um 42 m.kr. tímabundið framlag vegna endurnýjunar á þotugildrum fyrir herflugvélar á Keflavíkurflugvelli í tengslum við rekstur öryggissvæðis og samstarf við grannþjóðir um varnarmál. Í fimmta lagi er óskað eftir 40 m.kr. fjárveitingu vegna æfinga Bandaríkjahers á Íslandi í samræmi við varnarsamning landanna. Í sjötta lagi er óskað eftir 30 m.kr. framlagi vegna yfirtöku á rekstri bygginga sem eru í eigu NATO á Keflavíkurflugvelli. Í sjöunda lagi er sótt um 17 m.kr. fjárveitingu vegna reksturs á þotugildrum á Keflavíkurflugvelli í samstarfi við Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Í áttunda lagi er óskað eftir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til endurnýjunar á rafkerfi bygginga á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll. Í níunda lagi er óskað eftir 7 m.kr. millifærslu af fjárlagalið aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins vegna heræfinga NATO. Í tíunda lagi er sótt um 5 m.kr. tímabundna fjárveitingu vegna niðurrifs bygginga á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll. Um er að ræða byggingar sem eru nú á ábyrgð íslenska ríkisins og engin fyrirsjáanleg not eru fyrir. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Óskað hefur eftir því að fjárlagaliðurinn verður felldur niður vegna flutnings verkefna og stofnunar nýs fjárlagaliðar 213 Varnarmál. Framlag vegna reksturs öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll verður framvegis vistað á þeim nýja fjárlagalið.

217 Ratsjárstofnun. Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið er stofnaður hefur verið vegna yfirtöku Íslands á rekstri Ratsjárstofnunar frá Bandaríkjamönnum og flutningi á henni úr B-hluta fjárlaga yfir í A-hluta. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins 822,3 m.kr. á næsta ári. Ratsjárstofnun rekur í dag fjórar ratsjárstöðvar sem staðsettar eru á Miðnesheiði (á öryggissvæði utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli), Bola-fjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli. Stöðvarnar eru allar í eigu NATO en á ábyrgð Íslands. Ratsjárstofnun annast viðhald þeirra mannvirkja og vega sem tilheyra ratsjárstöðvunum. Eftirlits- og stjórnstöðin er staðsett á öryggissvæði utanríkisráðuneytisins. Ratsjárstofnun er ábyrg fyrir rekstri hugbúnaðarsviðs sem einnig er staðsett á öryggissvæðinu, þar rekur Ratsjárstofnun að auki birgðahald og viðhaldseftirlit. Undanfarin ár hefur Ratsjárstofnun verið rekin samkvæmt árlegum verksamningi við Bandaríska flugherinn á grundvelli milliríkjasamninga Íslands og Bandaríkjanna. Bandarísk stjórnvöld hafa fjármagnað rekstur Ratsjárstofnunar, en íslensk stjórnvöld hafa stjórnað starfsemi hennar. Þessum samningum hefur nú verið sagt upp af hálfu Bandaríkjanna og rann uppsagnafresturinn út þann 15. ágúst 2007.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 300 Sendiráð Íslands. Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 1.902 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 83,2 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	1.792,9	1.809,9	1.902,0	5,1	6,1
Samtals	1.792,9	1.809,9	1.902,0	5,1	6,1

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er sótt um 29,2 m.kr. fjárveitingu vegna aukins fjölda starfsstöðva. Um er að ræða fjárveitingu er skiptist niður á eftirfarandi viðföng, *5.21 Viðhald fasteigna* 15 m.kr. og *6.01 Tæki og búnaður* 14,2 m.kr. Í öðru lagi er óskað eftir 20 m.kr. framlagi vegna sjúkrasjóðs utanríkisþjónustunnar. Um er að ræða hækkun til samræmis við raunkostnað. Í þriðja lagi er óskað eftir 15 m.kr. framlagi til að leiðrétta viðvarandi rekstrarhalla á fjárlagaliðnum. Í fjórða lagi er sótt um 10 m.kr. fjárveitingu vegna þróunarstarfs sendiráðs Íslands í Pretoríu. Fjárveiting þessi er hluti af framlagi Íslands til þróunarmála og telst því til markmiða ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Í fimmta lagi er óskað eftir 10 m.kr. millifærslu af fjárlagalið aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins vegna menningarstarfsemi sendiskrifstofa. Í sjötta lagi er lögð til 7,7 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsroðunar innan langtímaáætlunar. Í sjöunda lagi er sótt um 3,7 m.kr. tímabundið framlag vegna íslenskrar menningar- og listahátíðar í Brussel. Um er að ræða hlut ríkisins í samstarfsverkefni með íslenskum fyrirtækjum. Í áttunda lagi er óskað eftir 3 m.kr. tímabundinni fjárveitingu vegna kostnaðar við útgáfu vegabréfsáritanna í Peking. Um er að ræða kostnað vegna húsnæðis og almenns reksturs. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	61,9	71,4	71,2	-0,3	15,0
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	83,2	95,6	95,3	-0,3	14,5
Sendiráð Íslands í London	101,8	101,5	101,2	-0,3	-0,6
Sendiráð Íslands í Moskvu	75,0	85,1	84,8	-0,3	13,1
Sendiráð Íslands í Ósló	49,2	63,2	63,0	-0,3	28,1
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	101,9	113,8	113,4	-0,3	11,3
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	48,6	51,4	51,2	-0,3	5,4
Sendiráð Íslands í Washington	85,7	88,0	87,7	-0,3	2,4
Fastanefnd Íslands í New York	133,5	134,0	133,6	-0,3	0,1
Skrifstofa aðalræðismanns í New York	36,9	32,1	32,0	-0,3	-13,3
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	126,3	133,4	136,7	2,5	8,2
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	92,5	100,2	99,9	-0,3	8,0
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	76,4	87,9	87,6	-0,3	14,7
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	48,4	58,1	57,9	-0,3	19,7
Sendiráð Íslands í Peking	67,7	75,0	77,8	3,7	14,9
Sendiráð Íslands í Ottawa	40,8	41,6	41,5	-0,3	1,6
Sendiráð Íslands í Tókíó	58,9	66,6	66,4	-0,3	12,7
Sendiráð Íslands í Helsinki	45,8	47,2	47,1	-0,3	2,7
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	29,3	42,0	41,9	-0,3	42,9
Sendiráð Íslands í Pretoríu áður Mapútó	15,2	30,1	40,0	32,9	163,2
Aðalræðismaður í Winnipeg	25,2	28,9	28,8	-0,3	14,3
Sendiráð Íslands í Róm	24,7	25,3	25,2	-0,3	2,1
Sendiráð Íslands í Nýju Dehli	46,0	69,4	69,2	-0,3	50,4
Aðalræðismaður í Þórshöfn	0,0	0,0	23,0	-	-
Sendiráð annað	300,9	138,1	137,7	-0,3	-54,2
Samtals	1.775,8	1.779,9	1.814,0	1,9	2,2

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	997,4	1.212,5	1.551,4	28,0	55,5
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	968,5	990,3	1.421,6	43,6	46,8
Alþjóðastofnair	1.178,8	1.489,7	1.214,1	-18,5	3,0
Samtals	3.144,7	3.692,5	4.187,1	13,4	33,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans nemur 4.187,1 m.kr. og jafngildir það um 483,6 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokkans eru eftirfarandi.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi um 1.551,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 334,5 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefni 1.11 *Þróunaraðstoð* er farið fram á 334,5 m.kr. fjárveitingu í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Samkvæmt frumvarpinu verða framlög til þessa liðar 1.421,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 419,7 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 135,4 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á þróunarmálum og hjálparstarfsemi óskipt í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Í öðru lagi er sótt um 115,4 m.kr. framlag til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á viðfangsefni 1.30 *Mannúðarmál og neyðaraðstoð*. Í þriðja lagi er óskað eftir 50 m.kr. framlagi til Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Í fjórða lagi er sótt um 40,1 m.kr. fjárveitingu til hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Í fimmta lagi er óskað eftir 30 m.kr. framlagi til Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Í sjötta lagi er óskað eftir 25 m.kr. fjárveitingu til þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP. Í sjötta lagi er sótt um 23,8 m.kr. framlag til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar, UNICEF en markmið þess er að vinna að bættum hag barna, ungmenna og kvenna í þróunarlöndum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

401 Alþjóðastofnanir. Heildarframlag til Alþjóðastofnanna nemur 1.214,1 m.kr. og lækkar um 270,6 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Þær lækkanir á fjárlagaliðnum sem vega þyngst er í fyrsta lagi, tillaga um 300 m.kr. lækkun framlaga á viðfangsefni 1.73 *Þróunarsjóði EFTA* vegna mikilla uppsafnaðra fjárheimilda á því viðfangi. Í öðru lagi er lögð til 100 m.kr. lækkun framlags á viðfangsefni 1.87 *Íslensk friðargæsla* vegna uppsöfnun fjárheimilda. Í þriðja lagi er lögð til 7,8 m.kr. lækkun vegna hag-ræðingaraðgerðar. Um er að ræða heimköllun lánaðs starfsmanns er hefur starfað fyrir Evrópuráðið. Í fjórða lagi er lögð til 6 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Á móti koma hækkanir á fjárlagaliðnum en þær eru í fyrsta lagi, ósk um 135 m.kr. hækkun á framlagi Íslands til Þróunarsjóðs EFTA vegna nýrra aðildarríkja ESB. Í öðru lagi er sótt um 7,2 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Alþjóðabankans í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Í þriðja lagi er óskað eftir 1 m.kr. hækkun á framlagi vegna þátttöku Íslands í BALTIC 21 verkefni á vegum Eyrstrasaltsráðsins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð Íslands er eini liður þessa málaflokks. Framlagið nemur 403,5 m.kr. og er það jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 69,3 frá áætlun gildandi fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.572,5	2.625,5	2.717,2	3	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	10.840,9	10.970,4	11.032,1	1	2
Stofnkostnaður og viðhald	205,1	226,1	266,9	18	30
Samtals	13.618,5	13.822,0	14.016,2	1	3
Greitt úr ríkissjóði	-	12.146,8	12.915,4	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.753,9	1.173,8	-33	-
Viðskiptahreyfingar	-	-78,7	-73,0	-7	-
Samtals	-	13.822,0	14.016,2	1	-

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 14.891 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 875 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 14.016 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 12.915 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.174 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 73 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verða landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti undir heitinu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu

fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.717 m.kr. og hækka um 92 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 50 m.kr. fjárveitingu til nýs fjárlagaliðar Hekluskóga en inn í því framlagi er 14 m.kr. millifærsla sem Skógrækt ríkisins hefur hingað til greitt til Hekluskóga. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. lækkun á rekstarfjárveitingu Landgræðslu ríkisins á móti samsvarandi hækkun á stofnkostnaðarframlagi. Að sama skapi er gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun rekstrargjalda hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins á móti samsvarandi hækkun tilfærslugjalda. Aðrar helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 9 m.kr. framlagi til að styrkja rekstur Landbúnaðarstofnunar og 3,7 m.kr. til Hólaskóla vegna húsaleigusamnings um aðstöðu til reiðkennslu á Hólum í Hjaltadal. Niður fellur 6 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 62 m.kr. og verða 11.032 m.kr. en eru 10.970 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 305 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna nýs sauðfjársamnings. Þá er gert er ráð fyrir að verðtilfærslugjald á mjólk verði fellt niður árið 2008 og að Fóðursjóður verði lagður niður í áföngum á næstu þremur árum. Á árinu 2008 munu fjárveitingar vegna niðurfellingar verðtilfærslugjalds lækka um 307 m.kr. og um 300 m.kr. vegna Fóðursjóðs. Aðrar helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að greiðslur vegna mjólkursamnings hækki um 37,7 m.kr. og munar þar mest um 25 m.kr. fjárveitingu til að tryggja samkeppnisumhverfi nautgripaframleiðenda gagnvart öðrum kjötframleiðendum. Niður falla alls 23 m.kr. framlög sem voru veitt til tímabundinna verkefna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 267 m.kr. og er það 41 m.kr. hækkun milli ára. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 m.kr. millifærslu af rekstrarlið Landgræðslu ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að 8,7 m.kr. tímabundin frestun á framlagi til stofnkostnaðar hjá Jarðasjóði og Jarðeignum ríkisins gangi til baka.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni efst á næstu síðu.



Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 9.012 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 65,2% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	4.672,9	4.778,7	4.730,9	4.683,6	4.637,2
Samningur um sauðfjárframleiðslu	B	3.256,9	3.538,0	3.506,3	3.474,6	3.441,8
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	347,8	350,6	341,8	333,3	325,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	678,9	679,9	669,7	659,5	0,0
Landgræðsluskógar	B	20,0	20,0	35,0	35,0	35,0
Norður-Atlandshafslaxveiðinefndin	A	7,0	5,4	5,4	5,4	5,4
Samningur um Hekluskóga	B	28,0	50,0	50,0	50,0	50,0
Samtals		9.011,5	9.422,6	9.339,1	9.241,4	8.494,4

Samningar sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 686 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 8.326 m.kr. Samningur við Bændasamtök Íslands rennur út í árslok 2010. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði 9.100 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Á árinu voru endurnýjaður samningar um sauðfjárframleiðslu og Landgræðsluskóga og gilda báðir samningarnir til ársloka 2013. Samningur um sauðfjárframleiðslu

tekur gildi í upphafi árs 2008 en samningurinn um Landgræðsluskóga í upphafi árs 2009. Samstarfssamningur ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu var undirritaður á árinu og er gildistími samningsins árin 2007-2016 að báðum árum meðtöldum. Þá féllu tveir samningar úr gildi í árslok 2006 en það var samningur um Bleikjurækt við Hólaskóla og samningur við Stofnfisk.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	211,5	224,0	234,3	4,6	10,8
Ýmis verkefni	125,8	122,5	118,8	-3,0	-5,6
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	337,3	352,5	359,1	1,9	6,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 5,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar mest um að niður fellur 6 m.kr. tímabundið framlag til Skógræktarfélag Íslands sem veitt var á fjárlögum 2007 til að opna þrjú ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 118,8 m.kr. og jafngildir það 5,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.31 Skógræktarfélag Íslands* fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag sem Skógræktarfélagi Íslands var veitt á fjárlögum 2007 til að opna þrjú ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins, þ.e. Þelamörk í Eyjafirði, Akurgerði í Norður-Þingeyjarsýslu og skógarreit við Djúpavog. Á viðfangsefni *6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum* gengur til baka 0,3 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var á fjárlögum 2007. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis		
Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	3,0	3,0
Kynbætur í fiskeldi	6,0	6,0
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	6,2	6,2
Landþurrkun	4,0	4,0
Samtals	19,2	19,2

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 221 veiðimálastofnun; 234 Landbúnaðarstofnun, 262 Landbúnaðarháskóli Íslands; 271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Veiðimálastofnun	93,1	72,3	74,4	2,9	-20,1
Landbúnaðarstofnun	605,5	660,2	692,0	4,8	14,3
Landbúnaðarháskóli Íslands	647,3	615,1	637,7	3,7	-1,5
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	238,7	220,7	227,2	2,9	-4,8
Hagþjónusta landbúnaðarins	21,1	22,1	24,2	9,5	14,7
Samtals	1.605,7	1.590,4	1.655,5	4,1	3,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 12,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin felst í 9 m.kr. hækkun á framlagi til Landbúnaðarstofnunar til að styrkja rekstur stofnunarinnar. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

234 Landbúnaðarstofnun. Gert er ráð fyrir 692 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. framlag til að styrkja rekstur stofnunarinnar en framlagið er hluti af útfærslu landbúnaðarráðuneytis á útgjaldasvigrúmi.

262 Landbúnaðarháskóli Íslands. Gert er ráð fyrir 637,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lögð er til 2,2 m.kr. hækkun á framlagi vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gert er ráð fyrir 227,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 0,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni 1.01

Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal eru þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 3,7 m.kr. til Hólaskóla vegna húsaleigusamnings um aðstöðu til reiðkennslu. Í öðru lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til vettvangsskóla í fornleifafræði á Hólum í Hjaltadal og í þriðja lagi er lögð til 0,5 m.kr. hækkun á framlagi vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Á viðfangsefni 6.20 *Fasteignir og lóðir* gengur til baka 0,9 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir 24,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lagt er til að veitt verði 1 m.kr. framlag til að styrkja rekstur stofnunarinnar en framlagið er hluti af útfærslu landbúnaðarráðuneytis á útgjaldasvigrúmi.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 325 Hekluskógar; 331 Héraðs- og Austurlandsskógar; 332 Suðurlandskógar; 334 Vesturlandsskógar; 335 Skjóluskógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandsskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	499,9	519,6	514,1	-1,1	2,8
Skógrækt ríkisins	256,2	255,6	247,3	-3,2	-3,5
Hekluskógar	0,0	0,0	50,0	-	-
Héraðs- og Austurlandsskógar	0,0	151,2	154,2	2,0	-
Suðurlandsskógar	0,0	124,3	125,8	1,2	-
Vesturlandsskógar	0,0	66,9	67,7	1,2	-
Skjóluskógar á Vestfjörðum	0,0	50,5	51,2	1,4	-
Norðurlandsskógar	0,0	113,0	114,7	1,5	-
Héraðsskógar	100,4	0,0	0,0	-	-100,0
Landshlutabundin skógrækt	366,7	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	1.223,2	1.281,1	1.325,0	3,4	8,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 19,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingarnar eru þær að gert er ráð fyrir 50 m.kr. til nýs fjárlagaliðar Hekluskóga í samræmi við samstarfssamning ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu. Inn í þessu framlagi er 14 m.kr. fjárveiting sem Skógrækt ríkisins hefur verið veitt á fjárlögum vegna Hekluskóga. Þá fellur niður 12 m.kr. tímabundið framlag vegna neyðarástands út af klakastíflum í Jökulsá á Fjöllum og 6 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

311 Landgræðsla Íslands. Gert er ráð fyrir 514,1 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 17,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta þrjú viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni 1.01 *Landgræðsla ríkisins* eru tvær breytingar. Annars vegar fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs. Hins vegar er lagt til að ósk Landgræðslunnar að millifærðar verði 30 m.kr. af viðfangi 1.90 *Landgræðsla ríkisins* yfir á 6.01 *Tæki og búnaður* vegna ýmissa framkvæmda við höfuðstöðvar Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Þar má helst nefna fyrirhugaðar framkvæmdir við kynningarstöðu í Gunnarsholti. Millifærslan mun ekki hafa áhrif á afkomu stofnunarinnar. Á viðfangsefni 1.90 *Fyrirhleðslur* er lagt til að niður falli 12 m.kr. tímabundið framlag vegna neyðarástands út af klakastíflum í Jökulsá á Fjöllum. Á viðfangsefni 6.01 *Tæki og búnaður* er 30 m.kr. millifærsla af viðfangi 1.90 *Landgræðsla ríkisins*. Þá gengur til baka 0,4 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

321 Skógrækt ríkisins. Gert er ráð fyrir 247,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 13,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni 1.01 *Skógrækt ríkisins* er lagt til að millifærðar verði 14 m.kr., sem runnið hafa til Skógræktar ríkisins vegna Hekluskóga, yfir á nýjan fjárlagalið 04-325 *Hekluskógar*. Á viðfangi 6.20 *Fasteignir* gengur til baka 0,5 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

325 Hekluskógar. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er nýr fjárlagaliður í fjárlagafrumvarpi 2008. Er það í samræmi við samstarfssamning ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um Hekluskóga. Inn í þessu framlagi er 14 m.kr. fjárveiting sem runnið hefur til Skógræktar ríkisins vegna Hekluskóga. Markmið verkefnisins um Hekluskóga er að koma að landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu. Samkvæmt samningnum skuldbindur ríkissjóður sig til að greiða 28 m.kr. árið 2007 og 50 m.kr. á ári til og með árinu 2016.

331 Héraðs- og Austurlandsskógar. Gert er ráð fyrir 154,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Gert er ráð fyrir að 0,4 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007 gangi til baka.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.875,5	4.789,2	4.986,0	4,1	2,3
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	3.123,0	3.215,4	3.636,0	13,1	16,4
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	345,3	347,8	350,3	0,7	1,4
Samtals	8.343,8	8.352,4	8.972,3	7,4	7,5

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 333,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta ástæða hækkunarinnar er 304,6 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Gildistími samningsins er frá og með árinu 2008 til ársloka 2013. Aðrar breytingar eru þær að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækka um 37,7 m.kr. og greiðslur vegna grænmetisframleiðslu lækka um 8,7 m.kr. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnafloksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar grundvallast á samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir 4.986 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 37,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar á fjárveitingum eru þessar: Á viðfangsefni 1.07 *Óframleiðslutengdur stuðningur* er lögð til 57,4 m.kr. hækkun fjárveitingar samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Á viðfangsefni 1.06 *Gripagreiðslur* er lögð til 25 m.kr. fjárveiting til ársloka 2012 svo tryggja megi samkeppnisumhverfi nautgripaframleiðanda betur gagnvart öðrum kjötframleiðendum, bæði hér innanlands og erlendis. Samkvæmt niðurstöðu reiknilíkans hækka fjárveitingar til annarra viðfanga um samtals 3,5 m.kr. Breytingar til lækkunar á fjárveitingum til liðarins snertir eitt viðfangsefni en gert er ráð fyrir 48,2 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfangi 1.01 *Beinar greiðslur til bænda* í samræmi við samninginn.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar grundvallast á samningi frá 25. janúar 2007, um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu en samningurinn gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Gert er ráð fyrir 3.636 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 304,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af öllu leyti af nýjum sauðfjársamningi. Nýr samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar er einfaldaður nokkuð frá fyrri samningi. Greiðsluleiðum til bænda er fækkað, jöfnunargreiðslum er breytt í beingreiðslur auk þess að undanþága frá útflutningsskyldu er felld niður í áföngum til ársloka 2009. Gert er ráð fyrir að mótfamlag í lífeyrissjóð bænda verði áfram 6%. Í samræmi við samninginn hafa fimm ný viðföng verið stofnuð en þau eru: 1.11 *Gæðastýring*, 1.12 *Ullarnýting*, 1.13

Markaðsstarf og birgðahald, 1.14 Svæðisbundinn stuðningur og 1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni. Að sama skapi féllu niður fimm viðföng frá eldri samningnum en þau voru: 1.03 Jöfnunargreiðslur, 1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar, 1.05 Niðurgreiðslur á ull, 1.10 Þjónustu og þróunarkostnaður og 1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Fjárveiting þessa fjárlagaliðar grundvallast á aðlögunarsamningi frá 12. mars 2002, um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Gert er ráð fyrir 350,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 8,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin kemur öll til vegna 2,5% sammingsbundinnar hagræðingarkröfu. Breytingar til lækkunar á fjárveitingum til liðarins snerta þrjú viðfangsefni og eru þessar: 5,4 m.kr. á viðfangi 1.01 *Beinar greiðslur til bænda*, 2,6 m.kr. á viðfangi 1.05 *Niðurgreiðsla á lýsingu í ylraekt* og 0,7 m.kr. á viðfangi 1.08 *Framlög til kynninga-, rannsókn-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylraekt.*

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Gardávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	513,6	525,5	533,8	1,6	3,9
Búnaðarsjóður	306,5	280,0	310,0	10,7	1,1
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	156,3	157,0	160,0	1,9	2,4
Verðmiðlun landbúnaðarvara	90,0	383,0	89,0	-76,8	-1,1
Fóðursjóður	626,4	615,0	315,0	-48,8	-49,7
Gardávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	109,3	165,3	174,0	5,3	59,2
Lán til fiskeldis	72,7	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskeldisrannsóknir	30,1	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskræktarsjóður	26,2	20,8	23,5	13,0	-10,3
Greiðslur vegna riðuveiki	127,4	52,0	52,0	0,0	-59,2
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	50,0	47,0	47,0	0,0	-6,0
Samtals	2.108,5	2.245,6	1.704,3	-24,1	-19,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 554,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að annars vegar er gert ráð fyrir því að Fóðursjóður verði lagður niður í áföngum á 3 árum og er lagt til að fjárveiting til liðarins lækki um 300 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2008. Hins vegar

er lagt til að verðtilfærslugjald á mjólkurafurðir verði fellt niður sem mun leiða til 307 m.kr. lækkun fjárveitingar. Markmiðið með þessum aðgerðum er að stuðla að aukinni samkeppni á markaði fyrir fóður og mjólk. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnafloksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir 533,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú lækkun í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, og kemur öll fram á viðfangi *1.11 Ráðgjafþjónusta og búfjárrækt*.

818 Búnaðarsjóður. Gert er ráð fyrir 310 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 30 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af því að samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur er gert ráð fyrir að tekjur af búnaðargjaldi hækki um 30 m.kr. og er lagt til fjárveiting til Búnaðarsjóðs hækki sem því nemur.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir 160 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir 89 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 294 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að verðtilfærslugjald á mjólk verði afnumið og að öll fjárheimild á viðfangi *1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk* verði felld niður, eða samtals 296 m.kr. Gert er ráð fyrir því að tekjur af verðmiðlunargjöldum hækki um 2 m.kr. og er lagt til fjárveiting á viðfangi *1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara* hækki sem því nemur.

827 Fóðursjóður. Gert er ráð fyrir 315 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 300 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af því að gert er ráð fyrir að leggja Fóðursjóð niður í áföngum á þremur árum og koma 300 m.kr. til lækkunar á árinu 2008.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir 174 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 8,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin af því að gert er ráð fyrir að tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007 gangi til baka.

843 Fiskræktarsjóður. Gert er ráð fyrir 23,5 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 2,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldi veiðifélaga og vatnsaflsstöðva hækki um 2,7 m.kr. og er lagt til að fjárveiting til Fiskræktarsjóðs hækki sem því nemur.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.322,5	2.499,1	2.710,1	8	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.235,1	494,8	674,1	36	-45
Stofnkostnaður og viðhald	16,8	9,9	10,4	5	-38
Samtals	3.574,4	3.003,8	3.394,6	13	-5
Greitt úr ríkissjóði	-	2.884,2	3.301,9	14	-
Innheimt af ríkistekjum	-	119,6	92,7	-22	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	3.003,8	3.394,6	13	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 4.176 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 782 m.kr. en þær nema 18,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.395 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.302 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 93 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verða landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti undir heitinu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu

fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.710 m.kr. og hækka um 211 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 133 m.kr. fjárveitingu til matvælarannsóknna, 63 m.kr. fjárveitingu til hafrannsóknna og 11 m.kr. framlags vegna NEAFC, North East Atlantic Fisheries Commission. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Verkefnasjóðs sjávarútvegsins lækki um 80 m.kr. á móti samsvarandi hækkun tilfærslugjalda. Þá lækka rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið um 15 m.kr. vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsörðun innan útgjaldaramma.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 179 m.kr. og verða 674 m.kr. en eru 495 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur 100 m.kr. hækkun á framlagi í Rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarútvegs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 10,4 m.kr. og er það 0,5 m.kr. hækkun milli ára. Skýrist hækkunin af því að tímabundin frestun sem ákveðin var á fjárlögum gengur til baka.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	182,3	219,9	229,3	4,3	25,8
Ýmis verkefni	179,7	161,8	178,6	10,4	-0,6
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	362,0	384,7	410,9	6,8	13,5

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 16 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin kemur öll fram í lið ýmissa verkefna. Annars vegar er gert ráð fyrir 11 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar Íslands til NEAFC, North East Atlantic Fisheries Commission, og hins vegar 5 m.kr. framlagi til verkefnisins, gagnaveita um haf og sjávarútveg. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til málefnafloksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 178,6 m.kr. og jafngildir það 16 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.52 Alþjóðahaffrannsóknir* er óskað eftir 11 m.kr. framlagi til að mæta auknum kostnaði Íslands til NEAFC, North East Atlantic Fisheries Commission. Um árábil hefur sú regla verið við lýði á vettvangi NEAFC að ríki sem telur færri en 300.000 íbúa skuli ekki greiða meira en sem nemur 5% af árlegum rekstrarkostnaði NEAFC. Hefur þessi regla einungis náð til Íslands og Danmerkur fyrir hönd Færeyja og Grænlands. Þar sem Íslendingar voru fleiri en 300.000 síðastliðin áramót á umrædd regla ekki lengur við um Ísland. Að þeim sökum hækkar framlag Íslands til NEAFC og verður framlag Íslands reiknað á sama grunni og á við um önnur aðildarríki NEAFC. Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins* er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins, gagnaveita um haf og sjávarútveg. Vinna við grunngerð veitunnar er vel á veg komin og framundan er vinna við uppsetningu hennar á vefnum. Gert er ráð fyrir að ráða ritstjóra yfir veitunni og er áætlað að unnt verði að opna veituna um mitt ár 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
05-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis		
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklinga og veiðisvæði kúfisks	3,0	3,0
Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins	6,0	0,0
Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi m.a. vegna milliríkjasamninga	6,2	6,2
Hafréttarstofnun	4,0	4,0
Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	0,0	5,0
Óskipt	0,0	1,4
Gagnavæita um haf og sjávarútveg	0,0	5,0
Samtals	19,2	24,6

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 204 Fiskistofa; 206 Matvælarannsóknir; 207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; Sjóður til síldarrannsókna; Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.256,3	1.206,1	1.307,6	8,4	4,1
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	285,4	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskistofa	759,8	800,9	828,1	3,4	9,0
Matvælarannsóknir	0,0	241,1	388,3	61,1	-
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	630,5	35,0	35,0	0,0	-94,4
Sjóður til síldarrannsókna	-2,1	0,0	0,0	-	-100,0
Verðlagsstofa skiptaverðs	19,5	24,1	15,1	-37,3	-22,6
Gengismunasjóður	8,5	0,0	0,0	-	-100,0
Sjávarspendýrasjóður	-0,3	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðifærarannsóknir	8,3	0,0	0,0	-	-100,0
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	2,2	9,9	10,4	5,1	372,7
Sjávarútvegshús, undirbúningur	-8,7	0,0	0,0	-	-100,0
Húsbyggingasjóður	-9,2	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ...	214,2	235,0	335,0	42,6	56,4
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	48,0	67,0	64,2	-4,2	33,8
Samtals	3.212,4	2.619,1	2.983,7	13,9	-7,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 281,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi þær að gert er ráð fyrir 133 m.kr. hækkun fjárveitingar til aukinna kaupa á matvælarannsóknnum og til eflingar þeirra, í öðru lagi er lagt til að veitt verði 100 m.kr. fjárveiting til Rannsóknasjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs og í þriðja lagi er gert ráð

fyrir 55 m.kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunar til eflingar á veiði- og vistfræðirannsóknnum auk þess sem 8 m.kr. er veitt til stofnunarinnar vegna úrvinnslu á hvalatalningum. Vegna hagræðingar í rekstri lækka framlög til Verðlagsstofu skiptaverðs um 10 m.kr. og 5 m.kr. til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokkans.

202 Hafrannsóknastofnunin. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.307,6 m.kr. og jafngildir það 63 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag með það að markmiði að styrkja og efla veiðarfærarannsóknir við útibú Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði. Áhersla verði lögð á að bæta við sérþekkingu á sviði atferlis fiska og þróunar kvíaeldis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Áætlað er að störfum fjölgi um fjögur vegna þessa verkefnis. Gert er ráð fyrir að 25 m.kr. verði veitt til vistfræðirannsókna á loðnu og miðsjávartegundum. Á undanförunum árum hafa átt sér stað miklar breytingar á magni og útbreiðslu helstu uppsjávarfiska við landið sem tengja má breyttum aðstæðum í hafinu. Tillagan er hluti af útfærslu sjávarútvegsráðuneytis á útgjaldasvigrúmi sínu. Þá er óskað eftir 8 m.kr. tímabundnu framlagi vegna úrvinnslu á hvalatalningum sem fram fóru sumarið 2007 í samstarfi við Norður Atlantshafssjávarspendýraráðið.

206 Matvælarannsóknir. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 388,3 m.kr. og jafngildir það 133 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 120 m.kr. tímabundið framlag til aukinna kaupa á matvælarannsóknnum. Í framhaldi af stofnun Matís ohf. er gert ráð fyrir að ríkið auki tímabundið kaup sín á rannsóknaverkefnum um alls 650 m.kr. Fjárveitingarnar munu skiptast þannig að 130 m.kr. verður varið til þeirra árið 2007, 120 m.kr. árið 2008, 100 m.kr. árin 2009 og 2010, 90 m.kr. árið 2011, 65 m.kr. árið 2012 og 45 m.kr. árið 2013. Gert er ráð fyrir að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til eflingar matvælarannsókna, svo sem eldistækni landsstöðva, vinnslutækni matvæla, þróun matvælaiðnaðar og uppbyggingu háskólastarfa. Gert er ráð fyrir að útibú Matís ohf. á Vestfjörðum annist þessar rannsóknir. Ennfremur er lagt til að 3 m.kr. verði veitt til fjárlagaliðarins með það að markmiði að efla mælingarþjónustu á Ísafirði fyrir fyrirtæki, eigin rannsóknarverkefni og nemendaverkefni. Jafnframt verði ráðgjöf fyrir fyrirtæki og rannsóknaraðila á Vestfjörðum og fræðslustarfsemi efl. Útibúi Matís ohf. á Ísafirði verður falið verkefnið. Síðarnefndu tillögurnar eru báðar hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að störfum muni fjölga um tvö vegna þessara tilteknu verkefna.

213 Verðlagsstofa skiptaverðs. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 15,1 m.kr. og jafngildir það 10 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin er komin til vegna hagræðingar í rekstri.

272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 10,4 m.kr. og jafngildir það 0,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af því að á viðfangi 6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins gengur til baka 0,5 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 335 m.kr. og jafngildir það 100 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir að 50 m.kr. fjárveiting verði veitt til eflingar sjóðsins en hlutverk hans er að stuðla að auknu verðmæti sjávarfangs með styrkjum til rannsóknaverkefna á sviði sjávarútvegs og fiskeldis. Ráðgert er að sjóðurinn starfi a.m.k. til ársins 2014. Hins vegar er gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnisjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011. Heildarhækkun fjárveitinga til sjóðsins munu því nema 100 m.kr. á árinu 2008.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 64,2 m.kr. og jafngildir það 5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin er komin til vegna hagræðingar í rekstri.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millfæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	14.737,8	15.964,1	17.028,5	7	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.543,7	3.797,2	4.117,7	8	16
Stofnkostnaður og viðhald	743,8	1.053,8	2.286,3	117	207
Samtals	19.025,3	20.815,1	23.432,5	13	23
Greitt úr ríkissjóði	-	20.639,4	23.234,6	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	191,3	197,9	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-15,6	0,0	-100	-
Samtals	-	20.815,1	23.432,5	13	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 25.443 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.011 m.kr. en þær nema 7,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 23.433 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 23.235 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 198 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.029 m.kr. og hækka um 1.064 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk 709 m.kr. launa- og verðlagshækkana munar þar mest um rúmlega 160 framlag vegna komandi forsetakosninga, 45 m.kr. vegna uppbyggingar Tetra-öryggisfjarskiptakerfis, 40 m.kr. til verkefna Útlendingastofnunar, 33 m.kr. til átaks í vímuvarnamálum í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, 30 m.kr. til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembætta á Vestfjörðum, auk þess sem rekstrargjöld Fangelsismálastofnunar hækka um 24 m.kr. vegna stækkunar fangelsa. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 117 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 109 m.kr. í samræmi við áform ríkistjórnarinnar um aðhald með aukningu rekstrarkostnaðar. Rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 163 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 321 m.kr. og verða 4.118 m.kr. en eru 3.797 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Langþýngst vega 240 m.kr. verðlags- og samningsbundnar hækkningar framlaga vegna sóknargjalda og til kirkjugarða, auk 35 m.kr. vegna bóta brotaþola.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.286 m.kr. og er það 1.233 m.kr. hækkun milli ára, sem skýrist alfarið af 1.428 m.kr. framlagi til Landhelgissjóðs vegna kaupa á nýju varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Á móti vegur lækkun framlaga til fangelsisbygginga að fjárhæð 175 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.736 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 8,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Rekstrarkostnaður Þjóðkirkju Íslands	B	1.397,8	1.521,5	1.521,5	1.521,5	1.521,5
Neyðarlínan hf.	C	130,0	172,1	172,1	172,1	172,1
Tetra fjarskiptabjónusta fyrir lögreglu	C	110,1	115,1	115,1	115,1	115,1
Þjóðskrá, afnot af Þjóðskrá	C	5,7	6,0	6,0	6,0	6,0
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	92,5	97,8	97,8	97,8	97,8
Samtals		1.736,1	1.912,5	1.912,5	1.912,5	1.912,5

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem dómsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.522 m.kr. og standa að mestu undir rekstri Þjóðkirkju Íslands. Að lokum eru 391 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningur við Neyðarlínu er þrjúþættur, í fyrsta lagi grunnsamningur um þjónustu, í öðru lagi samningur um samstarf við Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og að lokum þjónusta vegna reksturs vaktstöðvar siglinga. Samningur um Tetra fjarskiptaþjónustu er fyrir löggæsluembætti og er þar um að ræða sameiginleg þjónustukaup með Reykjavíkurborg fyrir fleiri öryggisaðila eins og slökkvilið. Dómsmálaráðuneytið hefur gert samning við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um verkefni félagsins ásamt rekstri Almannavarna- og björgunar skóla að Gufuskálum. Dómsmálaráðherra hefur staðfest samning Neyðarlínunnar, Landhelgisgæslu Íslands, Landsbjargar og Siglingastofnunar um þjónustu við rekstur vaktstöðvar siglinga en hann gildir til ársloka 2011. Samningur við Þjóðskrá er vegna aðgangs stofnana ráðuneytisins að gögnum í Þjóðskrá. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.910 m.kr. skuldbundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga, en samningur við Skálholtsskóla féll niður á grundvelli samkomulags ríkisins og þjóðkirkjunnar um afhendingu prestsetra frá því í október 2006.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 106 Þjóðskrá; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins hækkar um 195 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar vegur þyngst að framlag vegna væntanlegra forsetakosninga nemur 160 m.kr. en framlag vegna alþingiskosninga 2007 nam 54 m.kr. í fjárlögum. Aðrar breytingar eru þær helstar, að gert er ráð fyrir að framlag til Þjóðskrár hækki um 58 m.kr. að raungildi, m.a. vegna kaupa á vegabréfabókum og til að halda áfram að færa skrána á rafrænt form. Þá hefur Tölvumiðstöð ráðuneytisins nú verið lögð niður og færast reksturinn annars vegar til Þjóðskrár og hins vegar til embættis ríkislögreglustjóra. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar tímabundið um 15 m.kr. að raungildi vegna Schengen-vegabréfsáritanna í Peking.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa	323,2	318,4	346,7	8,9	7,3
Stjórnartíðindi	62,0	-15,6	0,0	-100,0	-100,0
Lagasafn	1,5	0,0	0,0	0,0	-100,0
Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	233,6	6,9	0,0	-100,0	-100,0
Þjóðskrá	105,1	227,3	294,5	29,6	180,2
Kosningar	15,8	56,8	168,4	-	-
Ýmis verkefni	235,7	200,1	212,4	6,1	-9,9
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	976,9	801,9	1.030,0	28,4	5,4

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu verður 347 m.kr. og hækkar tímabundið um 15 m.kr. í frumvarpinu að raungildi. Þar er um að ræða framlag til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnar um útsendan starfsmann í Peking sem starfa mun við vegabréfa-áritanir. Á grundvelli tillagna frá dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka upp útgáfu Schengen-vegabréfsáritana í sendiráði Íslands í Peking en um er að ræða tilraunaverkefni í tvö og hálf ár. Árlegur kostnaður sem fellur til hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu nemur 18 m.kr.

102 Stjórnartíðindi. Lagt er til að útgjaldaheimild Stjórnartíðinda verði hækkuð um 15,6 m.kr. þannig að hún verði alls 24,7 m.kr. eða jafn há og áætlaðar tekjur af sölu birtinga á efni í ritinu. Áform í fjárlagafrumvarpi árisins 2005 miðuðu við að prentkostnaður og fleiri útgjöld mundu lækka mikið í tengslum við lagabreytingu sem heimilaði að útgáfan yrði færð yfir í rafrænt form á Netinu. Þessi áætlun hefur ekki gengið eftir heldur hafa útgjöldin reynst vera verulega umfram tekjur. Kostnaður við útgáfuna hefur því verið endurmetinn. Skýringin á miklu fráviki frá reikningi 2006 liggur í breyttri skilgreiningu á tekjum Stjórnartíðinda og Lögbirtingarblaðsins.

104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Í upphafi ársins 2007 var tekin ákvörðun um að hætta rekstri tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins og færa hann annars vegar til Þjóðskrár, sem tekur að sér þjónustu fyrir stjórnslustofnanir ráðuneytisins, og hins vegar til embættis ríkislögreglustjóra, sem er með því falinn rekstur upplýsingakerfa á sviði öryggismála. Til þjóðskrár færast 64,2 m.kr. útgjöld en á móti 62,3 m.kr. sértekjur af sölu þjónustunnar til annarra stofnana. Til embættis ríkislögreglustjóra færast 103,3 m.kr. útgjöld ásamt jafn háum sértekjum.

106 Þjóðskrá. Lagt er til að fjárveitingar vegna þjóðskrár hækki samtals um 50 m.kr. að raungildi, fyrir utan áður nefnda millifærslu á veltu vegna verkefna frá tölvumiðstöð ráðuneytisins. Hækkunin kemur til af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi eru 7 m.kr. tíma-

bundið framlag til útgáfu nafnskírteina. Fyrirhugað er að breyta gerð og útgáfu nafnskírteina svo að þau verði gefin út samkvæmt alþjóðlegum öryggisstöðlum, innihaldi náandarörgjörva svipað og vegabréf og með sömu upplýsingum þannig að þau nýtist sem ferðaskilríki innan Schengen svæðisins. Með þessu er verið að leggja grunn að öruggara rafrænu samfélagi og auðvelda almenningi að nýta sér væntanlegar rafrænar þjónustur t.d. um vefgáttir eins og *island.is* og rafrænt þjónustulag hins opinbera. Í öðru lagi er 5 m.kr. framlag til að koma á tilraunarekstri um ríkisnetfangapjónustu. Fyrirhugað er að almenningur geti fengið eitt varanlegt ríkisnetfang og hann ásamt opinberum aðilum og fyrirtækjum hafi aðgengileg og sýnileg netföng. Í þriðja lagi er 10 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram að færa þjónustu Þjóðskrár á rafrænt form. Verkefnið lýtur að því að þróa hugbúnað þjóðskrárinnar þannig að almenningur og lögaðilar geti nálgast þjónustuna með rafrænum hætti. Loks er lagt til að veittar verði 27,3 m.kr. til kaupa á vegabréfabókum. Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að kaupa 40 þús. vegabréfabækur á ári og var kostnaðurinn þá metinn á um 44,6 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2007. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt reyndist að kaupa 45 þús. bækur vegna ársins 2006 og er ekki ástæða til að ætla að sú tala lækki. Einnig hefur komið í ljós að gera ber ráð fyrir sköttum og gjöldum af innkaupum bókana. Heildarkostnaður við 45 þús. bækur með opinberum gjöldum nemur 71,9 m.kr. og er mismunurinn á þeim kostnaði og upphaflegri áætlun því um 27,3 m.kr.

111 Kosningar. Lagt er til að veitt verði 160 m.kr. tímabundið framlag á næsta ári vegna forsetakosninga. Við síðustu forsetakosningar á árinu 2004 var kostnaður rúmlega 33 m.kr. eða sem nemur um 37 m.kr. á núgildandi verðlagi. Með lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, er kveðið á um þá breytingu að ríkissjóður komi í stað sveitarsjóða að því er varðar greiðslu kostnaðar sem sveitarsjóðir hafa hingað til borið. Er þar um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Á þetta bæði við um kosningar til Alþingis sem og forsetakosningar. Breytt fyrirkomulag á þessu er með þeim hætti að ríkið greiðir sveitarstjórnnum 430 kr. fyrir hvern mann á kjörskrá og 300 þús. kr. fyrir hvern kjörstað en að sveitarstjórnin annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þ.á.m. að greiða þóknanir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu o.þ.h. Á móti fellur niður það framlag sem ætlað var í gildandi fjárlögum til að standa undir útgjöldum vegna framkvæmdar Alþingiskosninga á árinu 2007.

190 Ýmis verkefni. Fjárveiting hækkar um 7 m.kr. að raungildi og skýrist af tveimur til-efnum. Annars vegar eru 2 m.kr. til stöðuprófa í íslensku. Vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt er nauðsynlegt að koma á fót stöðuprófum í íslensku í þeim tilgangi að gefa umsækjendum um ríkisborgararétt kost á að

sýna fram á lágmarkskunnáttu í íslensku. Hins vegar eru 5 m.kr. framlag til Hollvina-samtaka varðskipsins Óðins til að taka þátt í hluta af kostnaði við að reka skipið og halda því við. Hollvinasamtökin fyrirhuga að koma á fót í skipinu minjasafni um landhelgisbaráttuna og þorskastríðin.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	93,5	89,3	98,2	10,0	5,0
Héraðsdómstólar	809,3	847,0	925,4	9,3	14,3
Málskostnaður í opinberum málum	336,7	342,0	355,0	3,8	5,4
Opinber réttaraðstoð	217,4	149,7	186,2	24,4	-14,4
Bætur brotaþola	174,3	40,0	60,0	50,0	-65,6
Persónuvernd	59,8	59,5	61,2	2,9	2,3
Samtals	1.691,0	1.527,5	1.686,0	10,4	-0,3

Heildarfjárveiting til málaflokksins nemur 1.686 m.kr. og hækkar um 52 m.kr. að raungildi, sem kemur aðallega fram í framlögum til opinberrar réttaraðstoðar og bóta brotaþola, en útgjöld þessara liða hafa hækkað langt umfram verðlagsbreytingar á sl. árum. Framlög til stofnana málaflokksins standa hins vegar því sem næst í stað að raungildi, fyrir utan Hæstarétt.

201 Hæstiréttur. Lagt er til að fjárheimild Hæstaréttar hækki um 5,4 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Þar af eru 3 m.kr. framlag til að mæta því sem upp á vantar til að stofnunin geti getið viðhaldið óbreyttum fjölda löglærða fulltrúa hæstaréttar. Þá eru 1,2 m.kr. ætlaðar til að koma á móts við hækkun húsaleigu.

231 Málskostnaður í opinberum málum. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna málskostnaðar í opinberum málum verði aukin um 115,5 m.kr. og að áætlaðar sértekjur af innheimtum málskostnaði hjá sakamönnum hækki um sömu fjárhæð. Velta liðarins hefur verið vanmetin verulega í áætlunum undanfarinna ára en hér er miðað við að veltan verði svipuð og árið 2006.

232 Opinber réttaraðstoð. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna opinberrar réttaraðstoðar hækki um 40 m.kr. og að áætlaðar sértekjur af málskostnaði sem fellur í hlut ríkissjóðs hækki um 10 m.kr. þannig að nettóhækkun verði 30 m.kr. Útgjöld

liðarins hafa verið verulega umfram fjárheimildir fjárlaga undanfarin ár. Vinnuhópur dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis fór á síðasta ári yfir útgjaldaþróun liðarins og skilaði skýrslu með tillögum um ráðstafanir til að sporna við útgjaldavextinum sem eru til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu.

235 Bætur brotaþola. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna bóta til brotaþola hækki um 45 m.kr. og að áætlaðar sértekjur hækki um 25 m.kr. þannig að nettóhækkun verði 20 m.kr. Útgjöld liðarins hafa verið verulega umfram fjárheimildir fjárlaga undanfarin ár en einnig hafa innheimst tekjur af bótum frá brotamönnum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum.

Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli; 325 Neyðarsímsvörðun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	104,1	116,3	121,4	4,4	16,6
Ríkislögreglustjóri	1.122,5	1.079,4	1.207,8	11,9	7,6
Lögregluskóli ríkisins	168,8	213,0	211,3	-0,8	25,2
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.299,2	2.833,1	2.924,0	3,2	27,2
Lögreglustj. á Suðurn. og sýslum. á Keflav.flugv.	705,3	1.002,5	969,1	-3,3	37,4
Neyðarsímsvörðun	101,3	100,6	172,1	71,1	69,9
Áfengis- og fíkniefnamál	0,2	21,7	56,8	161,8	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	277,8	169,2	174,0	2,8	-37,4
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	9,5	10,0	5,3	-
Landhelgisgæsla Íslands	2.094,6	2.226,4	2.278,0	2,3	8,8
Landhelgissjóður Íslands	9,9	500,0	1.927,8	285,6	-
Schengen-samstarf	98,2	133,5	94,9	-28,9	-3,4
Útlendingastofnun	194,6	165,0	210,9	27,8	8,4
Samtals	7.176,5	8.570,2	10.358,1	20,9	44,3

Heildarfjárveiting til málaflöksins nemur 10.358 m.kr. og hækkar um 1.788 m.kr. milli ára en að þar af nema launa- og verðlagshækkunir 180 m.kr. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af 1.500 m.kr. hækkun á framlögum í Landhelgissjóð vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Aðrar breytingar að raungildi vega mun minna, en koma fram í eftirfarandi umfjöllun um helstu liði.

303 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að fjárveiting til embættisins verði aukin um samtals 93,6 m.kr. að raungildi og er þá tekið tillit til 9,2 m.kr. almennrar hagræðingarkröfu. Þar af nema tvær millifærslur fjárheimilda af öðrum liðum 67,8 m.kr. Annars vegar er um að ræða 51,9 m.kr. fjárheimild sem flutt er frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum vegna sérsveitarmanna, en ákveðið hefur verið að taka upp sömu skípan varðandi sérsveitarmenn sem hafa verið hjá lögreglustjóra Suðurnesja og er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þannig að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Hins vegar er lagt til að millifæra 15,9 m.kr. af safnlið samgönguráðuneytisins, 10-190-1.19 *Útgáfa ökuskírteina*. Embætti ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á ökuskírteinaskrá og gerir samninga við birgja um kaup á kortum og framleiðslu þeirra. Ökuskírteini hafa verið framleidd í Þýskalandi samkvæmt samningi milli ríkislögreglustjóra og fyrirtækisins en sá samningur rann út á þessu ári og er talið heppilegt að endurskoða fyrirkomulag framleiðslu ökuskírteina. Með vísan til þessa hefur það orðið að samkomulagi milli ráðuneytanna að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu á ábyrgð ríkislögreglustjóra. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 12 m.kr. tímabundnu framlagi í tvö ár til að standa undir kostnaði við starf tengslafulltrúa embættis ríkislögreglustjóra hjá Europool. Mikill ávinningur hefur verið af alþjóðasamstarfi lögreglunar varðandi upplýsingagjöf, samskipti og greiningu gagna. Framlagið er fyrst til reynslu í tvö ár. Samsvarandi tillaga er gerð í frumvarpi til fjárukalaga 2007. Einnig er lagt til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 7 m.kr. í 5 ár til tilraunaverkefnis um áfallahjálp fyrir lögreglumenn við sérstakar aðstæður. Miðað er við að koma á fót markvissri fræðslu í báðum deildum Lögregluskóla ríkisins þar sem lögreglumenn fái þjálfun til að veita félagastuðning með aðstoð Rauða kross Íslands og sjálfstætt starfandi sérfræðinga á þessu sviði. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 10 m.kr. vegna fíkniefnaleytna. Embætti ríkislögreglustjóra hefur gert heildstæðar tillögur um kostnað við fíkniefnaleytna í þágu lögreglunnar á landsbyggðinni til aukins eftirlits á útihátíðum. Jafnframt er embættinu falið að hafa samvinnu um þjálfun fíkniefnaleytna fyrir fangelsin. Loks gengur tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 til baka og hækkar fjárheimild embættisins um 6 m.kr. af þeim sökum.

305 Lögregluskóli ríkisins. Lagt er til að 10 m.kr. fjárveiting vegna tímabundins kostnaðar við fjölgun nema við skólann falli niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 2,8 m.kr. hækkun á fjárveitingu skólans til að standa undir helmingi aukinna útgjalda vegna stækkunar á húsnæði sem einkum er ætlað til verklegrar þjálfunar.

310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Fjárveiting stofnunarinnar verður því sem næst óbreytt frá fyrra ári. Áform um aðhald í rekstrarkostnaði vegur upp á móti sérstöku 20 m.kr. framlagi til tæknideildar stofnunarinnar. Samkvæmt lögreglulögum

þjónar tæknideildin öllum lögregluumdæmum landsins. Verkefni hafa aukist jafnt og þétt, ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu heldur um allt land, og til að leysa þau þarf sérhæfða starfsmenn og reglubundnar uppfærslur og endurnýjanir á tæknibúnaði.

312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Fjárveiting lækkar að raungildi um 58 m.kr. og skýrist að mestu af 51,9 m.kr. millifærslu til embættis ríkislögreglustjóra vegna sérsveitarmanna, eins og áður segir. Áform um almennt aðhald í rekstrarkostnaði skýrir afganginn en þar fyrir utan eru bæði sértekjur og gjaldaheimild hækkaðar til samræmis við raunverulega veltu embættisins.

325 Neyðarsímsvörðun. Gerð er tillaga um 62,5 m.kr. hækkun framlags til Neyðarlínunnar. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að uppbyggingu TETRA-öryggisfjarskiptakerfisins og var fyrsti áfangi þess tekinn í notkun 1. maí s.l. Er reiknað með því að kerfið nái til landsins alls fyrir árslok 2007. Áætlaður viðbótarrækstrarkostnaður er 45 m.kr. á ári frá og með 1. júlí 2007 og stendur sú fjárhæð undir kostnaði við notkun lögreglu, björgunarsveita og almannavarna. Auk þess er lagt til að veittar verði 17,5 m.kr. til rekstrar varastöðvar Neyðarlínunnar á Akureyri. Varastöðin var tekin í notkun 15. apríl 2005 og var tilraunarekstur þá hafinn. Stöðin verður fullmönnuð með 5 starfsmönnum á þessu ári.

341 Áfengis- og fíkniefnamál. Gert er ráð fyrir 33 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa liðar vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um átak í vímuvarnamálum. Verkefnið verður unnið í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Fjárveiting stofnunarinnar verður 2.278 m.kr. Fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar milli ára sem nema 61,4 m.kr. er gert ráð fyrir 6 m.kr. framlagi fyrir nýtt starf hjá stofnuninni við kostnaðareftirlit, áætlanagerð og gæðastjórnun og 16,4 m.kr. aðhaldsmarkmiði í rekstrargjöldum.

396 Landhelgissjóður. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins nemi 2.000 m.kr., sem er hækkun um 1.500 m.kr. frá fjárlögum 2007, til kaupa á varðskipi og nýrri eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Í 4. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., með síðari breytingum, er kveðið á um að varið verði samtals 3 milljörðum króna til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands á árunum 2006 til 2008.

397 Schengen-samstarf. Framlög á þessum fjárlagalið lækka um 40 m.kr. að raungildi, þar sem tímabundin fjárveiting sem ætluð var til breytinga á núverandi tölvukerfum vegna Schengen-samstarfsins fellur niður.

398 Útlendingastofnun. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um tæpar 40 m.kr. að raungildi. Tvenns konar tilefni liggja að baki hækkuninni. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag vegna samnings við Reykjanesbæ um umönnun og vistun hælisleitenda hækki um 30 m.kr. Allt frá árinu 2005 hafa útgjöld vegna samningsins verið a.m.k. 30 m.kr. hærri en þær tæplega 25 m.kr. sem á sínum tíma voru veittar vegna þessa verkefnis. Stofnunin getur ekki stýrt þeim sveiflum sem verða á fjölda hælisleitenda og hefur aðeins forræði á málaafgreiðslu þeirra þar til hún hefur kveðið upp úrskurð sinn. Í öðru lagi er gerð tillaga um 10 m.kr. hækkun á rekstrarramma stofnunarinnar vegna stór- aukins umfangs hennar á síðustu árum. Meginstoðin í starfi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa og hefur fjöldi umsókna aukist verulega, eða úr 5.266 árið 2003 í 16.796 árið 2006.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Nýskipan lögreglumála, sem var kynnt ítarlega í frumvarpi ársins 2007, hefur nú komið til framkvæmda og því eru reikningstölur ársins 2006 ekki sambærilegar við fjárlög 2007 og frumvarpið 2008. Breytingar á milli árána 2007 og 2008 eru hins vegar óverulegar en að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga lækkar fjárveiting málaflokksins um 18 m.kr. eða 0,5%, þar sem markmið um aðhald í rekstrargjöldum vegur þyngra en hækkunir einstakra liða.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. framlag vegna yfirlögregluþjóns við embættið. Samkvæmt reglugerð um starfsstig innan lögreglu skal starfa yfirlögregluþjónn við öll lögregluembætti landsins en svo hefur ekki verið við embættið á Hvolsvelli. Árlegur kostnaður er áætlaður 9 m.kr. en gert er ráð fyrir að embættið fjármagni helming hans af eigin rekstrarfé.

434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ. Lagt er til að gjöld og tekjur stofnunarinnar lækki um 34,4 m.kr. Með nýjum lögum tók Þjóðskrá við útgáfu vegabréfa og fól sýslumanninum í Keflavík framleiðslu þeirra. Nú hefur verið ákveðið að framleiðslan í Njarðvíkum verði á vegum Þjóðskrár og eru því gjöld og tekjur sýslumannsembættisins lækkaðar sem því nemur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn í Reykjavík	288,4	303,7	311,1	2,4	7,9
Sýslumaðurinn á Akranesi	167,7	167,3	171,8	2,7	2,4
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	126,8	148,3	152,1	2,6	20,0
Sýslumaður Snæfellinga	144,4	153,0	157,1	2,7	8,8
Sýslumaðurinn í Búðardal	37,7	22,7	23,7	4,4	-37,1
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	78,6	34,3	35,4	3,2	-55,0
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	43,6	24,1	25,1	4,1	-42,4
Sýslumaðurinn á Ísafirði	180,7	283,3	290,7	2,6	60,9
Sýslumaðurinn á Hölmavík	48,5	27,2	28,3	4,0	-41,6
Sýslumaðurinn á Blönduósi	147,2	171,4	176,2	2,8	19,7
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	119,9	132,1	135,9	2,9	13,3
Sýslumaðurinn á Siglufirði	64,5	56,0	58,3	4,1	-9,6
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	37,8	0,0	0,0	0,0	-100,0
Sýslumaðurinn á Akureyri	375,4	460,2	472,1	2,6	25,8
Sýslumaðurinn á Húsavík	159,8	163,7	168,2	2,7	5,3
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	172,1	184,2	188,9	2,6	9,8
Sýslumaðurinn á Eskifirði	174,9	236,6	242,9	2,7	38,9
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	70,7	37,1	38,5	3,8	-45,5
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	65,6	41,7	48,7	16,8	-25,8
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	109,0	149,6	158,5	5,9	45,4
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	156,6	162,4	166,7	2,6	6,4
Sýslumaðurinn á Selfossi	321,1	320,5	328,9	2,6	2,4
Sýslumaðurinn í Keflavík	461,0	145,7	150,0	3,0	-67,5
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	481,9	185,3	190,0	2,5	-60,6
Sýslumaðurinn í Kópavogi	383,5	170,8	175,5	2,8	-54,2
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembættu	96,3	169,5	175,0	3,2	81,7
Húsnæði og búnaður sýslumanna	12,1	23,5	24,5	4,3	102,5
Samtals	4.525,8	3.974,2	4.094,1	3,0	-9,5

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembættu. Framlag til liðarins í heild er óbreytt milli ára, en innbyrðis breytingar verða milli viðfangsefna. Lagt er til að framlag á viðfangsefninu *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* hækki samtals um 50 m.kr. vegna aukinna verkefna sýslumannsembættu. Í fyrsta lagi er um að ræða 20 m.kr. framlag til reglubundins rekstrarkostnaðar verkefna sem flutt hafa verið til sýslumannsembættu á landsbyggðinni. Markmiðið er að styrkja starfsemi einstakra sýslumannsembættu og jafnframt að létta verkefnum af aðalskrifstofu ráðuneytisins. Nokkur verkefni hafa þegar verið fjármögnuð innan ramma dómsmálaráðuneytisins. Í öðru lagi er veitt 30 m.kr. framlag til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembættu á Vestfjörðum í kjölfar skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Í skoðun eru nokkur verkefni en ekki liggja fyrir endanlegar ákvarðanir. Gert er ráð fyrir að lagðar verði fram tillögur um skiptingu framlagsins í samráði við Vestfjarðanefnd við 2. umræðu fjárlaga. Þá er lagt til að fjárveiting á viðfangsefninu *1.30 Kostnaður skv. lögum nr.*

88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs lækki um 50 m.kr. Hér er um að ræða kostnað vegna beiðna sýslumanna sem innheimtumanna ríkissjóðs í tengslum við fjárnám og nauðungarsölur. Kostnaðurinn færist jafnframt sem tekjur ríkissjóðs en í ljósi reynslu sl. tveggja ára er talið rétt að lækka fjárheimildina.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	796,3	852,5	1.003,4	17,7	26,0
Fangelsisbyggingar	21,6	183,1	8,4	-95,4	-61,1
Samtals	817,9	1.035,6	1.011,8	-2,3	23,7

501 Fangelsismálastofnun. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði 1.003 m.kr. og hækki um 51 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem alls nema um 100 m.kr. Í fyrsta lagi er 24,2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um breytingar og stækkun fangelsis á Kvíabryggju. Í kjölfarið þarf að fjölga fangavörðum um þrjá og einnig hækkar annar kostnaður. Stækkunin kallar einnig á breytta yfirstjórn og að skipað verði í stöður varðstjóra og aðstoðarvarðstjóra en nú er þar enginn yfirmaður utan forstöðumanns. Í öðru lagi er gerð tillaga um hækkun framlags um 12,6 m.kr. vegna breytinga og stækkunar fangelsisins á Akureyri. Í þriðja lagi eru 12 m.kr. vegna kostnaðar við breytta starfsmannasamsetningu í kjölfar útfærslu á síðasta stofnanasamningi. Loks eru 9,2 m.kr. ætlaðar til að standa undir kostnaði við endurskoðun samnings við félagasamtökin Vernd. Tillagan tekur mið af hækkun framlags fyrir hvern fangadag miðað við hækkun verðlags frá árinu 1997 og nýtingu fangaplássá hjá Vernd.

591 Fangelsisbyggingar. Lagt er til að fjárveiting liðarins verði 8 m.kr. og lækki um 170,5 m.kr. frá núgildandi fjárlögum. Þar munar lang mest um niðurfellingu á 159,6 m.kr. fjárheimild þar sem að framkvæmdum við byggingu fangelsis og lögreglustöðvar á Akureyri er því sem næst lokið. Auk þess fellur niður 23,5 m.kr. tímabundið framlag vegna stækkunar fangelsis að Kvíabryggju. Áfram er unnið að undirbúningi framkvæmda við Litla Hraun og hefur verið til athugunar að fjármagna fyrstu framkvæmdir þar með sölu lands í samræmi við heimildarákvæði í 6. gr. frumvarpsins.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.360,4	1.391,7	1.471,4	5,7	8,2
Kirkjumálasjóður	193,2	263,3	283,9	7,8	46,9
Kristnisjóður	87,3	82,8	89,7	8,3	2,7
Kirkjugarðar	747,1	787,3	820,1	4,2	9,8
Sóknargjöld	1.847,1	2.041,0	2.220,0	8,8	20,2
Jöfnunarsjóður sókna	307,4	339,6	367,4	8,2	19,5
Samtals	4.542,5	4.905,7	5.252,5	7,1	15,6

701 Þjóðkirkjan. Fyrir utan launa- og verðlagshækkunar, sem samtals nema um 85 m.kr., er lögð til 7 m.kr. lækkun á liðnum þar sem tvö tímabundin stofnkostnaðarframlög falla niður. Annars vegar fellur niður 3 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við að breyta aðalinngangi að safnaðarheimili Dómkirkjunnar í Reykjavík og hins vegar fellur niður 4 m.kr. framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyrarkirkju.

733 Kirkjugarðar. Framlag á næsta ári verður 820 m.kr. og hækkar um tæplega 33 m.kr. milli ára. Útreikningur framlagsins byggir á reiknilíkani sem miðast einkum við fjölda árlegra greftrana og stærð svæða í umhirðu kirkjugarða.

735 Sóknargjöld. Fjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar alls um 33 m.kr. milli ára. Fjárveitingin skiptist þannig að 19,6 m.kr. eru til þjóðkirkjunnar en 14,3 m.kr. til annarra trúfélaga. Framlag vegna sóknargjalda hækkar árlega í samræmi við hækkunar á meðal-tekjuskattstofni einstaklinga 16 ára og eldri. Framlög til 705 *Kirkjumálasjóðs* og 736 *Jöfnunarsjóðs sókna* taka mið af heildarfjárhæð sóknargjalda og hækka í samræmi við það um 48,4 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-341-1.25	Áttak í löggæslu vegna fikniefnamála	Til löggæslustofnana vegna átaks í fikniefnámálum.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.
06-491-5.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna	Til viðhalds húseigna sýslumanna.
06-491-6.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður	Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	8.254,5	8.658,8	9.285,2	7	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	20.450,8	23.316,1	29.158,4	25	43
Stofnkostnaður og viðhald	772,3	723,2	1.754,4	143	127
Samtals	29.477,6	32.698,1	40.198,0	23	36
Greitt úr ríkissjóði	-	21.246,0	25.054,3	18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	11.452,1	14.343,7	25	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	800,0	-	-
Samtals	-	32.698,1	40.198,0	23	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 42.368,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.170,2 m.kr. en þær nema 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 40.198 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 25.054,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 15.143,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 9.285,2 m.kr. og hækka um 626,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 661,5 m.kr. til málefna fatlaðra og 71,4 m.kr. til málefna barna Á móti koma 500


m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnuþryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 17 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði. Rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 285 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 5.842,3 m.kr. og verða 29.158,4 m.kr. en eru 23.316,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur 2.525,3 m.kr. framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í samræmi við spá aukðið atvinnuleysi á árinu 2008.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.754,4 m.kr. og er það 1.031,2 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á lána til leiguíbúða. Auk þess er gert ráð fyrir um 111 m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 133/2005.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.044,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 35,2% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu

árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 24,7% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	93,7	93,7	93,7	93,7	93,7
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	1,1	1,1	0,8	0,0	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	34,0	34,0	19,8	19,8	19,8
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	66,5	66,5	66,5	66,5	66,5
Hvítárakki, meðferð barna og ungmenna	A	45,4	47,2	47,2	47,2	47,2
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	53,2	26,6	26,6	26,6	26,6
Akurhóll, meðferð barna og ungmenna	A	81,9	81,9	81,9	81,9	81,9
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	16,8	16,8	16,8	16,8	16,8
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	18,6	18,6	18,6	18,6	18,6
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	18,6	18,6	18,6	18,6	18,6
Styrktarfélag vangefna, þjónusta við fatlaða	A	594,6	594,6	594,6	594,6	594,6
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	306,9	335,1	335,1	335,1	335,1
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	739,2	783,9	783,9	783,9	783,9
Norðurþing, þjónusta við fatlaða	A	98,7	113,4	113,4	113,4	113,4
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	26,7	27,6	27,6	27,6	0,0
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	29,4	30,3	30,3	30,3	30,3
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	86,7	86,7	86,7	86,7	86,7
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	233,1	240,5	240,5	240,5	240,5
Landsspítali, málefni barna og ungmenna	C	33,8	33,8	33,8	33,8	0,0
Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða	A	69,7	69,7	69,7	69,7	69,7
Háskóli Íslands, lektor í fötunarfræðum.....	C	4,0	4,0	1,3	0,0	0,0
Skálátún, þjónusta við fatlaða	A	310,4	319,9	319,9	319,9	319,9
Viðskiptaháskólinn Bifröst	C	6,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Rauði kross Íslands, móttaka flóttamanna	C	14,0	3,3	0,0	0,0	0,0
Ný leið-meðferð fyrir ungt fólk	C	6,0	3,0	0,0	0,0	0,0
Vímulaus æska - rekstur Foreldrahúss	C	4,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Líf og sál - verkefnið "Karlur til ábyrgðar"	C	6,5	6,5	6,5	0,0	0,0
Skaftholt- sambýli fatlaðra	A	44,8	46,1	46,1	46,1	46,1
Samtals		3.044,3	3.105,4	3.079,9	3.071,3	3.009,9

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjú flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.970 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en það eru samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Að lokum eru 74,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félagsmálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 3.100 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undir-

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi og er þar helst að nefna samninga um málefni fatlaðra sem renna út í lok ársins. Í þeim tilvikum sýnir taflan ekki samningsfjárhæð næstu ára þó svo að gera megi ráð fyrir að ráðuneytið muni eftir sem áður gera samninga um þau rekstrarverkefni.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	234,3	261,1	279,9	7,2	19,5
Ýmis verkefni	48,9	60,4	62,5	3,5	27,8
Ráðstöfunarfé	-	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	283,2	326,5	347,4	6,4	22,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

101 Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 280 m.kr. og jafngildir það um 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 4,5 m.kr. til ýmissa verkefna sem eru færðar á milli liða innan sama málaflokks og 3,5 m.kr. sem lagt er til að færist af lið *07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi* einnig vegna ýmissa smærri verkefna.

190 Ýmis verkefni. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er þó tímabundið fram á 9,5 m.kr. framlag til að fylgja eftir aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis til loka árs 2011. Þá eru 4,5 m.kr. millifærðar á annan lið innan málaflokksins og jafnframt er lagt til að útgjöld lækki um 5 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri.

Stjórnarsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	57,0	60,4	62,0	2,6	8,8
Jafnréttisstofa	30,5	40,5	41,9	3,5	37,4
Vinnueftirlit ríkisins	406,3	410,3	416,0	1,4	2,4
Samtals	493,8	511,2	519,9	1,7	5,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Skýrist lækkunin eingöngu af áformum um aðhald í rekstri stofnana sem undir málefnaflokkinn falla.

Málefni barna

Til þessa málefnaflokkis telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	677,4	740,2	839,2	13,4	23,9
Samtals	677,4	740,2	839,2	13,4	23,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 71,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

400 Barnaverndarstofa. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld um 71,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 50 m.kr. í samræmi við þingsályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu er lagt til að hrinda í framkvæmd nýjungum í meðferðarstarfi fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda sem veitt skal utan stofnana og á vettvangi fjölskyldunnar og daglegs umhverfis. Í öðru lagi er óskað eftir 10 m.kr. til að mæta veikleikum í rekstri Stuðla og 1,4 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar rekstraraðila meðferðarheimila. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að 9 m.kr. verði færðar á liðinn vegna breyttrar nýtingar á Efri Brú, Grímsnesi fyrir meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Aðrar breytingar skýrast m.a. af framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliður teljast til þessa málefnaflokkis: 700 Málefni fatlaðra; 701–708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur, 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnshemilið, Mosfellsbæ; 722 Sólheimar í Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	91,1	337,9	599,4	77,4	558,0
Málefni fatlaðra, Reykjavík	2.019,6	2.223,4	2.422,3	8,9	19,9
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.401,8	1.544,9	1.618,9	4,8	15,5
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	212,1	251,1	269,5	7,3	27,1
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	151,7	172,9	183,7	6,2	21,1
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	273,4	297,7	336,5	13,0	23,1
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	730,2	802,6	898,8	12,0	23,1
Málefni fatlaðra, Austurlandi	258,6	273,0	292,2	7,0	13,0
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	436,9	478,6	499,0	4,3	14,2
Styrktarfélag vangefinna	547,4	594,6	612,9	3,1	12,0
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	286,0	310,4	319,9	3,1	11,9
Sólheimar í Grímsnesi	209,5	228,1	240,5	5,4	14,8
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	244,5	279,7	381,9	36,5	56,2
Framkvæmdasjóður fatlaðra	507,1	487,2	598,6	22,9	18,0
Samtals	7.369,9	8.282,1	9.274,1	12,0	25,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 734,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

700 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 245 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 175 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar sem stafar af fjölgun búsetuúrræða fyrir geðfatlaðra sem komið er á fóti í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. en samkvæmt því skal til loka árs 2009 verja 1.000 m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Af fjölguninni leiðir aukinn rekstrarkostnaður. Í öðru lagi er óskað eftir 82 m.kr. í tíma- bundið tilraunaverkefni til að þjónusta sjúklinga í öndunarvél í heimahúsum. Í frumvarpi til fjárukalaga 2007 er óskað eftir 38 m.kr. í sama verkefni. Verkefninu lýkur í lok árs 2008 og verður þá árangur þess metinn. Í þriðja lagi er farið fram 40 m.kr. til endurnýjunar nokkurra þjónustusamninga við sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila um þjónustu við fatlaða. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 5 m.k. tímabundnu framlag til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins til að auka aðgengi öryrkja og fatlaðra að upplýsingasamfélaginu. Í fimmta lagi eru samtals 57 m.kr. millifærðar af liðnum til svæðisskrifstofa vegna aukins umfangs í samningum við sveitarfélög og félagasamtök um þjónustu við fatlaða og vegna átaks í þjónustu við geðfatlaða.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Samkvæmt frumvarpinu aukast rekstrargjöld liðarins um 126,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 98 m.kr. millifærslu af lið 08-373 *Landspítali* í samræmi við markmið að efla

búsetuúrræði og þjónustu við geðfatlað fólk utan stofnana. Er áformað að á næstu árum flytjist langlegusjúklingar á geðdeild Landspítala á sambýli undir umsjón félagsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir hliðstæðri 98 m.kr. færslu fjárheimilda í fjáráukalagafrumvarpi 2007. Í öðru lagi er óskað eftir 15 m.kr. til skammtíavistunar fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjavík en í fjárlögum 2007 eru veittar 30 m.kr. til að hefja þá starfsemi á árinu. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 8,1 m.kr. til að efla stoðþjónustu og frekari liðveislu. Í fjórða lagi er lagt til að veittar verði 7 m.kr. vegna hækkunar leigugjalda á sambýlum og heimilum fyrir börn. Að öðru leyti skýrist mismunurinn af tímabundnum fjárheimildum sem falla niður og framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 1.618,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 25,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 22,5 m.kr. tillögu til að hefja rekstur nýrrar skammtíavistunar á Reykjanesi frá miðju ári 2008 og hins vegar 3 m.kr. til að mæta kostnaði vegna flutnings svæðisskrifstofunnar í nýtt húsnæði.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 10,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þýngst tillaga um 10 m.kr. vegna fjölgunar úrræða í búsetu fatlaðra í Borgarnesi. Að öðru leyti skýrist mismunurinn framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Rekstrargjöld eru samkvæmt frumvarpinu 183,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er ætlað að mæta kostnaði til að efla starfsemi skammtíavistana hjá svæðisskrifstofu Vestfjarða.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 336,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 29,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 29 m.kr. vegna aukins kostnaðar við nýjan samning um þjónustu við fatlaða milli ráðuneytisins og Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra við fatlaða og er lagt til að 18,4 m.kr. komi til með nýju framlagi í fjárlögum en 10,6 m.kr. eru færðar af lið 07-700 *Málefni fatlaðra*. Aðrar breytingar skýrast m.a. af framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins nemi um 898,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 70,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist það annars vegar af 43 m.kr. hækkun vegna

aukinna þjónustukaupa í nýjum samningi milli félagsmálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um þjónustu við fatlaða og hins vegar 27,5 m.kr. af sama tilefni vegna samnings við Norðurþing. Í báðum samningsfjárhæðum eru meðtaldar greiðslur vegna átaks í þjónustu við geðfatlaða, sem eru annars vegar 15,2 m.kr. í samningi við Akureyrarbæ og 5 m.kr. í samningi við Norðurþing.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi. Framlög til liðarins hækka um 9,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og verða 292,2 m.kr. Skýrist breytingin af 10 m.kr. tillögu til að efla frekari liðveislu og stoðþjónustu hjá svæðisskrifstofu Austurlands. Þá er lagt til að 0,7 m.kr. væri færðar til af lið 07-700 *Málefni fatlaðra* á liðinn vegna samnings um þjónustu við fatlaða í Sveitarfélaginu Hornafjörður. Loks fellur niður 1 m.kr. tíma-bundin fjárheimild.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 499 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist hækkunin af tveimur tilefnum. Annars vegar er óskað eftir 3,4 m.kr. vegna aukins leigukostnaðar af nýju húsnæði svæðisskrifstofunnar og hins vegar er farið fram á 1,6 m.kr. vegna aukins leigukostnaðar sambýla.

722 Sólheimar í Grímsnesi. Rekstrargjöld nemi 240,5 m.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist breytingin af fjölgun vistmanna en um mitt ár 2006 var þeim fjölgað um tvo. Kostnaður við ársvist vistmanns er um 5 m.kr. Í fjárlögum 2006 er 5 m.kr. framlag til heimilisins til að mæta kostnaði síðari hluta ársins. Óskað er eftir 5 m.kr. til að hækka grunn heimilisins samtals í 10 m.kr. samkvæmt samkomulagi. Í fjáráukalagafrumvarpi er 5 m.kr. tillaga vegna framlaga ársins 2007

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 381,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 91,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gerir frumvarpið ráð fyrir 70,5 m.kr. fjárheimild til að stytta á bið-tíma eftir þjónustu stöðvarinnar í samræmi við þingsályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu. Þá er gert ráð fyrir 21 m.kr. til að efla þjónustu við börn með einhverfu og þroskaraskanir.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Gert er ráð fyrir að gjöld sjóðsins nemi um 598,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 111,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annars vegar af 100 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til undirbúnings og uppbyggingar búsetuúrreða fyrir geðfatlaða. Í 7. gr. laga nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. er kveðið á um að verja skuli 1.000

m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða til loka árs 2009. Heildarstofnkostnaður vegna þessarar uppbyggingar er 1.500 m.kr. og er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra verji 500 m.kr. til verkefnisins. Í fjárlögum í ár eru 200 m.kr. til þessa verkefnis og með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir 100 m.kr. hækkun þessa framlags. Þá gengur til baka 11,2 m.kr. sem var tímabundin frestun á stofnkostnaði á árinu 2007.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	9.868,8	9.741,0	12.176,0	25,0	23,4
Samtals	9.868,8	9.741,0	12.176,0	25,0	23,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.435 m.kr. eða um fjórðung.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu er heildarframlag til sjóðsins 11.841,3 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til sjóðsins eru sýnd undir viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög* en önnur tímabundin framlög eru sýnd á viðfangsefni *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög*.

Lögbundin framlög eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

a. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

b. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Lögboðin framlög samkvæmt a-lið nema um 8.575 m.kr. en um 1.901 m.kr. samkvæmt b-lið eða samtals 10.476 m.kr.

Auk lögboðinna framlaga gerir frumvarpið ráð fyrir sérstöku tímabundnu 700 m.kr. framlagi á viðfangsefni *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög* til viðbótar við 700 m.kr. fólksfækkunarframlag til sjóðsins sem var áður samþykkt í tengslum við tillögur tekjustofnanefndar. Framlaginu er ætlað að koma á mótis við þau sveitarfélög sem verst standa fjárhagslega vegna ytri aðstæðna. Framlöggin falla niður í lok árs 2008.

Vinumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða

alvarlega fatlaðra barna; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlof.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Vinnumálastofnun	141,2	196,1	209,1	6,6	48,1
Vinumál	86,1	85,7	86,6	1,1	0,6
Ábyrgðasjóður launa	574,4	526,4	555,4	5,5	-3,3
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	-	84,9	137,6	62,1	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.114,2	3.648,6	5.830,0	59,8	175,8
Félagsmálaskóli alþýðu	24,9	25,1	25,3	0,8	1,6
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-10,6	0,0	0,0	-	-100,0
Fæðingarorlof	7.069,3	7.651,8	8.349,0	9,1	18,1
Samtals	10.009,5	12.228,6	15.203,0	24,3	51,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.061,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

980 Vinnumálastofnun. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar verði um 209,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 10 m.kr. til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur sem kemur til viðbótar við 4 m.kr. framlag í fjárlögum þessa árs. Þá hækkar rekstur stofnunarinnar um 40 m.kr. vegna aukins umsýslukostnaðar með Fæðingarorlofssjóði en sértekjur hækka að sama skapi og tillagan hefur því ekki áhrif á gjöld umfram tekjur. Að öðru leyti skýrast breytingarnar af áformum um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

981 Vinnumál. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins lækki um 1 m.kr. á næsta ári að raungildi og skýrist lækkunin af áformum um aðhald í útgjöldum.

983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 50 m.kr. en framlagi á þessum lið er ætlað að veita foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagslega aðstoð vegna vinnutaps, sbr. lög nr. 22/2006.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins nemi um 7.230 m.kr. á næsta ári en á móti koma 1.400 m.kr. vaxtatekjur. Gjöld umfram tekjur nema því 5.830 m.kr. Það er 1.965,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þýngst 2.438 m.kr. hækkun atvinnuleysisbóta og 27 m.kr. hækkun styrkja til fiskvinnslustöðva. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir 2,9% atvinnuleysi en í fjárlögum 2007

var gert ráð fyrir 1,9% atvinnuleysi. Þar að auki er nú gert ráð fyrir auknum fjölda á vinnumarkaði þannig að nú er reiknað með að fleiri einstaklingar standa á bakvið hvert prósentustig atvinnuleysis. Gert er ráð fyrir að fjöldi atvinnulausra verði að meðaltali um 4.860 manns sem er um 1.870 fleiri en var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2007. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiði áfram 15 m.kr. tímabundið framlag til Sjómenntar, starfsmenntunar sjómanna en Sjómennt hefur verið styrkt með framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði frá árinu 2002. Að óbreyttu fellur framlagið niður í árslok 2007 en lagt er til að verkefnið verði styrkt áfram til ársloka 2010. Loks er gert ráð fyrir að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnuþryggingagjaldi hækki um 640 m.kr. frá því sem þær eru í fjárlögum 2007 og verði 1.400 m.kr. en þar af er greiddar 140 m.kr. í fjármagnstekjuskatt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	2.236,9	3.646,0	6.285,0	72,4	181,0
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	80,0	68,7	71,0	3,3	-11,3
Svæðisvinnumiöl. Vinnumálastofnunar rekstrarhl.	174,0	181,2	187,0	3,2	7,5
Styrkir til fiskvinnslustöðva	163,9	123,0	155,0	26,0	-5,4
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	62,7	112,0	112,0	0,0	78,6
Framlög og styrkir	137,9	150,0	150,0	0,0	8,8
Starfsmenntasjóður	66,2	60,0	60,0	0,0	-9,4
Rekstur úthlutunarnefnda	55,9	67,7	70,0	3,4	25,2
Vaxtatekjur	-863,3	-760,0	-1.260,0	65,8	46,0
Samtals	2.114,2	3.648,6	5.830,0	59,8	175,8

987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklína. Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsins verði hækkuð um 11 m.kr. og verði 30 m.kr. til samræmis við spá um aukið atvinnuleysi á árinu 2008 en sértekjur hækki að sama skapi.

989 Fæðingarorlof. Samkvæmt frumvarpinu er ráð fyrir að gjöld sjóðsins verði 8.349 m.kr. en er 7.822 í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. hækkan kostnaðar til Vinnumálastofnunar fyrir umsýslu með Fæðingarorlofssjóði. Gerð er tillaga um sömu hækkan umsýslukostnaðar í fjárukalögum 2007. Rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Önnur mál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 999 Félagsmál, ýmis starfsemi en jafnframt er hér gerð grein fyrir liðunum 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	180,0	180,0	1.100,0	511,1	511,1
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Félagsmál, ýmis starfsemi	535,0	628,5	678,4	7,9	26,8
Samtals	775,0	868,5	1.838,4	111,7	137,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 951,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

205 Leiguíbúðir. Gert er ráð fyrir 1.100 m.kr. tímabundinni fjárheimild vegna skuldbindingar ríkissjóð til niðurgreiðslu vaxta af lánum sem veitt verða á árinu 2008 til byggingar 400 leiguíbúða. Bygging íbúðanna er hluti af tímabundnu átaki sem miðast að því að fjölga leiguíbúðum um 1.600 á tímabilinu 2006 til ársloka 2009 eða að jafnaði um 400 íbúðir á ári. Átakið er framhald af hliðstæðu átaki frá síðari hluta árs 2001 en á þeim tíma og fram til síðari hluta árs 2005 voru byggðar um 1.000 íbúðir. Lán til byggingar þessara íbúða eru veitt með 3,5% vöxtum og greiðir ríkissjóður vaxtamuninn milli almennra útlánsvaxta sjóðsins sem nú eru 5,10% að frádregnu afskrifta- og uppgreiðsluréttarálagi sem er samtals 0,45%. Vaxtamunurinn árið 2008 er því áætlaður 1,15%. Lánin skulu aðeins veitt þeim aðilum er leigja íbúðirnar til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðis laga. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til vaxtaniðurgreiðslu nemur 1.100 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Árleg greiðsluheimild er áætluð hins vegar 60 m.kr. til greiðslu vaxtamunar fyrir hverjar 400 íbúðir miðað við 1,15% vaxtamun. Í fjárlögum 2007 eru 180 m.kr. til niðurgreiðslu vaxta en ekki var gert ráð fyrir aukningu lána til leiguíbúða á því ári en raunin reyndist önnur. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er því gert ráð fyrir framlagi ársins 2007 auk framlagi ársins 2008 og því þarf greiðsluheimild að nema 300 m.kr. Gert er ráð fyrir 60 m.kr. greiðsluheimild í fjárukalögum 2007 vegna framkvæmda yfirstandandi árs.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 31,3 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 33 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.55 Átak í vímuvarnamálum í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að bregðast hart við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúrráðum og hertri löggæslu. Er það hluti af 100 m.kr. framlagi sem skiptist á þrjú ráðuneyti. Hin tvö eru dóms- og kirkjumálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Í öðru lagi er óskað eftir 15 m.kr. á viðfangsefni 1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis til að styrkja verðandi kjörforeldra sem ættleiða erlent barn eða

börn. Gert er ráð fyrir að fjöldi ættleiddra barna frá útlöndum verði allt að 40 á ári. Lagt er hins vegar til að 9 m.kr. flytjist af liðnum á lið *400 Barnaverndarstofa*, þar sem áformað er að Efri-Brú í Grímsnesi verði nýtt sem meðferðarheimili og 3,5 m.kr. flytjist á viðfangsefni *190 Ýmis verkefni* undir aðalskrifstofu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
07-999-1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis		
Húsaleiga, Efri-Brú	9,0	-
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10,0	10,0
Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	5,0	6,0
Sjónarhóll	15,0	15,5
Verkefnið; Karlar til ábyrgðar	6,5	6,5
Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins	3,5	-
Samtökin 78	1,5	1,5
Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	5,0	20,0
Óráðstafað	10,1	10,7
Samtals	65,6	70,2

Á viðfangsefni 1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis er gert ráð fyrir 70,2 m.kr. útgjöldum á árinu 2008 sem er 2,5 m.kr. hækkun frá á yfirstandandi ári miðað við fast verð. Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis hækka um 15 m.kr. og verða 20 m.kr. Þá flytjast tvö verkefni á aðra fjárlagaliði. Það er annars vegar húsaleiga Efri-Brú sem er færð á lið *07-400 Barnaverndarstofa* og hins vegar Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins sem flyst á lið *07-101 Aðalskrifstofa*.

Fjárlagaliðir með óskiptri heimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	70.032,5	74.343,6	79.363,5	7	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	57.460,1	67.790,3	72.149,5	6	26
Stofnkostnaður og viðhald	2.635,6	2.514,9	5.089,6	102	93
Samtals	130.128,2	144.648,8	156.602,6	8	20
Greitt úr ríkissjóði	-	120.466,7	128.868,9	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	24.182,1	27.733,7	15	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	144.648,8	156.602,6	8	-

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 161.724 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.121 m.kr. en þær nema um 3,3%% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 156.603 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 128.869 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 27.734 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytinga-tillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 79.364 m.kr. og hækka um 5.019,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 1.028 m.kr. til sjúkrahúsa og sérstæðrar sjúkrahúsaþjónustu en þar vegur þyngst 820 m.kr. til Landspítala og 82 m.kr. til Sjúkrahúss Akureyrar til að styrkja rekstur tveggja stærstu sjúkrahúsanna. Þá fara 472,2 m.kr. til heilsugæslu, 350,4 m.kr. til heilbrigðisstofnana og 347,7 m.kr. til öldrunarstofnana. Enn fremur hefur rekstrarumfang ráðuneytisins verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 1.099,2 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir samtals 314,3 m.kr. framlagi sem skiptist á einstaka fjárlagaliði vegna breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem felur í sér að heilbrigðisstofnanir m.a.


eru ekki lengur undanþegnar frá greiðslu fasteignaskatts. Loks er lagt til að komugjöld hækki 1. janúar 2008 sem nemur um 160 m.kr. fyrir heilt ár.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 4.359 m.kr. og verða 72.150 m.kr. en eru 67.790 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vega 1.214,5 m.kr. aukin útgjöld til tekju-tryggingar elli- og örorkulífeyrisþega með lækkun tekjutengingar í samræmi við samkomu-lag við eldri borgara og ákvörðunar ríkisstjórnar um að atvinnutekjur 70 ára og eldri hafi ekki áhrif á greiðslur lífeyristrygginga. Loks er rúmlega 990 m.kr. til sjúkratrygginga vegna aukins læknis- og lyfjakostnaðar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.090 m.kr. og er það 2.575 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingar eru 1.310 m.kr. til byggingar sjúkrahúss fyrir slysa- og bráðaþjónustu á lóð Landspítala svo og hús fyrir rannsóknir. Auk þess er gert ráð fyrir 1.128 m.kr. til byggingar hjúkrunarheimila.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.492 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 10% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 9% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	146,1	155,8	160,8	160,8	160,8
Samningur um sjúkrajálfun fyrir fatlaða	A	38,3	39,4	13,1	0,0	0,0
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	656,2	602,0	602,0	602,0	602,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	289,2	310,0	310,0	310,0	310,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	57,9	59,8	59,8	59,8	0,0
Víðines, Reykjavík	A	229,0	233,8	233,8	233,8	233,8
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	1.204,0	1.270,0	1.270,0	1.270,0	1.270,0
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	252,4	213,2	213,2	213,2	213,2
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	322,0	324,8	324,8	324,8	324,8
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	823,8	894,5	894,5	894,5	894,5
Sjúkrahótel	A	78,7	81,9	81,9	81,9	81,9
Reykjalundur	A	1.196,5	1.236,9	1.236,9	1.236,9	1.236,9
Hlein	A	95,4	98,8	98,8	98,8	98,8
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	473,0	500,4	500,4	500,4	500,4
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	247,6	246,4	246,4	246,4	246,4
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	54,3	55,9	55,9	55,9	55,9
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	49,3	50,9	50,9	50,9	50,9
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	371,8	382,9	382,9	382,9	382,9
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	104,0	115,7	115,7	115,7	115,7
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	79,0	81,6	81,6	115,7	115,7
Landsflug - sjúkrafl. til Vestm.	A	26,8	27,7	27,7	27,7	27,7
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	424,6	438,2	438,2	438,2	438,2
Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	107,7	171,3	171,3	171,3	171,3
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	164,1	193,0	193,0	193,0	193,0
Samtals		7.491,7	7.784,9	7.763,6	7.784,6	7.724,8

Yfirlitið sýnir samninga sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 7.492 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 7.500 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir samningar eru í undirbúningi sem renna út í lok ársins. Í þeim tilvikum sýnir taflan ekki samningsfjárhæð næstu ára þó svo að gera megi ráð fyrir að ráðuneytið muni eftir sem áður gera samninga um þau rekstrarverkefni

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðis- og tr.málaráðuneyti, aðalskrifstofa	458,6	486,0	548,0	12,8	19,5
Ráðstöfunarfé	-	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	458,6	494,0	556,0	12,6	21,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 41,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrar- gjöld nemi um 548 m.kr. og aukist um 41,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verð- lagshækkanir, sem er ætlað til að efla starf á aðalskrifstofu.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatrygging og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	962,9	1.146,8	1.193,1	4,0	23,9
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.367,1	7.559,9	7.854,0	3,9	23,4
Lífeyristryggingar	33.592,2	41.453,6	44.076,0	6,3	31,2
Sjúkratryggingar	16.242,7	17.014,1	18.565,0	9,1	14,3
Slysatryggingar	573,5	703,9	638,9	-9,2	11,4
Sjúklingatrygging	68,4	190,1	190,1	0,0	177,9
Eftirlaunasjóður aldraðra	98,9	80,3	72,3	-10,0	-26,9
Samtals	57.905,7	68.148,7	72.589,4	6,5	25,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður samkvæmt frumvarpinu 72.589,4 m.kr. og hækkar um 2.189,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld aukist um 13,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Framlög til rekstrar lækka um 1,5 m.kr. sem skýrist af því að umsjón með samningi sjálfstætt starfandi heimilislækna flyst til Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Framlög til stofnkostnaðar hækka um 14,9 m.kr. sem skýrist af tveimur tímabundum verkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er þar um að ræða 10 m.kr. tímabundið framlag í verkefnið Rafræn

þjónustugátt TR og hins vegar 7 m.kr. í verkefnið Rafræn samvinna TR og RSK til hagsbóta fyrir sameiginlega viðskiptavinum. Mun stofnunin leggja fram jafn hátt mótframlag. Enn fremur ganga 2,9 m.kr. til baka vegna tímabundinna frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári. Þá fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Loks er rekstrarumfang stofnunarinnar sem fjármagnað er með sértekjum hækkað um 140 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 7.854 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 43,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin af auknu framlagi til heimilisuppbótar ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega í samræmi við samkomulag við eldri borgara á árinu 2006. Þá eru 110 m.kr. færðar á milli viðfangsefna innan liðarins og er þar um að ræða flutning fjárheimilda af heimilisuppbót á viðfangsefnin maka-bætur og umönnunarbætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	290,3	353,0	365,0	3,4	25,7
Umönnunargreiðslur	1.014,6	1.085,0	1.193,0	10,0	17,6
Makabætur og umönnunarbætur	91,9	105,0	150,0	42,9	63,2
Dánarbætur	44,6	48,0	50,0	4,2	12,1
Endurhæfingarlífeyrir	918,4	1.174,9	1.214,0	3,3	32,2
Barnalífeyrir vegna menntunar	91,4	123,0	127,0	3,3	38,9
Heimilisuppbót	2.394,4	2.866,0	2.890,0	0,8	20,7
Frekari uppbætur	1.416,0	1.532,0	1.583,0	3,3	11,8
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	105,5	273,0	282,0	3,3	167,3
Samtals	6.367,1	7.559,9	7.854,0	3,9	23,4

204 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 44.076 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1.214,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af auknu framlagi til lífeyristrygginga fyrir elli- og örorkulífeyrisþega með lækkun á vægi viðmiðunartekna í samræmi við samkomulag við eldri borgara og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flýta gildistöku ákvæða samkomulagsins. Þá ákvað ríkisstjórnin að atvinnutekjur 70 ára og eldri skerði ekki greiðslur lífeyristrygginga. Helstu ákvæði samkomulagsins sem koma til framkvæmda eru að áfram er dregið úr tekjutengingum við tekjur maka og almennt skerðingarhlutfall lækkar úr 39,95% í 38,35%. Raunverulegt skerðingarhlutfall vegna atvinnutekna fer í 23% og hefur þá lækka úr 45% frá árinu 2000, þar sem atvinnutekjur koma að 60%

hluta til útreiknings. Jaðaráhrif í almannatryggingakerfinu hafa þó lækkað mun meira en þessu nemur því skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka var 67%, en hann var sameinaður tekjutryggingu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	7.343,2	8.137,0	8.406,0	3,3	14,5
Örorkulífeyrir	5.041,9	5.807,0	5.999,0	3,3	19,0
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	10.211,8	15.042,0	16.340,0	8,6	60,0
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	6.120,5	8.920,0	9.666,0	8,4	57,9
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	787,6	-	-	-	-100,0
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	872,8	-	-	-	-100,0
Vasapeningar ellilífeyrisþega	280,5	425,0	439,0	3,3	56,5
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	54,0	75,0	78,0	4,0	44,4
Örorkustyrkur	148,2	188,5	195,0	3,4	31,6
Barnalífeyrir	2.069,1	2.431,1	2.511,0	3,3	21,4
Annað	662,6	428,0	442,0	3,3	-33,3
Samtals	33.592,2	41.453,6	44.076,0	6,3	31,2

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 18.565 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 991,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til 470 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta auknum lyfjaútgjöldum en það jafngildir 7% aukningu í lyfjaveltu á milli ára. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 256 m.kr. hækkun útgjalda í þjálfun. Þar er annars vegar áætlað fyrir 106 m.kr. vegna árlegrar aukningar og hins vegar 150 m.kr. til að auka atvinnulega endurhæfingu þeirra einstaklinga sem búa við skerta starfsorku vegna örorku í þeim tilgangi að skapa þeim tækifæri að auka atvinnuþátttöku sína. Er tillagan lögð fram í tengslum við störf nefndar sem skipuð var til að endurskoða örorkumat og leita leiða til að efla starfsendurhæfingu og fyrirbyggjandi aðgerðir sem til lengri tíma litið komi í veg fyrir ótímabæra skerðingu starfsorku. Af sama tilefni er tillaga um 50 m.kr. aukin framlög til hjálpartækja. Tillögum nefndarinnar var vísað til sérstakrar framkvæmdanefndar til nánari útfærslu og getur framlagið til verkefnisins skipst á aðra fjárlagaliði tengda endurhæfingu og vinnumarkaðsúræðum. Þá er tillaga um 124 m.kr. framlag til hjálpartækja vegna árlegrar aukningar. Í þriðja lagi er tillaga um samtals 105,5 m.kr. hækkun framlaga vegna læknskostnaðar. Skýrist það af fimm tilefnum. Þar ber fyrst að nefna tillögu um 300 m.kr. til að mæta magnaukningu í þjónustu og þar af eru 210 m.kr. vegna fólksfjöldgunar en 90 m.kr. vegna aukinnar þjónustu. Þá er lagt til að samningagerð um tæknifrjóvganir færir til nefndarinnar ásamt 57,5 m.kr. fjárheimild. Þar af er gert ráð fyrir að 52,5 m.kr. verði færðar af lið Landspítala. Jafnframt er óskað eftir 20 m.kr. til að auka aðgengi ungmenna að sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Í fjárukalagafrumvarpi 2007 er óskað eftir 15 m.kr.

framlagi til sama verkefnis. Enn fremur er gert ráð fyrir 100 m.kr. hækkun komugjalda til sérgreinalækna frá 1. janúar 2008. Loks er lagt til að 172 m.kr. verði fluttar af læknskostnaði sjúkratrygginga til heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þar sem framkvæmd samnings við sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna flyst þangað. Í fjórða lagi er tillaga um 42 m.kr. til tannlækninga vegna árlegrar aukningar og 15 m.kr. hækkun sjúkradagpeninga á sömu forsendum. Það sem þá stendur eftir af breytingunni á fjárveitingu liðarins, -69,6 m.kr., skýrist af tilfærslum vegna framkvæmd á samningum sem færast á aðra liði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Læknskostnaður	3.672,3	3.799,0	4.235,0	11,5	15,3
Lyf	6.703,1	6.713,8	7.266,0	8,2	8,4
Hjálpartæki	1.727,4	1.928,9	2.145,0	11,2	24,2
Hjúkrun í heimahúsum	99,1	110,4	114,0	3,3	15,0
Þjálfun	1.408,7	1.538,0	1.853,0	20,5	31,5
Tannlækningar	1.248,6	1.336,0	1.424,0	6,6	14,0
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	253,4	280,9	290,0	3,2	14,4
Brýn meðferð erlendis	693,2	773,0	751,0	-2,8	8,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	97,3	127,0	123,0	-3,1	26,4
Sjúkradagpeningar	180,8	196,1	211,0	7,6	16,7
Annað	158,8	211,0	153,0	-27,5	-3,7
Samtals	16.242,7	17.014,1	18.565,0	9,1	14,3

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga nemi um 638,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 65 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *111 Bætur vegna lækni- og sjúkrakostnaðar* er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun útgjalda vegna gervilima. Á viðfangsefni *115 Bætur vegna framfærslu* er hins vegar gert ráð fyrir 40 m.kr. í auknar sértekjur sem hafa verið vanmetnar í fjárlögum og loks er lögð til 35 m.kr. lækkun útgjalda undir viðfangsefni *1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna* þar sem hluti útgerðamanna hefur beint viðskiptum sínum annað.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna lækni- og sjúkrakostnaðar	136,1	127,9	137,9	7,8	1,3
Bætur til framfærslu	264,4	350,0	310,0	-11,4	17,2
Kaup og aflahlutur sjómanna	106,7	160,0	125,0	-21,9	17,2
Stjórnunarkostnaður	66,3	66,0	66,0	0,0	-0,5
Samtals	573,5	703,9	638,9	-9,2	11,4

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraðra verði 72,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 113 frá 1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum. Samkvæmt ríkisreikningi voru útgjöld sjóðsins 111 m.kr. árið 2005 en gera má ráð fyrir að útgjöld hans lækki á milli ára á næstu árum. Lögð er því til 8 m.kr. lækkun á útgjöldum sjóðsins í samræmi við reynslu fyrri ára líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Auk þess er í frumvarpinu lögð til 7 m.kr. leiðrétting á útgjöldum og sértækjum sjóðsins og í samræmi við ríkisreikning. Breytingin sem hefur hvorki áhrif á gjöld sjóðsins umfram tekjur né bein framlög úr ríkissjóði.

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali en þessir tveir fjárlagaliðir breyta um heiti í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu sem tóku gildi 1. september sl.; 376 Bygging hátækni sjúkrahúss á lóð Landspítalans; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.566,5	3.635,7	3.891,0	7,0	9,1
Landspítali	29.986,7	31.140,1	33.009,0	6,0	10,1
Bygging hátækni sjúkrahúss á lóð Landspítalans	146,6	190,0	1.500,0	689,5	923,2
Sjúkrahús, óskipt	30,0	158,8	219,1	38,0	630,3
Sjúkrahótel	-	78,7	81,9	4,1	-
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	106,8	107,9	111,2	3,1	4,1
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	182,7	178,8	193,4	8,2	5,9
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	517,0	576,2	602,2	4,5	16,5
Samtals	34.536,3	36.066,2	39.607,8	9,8	14,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 39.607,8 og hækkar um 2.408,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 902 m.kr. til að styrkja rekstur Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri en auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir 1.310 m.kr. í aukin framlög til byggingar nýrrar slysa- og bráðamóttöku á lóð Landspítala við Hringbraut.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld sjúkrahússins 3.891 m.kr. og aukast um 146 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrarútgjöld hækki um 139,9 m.kr. sem skýrist af sex tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 82 m.kr. til styrktar núverandi rekstri

sjúkrahússins. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 22 m.kr. til uppbyggingar blóð-bankapjónustu við sjúkrahúsið. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 10 m.kr. til reksturs líknardeildar og í fjórða lagi er lagt til að færa 10 m.kr. til sjúkrahússins af lið 08-379 *Sjúkrahús, óskipt* til að mæta kostnaði við meðferð psoriasis- og exemsjúklinga. Í fimmta lagi er lagt til að 3 m.kr. verði færðar af lið 08-500 *Heilsugæsla, almenn* til umsjónar og eftirlits með sjúkraflugi á landsvísu. Stofnkostnaður hækkar samkvæmt frumvarpinu um 6,1 m.kr. þar sem tímabundin frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka. Jafnframt er lagt til að flytja 24 m.kr. á milli stofnkostnaðarviðfangsefna innan liðarins og hækka framlög sjúkrahússins til tækjakaupa. Loks er rekstrarumfang spítalans sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 110 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts auk þess sem tímabundin frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka.

373 Landspítali. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 33.009 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 883,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 820 m.kr. framlag til styrktar núverandi starfsemi Landspítala og þar með talið að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja og aukinnar starfsemi. Enn fremur er lagt til 24 m.kr. framlag til að stytta bið eftir greiningu og meðferð á barna- og unglingsgeðdeild spítalans og jafnframt óskað eftir 5 m.kr. til að ráða þar fræðslustjóra til að efla ráðgjafahlutverk deildarinnar. Í fjárukalagafrumvarpi 2007 er samtals gert ráð fyrir 30 m.kr. til þessara tveggja verkefna. Þá er lagt til að 16,7 m.kr. útgjöld færist til spítalans af öðrum liðum og er þar í fyrsta lagi um að ræða 10,7 m.kr. frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna skoðunar á verðandi mæðrum í áhættuhópi. Í öðru lagi eru 6 m.kr. sem lagt er til að flytjist af lið 08-379 *Sjúkrahús, óskipt* til sérstakrar öndunarávélameðferðar. Á móti koma tvær tillögur um að samtals 143 m.kr. útgjöld færist frá spítalanum og er í fyrra tilviki um að ræða 98 m.kr. sem flytjast til félagsmálaráðuneytis til reksturs sambýla fyrir geðfatlaða sem áður voru hluti af geðsviði. Í síðari tillögunni er lagt til að 52,5 m.kr. flytjast til sjúkratrygginga sem jafnframt taki yfir framkvæmd samnings um tæknifrjóvganir. Loks er rekstrarumfang spítalans sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 470 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts auk þess sem tímabundin frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka.

376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárheimildir til byggingar nýs sjúkrahúss fyrir slysa- og bráðaþjónustu auk húss fyrir rannsóknir sem áformað er að reisa á lóð Landspítala við Hringbraut. Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld á liðnum verði 1.500 m.kr. og hækki því um 1.300 m.kr. auk 10 m.kr. sem ganga til baka vegna tímabundinnar frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins nemi um 219,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 60,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 34 m.kr. vegna breytinga á rekstri og 26,3 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Helstu rekstrarbreytingar skýrast af 30 m.kr. framlagi til aukinna kaupa á þjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum. Enn fremur er óskað eftir 20 m.kr. til að hefja leit að krabbameini í ristli sem takmarkist við einstaklinga í mestum áhættuhópi. Þá er lagt til að 10 m.kr. verði færðar af liðnum til Sjúkrahússins á Akureyri til meðferðar psoriasis- og exemsjúklinga og 6 m.kr. til Landspítala vegna öndunarvélameðferðar. Farið er fram á 25 m.kr. tímabundinn stofnkostnað í eitt ár til að efla blóðbankaþjónustu á landsvísu en breyta þarf sérhæfðum búnaði til blóðhlutavinnslu og blóðsöfnunar, á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Áætlað er að breytingarnar í heild kosti um 48,7 m.kr. og eru fjármagnaðar annars vegar af þessum safnlið og hins vegar stofnkostnaðarliðum sjúkrahúsanna. Að lokum gengur 1,3 m.kr. til baka vegna tímabundinna frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári.

386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 193,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist hækkunin af fjölgun vistmanna.

Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra; 460 Dvalarrými aldraðra, önnur; 477 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir	15.680,8	16.916,4	19.139,0	13,1	22,1
Endurhæfingarstofnanir	2.110,1	2.283,3	2.371,2	3,8	12,4
Samtals	17.790,9	19.199,7	21.510,2	12,0	20,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er samkvæmt frumvarpinu 21.510,2 m.kr. og hækkar um 1.354,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

401 Öldrunarstofnanir, almennt. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins sem er safnliður verði 1.904,3 m.kr. hækkar um 1.187,7 m.kr. á næsta ári umfram verðlagshækkunir. Þar af eru 287,3 m.kr. vegna rekstrar og 900, 4 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Á viðfangsefni 401-101 *Hjúkrunarheimili, almennt* eru útgjöldin 241,9 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og hækka um 54 m.kr. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi að farið er fram á 70 m.kr. framlag til að koma á fót 6-9 vistunarmatshópum til að meta vistunarpörf aldraðra í stað þjónustuhópa aldraðra sem hafa annast matið til þessa. Markmiðið með þessari breytingu er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats aldraðra og tryggja samanburðarhæfar niðurstöður vistunarmats á landsvísu. Í öðru lagi er lagt til að 57,5 m.kr. verði varið til að hækka rekstrargrunn dagvistarrýma. Í þriðja lagi er óskað eftir 25 m.kr. til reksturs hugbúnaðarkerfa í öldrunarþjónustu sem tengd eru RAI matskerfinu. Þróunar- og uppbyggingavinnu þessara kerfa, sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur fjármagnað til þessa, er senn lokið en við tekur hefðbundinn rekstur sem fellur ekki undir verkefni sjóðsins. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 20 m.kr. til að mæta kostnaði við ýmis verkefni á sviði öldrunarmála t.d. að efla eftirlit, ráðgjöf, og útboð þjónustu svo og að kosta mat á hjúkrun ungra hjúkrunarsjúklinga sem ekki falla undir lög um málefni aldraðra. Í fimmta lagi er farið fram á 6,5 m.kr. framlag til að ráða verkefnisstjóra í eitt ár sem undirbýr og innleiðir á landsvísu mælitækið „RAI-heimaaðhlyning“. Loks lækkar viðfangsefnið um 125 m.kr. þar sem fjárheimild til reksturs 20 hvíldarrýma er færð milli viðfangsefna innan fjárlagaliðarins. Á viðfangsefni 401-109 *Ný hjúkrunarrými* verða útgjöldin 407,3 m.kr. og hækka um 88,9 m.kr. Þar vegur þyngst 100 m.kr. rekstrarframlag samkvæmt samkomulagi við aldraða til að mæta fjölgun hjúkrunar- og dvalarrýma. Samkvæmt samkomulaginu hækkar framlagið í 580 m.kr. árið 2009 og 1.060 m.kr. árið 2010 og verður óbreytt eftir það. Þá er fært af viðfangsefninu samtals 16,1 m.kr. til ýmissa öldrunarstofnana. Á viðfangsefni 401-113 *Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana* verða útgjöldin 665,8 m.kr. og hækka um 234,4 m.kr. en reiknilíkan skiptir þeirri fjárhæð til minni dvalar- og hjúkrunarheimila sem ekki hafa sérstakan fjárlagalið. Tvö framangreind viðfangsefni eru sýnd í yfirliti reiknilíkans fyrir hjúkrunarheimili. Á viðfangsefni 401-183 *Greiðslur frá vistmönnum* hækka sértekjur um 90 m.kr. og verða 373 m.kr. Skýrist það aðallega af fleiri vistmönnum og meiri greiðsluþátttöku vegna aukinni tekna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að til uppbyggingar hjúkrunarheimila verði varið samtals 962,3 m.kr. en niður falla fjárheimildir til framkvæmdir sem lokið hefur verið við og nema þær samtals 27,8 m.kr. Breyting milli ára er því 900,4 m.kr. Þar vegur þyngst annars vegar 700 m.kr. til framkvæmda við uppbyggingu hjúkrunarheimila sem sérstaklega er ætluð til að stytta bið

eftir hjúkrunarvist og hins vegar 100 m.kr. breytinga og endurbygginga hjúkrunarheimila til að koma á móts við auknar kröfur um aðbúnað í eldra húsnæði hjúkrunarheimila. Tillögurnar eru samræmi við tillögu nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006 til að fjalla um lífeyrismál svo og búsetu- og þjónustumál aldraðra. Yfirlit fyrirhugaðra framkvæmda er sýnt í töflu:

Stofnkostnaður, m.kr.	Fjárlaga- frumvarp 2008
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1
Jaðar, Ólafsvík	40,0
Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350,0
Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93,0
Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159,0
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5
Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7
Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,0
Samtals	962,3

Auk framangreindra framkvæmda verður hafinn undirbúningur að uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóð, Reykjavík sem verður fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

402 Framkvæmdasjóður aldraðra. Gjöld sjóðsins samkvæmt frumvarpinu eru um 1.276,4 m.kr. á greiðslugrunni en eru 1.027,8 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldendum fjölgi um 6,5% en jafnframt er lagt til að gjaldið hækki úr 6.314 kr. á hvern gjaldanda í 7.103 kr. og er það í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2005 til desember 2006. Heildarframlag sjóðsins á greiðslugrunni verður þá 1.276,9 m.kr. og hækkar um 211 m.kr. frá fjárlögum auk 37,5 m.kr. sem ganga til baka vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar í kjölfar samkomulags við samtök eldri borgara gerir frumvarpið ráð fyrir að framlag sjóðsins til reksturs hjúkrunarheimila lækki um 120,6 m.kr. en framlög til stofnkostnaðar og endurbóta hækki um sömu fjárhæð. Sértekjur hjúkrunarheimila lækka því sem þessari fjárhæð nemur en greiðslur úr ríkissjóði aukast að sama skapi. Er þá að fullu efnt framangreint samkomulag hvað varðar Framkvæmdasjóð aldraðra að frá árinu 2008 renni hann óskiptur til stofnkostnaðar og endurbóta hjúkrunarheimila.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	494,1	668,1	1.904,3	185,0	285,4
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.046,4	1.027,8	1.276,4	24,2	22,0
Hrafnista, Reykjavík	1.487,6	1.792,0	1.841,3	2,8	23,8
Hrafnista, Hafnarfirði	1.049,3	1.147,5	1.237,7	7,9	18,0
Grund, Reykjavík	1.081,5	1.276,2	1.303,5	2,1	20,5
Sunnuhlíð, Kópavogi	448,3	459,2	497,0	8,2	10,9
Hjúkrunarheimilið Skjól	610,9	671,7	702,4	4,6	15,0
Hjúkrunarheimilið Eir	1.016,6	1.104,8	1.176,5	6,5	15,7
Garðvangur, Garði	250,5	238,9	253,3	6,0	1,1
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	492,9	538,5	556,3	3,3	12,9
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	447,2	523,8	541,3	3,3	21,0
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	180,5	178,8	211,3	18,2	17,1
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	124,9	119,3	139,1	16,6	11,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	137,1	147,6	166,8	13,0	21,7
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	68,7	94,8	95,5	0,7	39,0
Seljahlíð, Reykjavík	191,4	203,2	180,9	-11,0	-5,5
Víðines	221,4	229,0	233,8	2,1	5,6
Höfði, Akranesi	342,9	364,2	397,7	9,2	16,0
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	196,7	196,2	223,4	13,9	13,6
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	74,4	84,9	86,8	2,2	16,7
Fellaskjól, Grundarfirði	50,0	75,9	78,6	3,6	57,2
Jaðar, Ólafsvík	55,6	73,0	71,8	-1,6	29,1
Fellsendi, Búðardal	90,4	151,0	168,1	11,3	86,0
Barmahlíð, Reykhólum	73,0	77,7	89,1	14,7	22,1
Dalbær, Dalvík	187,6	205,1	210,5	2,6	12,2
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	916,9	1.204,4	1.270,0	5,4	38,5
Uppsalar, Fáskrúðsfirði	116,5	103,3	116,9	13,2	0,3
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um öldrunarþj ...	165,3	199,5	213,2	6,9	29,0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	101,4	109,7	121,6	10,8	19,9
Hjallatún, Vík	78,1	84,7	85,0	0,4	8,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	245,4	294,1	291,4	-0,9	18,7
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	476,0	528,6	579,6	9,6	21,8
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	206,3	231,2	235,2	1,7	14,0
Holtsbúð, Garðabæ	217,2	245,5	272,1	10,8	25,3
Vífilsstaðir, Garðabæ	309,9	322,0	324,8	0,9	4,8
Sóltún, Reykjavík	924,9	819,7	894,5	9,1	-3,3
Dvalarrými aldraðra, önnur	534,3	568,0	553,5	-2,6	3,6
Vesturhlíð, Reykjavík	6,4	12,6	13,0	3,2	103,1
Hlíðabær, Reykjavík	41,9	41,1	42,5	3,4	1,4
Lindargata, Reykjavík	37,9	38,3	39,5	3,1	4,2
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	72,7	74,6	77,1	3,4	6,1
Múlubær, Reykjavík	63,0	58,0	59,9	3,3	-4,9
Friðuhús, Reykjavík	31,7	31,0	32,0	3,2	0,9
Dagvistun aldraðra, aðrar	233,9	249,1	273,8	9,9	17,1
Samtals	15.199,6	16.864,6	19.139,0	13,5	25,9

405-447 Hjúkrunarheimili. Gert er ráð fyrir að heildarframlög ríkissjóðs til reksturs hjúkrunarheimila á fjárlagaliðum 405-447 nemi 14.867 m.kr. en er 14.092 í fjárlögum þessa árs. Þar af eru 12.950,7 m.kr. til reksturs hjúkrunarrýma á þessum heimilum, 1.425,4 til reksturs dvalarrýma og 194,9 m.kr. til reksturs dagvista. Þá eru 200,3 m.kr. til reksturs geðrýma og 95,7 m.kr. til sérstakrar endurhæfingardeildar að Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Reykjavík. Reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðar á hjúkrunarrými hefur verið í notkun frá árinu 2003. Eru daggjöld vegna hjúkrunarrýma reiknuð út í samræmi við breytingu á umönnunarþyngd og skiptir heildarfjárhæð á milli hjúkrunarheimila að teknu tilliti til fjölda hjúkrunarrýma og stærðarhagkvæmni. Hjúkrunarheimilið Sóltún, Reykjavík fær einnig greidd daggjöld í samræmi við umönnunarþyngd en er hins vegar ekki hluti af reiknilíkani sem skiptir heildarfjárhæð á milli öldrunarheimila. Grunnbyggjalda miðað við þyngdarstuðulinn 1.00 er samkvæmt frumvarpinu 16.912 kr. og er þá miðað við 100% nýtingu án húsgjalds. Gjaldið miðast við að tiltekin lágmarksþjónusta sé veitt í faglegri umönnun, aðbúnaði og annarri þjónustu. Greiðsla til hvers heimilis tekur jafnframt mið af daglegri nýtingu rýma og getur því verið önnur en frumvarpið sýnir. Í yfirliti er sýnd skipting reiknilíkans á heildarútgjöldum til reksturs hjúkrunarrýma.

470-477 Dagvistun aldraðra. Gert er ráð fyrir að heildarstyrkur til þeirra heimila sem undir fjárlagaliðina falla nemi 537,8 m.kr. á næsta ári og hækki um 16 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytinga. Hækkun skýrist af því að frumvarpið gerir ráð fyrir að dagvistarrýmum fjölgi t.d. í Borgarnesi, Stykkishólmi, Búðardal, Reykhólum, Patreksfirði, Hólmavík, Fáskrúðsfirði og Hvolsvelli.

Hjúkrunarrými, reiknilíkan	Greiðslu- stuðull um- önnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar- kostnaður m.kr.	Heildar- kostnaður m.kr.	Þar af verðlags- breyting m.kr.
Ný hjúkrunarrými	1,00	64	243,3	164,0	407,3	11,9
Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	1,01	101	406,4	269,4	675,8	29,5
Hrafnista, Reykjavík	1,10	246	1.021,2	620,3	1.641,6	75,4
Hrafnista, Hafnarfirði	1,08	158	643,5	402,5	1.046,0	47,9
Grund, Reykjavík	1,04	187	732,6	467,7	1.200,3	55,3
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,10	73	303,0	185,4	488,5	22,4
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,06	109	435,4	277,8	713,2	32,6
Hjúkrunarheimilið Eir	1,04	173	690,9	449,1	1.140,0	51,1
Garðvangur, Garði	1,02	39	155,8	101,4	257,2	11,8
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,10	70	290,6	176,9	467,5	21,4
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,10	82	340,4	209,0	549,4	25,1
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,12	28	123,2	74,0	197,2	9,0
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	1,00	18	70,5	47,2	117,7	5,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	1,04	20	81,5	52,4	133,9	6,2
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,83	13	43,0	34,4	77,3	3,5
Seljahlíð, Reykjavík	1,00	28	109,6	74,0	183,7	8,4
Víðines	0,92	38	137,1	100,4	237,6	10,9
Höfði, Akranesi	1,02	48	184,4	122,4	306,7	14,0
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	0,96	24	88,5	61,6	150,2	6,9
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	0,88	10	34,6	26,4	61,0	2,7
Fellaskjól, Grundarfirði	0,85	10	33,8	26,6	60,4	2,8
Jaðar, Ólafsvík	0,77	10	30,9	26,5	57,4	2,6
Fellsendi, Búðardal	0,88	28	96,9	74,0	170,9	7,8
Barmahlíð, Reykhólum	0,85	14	47,3	37,7	85,0	3,9
Dalbær, Dalvík	0,92	24	85,0	62,2	147,2	6,7
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,02	170	653,0	430,0	1.082,9	49,6
Uppsalar, Fáskrúðsfirði	1,00	13	50,9	34,3	85,3	3,9
Samn. við Sveitarf. Hornafjörð, öldrunarþj.	1,02	26	103,9	67,6	171,5	7,9
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1,00	17	66,6	45,0	111,5	5,1
Hjallatún, Vík	0,79	12	37,9	31,8	69,8	3,2
Kumbaravogur, Stokkseyri	1,00	42	161,3	105,7	267,0	12,3
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	1,04	26	101,9	65,3	167,1	7,6
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,00	31	119,1	80,5	199,6	9,1
Holtsbúð, Garðabæ	1,04	40	163,0	104,3	267,3	12,3
Vífilsstaðir, Garðabæ	1,04	50	199,8	129,9	329,7	15,1
Samtals	1,04	2.042	8.086,7	5.238,0	13.324,7	601,3

492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Rekstrarframlag hækkar um 12,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 10 m.kr. vegna kaupa á aukinni þjónustu í samræmi við gildandi þjónustusamning. Jafnframt eru fjárheimildir stofnunarinnar færðar á eitt viðfangsefni. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts og hins vegar áformum um hækkun komugjalda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	43,4	47,6	49,2	3,4	13,4
Hlaðgerðarkot	69,9	75,8	78,3	3,3	12,0
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.108,6	1.196,5	1.236,9	3,4	11,6
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	426,7	473,0	500,4	5,8	17,3
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingastofnun	372,6	395,0	407,6	3,2	9,4
Hlein	88,9	95,4	98,8	3,6	11,1
Samtals	2.110,1	2.283,3	2.371,2	3,8	12,4

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar, almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 505-588 sem eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Liðurinn 568 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu fellur niður og framlagið færast á lið 779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	127,1	499,4	894,3	79,1	603,6
Sjúkraflutningar	664,1	715,1	739,3	3,4	11,3
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	3.853,4	3.910,2	4.255,0	8,8	10,4
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	126,5	132,9	141,5	6,5	11,9
Læknavaktin	239,1	247,6	246,4	-0,5	3,1
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	123,9	117,8	126,0	7,0	1,7
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	80,1	85,3	87,5	2,6	9,2
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	49,0	52,1	57,2	9,8	16,7
Heilsugæslustöðin Búðardal	81,5	80,9	83,2	2,8	2,1
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	57,4	49,8	58,2	16,9	1,4
Heilsugæslustöðin Dalvík	72,6	82,9	88,2	6,4	21,5
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	413,3	424,6	438,2	3,2	6,0
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	142,0	187,5	220,6	17,7	55,4
Samtals	6.030,0	6.586,1	7.435,6	12,9	23,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 518,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar vegur þyngst 300 m.kr. til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu með því að efla heimahjúkrun. Lagt er til að komugjöld heilsugæslustöðva hækki 1. janúar 2008 sem nemur tæpum 40 m.kr. fyrir heilt ár.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 894,3 m.kr. og aukist um 389,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir, en þar af eru framlög til stofnkostnaðar 46,9 m.kr. Hækkun rekstrargjalda skýrist í fyrsta lagi af 300 m.kr. til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu þrátt fyrir veikindi og minnkaða færni með því að efla hjúkrun í heimahúsum og heimaaðhlyningu. Framlagið er í samræmi við samkomulag við eldri borgara frá miðju ári 2006. Í öðru lagi eru 35 m.kr. til að efla heilsugæslu og forvarnir á sviði geðsjúkdóma og geðraskana með því m.a. að ráða klíniska sálfræðinga til starfa innan heilsugæslunnar og styrkja þannig grunnþjónustu í greiningu og meðferð vægari tilfella. Þar með á að draga úr álagi á stofnanir sem veita sérhæfða meðferð. Þá hefur tilraunaverkefni um hugræna atferlismeðferð tekist vel þar sem það hefur staðið til boða og er áformað að fjölga þeim heilsugæslustöðvum sem bjóða upp á hliðstæða þjónustu. Í þriðja lagi er óskað eftir 30 m.kr. til hagræðingar og endurskoðunar á rekstrarformum heilsugæslustöðva, auka aðgengi og skilvirkni í starfsemi og undirbúa kaup á þjónustu með útboðum í ríkara mæli. Í fjórða lagi er farið fram á 11,4 m.kr. til að kaupa eða leigja nýtt húsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Árbæjarhverfi sem þjónar nýjum ört vaxandi hverfum í Reykjavík svo sem Grafarholti og Norðlingaholti. Á móti kemur að samtals 33,8 m.kr. færast af liðnum á aðra fjárlagaliði innan málaflokksins og heilsugæslu heilbrigðisstofnana. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir 43,3 m.kr. til stofnkostnaðar og þar af eru 35 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði í nýja heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi. Þá er 7 m.kr. vegna tímabundins verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um rafræn samskipti milli notenda og heilsugæslustöðvar. Loks gengur til 1,3 m.kr. til baka vegna tímabundinna frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 739,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt frumvarpinu lækkar viðfangefni *1.11 Sjúkraflutningar* um 15,1 m.kr. Helstu breytingar eru þær að annars vegar er lagt til að 7,2 m.kr. verði varið til kaupa á sjúkraflutningaþjónustu en hins vegar færast 21,3 m.kr. til sjúkraflutninga á öðrum viðfangsefnum. Enn fremur er óskað eftir að 1 m.kr. færast af liðnum til landlæknis til að mæta kostnaði við prentun eyðublaða sem notuð eru í sjúkraflutningum. Á viðfangsefni *1.12 Útvegum og rekstur sjúkrabifreiða* er farið fram á 8,4 m.kr. vegna aukins kostnaðar af nýjum samningi við Rauða kross Íslands um útvegum og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga sem gildir til ársloka 2010 auk 15 m.kr. millifærslu sem áður er nefnd undir þessum lið. Loks er fellur niður á viðfangefni *1.15 Sjúkraflug* 6,3 m.kr. framlag vegna tímabundinnar staðsetningar sjúkraflugvélar á Ísafirði.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 4.255 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 201,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að 20 m.kr. verði varið til að stytta biðtíma eftir þjónustu á miðstöð heilsuverndar barna. Er gert ráð fyrir 10 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagalafrumvarpi 2007. Í öðru lagi er lagt til að 18 m.kr. verði færðar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga innan heilsugæslunnar. Áformað er að starfrækja teymi sérhæfðra starfsmanna sem skipuð verða læknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum og öðru starfsfólki eftir því sem við á. Markmiðið er að tryggja að hvert barn fái þjónustu við hæfi og stuðla að öflugri samvinnu allra þeirra sem veita þjónustu á þessu sviði. Jafnframt verði lögð aukin áhersla á fræðslu og forvarnir til foreldra ungra barna. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að 172 m.kr. verði fluttar af læknskostnaði sjúkratrygginga á þennan lið þar sem framkvæmd samnings við sjálfstætt starfandi heimilislækna flyst þangað. Auk þess er 1,5 m.kr. flutt af Tryggingastofnun vegna umsýslu með þeim samningi. Í fjórða lagi er tillaga um 10,2 m.kr. framlag til að mæta auknum leigukostnaði af nýju húsnæði heilsugæslustöðvarinnar í Hamraborg, Kópavogi. Í fimmta lagi er lögð til millifærsla á 4,4 m.kr. fjárheimild af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla skólaheilsugæslu í Brúarskóla og Öskjuhlíðarskóla. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að 10,7 m.kr. flytjist af liðnum til Landspítala þar sem áformað er að skoðun á verðandi mærdum sem taldar eru í áhættuhóp flytjist þangað. Í sjöunda lagi er enn fremur gert ráð fyrir að 1,4 m.kr. flytjist af liðnum vegna flutnings ljósmæðra frá Miðstöð mæðraverndar til Heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla. Loks er rekstrarumfang heilsugæslunnar sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 120 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

515 Heilsugæslustöðin Lágmúla, Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 141,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af millfærslum innan málaflokksins vegna flutnings ljósmæðra til stöðvarinnar frá Miðstöð mæðraverndar. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

517 Læknavaktin. Rekstrargjöld verða 246,4 m.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu og jafngildir það um 8,4 m.kr. lækkun að raungildi milli ára. Breytingin skýrist annars vegar af 1,9 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði af auknum komum samkvæmt samningi og 10,3 m.kr. auknum sértekjum vegna áforma um hækkun komugjalda.

- 522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 126 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 4,5 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts
- 525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 57,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 3,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 3,2 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.
- 551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 58,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 6,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 5,2 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.
- 552 Heilsugæslustöðin Dalvík.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 88,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 2 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.
- 553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 438,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatt en á móti koma áform um hækkun komugjalda.
- 588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 220,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annars vegar af 23,5 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði af auknum komum samkvæmt samningi og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana. Liðurinn 779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands er nýr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	347,8	484,0	363,0	-25,0	4,4
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.282,6	1.297,4	1.355,9	4,5	5,7
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	327,9	334,6	346,9	3,7	5,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	204,8	219,3	234,1	6,7	14,3
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	753,5	726,3	769,8	6,0	2,2
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	140,1	135,9	140,3	3,2	0,1
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	135,2	129,9	133,9	3,1	-1,0
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	234,7	239,4	248,7	3,9	6,0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	332,0	355,3	367,2	3,3	10,6
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	731,8	739,8	775,2	4,8	5,9
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	329,6	357,8	370,1	3,4	12,3
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	762,2	784,0	814,3	3,9	6,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.519,2	1.587,1	1.647,5	3,8	8,4
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	153,6	163,5	171,3	4,8	11,5
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	562,5	588,6	608,5	3,4	8,2
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.492,1	1.454,5	1.548,3	6,4	3,8
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.267,1	1.288,4	1.371,9	6,5	8,3
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.155,1	1.030,2	1.091,6	6,0	-5,5
Samtals	11.731,8	11.916,0	12.358,5	3,7	5,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 229,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Lagt er til að komugjöld heilsumgæslusviða heilbrigðisstofnana hækki 1. janúar 2008 sem nemur rúmum 20 m.kr. fyrir heilt ár.

700 Heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að útgjöld á liðnum verði 363 m.kr. á árinu 2008. Þar af eru 255,5 m.kr. til stofnkostnaðar, 73,4 m.kr. til viðhalds og 34,1 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Helstu breytingar eru að framlög til stofnkostnaðar lækka um 102,2 m.kr., þar sem verkefnum er lokið. Á árinu 2008 eru hins vegar fyrirhugaðar framkvæmdir við neðangreindar heilbrigðisstofnanir:

Stofnkostnaður, m.kr.	Fjárlaga- frumvarp 2008
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	60,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	37,0
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	98,0
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	60,5
Samtals	255,5

Þá lækka framlög á liðnum til tækja og búnaðar um 18,8 m.kr. og veða þar þyngst millifærslur af liðnum til heilbrigðisstofnana vegna rekstrarleigu á myndgreiningar-búnaði.

711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 1.355,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 15,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af 5,5 m.kr. framlagi vegna aukinna útgjalda stofnunarinnar sem rakín eru m.a. til tilskipunar Evrópusambandsins um vinnutímatilhögun. Þá eru 5,9 m.kr. færðar til stofnunarinnar af öðrum liðum. Er þar annars vegar um að ræða 4,9 m.kr. vegna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar og 1 m.kr. til eflingar geðheilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk á Vesturlandi. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 234,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 8 m.kr. til að auka heimahjúkrun og skólaheilsugæslu en breytt aldurssamsetning íbúa á starfssvæði stöðvarinnar kallar á aukna heimahjúkrun. Einn hjúkrunarfræðingur sem starfar á heilsugæslusviði sem annar ekki að þjónusta stórt svæði. Þá er lagt til að dagþjónusta verði eflað svo og hvíldarinnlagnir í þéttbýliskjörnum Vestur-Barðastrandarsýslu. Gert ráð fyrir 2 m.kr. til þessa verkefnisins í fjárukalagafrumvarpi 2007. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 769,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 18,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst tillaga um 8 m.kr. framlag til að auka og samþætta heimahjúkrun við heimaþjónustu bæjarins. Gert ráð fyrir 4 m.kr. til þessa verkefnis í fjárukalagafrumvarpi 2007. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Þá er lagt til að 6,3 m.kr. verði færðar af lið 08-501 *Sjúkraflutningar* til stofnunarinnar til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

- 751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.** Rekstrarútgjöld stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 775,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 12,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helsta breyting skýrist af 5,3 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.
- 761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.** Samkvæmt frumvarpinu eru rekstrarútgjöld stofnunarinnar 814,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 3,3 m.kr. vegna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar sem er millifært af safnlið málaflokksins og 3 m.kr. tillögu til reksturs reyksímans hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.
- 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.** Rekstrarútgjöld stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 1.647,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veita 4,5 m.kr. tímabundið framlag til eins árs til að stuðla aukinni samvinna þeirra er veita frumþjónustu innan heilbrigðiskerfisins og er tilraunaverkefnið til eins árs. Gert er ráð fyrir 1,5 m.kr. til verkefnisins í fjárukalagafrumvarpi 2007. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.
- 779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.** Þessi fjárlagaliður er nýr. Á þennan lið eru fluttar fjárheimildir á fjárlaglið 08-568 *Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð* og viðfangefni 1.81 *Sjúkrarými og fæðingar* á lið 08-437 *Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörður um öldrunarþjónustu*. Rekstrarútgjöld heilbrigðisstofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 171,3 m.kr. á næsta ári. Breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.
- 787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 1.548,3m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 43,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar er annars vegar um að ræða 26,5 m.kr. framlag til samræmis við daggjaldagreiðslur hjúkrunarrýma samkvæmt reiknilíkani til dvalar- og hjúkrunarheimila. Þá er óskað eftir 16 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga á starfssvæði stofnunarinnar. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Rekstrargjöld stofnunarinnar verða 1.371,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 38,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst 30,9 m.kr. framlag til samræmis við daggjaldagreiðslur hjúkrunarrýma samkvæmt reiknilíkani til dvalar- og hjúkrunarheimila. Þá er lagt til að veitt verði 4,5 m.kr. tímabundið framlag til eins árs til að stuðla aukinni samvinna þeirra er veita frumbjónustu innan heilbrigðiskerfisins sem er tilraunaverkefnið til eins árs. Gert er ráð fyrir 1,5 m.kr. til verkefnisins í fjárukalagafrumvarpi 2007. Enn fremur er 4,1 m.kr. færð af safnlið til að mæta kostnaði við rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.091,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 27,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það í fyrsta lagi af 6,8 m.kr. framlagi vegna aukinna útgjalda stofnunarinnar sem rakin eru m.a. til tilskipunar Evrópusambandsins um vinnutímatilhögun. Í öðru lagi er tillaga um 5,1 m.kr. framlag til samræmis við daggjaldagreiðslur hjúkrunarrýma samkvæmt reiknilíkani til dvalar- og hjúkrunarheimila. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 4,2 m.kr. til að mæta kostnaði við for- og eftirskoðanir vegna augasteins- og glákuaðgerða. Þá er lagt til að 8,8 m.kr. verði millifærðar af safnlið málaflokksins til að greiða fyrir rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

Eftirlits- og stjórnarsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	218,9	233,7	280,0	19,8	27,9
Lýðheilsustöð	281,8	324,6	299,3	-7,8	6,2
Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands	196,2	118,0	121,9	3,3	-37,9
Sjónstöð Íslands	115,7	147,3	169,2	14,9	46,2
Geislavarnir ríkisins	67,0	70,2	72,4	3,1	8,1
Lyfjastofnun	203,3	162,1	166,5	2,7	-18,1
Samtals	1.082,9	1.055,9	1.109,3	5,1	2,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 22,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

- 301 Landlæknir.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 38,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Þar vegur þyngst 28 m.kr. framlag til að efla eftirlit með faglegum rekstri heilbrigðisþjónustu og skráningu rekstraraðila. Þá er gerð tillaga um 9,2 m.kr. til að efla umsjón og eftirlit með vistunarmati og vistunarmatsskrá en upplýsingar úr skránni eru notaðar til að meta ástand og þörf einstaklinga sem eru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Verkefnið var áður fjármagnað af Framkvæmdasjóði aldraðra. Enn fremur er lagt til að 1 m.kr. flytjist af lið sjúkraflutninga til embættisins til að mæta kostnaði við gerð og útgáfu eyðublaða til sjúkraflutninga. Þá er rekstrarumfang embættisins sem fjármagnað er með sértekjum hækkað um 30 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins.
- 305 Lýðheilsustöð.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 299,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 32 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í tengslum við lækkun skatta á matvæli var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af áfengi lækkaði niður í 7% skattþrep en að áfengisgjald hækkaði á móti þannig að útsöluverð áfengis yrði því sem næst óbreytt. Þar sem Forvarnasjóður er fjármagnaður með 1% hlutdeild í áfengisgjaldinu hefði þessi breyting á skattkerfinu leitt til aukins fjárstreymis til sjóðsins og var gert ráð fyrir hækkun á fjárheimild hans við 2. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 2007 vegna þess. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er fjárheimild og fjármögnun sjóðsins því færð aftur í fyrra horf en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu á næsta ári. Þá er rekstrarumfang stofnunarinnar sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 20 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins.
- 326 Sjönstöð Íslands.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 169,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að efla þjónustu við blinda og sjónskerta nemendur með ráðningu þriggja umferlis- og ADL þjálfara. Tillagan er hluti bráðaáðgerða til að efla þjónustu við blinda og sjónskertra nemendur. Gerð er tillaga um 14 m.kr. til þessa máls undir fjárlagalið menntamálaráðuneytis 02-319 1.14 Framhaldsskólar, almenn. Í fjárukaalagafrumvarpi 2007 er gerð tillaga um 11,5 m.kr. til þessa verkefnis undir þessum lið og 9,5 m.kr. undir fyrrnefndum lið menntamálaráðuneytis.
- 397 Lyffjastofnun.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 166,5 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt fjárhæð að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 36,7 m.kr. leiðrétting á

sértekjum stofnunarinnar og þar af er 16,7 m.kr. hækkun sértekna vegna útselda vinnu sérfræðinga fyrir Lyfjamálastofnun Evrópu. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjaldaramma stofnunarinnar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	250,2	265,7	281,8	6,1	12,6
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	822,5	972,3	1.154,0	18,7	40,3
Samtals	1.072,7	1.238,0	1.435,8	16,0	33,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 150 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

340 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 281,8 m.kr. og aukist um 7,8 m.kr. á næsta ári umfram verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5 m.kr. framlagi til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til eflingar starfseminni vegna aukins fjölda meðferða í samræmi við ákvæði þjónustusamnings sem gildir til ársloka 2009. Þá er óskað eftir 2,5 m.kr. til að gera Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík kleift að fjölga sjúklingum, sem njóta endurhæfingar á stöðinni en til þess þarf að gera breytingar á húsnæði stöðvarinnar. Loks gengur til baka 0,3 m.kr. tímabundið framlag vegna frestunar framkvæmda á yfirstandandi ári.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.154 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 142,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til 40 m.kr. hækkun á framlagi til að niðurgreiða fleiri heyrnartæki. Í öðru lagi er óskað eftir 34 m.kr. sem er hlutur heilbrigðisráðuneytis í sameiginlegu átaki þriggja ráðuneyta til að bregðast við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúræðum og hertri löggæslu. Er það hluti af 100 m.kr. framlagi sem skiptist á þrjú ráðuneyti. Hin tvö eru dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Í þriðja lagi er lagt til 5 m.kr. tímabundið framlag til að gera þjónustusamning við Blindrafélagið og Daufblindrafélagið um útvegum, þjálfun og rekstur fjögurra blindrahundum til ársloka 2012. Framlag ráðuneytisins í heild nemur 14 m.kr. til þessa verkefnis en framlag Blindrafélagsins og Daufblindrafélagsins samtals 6 m.kr. Í fjórða lagi eru 11. m.kr. til „Kvikunnar - vefur sjúklinga og aðstandenda“, sem er verkefni

Íslenska upplýsingasamfélagins. Aðrar breytingar skýrast af millifærðum heimildum og tímabundnum verkefnum sem falla niður.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis		
Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	2,5	2,5
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Missoc þátttökugjald	2,2	2,5
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,5	2,5
Samkomulag um kaup og þjálfun 5 blindrahunda	0,0	5,0
Óskipt	1,4	6,1
Samtals	10,6	20,6

Á viðfangsefni 1.98 *Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* er gert ráð fyrir 20,6 m.kr. útgjöldum á árinu 2008 sem er 9,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs miðað við fast verð. Innan viðfangsefnisins hækkar óskip fjárheimild um 4,7 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-5.01	Heilsugæslustöðvar. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-5.50	Heilbrigðisstofnanir. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilbrigðisstofnanir.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	16.989,8	13.302,0	17.797,1	34	5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	23.423,8	21.599,4	28.298,1	31	21
Stofnkostnaður og viðhald	1.484,1	1.484,7	2.664,4	79	80
Samtals	41.897,7	36.386,1	48.759,6	34	16
Greitt úr ríkissjóði	-	31.115,0	37.700,0	21	-
Innheimt af ríkistekjum	-	577,1	2.069,6	259	-
Viðskiptahreyfingar	-	4.694,0	8.990,0	92	-
Samtals	-	36.386,1	48.759,6	34	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 53.410 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.651 m.kr. en þær nema 8,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 48.760 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 37.700 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.070 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 8.990 m.kr., færast til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.797 m.kr. og hækka um 4.495 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eiga um 3,5 milljarðar króna rætur að rekja til launa- og verðlagsbreytinga og munar þar mest um að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,2 milljarða hækkun á fjárheimild til að mæta hugsanlegum kostnaðarhækkunum í rekstri annarra ráðuneyta vegna óvissu um niðurstöðu kjarasamninga á næsta ári. Að þessu frátöldu vegur þyngst 602 m.kr. fjárveiting samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um mótvægisáðgerðir vegna niðurskurðar á þorskkvóta, sem fyrirhugað er að skipta niður á verkefni annarra ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir 540 m.kr. hækkun á útgjaldaheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem einnig færast á tekjuhlíð frumvarpsins. Skýrist það af góðri afkomu ríkissjóðs og auknum inneignum í Seðlabanka Íslands. Auk þess er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi að fjárhæð 280 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón fyrrum varnarsvæðis við Keflavíkurflugvöll, sem flutt er frá utanríkisráðuneyti. Þá gerir endurskoðuð áætlun um lífeyrisskuldbindingar ráð fyrir að þær hækki um 96 m.kr. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna innheimtukostnaðar hækki um 50 m.kr. í ljósi útkomu síðustu ára og loks er í frumvarpinu fjárveiting til að standa undir 36 m.kr. rekstrarkostnaði í tengslum við nýja gegnumlýsingarþefreið fyrir tollgæsluna. Á móti falla niður nokkur rekstrarframlög, en þau nema alls um 628 m.kr. Mest


munar um 620 m.kr. fjárheimild sem ætluð var til að mæta fasteignagjöldum af húsnæði í eigu ríkisins sem áður var undanþegið álagningu, s.s. af skólum og heilbrigðisstofnunum. Hefur sú fjárheimild verið flutt á hlutaðeigandi stofnanir hjá öðrum ráðuneytum. Rekstrarumfang sumra stofnana ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára og í nokkrum tilvikum hefur umfangið verið ofmetið. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því ýmist að hækka eða lækka hvoru tveggja. Dregst rekstrarveltan við það saman um 96 m.kr., nettó. Rekstrargjöld umfram sértekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 6.699 m.kr. og verða 28.298 m.kr. Þyngst vegur fjárheimild fyrir gjaldfærðar afskriftir á skattkröfum en gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þær hækki um 4 milljarða króna og verði þá alls 10 milljarðar. Þá er gert ráð fyrir að 500 m.kr. af útgjöldum í tengslum við mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskkvóta færist sem tilfærsluframlög en fyrirhugað er að þau verði flutt á verkefni hlutaðeigandi ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins. Reiknað er með að framlag til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða aukist um tæpar 480 m.kr. á næsta ári en það er fjármagnað með auknum tekjum af hlutdeild í tryggingagjaldi. Þessu til viðbótar er áætlað að vaxtabætur vegna húsnæðislána aukist um 350 m.kr. og barnabætur um 300 m.kr. Loks er fjárheimild vegna tilfærslna á launa- og verðlagslið frumvarpsins hækkuð um 800 m.kr. vegna óvissu um verðlagsbreytingar á bótum almannatrygginga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.664 m.kr. og er það 1.180 m.kr. hækkun milli ára. Helsta breytingin skýrist af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskkvóta. Fjárheimild til stofnkostnaðar og viðhalds vegna þeirra áðgerða nemur alls 673 m.kr. en henni verður skipt á milli hlutaðeigandi ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins eins og áður getur. Þá ganga til baka ráðstafanir ríkisstjórnarinnar samkvæmt gildandi fjárlögum um tímabundna frestun á framkvæmdum og á viðhaldi fasteigna í eigu ríkisins en það leiðir til um 350 m.kr. hækkunar á fjárheimildum. Loks má nefna að í frumvarpinu er 50 m.kr. framlag til þess að undirbúa framkvæmdir á tollhúsinu við Tryggvagötu. Þá lækka fjárveitingar til stofnkostnaðarverkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um 24 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 971 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	407,3	420,3	420,3	420,3	420,3
Tekjubókhaldskerfi	A	282,8	291,9	291,9	291,9	291,9
Skattvinnslukerfi	A	280,9	289,9	289,9	289,9	289,9
Lánasúmsýsla Seðlabanka Íslands	A	0,0	75,0	75,0	75,0	75,0
Samtals		971,0	1.077,1	1.077,1	1.077,1	1.077,1

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 420 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó verður nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru

samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema rúmum 290 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um vefframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður hefur verið nýr samningur við Seðlabanka Íslands um að bankinn taki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hefur haft með höndum eins og nánar er greint frá undir liðnum *976 Lánaumsýsla ríkissjóðs* hér á eftir. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1.080 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	550,5	571,3	632,4	10,7	14,9
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	550,5	577,3	638,4	10,6	16,0

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins hækkar um 40 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Með breytingum sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði, auknum kröfum um þekkingu, fagleg vinnubrögð og árangur starfsmanna, þarf ráðuneytið að styrkja innviði sína og bæta þekkingu á nokkrum sviðum. Af fjárhæðinni eru 25 m.kr. vegna áforma um að efla stefnumörkun á vegum ráðuneytisins í tengslum við það að starfsemi Lánasýslu ríkisins verður hætt og fjárveiting hennar fellur niður og færast til aðalskrifstofunnar og annarra fjárlagaliða ráðuneytisins. Þar er því um að ræða tilfærslu á fjárheimildum innan útgjaldaramma ráðuneytisins en ekki aukningu. Einnig er gert ráð fyrir auknu rekstrarumfangi aðalskrifstofunnar með hækkun á útgjaldaheimild og sértekjum um 4 m.kr. en það hefur engin áhrif á framlög úr ríkissjóði.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	1.027,3	1.021,8	1.078,2	5,5	5,0
Skattstofan í Reykjavík	372,1	397,2	409,5	3,1	10,1
Skattstofa Vesturlands	77,0	79,5	82,5	3,8	7,1
Skattstofa Vestfjarða	33,9	37,6	39,2	4,3	15,6
Skattstofa Norðurlands vestra	40,3	40,3	41,9	4,0	4,0
Skattstofa Norðurlands eystra	104,9	121,0	125,2	3,5	19,4
Skattstofa Austurlands	48,5	53,6	55,8	4,1	15,1
Skattstofa Suðurlands	63,9	62,7	65,1	3,8	1,9
Skattstofa Vestmannaeyja	25,9	25,3	26,6	5,1	2,7
Skattstofa Reykjanes	231,3	243,8	271,9	11,5	17,6
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	9,9	70,8	73,3	3,5	640,4
Yfirséðanefnd	108,6	108,5	113,6	4,7	4,6
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	158,1	161,4	166,9	3,4	5,6
Innheimtukostnaður	327,5	316,3	380,2	20,2	16,1
Tollstjórinn í Reykjavík	1.070,5	1.193,7	1.312,5	10,0	22,6
Samtals	3.699,7	3.933,5	4.242,4	7,9	14,7

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka um alls 170,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mest um 50 m.kr. fjárveitingu vegna áætlaðs innheimtukostnaðar ríkisins. Að auki er í frumvarpinu gert ráð fyrir 30 m.kr. hækkun á tímabundinni fjárveitingu til kaupa á gegnumlýsingarþifreið sem nota á við tollskoðun og 36 m.kr. fjárveitingu til þess að reka þifreiðina. Þá er lagt til að framlag til Skattstofu Reykjanesumdæmis verði aukið um 20 m.kr. vegna fjölgunar framteljenda í umdæminu og samræmingar á launakjörum starfsfólks.

102 Ríkisskattstjóri. Fjárheimild embættisins hækkar um 22,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 1.078,2 m.kr. Launa- og verðlagshækkunar nema 34,3 m.kr. Að öðru leyti er um að ræða 10 m.kr. framlag vegna breytinga á umfangi ársreikningaskrár og 10 m.kr. vegna hækkana á þjónustusamningi við Skýrr um rekstur á skattvinnslukerfum. Gert er ráð fyrir auknu rekstrarumfangi embættisins með hækkun á útgjaldaheimild og sértekjum sem nemur 5 m.kr. en það hefur engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

202-211 Skattstofur. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld skattstofa hækki um 20 m.kr. frá fjárlögum ársins 2007 umfram launa- og verðlagsbreytingar. Um er að ræða fjárveitingu til Skattstofu Reykjanesumdæmis vegna þeirrar fjölgunar sem orðið hefur á einstaklingum og lögaðilum í umdæminu og til þess að samræma laun starfsfólks skattstofunnar og starfsmanna annarra stofnana skattkerfisins. Launa- og verðlagsbreytingar nema alls 36,7 m.kr. á næsta ári.

212 Skatta- og tollamál. Fjárveitingar til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins eru því sem næst óbreyttar. að raungildi frá fjárlögum þessa árs en launa- og verðlagsbreytingar nema 2,5 m.kr.

250 Innheimtukostnaður. Gert er ráð fyrir að auka þurfi útgjaldaheimild vegna innheimtu-kostnaðar ríkissjóðs um 50 m.kr. Útgjöldin hafa verið vanmetin í áætlunum undanfar-inna ára. Miðað er við svipað umfang og árið 2006. Staða liðarins hefur jafnan verið felld niður í árslok í lokafjárlögum þannig að halli hefur ekki safnast upp milli ára.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.312,5 m.kr. í frum-varpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem nema 40,8 m.kr., hækkar fjárheimildin um 78 m.kr. Munar þar mest um 30 m.kr. tímabundna hækkun á 120 m.kr. fjárheimild sem veitt var í fjárukalögum ársins 2006 til þess að kaupa nýja gegnumlýsingarþjónu og 36 m.kr. til þess að straum af kostnaði í tengslum við rekstur bifreiðarinnar svo sem vegna mönnunar hennar. Auk þess er gert ráð fyrir 15 m.kr. fjárveitingu til eins árs til þess að ráðast í þarfagreiningu og kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á núverandi tölvuvinnslu tollakerfisins, sem er eitt af helstu innheimtu-kerfum ríkisins, en hugbúnaður þess er að stórum hluta orðinn tuttugu ára gamall. Tímabundið framlag að fjárhæð 3 m.kr. til kaupa á fíkniefnahundi sem veitt var í fjár-lögum þessa árs fellur niður. Gert er ráð fyrir auknu rekstrarumfangi embættisins með hækkun á útgjaldaheimild og sértekjum um 35 m.kr. en það hefur engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflökks teljast tveir fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Áætlað er að útgjöld málaflökksins nemi 6.480 m.kr. árið 2008 og hækki um liðlega 670 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

381 Lífeyrisskuldbindingar Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsupp-bætur á lífeyri og reiknuð breyting skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum skuldbindingum með iðgjöldum. Í árslok 2006 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs um 210 milljörðum króna. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina námu samkvæmt ríkisreikningi 113,8 milljörðum króna ásamt vöxtum í árslok 2006. Áætlað er að skuldbindingin hækki í samræmi við launabreytingar og áunnin réttindi árin 2007 og 2008 en að ekki verði teljandi breytingar vegna hækkunar dagvinnulauna umfram heildarlaun eða breyttra reikniforsenda t.d. lífslíkur bótaþega. Ávöxtun lífeyris-

sjóðanna hefur verið mjög góð undanfarin ár og það sem af er ári 2007. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar verði um 5 milljarðar króna á næsta ári sem er tæplega 200 m.kr. hærra en áætlað er í fjárlögum 2007. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkra hærri en gjaldfærslan eða um 6,3 milljarðar króna. Eins og fyrri ár er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu lífeyrissjóðsins. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að nýta hluta af lánsfjárafgangi ársins 2008 til að greiða 4 milljarða króna fyrirfram inn á skuldbindinguna, sem er jafn mikið og í fjárlögum 2007. Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra. Þar sem kjarasamningar við stéttarfélag ríkisstarfsmanna eru lausir á næsta ári er meiri óvissa en ella um áætlunina um breytingu lífeyrisskuldbindinganna.

391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir 478 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu sem m.a. fól það í sér að veitt er framlag úr ríkissjóði til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Seint á árinu 2006 voru sett lög nr. 177/2006 sem kveða á um að af almennu tryggingagjaldi skuli ráðstafa til sjóðanna 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008, 0,25% árið 2009 og 0,325% árið 2010 og eftirleiðis. Miðað við núverandi spár um stofn tryggingagjalds og þróun þjóðhagsforsendna er reiknað með því að framlagið verði um 1.000 m.kr. árið 2007 en 1.478 m.kr. árið 2008 á verðlagi þess árs. Í fjárlögum 2007 var miðað við að framlagið yrði greitt beint út ríkissjóði. Þar sem lögin sem sett voru um stuðninginn fela hins vegar í sér að framlagið verður fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi kemur það í stað beinna greiðslna úr ríkissjóði sem falla þá niður í þessu frumvarpi. Þessi breyting á fjármögnuninni hefur engin áhrif á útgjaldaheimild liðarins.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	6.371,1	8.500,0	8.800,0	3,5	38,1
Vaxtabætur	5.351,3	5.530,0	5.880,0	6,3	9,9
Samtals	11.722,4	14.030,0	14.680,0	4,6	25,2

811 Barnabætur. Samkvæmt frumvarpinu aukast útgjöld vegna barnabóta um 300 m.kr. frá fjárlögum 2007. Í forsendum útreiknings fyrir þeirri áætlun er miðað við að mörk tekjuskerðingar hækki í samræmi við tólf mánaða hækkun launavísitölu Hagstofunnar á miðju ári 2007 og að viðmiðunarfjárhæðir bóta hækki í samræmi við spár um hækkun á vísitölu neysliverðs milli 2007 og 2008.

821 Vaxtabætur. Áætlun um vaxtabætur vegna húsnæðislána gerir ráð fyrir um 350 m.kr. aukningu milli ára. Reikniforsendur áætlunarinnar miðast við að hámark vaxtagjalda og vaxtabóta hækki um 6% milli ára og að skerðingarmörk vegna eigna umfram skuldir hækki um 9%. Verulegir óvissuþættir eru í þeirri áætlun, bæði varðandi umfang íbúðalána og skerðingaráhrif af tekjubróun.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	11.445,8	6.000,0	10.000,0	66,7	-12,6
Fjármagnstekjuskattur	1.266,0	2.125,0	2.665,0	25,4	110,5
Tapaðar kröfur og tjónabætur	15,4	120,0	210,0	75,0	1.263,6
Samtals	12.727,2	8.245,0	12.875,0	56,2	1,2

Fjárheimildir til þessa málefnaflokks nema 12.875 m.kr. og hækka um 4.630 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlun um afskrifaðar skattkröfur er hækkuð um 4 milljarða króna. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Afar erfitt er að áætla nákvæmlega fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Lögð er til hækkun á fjárheimildinni í ljósi þess að fjárhæðin hefur reynst vanmetin síðustu árin. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem lagður er á vaxtatekjur og söluhagnað ríkissjóðs hækki um 540 m.kr. milli ára. Skýrist það einkum af áætlun um að afkoma ríkissjóðs á þessu og næsta ári verði talsvert betri en áður var spáð og að vaxtaberandi inneignir í Seðlabanka Íslands aukist af þeim sökum. Skatturinn færir einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því engin áhrif á afkomu ársins. Loks er fjárheimild til að mæta gjaldfærslum vegna tapaðra krafna aukin um 90 m.kr.

Verðlagsmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2008. Á árinu 2005 voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélag ríkisstarfsmanna innan vébanda Bandalags háskólamanna og Stéttarfélags ríkisstarfsmanna sem gilda fram til loka apríl 2008. Samningar við flest félag ófaglærðra og iðnaðarmanna voru gerðir á árinu 2004 og gilda til loka mars 2008. Gera má ráð fyrir að sambærilegar hækkunarverði úrskurðaðar á næsta ári til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjararáðs. Launaforsendur fyrir fyrsta ársfjórðung næsta árs liggja því að mestu leyti fyrir en óvissa er um hækkunarverði í nýjum kjarasamningum sem gerðir verða í framhaldi af því. Í frumvarpinu hafa launaliðir allra stofnana, þ.m.t. sjálfseignastofnana sem ríkissjóður fjármagnar, verið hækkaðir í samræmi við gildandi kjarasamninga sem flestir kveða á um 2% hækkun þann 1. janúar nk. Í frumvarpinu er ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga en þó er gert ráð fyrir fjárheimild á þessum lið til að mæta kostnaðarauka vegna launahækkana sem nemur tæplega 3,4 milljörðum króna. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.

Samkvæmt þjóðhagsforsendum frumvarpsins er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 3,3% milli árana 2007 og 2008. Í fjárlögum hafa hækkunarverði á öðrum rekstrargjöldum en launum almennt verið miðaðar við þá spá en í þessu frumvarpi er viðmiðuninni breytt að því leyti að gengið er út frá spánni að frátöldum húsnæðislið vísitölunnar. Er sú breyting gerð í ljósi þess að þær miklu sveiflur sem geta orðið á reiknuðum húsnæðiskostnaði vísitölu fjölskyldunnar, t.d. vegna mikilla verðhækkana á íbúðamarkaði, eiga yfirleitt ekki við hjá ríkisstofnunum. Af þessari ástæðu eru önnur rekstrargjöld almennt hækkuð um 3,8% í frumvarpinu eða nokkru meira en spá um meðalhækkun vísitölunnar þar sem áætlað er að á næstunni muni draga úr þenslu á húsnæðismarkaði og að þar með verði hækkunarverði á húsnæðisliðnum heldur minni en á öðrum liðum. Að vanda er í frumvarpinu miðað við að sértekjur stofnana hækki hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkunarverði. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Miðað við forsendur fjárlaga 2007 hefur gengi krónunnar styrkst lítillega, eða um u.þ.b. 1-1,5%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur meira gagnvart bandaríkjadala, eða um 7%. Þetta leiðir til nokkurrar lækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru beinlínis greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinnar alþjóðasamtaka.

Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 3,3% í samræmi við spá um vísitölu neysluverðs. Á launa og verðlagslið frumvarpsins er auk þess gert ráð fyrir fjárheimild sem nemur 800 m.kr. vegna breytinga sem kynnu að verða gerðar á bótum almannatrygginga í ljósi launa- og verðlagsþróunar næsta árs.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurlugvöll.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.040,2	1.143,1	1.232,4	7,8	18,5
Fasteignamat ríkisins	624,9	503,6	514,9	2,2	-17,6
Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins	0,0	620,0	0,0	-100,0	0,0
Framkvæmdasýsla ríkisins	4,0	2,7	2,7	0,0	-32,5
Ríkiskaup	-1,8	0,0	0,0	-	-
Lánasýsla ríkisins	31,5	128,6	0,0	-100,0	-100,0
Lánaumsýsla ríkissjóðs	0,0	0,0	75,0	-	-
Rekstrarfél. Stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	34,4	29,8	31,1	4,4	-9,6
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	188,0	14,5	64,5	344,8	-65,7
Fasteignir ríkissjóðs	-97,2	-242,6	-0,2	-100,0	-100,0
Rekstur fyrrum varnarsv. við Keflavíkurlugvöll	0,0	0,0	290,6	-	-
Samtals	1.824,0	2.199,7	2.211,0	0,5	21,2

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnafloksins eru áætluð 6.435 m.kr. en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 4.224 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu eða sem nemur nálægt 66% af veltunni. Fjárveiting málefnafloksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 2.211 m.kr. og er nánast óbreytt frá fjárlögum 2007 að meðtöldum launa- og verðlagshækkunum.

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.232 m.kr. í frumvarpinu og hækki um 25,3 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkunar. Munar þar mest um 14 m.kr. tímabundna fjárveitingu til þess að gera fjárhags- og mannauðskerfum ríkisins kleift að taka á móti rafrænum reikningum en þar er um að ræða eitt af verkefnum íslenska upplýsingasamfélagsins. Auk þess er gert ráð fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til þess að auka þjónustu við ríkisstofnanir vegna launvinnslu og til þess að innleiða mannauðshluta fjárhags- og mannauðskerfa ríkisins.

- 402 Fasteignamat ríkisins.** Gert er ráð fyrir að fjárveiting stofnunarinnar nemi 514,9 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum er ekki gert ráð fyrir breytingum á fjárreiðum hennar frá fjárlögum þessa árs. Sérstök nefnd um framtíð stofnunarinnar er að störfum og er að vænta niðurstaðna frá henni fyrir árslok.
- 901 Framkvæmdasýsla ríkisins.** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar lækki um rúmlega 5 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 131 m.kr. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tiltekinnna stjórnarsýsluverkefna sem ekki eru seld út.
- 905 Ríkiskaup.** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar lækki um 100 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og veltan nemi 1.405 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.
- 972 Lánasýsla ríkisins.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður fjárveitingar til Lánasýslu ríkisins, sem námu 128,6 m.kr. í fjárlögum 2007. Áformað er að starfsemi stofnunarinnar verði hætt á þessu ári. Með heimild í gildandi lögum hefur verið gerður samningur við Seðlabanka Íslands um að hann taki að sér verkefnin sem stofnunin hefur haft með höndum frá og með 1. október 2007. Markmiðið með samningnum er að stuðla að hagkvæmri og vandaðri lánaumsýslu fyrir ríkissjóð sem byggist á stefnumörkun fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Fyrirhugað er að hluti starfsmanna Lánasýslunnar verði ráðinn til Seðlabankans til að vinna að þessum verkefnum. Í frumvarpinu eru fjárheimildir stofnunarinnar fluttar á þrjá aðra fjárlagaliði. Stærstur hlutinn, eða 75 m.kr., er færður á nýjan lið, *976 Lánaumsýsla ríkissjóðs*, sem ætlaður er fyrir útgjöld vegna samningsins við Seðlabankann. Þá eru 29,2 m.kr. fluttar á *09-999-1.90 Ýmis verkefni* til að standa straum af kostnaði við nokkur sérverkefni á vegum ráðuneytisins. Loks er 25 m.kr. fjárheimild færð á *09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa* til að efla stefnumörkun og sérfræðipækkingu innan ráðuneytisins þ.m.t. á sviði lánsfjármála. Ekki er því um að ræða aukin rekstrarumsvif vegna þessara breytinga heldur eru fjárheimildir færðar til milli verkefna innan útgjaldaramma ráðuneytisins.
- 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs.** Gert er ráð fyrir 75 m.kr. fjárveitingu á þessum nýja fjárlagaliði. Eins og fram kemur í skýringum við liðinn *972 Lánasýsla ríkisins* verður starfsemi stofnunarinnar hætt og tekur Seðlabanki Íslands að sér verkefni hennar samkvæmt samningi við ráðuneytið. Fjárheimild þessa liðar er ætluð til að mæta útgjöldum við þann samning og er hún flutt af fjárlagaliði Lánasýslunnar.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir hækkun fjárheimilda um 1 m.kr. þar sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda og stofnkostnaðar á þessu ári gengur til baka. Að öðru leyti breytast fjárheimildir félagsins í samræmi við launa- og verðlagshækkanir.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild vegna ýmissa fasteigna ríkissjóðs hækki um 50 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Um er að ræða tímabundið framlag til að hefja undirbúning að viðbyggingu við húsnæði embættis tollstjórans í Reykjavík. Þá er gert ráð fyrir fjárheimild að upphæð 14,5 m.kr. sem ætluð er til viðhalds ýmissa stjórnarráðsbygginga. Sú fjárheimild er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar og sértekjur nemi 2.411 m.kr. á verðlagi næsta árs. Helsta breytingin frá fjárlögum þessa árs er að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda, sem hafði í för með sér 250 m.kr. lækkun á viðhaldsframkvæmdum vegna húsnæðis í umsjón stofnunarinnar, gengur til baka. Jafnframt er gert ráð fyrir að rekstrarumfang stofnunarinnar aukist með fjölgun fasteigna í umsjón hennar.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Á þessum nýja fjárlagalið er gert ráð fyrir 280 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón með fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Kostnaðurinn felst m.a. í umsýslu, viðhaldi, öryggisgæslu, umhirðu og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnað hefur verið þróunarfélag sem mun annast um rekstur svæðisins. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignum á svæðinu hefur verið komið í sjálfbær borgaraleg not. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að verkefnið yrði í höndum utanríkisráðuneytisins og fellur jafn há fjárveiting niður á þeim fjárlagalið.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarárvarðanir; 993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	190,0	190,0	0,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Ráðstaf. vegna samdráttar í heimiluðum þorskafli	0,0	0,0	1.775,0	-	-
Ýmislegt	808,6	890,6	977,8	9,8	20,9
Samtals	808,6	1.280,6	3.142,8	145,4	288,7

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 3.143 m.kr. og hækkar um 1.862 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgangi fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 190 m.kr. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafli. Á þessum lið frumvarpsins er gert ráð fyrir samtals 1.775 m.kr. fjárheimild til að standa straum af kostnaði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar á svæðum sem verða fyrir samdrætti í heimiluðum þorskafli á næsta fiskveiðiári. Þar af eru 1.102 m.kr. sem teljast til rekstrargjalda og tilfærslna og 673 m.kr. sem teljast til stofnkostnaðar. Til viðbótar við þessar fjárheimildir eru í frumvarpinu veitt framlög í þessu sama skyni á ýmsum öðrum liðum þannig að samtals nema fjárheimildir vegna mótvægisáðgerða af þessum toga um 4,4 milljörðum króna á næsta ári, eins og nánar er greint frá í umfjöllun um útgjöldin í heild í upphafi þessa kafla. Fyrirhugað er að fjárheimildum þessa liðar verði skipt niður á verkefni annarra ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þessara verkefna nema alls um 977,8 m.kr. og hækka um 69,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að

frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 29,2 m.kr. fjárheimild færist á viðfangsefnið *1.90 Ýmis verkefni*. Eins og fram kemur í skýringum við liðinn *972 Lánasýsla ríkisins* verður starfsemi stofnunarinnar hætt og tekur Seðlabanki Íslands að sér verkefni hennar samkvæmt samningi við ráðuneytið. Við þá breytingu fellur fjárveiting stofnunarinnar niður en hluti hennar er færður á þennan lið til að standa straum af ýmsum sérverkefnum á vegum ráðuneytisins í tengslum við þessar breytingar. Í öðru lagi er á þessu sama viðfangsefni gert ráð fyrir 11 m.kr. framlagi vegna samkomulags ríkisins við stéttarfélög innan BSRB, KÍ og BHM um styrk til að efla mannauðsmál hjá ríkinu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 35 m.kr. tímabundinni fjárveitingu á viðfangsefninu til verkefna tengdum rafrænni innkaupastefnu ríkisins. Um er að ræða fjölmörg verkefni á sviði rafrænna innkaupa og rafrænnar stjórn-sýslu. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu viðfangsefnisins *1.66 Yfirfasteignamatnefnd* til að mæta fjárhagsvanda nefndarinnar. Um er að ræða kostnað samfara auknum umsvifum nefndarinnar. Í fimmta lagi er á viðfangsefninu *6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni* gerð tillaga um 36 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til þriggja verkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða 10 m.kr. til verkefnis um útboðstorg opinberra aðila, 12 m.kr. til verkefnis um skilvirka rafræna þjónustu og gagnasamskipti upplýsingakerfa ríkisins og 14 m.kr. til verkefnis um rafræn skilríki fyrir almenning, fyrirtæki og starfsmenn ríkisins. Á móti falla niður framlög í fjárlögum 2007 að fjárhæð 60,8 m.kr. til annarra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Loks er undir sama viðfangsefnisnúmeri gert ráð fyrir 10 m.kr. tímabundnu framlagi næstu fimm árin til að fjármagna samning sem gerður var við fyrirtækið Auðkenni um samstarf fjármálaráðuneytisins og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja um útgáfu á rafrænum skilríkjum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-1.10	Skatta- og tollamál. Skatteftirlit.	Till skattembætta vegna skatteftirlits.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar
09-481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar.	Ákvarðanir ríkisstjórnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.838,6	7.364,6	7.989,5	8	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.673,3	1.178,0	1.474,6	25	-12
Stofnkostnaður og viðhald	12.207,9	14.787,2	32.880,9	122	169
Samtals	20.719,8	23.329,8	42.345,0	82	104
Greitt úr ríkissjóði	-	6.748,0	16.353,1	142	-
Innheimt af ríkistekjum	-	16.510,4	25.980,1	57	-
Viðskiptahreyfingar	-	71,4	11,8	-83	-
Samtals	-	23.329,8	42.345,0	82	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 46.642,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.297,9 m.kr. en þær nema 9,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 42.345 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.353,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 25.980,1 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 11,8 m.kr., færast til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.989,5 m.kr. og hækka um 624,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 186,6 m.kr. hækkun útgjaldaheimilda á þjónustu Vegagerðarinnar til samræmis við samgönguáætlun. Í öðru lagi hækka rekstrargjöld Flugmálastjórnar Ísland um 57,4 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 296,6 m.kr. og verða 1.474,6 m.kr. en eru 1.178 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur í fyrsta lagi 180 m.kr. framlag til að koma til móts við varanlega viðbótarfjárbörf á viðfangsefni *111 Styrkir til ferja og sérleyfishafa*. Í öðru lagi 48 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna menningarsamninga á landsbyggðinni. Í þriðja lagi 30 m.kr. tímabundið framlag vegna fjölgunar ferða Herjólfis til Vestmannaeyja.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 32.880,9 m.kr. og er það 18.093,7 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru í fyrsta lagi 13.646,1 m.kr. hækkun til framkvæmda Vegagerðarinnar. Í öðru lagi hækka útgjöld til framkvæmda flugmála um 1.396,3 m.kr. Í þriðja lagi hækkar viðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* um 1.141 m.kr. en þá hækkun má að mestu leyti rekja til framkvæmda vegna hafnar í Bakkafjöru.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 1.730 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 73 m.kr. Á móti verða veitt framlög til ýmissa verkefna ráðuneytisins sem alls nema 23.322,9 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 1.228,7 m.kr. Sértekjur samgönguráðuneytisins hækka um 278,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Vikið er nánar að helstu útgjalda-breytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 2.928,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 12,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á verðlagi gildandi fjárlaga og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	247,9	265,9	265,9	-	-
Slysavarnaskóla sjómanna	B	55,1	55,1	55,1	-	-
Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu	B	1.640,9	1.746,3	-	-	-
Samningar við sérleyfishafa	C	166,9	166,9	-	-	-
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	62,3	62,3	62,3	62,3	62,3
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	50,3	55,3	-	-	-
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfis	C	221,3	251,3	251,3	251,3	-
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	110,8	98,4	81,7	25,3	-
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný	C	7,9	3,5	-	-	-
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	7,1	7,1	7,1	1,8	-
Markaðssetningu Íslands í N-Ameríku	C	47,1	47,1	-	-	-
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	12,6	12,6	12,6	12,6	-
Samn. við sveitarfélög á sviði menningarmála	C	42,0	58,0	58,0	-	-
Samningur um rekstur Flugskóla Íslands	C	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0
Flug milli Íslands og Narsarsuaq	C	12,5	7,5	6,5	6,5	-
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	221,7	243,2	243,2	243,2	243,2
Samtals		2.928,4	3.102,5	1.065,7	625,0	327,5

Samningar sem bæði samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 2.067,3 m.kr. Á næsta ári nema samningar sem samgönguráðuneytið stendur eitt að 1.035,2 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 3.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hvað varðar hugsanlega nýja skuldbindandi samninga ber að nefna í fyrsta lagi, samning um Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Ljóst þykir að ríkissjóður þarf að leggja til hlutafé a.m.k í því formi að leggja til lóð en núverandi áætlanir eru um staðsetningu á landsspildu sem er hluta til í eigu Reykjavíkurborgar. Einnig er hugsanlegt að ríkissjóður gæti þurft að leggja til beint framlag. Í öðru lagi er samningur um Bakkafjöruferju, en hugsanlegt er að samið verði um einkaframkvæmd til 20 ára með árlegum greiðslum.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa	306,7	288,0	305,3	6,0	-0,5
Ýmis verkefni	377,5	341,0	365,2	7,1	-3,3
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	684,2	634,0	675,5	6,5	-1,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 25 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá er taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Áætluð heildarútgjöld eru 305,3 m.kr. og jafngildir það um 4,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir að millifæra 6,9 m.kr. af fjárlagalið 190 Ýmis verkefni en verkefni þau sem fjárheimildin fjármagnar hefur um árábil verið unnið á aðalskrifstofu. Í öðru lagi er lögð til 2,1 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsroðunar innan langtímaáætlunar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að 365,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það um 20,2 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Sú hækkun á fjárlagaliðnum sem vegur hvað þýngst er ósk um 48 m.kr. tímabundna fjárveitingu á viðfangsefni 1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis vegna menningarsamninga á landsbyggðinni. Um er að ræða hlut samgönguráðuneytis í samningum vegna menningartengdrar ferðaþjónustu. Liðurinn lækkar vegna eftirfarandi tilefna: í fyrsta lagi er ósk um að millifæra 15,9 m.kr. yfir á fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna útgáfu ökuskírteina. Um er að ræða samkomulag milli ráðuneytanna að framlag vegna ökuskírteina verði flutt til embættis ríkislögreglustjóra og að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu á höndum embættisins. Í öðru lagi er lagt til að millifæra 6,9 m.kr. fjárheimild vegna staðsetningskerfa yfir á fjárlagalið 101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa en það verkefni hefur um árábil verið unnið á aðalskrifstofu. Í þriðja lagi er 5 m.kr. lækkun á viðfangsefni 1.52 Samningur um flug á milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	16,0	6,9	7,0	1,4	-56,3
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	4,2	1,9	1,9	0,0	-54,8
Útgáfa ökuskírteina	26,7	15,9	0,0	-100,0	-100,0
Slysavarnaskóli sjómanna	71,7	57,8	59,6	3,1	-16,9
Staðsetningarkerfi	0,0	6,9	0,0	-100,0	-
Flugskóli Íslands	21,5	22,7	23,6	4,0	9,8
Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og RVKflugvelli	19,3	0,0	0,0	-	-100,0
Átak í umferðaröryggismálum	0,0	50,0	50,0	0,0	-
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	15,2	12,7	13,2	3,9	-13,2
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	94,1	30,0	30,0	0,0	-68,1
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	48,4	52,3	48,5	-7,3	0,2
Samn. milli Íslands og Narssarssuaq á Grænl.	12,5	12,5	7,5	-40,0	-40,0
Ýmislegt	19,9	38,5	40,0	3,9	101,0
Ýmis framlög samgönguráðuneytis	28,0	32,9	83,9	155,0	199,6
Samtals	377,5	341,0	365,2	7,1	-3,3

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
10-190-1.98 Ýmisframlög samgönguráðuneytisins		
Til markaðsstarfs og gestastofa	7,4	7,4
Menningartengd ferðaþjónusta	10,0	10,0
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	10,0	58,0
Óskipt	5,5	5,5
Samtals	32,9	80,9

Vegamál

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 211 Rekstur Vegagerðarinnar, 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar, 251 Umferðastofa og 281 Rannsóknarnefnd umferðaslysa. Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins að frádregnum sértekjum nemur 33.724,8 m.kr. sem jafngildir 14.125,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Útgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 33.223,2 m.kr. og er það 14.121,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2007.

Almennur rekstur Vegagerðarinnar hækkar um 22,7 m.kr. og er skýringin á þeirri hækkun að öllu leyti rakin til breytinga á umfangi eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum. Styrkir til ferja og sérleyfishafa hækka um 210 m.kr. þegar frá eru taldir almennir launa- og verðlagsútreikningar. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum, þ.e.a.s. ósk um 180 m.kr. framlag til að koma til móts við varanlega viðbótarfjárför á viðfangsefninu ásamt beiðni um 30 m.kr. tímabundna fjárveitingu til þriggja ára vegna fjölgunar ferða Herjólfis til Vestmannaeyja. Styrkir til innanlandsflugs hækka um 15 m.kr. þegar frá eru taldar breytingar í samræmi við samgönguáætlun ásamt launa- og verð-

lagsbreytingar. Skýrist sú hækkun af einu tilefni eða ósk um 15 m.kr. fjárveitingu vegna aukningar á flugi til Vestmannaeyja.

Þjónusta hækkar um 258,5 og er skýringin á þeirri hækkun að öllu leyti rakin til breytinga í samræmi við samgönguáætlun eða má rekja til launa og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

Viðhald vega hækkar um 235,9 m.kr. og þar af eru 113,3 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Útgjöld til framkvæmda hækka um 13.646,1 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsútreikningar. Í fyrsta lagi er lagt til að 7.200 m.kr. af söluandvirði Landssíma Íslands hf. verði varið til vegaf framkvæmda, þar af eru 100 m.kr. frá fyrra ári. Í öðru lagi er 6.186,1 m.kr. hækkun framlags til samræmis við samgönguáætlun að teknu tilliti til flýtingu framkvæmda á samgönguáætlun sem mótvægisáðgerð vegna niðurskurðar á þorskkvóta. Í þriðja lagi er ósk um 260 m.kr. tímabundið framlag vegna stofnkostnaðar Grímseyjarferju. Framlagið færast á þennan lið en á ekki liðinn styrkir til ferja og sérleyfishafa. Loks er gert ráð fyrir að 1.530 m.kr. vegna framkvæmda við Sundabraut verði frestað á næsta ári.

Útgjöld til Rannsóknarnefndar umferðarslysa hækka um 9,7 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsútreikningar. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 9 m.kr. hækkun vegna ráðningar sérfræðings. Um er að ræða starf er felur í sér að sinna bakvöktum til móts við rannsóknarstjóra ásamt öðrum daglegum verkefnum. Í öðru lagi er óskað eftir 0,7 m.kr. tímabundnu framlagi vegna vettvangs-rannsóknarnámskeiðs hjá Transport Research Laboratory í Englandi. Um er að ræða námskeið sem ætlað er umferðarslysarannsakendum.

Aðrar breytingar á útgjöldum til vegamála, sem ekki er sérstaklega getið um, eru til samræmis við samgönguáætlun og langtímaáætlun eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	465,7	508,5	531,2	4,5	14,1
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	57,1	58,7	62,3	6,1	9,1
Umdæmi og rekstrardeildir	-103,7	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	3.361,5	3.091,4	3.349,9	8,4	-0,3
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	942,4	662,8	905,9	36,7	-3,9
Styrkir til innanlandsflugs	132,4	244,7	263,4	7,6	98,9
Rannsóknir	113,1	117,4	123,5	5,2	9,2
Viðhald	2.866,5	3.113,7	3.349,6	7,6	16,9
Framkvæmdir	7.954,4	10.352,9	24.637,4	138,0	209,7
Umferðarstofa	336,4	465,4	474,5	2,0	41,1
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	17,5	16,7	27,1	62,3	54,9
Samtals	16.143,3	18.632,2	33.724,8	81,0	108,9

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 14.740 m.kr. Af þeim renna í ríkissjóð afborganir af lánnum vegna Hvalfjarðarganga og skuldar frá 1999 samtals 187,1 m.kr. Viðskiptahreyfing, er nemur 7.862,5 m.kr. myndast við ráðstöfun á uppsöfnuðum afgangi markaðra tekna vegagerðarinnar. Fjármögnun með mörkuðum tekjum er því samtals 22.415,4 m.kr. Þar að auki er áætlað að beint framlag úr ríkissjóði nemi 10.807,8 m.kr. Þar af eru 3.344,4 m.kr. vegna jarðgangnaátaks og 263,4 m.kr. vegna styrkja til innanlandsflugs. Annað ríkisframlag 7.200 m.kr. er í samræmi við bein framlög úr ríkissjóði miðað við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. til vegaframkvæmda, þar af eru 100 m.kr. frá fyrra ári. Sjá nánar yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlaga-frumvarpinu og töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Jarðgangaátak	1.750,9	3.344,4
Annað ríkisframlag	1.500,0	7.200,0
Styrkir til innanlandsflugs	244,7	263,4
Samtals	3.495,6	10.807,8
Skil á mörkuðum tekjustofnum	14.594,5	22.415,4
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	60,0	0,0
<i>Ráðstöfun markaðra tekna</i>		
Innheimtar tekjur	12.163,5	14.740,0
Afborganir af ferjulánum, v. Hvalfjarðarganga og vegna skuldar frá 1999	-324,4	-187,1
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	2.755,4	7.862,5
Greitt úr ríkissjóði	14.594,5	22.415,4

Siglingamál

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 335 Siglingastofnun Íslands; 336 Hafnabótasjóður og 381 Rannsóknanevnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	686,4	778,1	858,8	10,4	25,1
Hafnabótasjóður	724,6	713,2	2.083,3	192,1	187,5
Rannsóknanevnd sjóslysa	28,8	36,9	38,2	3,5	32,6
Samtals	1.439,8	1.528,2	2.980,3	95,0	107,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.353,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

335 Siglingastofnun Íslands. Áætluð heildarútgjöld eru 858,8 m.kr. og hækka um 53,8 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að 470,7 m.kr. renni í almennan rekstur stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 438,6 m.kr. sem er 32,1 m.kr. hækkun á milli ára. Þar af er 6,5 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefnisins Surtsey á heimsmínjaskrá Sameinuðu Þjóðanna og 5 m.kr. vegna íslensku alþjóðlegu skipaskrárinnar. Á viðfangsefni *111 Vaktstöð siglinga* er farið fram á 18,7 m.kr. hækkun vegna breyttra rekstrarforsendna. Aðrar breytingar á fjárlagaliðnum sem ekki er sérstaklega getið um, eru til samræmis við samgönguáætlun og langtímaáætlun eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhalds-markmiðum.

336 Hafnabótasjóður. Áætluð heildarútgjöld eru 2.083,3 m.kr. og jafngildir það um 1.299,7 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi hækkar viðfangsefnið *6.70 Hafnamannvirki* um 1.141 m.kr., þar vegur þyngst 835 m.kr. vegna verkefnisins höfn í Bakkafjöru í samræmi við samgönguáætlun. Í öðru lagi er lögð til 100 m.kr. hækkun á viðfangsefni *681 Vestmannaeyjafjerja* í samræmi við samgönguáætlun. Í þriðja lagi sótt um 60 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun vegna stækkunar á tollaaðstöðu á Seyðisfirði. Í fjórða lagi er lögð til 1,7 m.kr. lækkun á viðfangsefni *674 Lendingabætur* í samræmi við samgönguáætlun. Í fimmta lagi er lagt til að á viðfangsefni *676 Ferjubryggjur* gangi til baka 0,4 m.kr. tímabundin frestun stofnkostnaðar frá gildandi fjárlögum. Allar aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

381 Rannsóknanevnd sjóslysa. Framlög til nefndarinnar verður 38,2 m.kr. og hækkar um 1,3 m.kr. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 471 Flugmálastjórn Íslands; 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 481 Rannsóknanevnd flugslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	Breyting
	2006 m.kr.	2007 m.kr.	2008 m.kr.	frá fjárl. %	frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	1.463,4	270,3	403,4	49,2	-72,4
Framkvæmdir flugmálastjórnar Íslands	539,0	0,0	0,0	-	-100,0
Alþjóðaflugþjónustan	-187,7	0,0	0,0	-	-100,0
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	0,0	1.641,6	3.423,6	108,6	-
Rannsóknanevnd flugslysa	32,9	35,9	42,1	17,3	28,0
Samtals	1.847,6	1.947,8	3.869,1	98,6	109,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.785,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

471 Flugmálastjórn Íslands. Áætluð heildarútgjöld eru 403,4 m.kr. og jafngildir það um 119,9 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er gerð 60 m.kr. breyting í kjölfar endurskilgreiningar á tekjum stofnunarinnar en í ljós kom að megnið af tekjum stofnunarinnar sem áður höfðu verið skilgreindar sem sértekjur voru í raun ríkistekjur. Við þá breytingu færast tekjurnar með öðrum rekstrartekjum á tekjuhlið fjárlaga. Í öðru lagi hækka framlög um 59,9 m.kr. vegna breytinga á umfangi liðarins. Allar aðrar breytingar má að mestu rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Heildarframlag til fjárlagaliðarins er áætlað um 3.423,6 m.kr. og jafngildir það um 1.660,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi hækkar framlag á viðfangsefni *641 Framkvæmdir* um 1.396,3 m.kr. Hér er um að ræða 735,3 m.kr. hækkun í samræmi við samgönguáætlun ásamt ósk 661 m.kr. tímabundið framlag vegna flýtingu framkvæmda við lengingu flugbrauta á Akureyrarflugvelli sem er hluti af mótvægisáðgerðum vegna niðurskurðar á þorskkvótanum. Í öðru lagi hækkar fjárveiting á viðfangsefni *541 Viðhald* um 262,9 m.kr. Skýrist þessi hækkun af 280 m.kr. framlagi vegna flýtingu framkvæmda á Akureyrarflugvelli ásamt ósk um 17,1 m.kr. lækkun í samræmi við samgönguáætlun. Í þriðja lagi hækkar framlagið á viðfangsefni *101 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* um 1,6 m.kr. Allar aðrar breytingar má að mestu rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Framlag til nefndarinnar verður 42,1 m.kr. og hækkar um 4,9 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 1,9 m.kr. fjárveitingu vegna rekstrarleigu á bifreið fyrir vettvangsrannsóknir. Í öðru lagi er óskað eftir 1,5 m.kr. tímabundinni hækkun vegna handbókar. Í þriðja lagi er farið fram á 0,8 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á fjarskipta- og rannsóknarbúnaði í vettvangsrannsóknarbifreið. Í fjórða lagi er óskað eftir 0,4 m.kr. vegna fjölgunar tilkynninga á flugslysum og alvarlegra flugatvika. Í framhaldi af reglugerð nr. 53/2006 sem tók í gildi þann 1. febrúar 2006 um aukna tilkynningu flugslysa, alvarlega flugatvika og atvika mun Rannsóknarnefnd flugslysa ásamt Flugmálastjórn Íslands safna upplýsingum í svokallað ECCAIRS gagnagrunnskerfi. Í fimmta lagi er óskað eftir 0,3 m.kr. tímabundnu framlagi vegna eflingar upplýsingabanka til bættrar tölfræðilegrar úrvinnslu. Allar aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Markaðar tekjur til flugmála eru áætlaðar 1.323 m.kr. Af þeim renna í ríkissjóð afborganir af lánum samtals 115 m.kr. Viðskiptahreyfing, er nemur 1.437,8 m.kr. myndast við ráðstöfun á uppsöfnuðum afgangi markaðra tekna Flugmálastjórnar. Fjár-

mögnun með mörkuðum tekjum er því samtals 2.645,8 m.kr. Þar að auki er áætlað að beint framlag úr ríkissjóði nemi 1.181,2 m.kr. Sjá nánar yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu og töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Beinar greiðslur úr ríkissjóði	838,7	1.181,2
Skil á mörkuðum tekjustofnum	1.073,2	2.645,8
Viðskiptahreyfing á gjaldahlíð A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	1.195,4	1.323,0
Afborganir lána	-122,0	-115,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	0,0	1.437,8
Greitt úr ríkissjóði	1.073,2	2.645,8

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi tveir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 512 Póst og fjarskiptastofnunin og 521 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst og fjarskiptastofnunin	292,5	245,2	289,0	17,9	-1,2
Fjarskiptasjóður	-26,0	0,0	440,0	-	-1.792,3
Samtals	266,5	245,2	729,0	197,3	173,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 476,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

512 Póst- og fjarskiptastofnunin. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi um 289 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 36,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þær hækkunir á fjárlagaliðnum sem vega hvað þyngst eru í fyrsta lagi, ósk um 22,5 m.kr. framlag vegna ráðningar tveggja starfsmanna og aðkeyptrar sérfræðivinnu vegna markaðsgreiningar og verkefna tengdum henni. Í öðru lagi er sótt um 21 m.kr. fjárheimild vegna aukinnar áherslu á net- og upplýsingaröryggi. Um er að ræða ráðningu tveggja sérfræðinga ásamt hækkun á öðrum rekstrarkostnaði. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Loks er lögð til 1,7 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsroðunar innan langtíma-áætlunar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

521 Fjarskiptasjóður. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld á liðnum 500 m.kr. í samræmi við ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. verði varið til uppbyggingar á sviði fjarskiptamála. Áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 60 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði og lækkar því beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins sem því nemur.

Ferðamál

Til þessa málaflökks telst einn fjárlagaliður; 651 Ferðamálastofa. Heildarútgjöld eru áætluð 366,3 m.kr. og hækka um 19,9 að raungildi frá fjárlögum 2007. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. tímabundna fjárheimild á viðfangsefni *1.01 Ferðamálastofa* til að sinna verkefnum í markaðri ferðamálaáætlun. Í öðru lagi er óskað eftir 5 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða verkefnið „Miðlun upplýsinga um íslenska ferðaþjónustu og náttúru“. Í þriðja lagi er óskað eftir 3,6 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við talningu ferðamanna í Leifsstöð. Í fjórða lagi er sótt um 1,3 m.kr. vegna fjölgunar fulltrúa í Ferðamálaráði.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	878,5	1.059,1	1.272,5	20	45
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.361,0	3.196,6	3.407,1	7	1
Stofnkostnaður og viðhald	23,4			-	-
Samtals	4.262,9	4.255,7	4.679,6	10	10
Greitt úr ríkissjóði	-	3.828,2	4.241,4	11	-
Innheimt af ríkistekjum	-	427,5	438,2	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	4.255,7	4.679,6	10	-


Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 5.835 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.156 m.kr. en þær nema 19,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.680 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.241 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 438 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.273 m.kr. og hækka um 214 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 320 m.kr. fjárveitingu til nýs fjárlagaliðar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands en af þeirri fjárhæð eru 194,7 m.kr. millifærðar af Iðntæknistofnun Íslands og 101,3 m.kr. af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Aðrar helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 60 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða, 40 m.kr. fjárveitingu til stuðnings við raforkunotendur utan samveitna, 35,4 m.kr. fjárveitingu vegna kortlagningar flóða á Íslandi og reksturs vöktunarmæla um flóð og flóðahættu, 18 m.kr. fjárveitingu vegna starfsstöðvar nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði, 15 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við rekstur almennrar skrifstofu iðnaðarráðuneytisins og 15 m.kr. fjárveitingu til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku vegna 8% hækkunar á dreifigjaldskrá RARIK árið 2007. Þá falla niður 10 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 210 m.kr. og verða 3.407 m.kr. en eru 3.197 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 105 m.kr. fjárveitingu í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni en gert er ráð fyrir að 80 m.kr. verði veitt til Tækniþróunarsjóðs og 25 m.kr. til Átaks til atvinnusköpunar.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti aðalskrifstofa	153,1	162,7	183,4	12,7	19,8
Einkaleyfastofan	163,8	127,0	133,8	5,4	-18,3
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	316,9	297,7	325,2	9,2	2,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin skýrist alfarið af því að lagt er til að veitt verði 15 m.kr. fjárveiting til að standa undir auknum kostnaði við rekstur almennrar skrifstofu iðnaðarráðuneytisins vegna breytinga á Stjórnarráðinu. Að auki er lagt til að 2,2 m.kr. millifærsla sem gerð var á fjárlögum 2007 frá faggildingarsviði Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka. Einkaleyfastofa mun hafa 21,8 m.kr. fjárveitingu til reksturs faggildingarsviðs árið 2008. Fjárveitingin er fjármögnuð með 10,6 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og 11,2 m.kr. ríkistekjum fyrir faggildingunni.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	-	-	338,6	-	-
Iðntæknistofnun Íslands	191,3	211,7	0,0	-100,0	-100,0
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	97,0	101,3	0,0	-100,0	-100,0
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	23,4	20,2	17,0	-15,8	-27,4
Tækniþróunarsjóður	465,0	500,0	580,0	16,0	24,7
Samtök iðnaðarins	271,8	259,3	259,3	0,0	-4,6
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	165,2	75,0	75,0	0,0	-54,6
Iðja og iðnaður, framlög	194,1	197,7	242,6	22,7	25,0
Samtals	1.407,8	1.365,2	1.512,5	10,8	7,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 135,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar er þær að gert er ráð fyrir að 308 m.kr. framlagi sem veitt hefur verið til Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins verði millifært yfir á nýjan fjárlagalið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Aðrar helstu breytingar eru þær að lagt er til að veitt verði 105 m.kr. fjárveiting til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Þá er gert ráð fyrir 18 m.kr. fjárveitingu til starfsstöðvar nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði en tillagan er í samræmi við tillögur nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag vegna íslenska upplýsingasamfélagsins sem veitt var á fjárlögum 2007. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa nýja fjárlagaliðar verði 338,6 m.kr. Nýsköpunarmiðstöð Íslands tók til starfa 1. ágúst 2007 við samruna Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Við samrunann tók Nýsköpunarmiðstöðin við eignum, réttindum og skyldum þessara stofnana. Lagt er til að millifærðar verði á fjárlagaliðinn 206,7 m.kr. fjárheimild Iðntæknistofnunar og 101,3 m.kr. fjárheimild Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Aðrar helstu breytingar eru þær að lagt er til að veitt verði 18 m.kr. til að koma á fót starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði sem í samvinnu við Byggðastofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða legði áherslu á eflingu atvinnulífsins í

fjórðungnum. Starfsstöðin verður hluti af Þróunarsetrinu á Ísafirði þar sem unnið er að samþættingu háskólakennslu, háskólarannsóknna, starfsemi opinberra rannsóknastofnana og margs konar stuðningsþjónustu sem rekin er fyrir atvinnulífið. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að störfum muni fjölga um tvö vegna þessa tiltekna verkefnis. Þá er lagt til að 6 m.kr. tímabundnu framlagi verði veitt til liðarins vegna íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2008.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Gert er ráð fyrir 17 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 3,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin er komin til vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsroðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

242 Tækniþróunarsjóður. Gert er ráð fyrir 580 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 80 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til fjárlagaliðarins verði samtals 580 m.kr. árið 2008, 650 m.kr. árið 2009, 740 m.kr. árið 2010 og 800 m.kr. árið 2011.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Gert er ráð fyrir 242,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 40,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangsefni *1.48 Átak til atvinnusköpunar* er gert ráð fyrir 25 m.kr. hækkun fjárveitingar og er það í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011. Fjárframlög til þessa viðfangs verða samtals 75 m.kr. árið 2008 og 80 m.kr. á ári til og með árinu 2011. Á viðfangsefni *1.98 Nýsköpun markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis* er lögð til 13,5 m.kr. hækkun fjárveitingar en framlagið er hluti af útfærslu iðnaðarráðuneytis á útgjaldasvigrúmi. Á viðfangsefni *1.19 Staðlaráð* er gert ráð fyrir 6,9 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur. Á viðfangsefni *1.45 Kisilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit* er lögð til 5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsroðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög iðnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:	
11-299-1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	
Íslandskynning í Brussel	7,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	13,5
Verkefni á sviði nýsköpunarmála	23,0
Kynningarmál	2,2
Jafnréttismál	3,0
Samtals	48,7

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	378,4	401,5	513,9	28,0	35,8
Orkusjóður	39,4	33,0	34,1	3,3	-13,5
Niðurgreiðslur á húshitun	1.087,6	1.093,1	1.135,0	-	-
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	219,7	230,0	245,0	6,5	-
Ýmis orkumál	221,6	86,7	147,7	70,4	-
Samtals	1.946,7	1.844,3	2.075,7	12,5	6,6

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 173,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu ástæður hækkunarinnar er 60 m.kr. fjárveiting vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða, 40 m.kr. fjárveiting til stuðnings við raforkunotendur utan samveitna, 26,4 m.kr. fjárveiting til kortlagningar flóða á Íslandi, 15 m.kr. fjárveiting til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku auk 9 m.kr. framlags til reksturs vöktunarmæla um flóð og flóðahættu. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnafloksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

301 Orkustofnun. Gert er ráð fyrir 513,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 97,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni 1.01 Orkustofnun er gert ráð fyrir 60 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Lagt er til að veitt verði 26,4 m.kr. tímabundið framlag til og með árinu 2010 vegna kortlagningar flóða á Íslandi. Auk þess er gert ráð fyrir 9 m.kr. fjárveitingu til reksturs vöktunarmæla til upplýsingaöflunar um flóð og

flóðahættu. Lagt er til að veitt verði 11 m.kr. fjárveiting vegna breytinga á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 vegna íslenska upplýsingasamfélagsins. Þá er gert ráð fyrir 3,5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsroðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

373 Niðurgreiðslur á húshitun. Gert er ráð fyrir 1.135 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 0,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist öll af verðlagsuppfærslu.

375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Gert er ráð fyrir 245 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 15 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er komin til vegna 8% hækkunar á dreifbýlisgjaldskrá RARIK árið 2007.

399 Ýmis orkumál. Gert er ráð fyrir 147,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 60,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.24 Notendur utan samveitna* er gert ráð fyrir 40 m.kr. hækkun fjárveitingar til stuðnings við raforkunotendur utan samveitna. Raforka á svæðum utan samtengds raforkukerfis landsins er framleidd með dísilvélum og hefur kostnaður við framleiðsluna farið mjög vaxandi á undanförunum árum vegna hækkunar eldsneytisverðs. Á viðfangsefni *1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis* er lagt til að veitt verði 13,5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til nýrra verkefna á sviði orkumála. Tillagan er hluti af útfærslu iðnaðarráðuneytisins á útgjaldasvigrúmi. Á viðfangsefni *1.22 Vistvænir orkugjafar* eru tvær breytingar. Annars vegar er lagt til að 12 m.kr. verði veitt til undirbúnings og forathugunar á svokölluðu djúpborunarverkefni en verkefninu er ætlað að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rötum háhitakerfa. Fjármögnun rannsóknarborana verður alfarið á herðum orkufyrirtækjanna en lagt er til að þeir fjármunir sem ríkið leggur til verkefnisins fari alfarið í að kosta hluta af vísindabætti verkefnisins. Áætlað er að kostnaður ríkisins verði samtals um 342 m.kr. og mun skiptast þannig á milli ára, 11 m.kr. árið 2007, 12 m.kr. árið 2008, 157 m.kr. árið 2009 og 162 m.kr. árið 2010. Hins vegar er gert ráð fyrir 5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsroðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:	
11-399-1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3,5
Kynningar- og útgáfukostnaður	1,0
Loftslagsmál	3,0
Hitaveitulög	2,0
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3,0
Olíumál	5,8
Erlendir orkusamningar	7,0
Norræn verkefni	2,0
Samtals	27,3

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	256,4	396,0	379,9	-4,1	48,2
Byggðastofnun	336,1	352,5	386,3	9,6	14,9
Samtals	592,5	748,5	766,2	2,4	29,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 13 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingin skýrist af 30 m.kr. lækkun framlaga til Byggðaáætlunar í samræmi við kostnaðaráætlun og 17 m.kr. fjárveitingu í tengslum við tillögur nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

401 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir 386,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 17 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin kemur öll fram á viðfangsefni *1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni*. Annars vegar er gert ráð fyrir 9 m.kr. framlagi til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða en Strandabyggð hefur í hyggju að koma á fót þróunarsetri á Hólmavík þar sem fyrirhuguð er sambærileg starfsemi og í Þróunarsetri á Ísafirði. Í undirbúningi er verkefni sem byggir á hugmyndum um stofnun framhaldsdeildar, héraðsskjalasafns og starfsaðstöðu fyrir stofnanir og fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að ráða einn starfsmann við að undirbúa stofnun Þróunarseturs á Hólmavík og vinna að uppbyggingu atvinnustarfsemi innan setursins. Hins vegar er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða en Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa komið á fót þróunarsetri á Patreksfirði þar sem fyrirhuguð er sambærileg starfsemi og í Þróunarsetri á Ísafirði. Þessi tillaga er hluti af

tillögu um alls 24 m.kr. fjárveitingu til að aðstoða Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands við að ráða starfsmann hvert um sig til að koma á fót verkefnum á sviði fiskeldis, ferðaþjónustu, fugla-, gróður- og vistfræðirannsóknnum og nýsköpunar í fyrirtækjum. Samsvarandi tillögur um 8 m.kr. framlög eru á fjárlagaliðum Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða.

411 Byggaáætlun. Gert er ráð fyrir 379,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 30 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er í samræmi við byggaáætlun.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	970,9	1.223,4	1.637,0	34	69
Neyslu- og rekstrartilfærslur	406,3	445,5	223,4	-50	-45
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	1.377,2	1.668,9	1.860,4	11	35
Greitt úr ríkissjóði	-	499,7	736,5	47	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.152,1	1.106,8	-4	-
Viðskiptahreyfingar	-	17,1	17,1	-	-
Samtals	-	1.668,9	1.860,4	11	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 1.887 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 27 m.kr. en þær nema 14,3% af heildargjöldum ráðu-


neytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.860 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 737 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.107 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 17 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.637 m.kr. og hækka um 413,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 331,6 m.kr. hækkun á fjárheimild Fjármálaeftirlitsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 222,1 m.kr. og verða 223,4 m.kr. en eru 445,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vega 401 m.kr. niðurfelling á framlagi til flutningsjóðs oliuvara og 150 m.kr. fjárveiting til tímabundinnar jöfnunar á kostnaði við vöruflutninga til Vestfjarða.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að kosti 8,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér að neðan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Þjónustudamningur við Neytendasamtökin	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		8,5	8,5	8,5	8,5	8,5

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflökka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	137,7	129,2	170,2	31,7	23,6
Ýmis verkefni	55,0	44,2	66,0	49,3	20,0
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	192,7	176,4	239,2	35,6	24,1

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins hækkar um 55,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 36,8 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytisins vegna breytinga á Stjórnarráðinu og 20 m.kr. tímabundins framlags til verkefna á sviði viðskipta- og bankamála. Í eftirfarandi undirkjöflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflökksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 170,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 34,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er óskað eftir 36,8 m.kr. framlagi vegna aukins kostnaðar við yfirstjórn viðskiptaráðuneytis vegna breytinga á Stjórnarráðinu og hins vegar er gert ráð fyrir 2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsroðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 66 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 21 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* er lagt er til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til nýrra verkefna en tillagan er hluti af útfærslu viðskiptaráðuneytisins á útgjaldasvigrúmi. Þá er gert ráð fyrir 1 m.kr. hækkun fjárveitingar á viðfangsefni *1.20 Icepro-nefnd* í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppniseftirlitið; 421 Neytendastofa og 425 Talsmaður neytenda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	376,0	597,1	935,7	-	-
Samkeppniseftirlitið	170,1	212,7	252,5	18,7	48,4
Neytendastofa	243,1	248,1	251,4	1,3	3,4
Talsmaður neytenda	13,0	18,2	15,7	-13,7	20,8
Ýmis viðskiptamál	14,8	15,4	15,9	3,2	7,4
Samtals	817,0	1.091,5	1.471,2	34,8	80,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 362,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingarnar eru þær að lagt er til að fjárheimild Fjármálaeftirlitsins verði hækkuð um 338,6 m.kr. vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni og þá er gert ráð fyrir 24 m.kr. fjárveitingu til Samkeppniseftirlitsins vegna fjölgunar starfsmanna. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokkans. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

402 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir 935,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 338,6 m.kr. eftir sértekjur vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Er tillagan í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi. Útgjöldin eru fjármöggnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem færast á tekjuhlið ríkissjóð og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu hans.

411 Samkeppniseftirlitið. Gert er ráð fyrir 252,5 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 32 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af 24 m.kr. fjárveitingu til að standa undir upphaflegum áætlunum um starfsmannafjölda, í öðru lagi er gert ráð fyrir 6 m.kr. framlagi til styrkingar tölvukerfis Samkeppniseftirlitsins og í þriðja lagi er lögð til 2 m.kr. fjárveiting vegna hærri húsnæðu í nýju húsnæði Samkeppniseftirlitsins.

421 Neytendastofa. Gert er ráð fyrir 251,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. tímabundnu framlagi í eitt ár til verkefnisins, Rafræn Neytendastofa, en markmiðið með því verkefni er að halda utan um öll samskipti neytenda við Neytendastofu á einum stað. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsroðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

425 Talsmaður neytenda. Gert er ráð fyrir 15,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. tímabundin fjárveiting í eitt ár til verkefnisins, Leiðakerfi neytenda. Um er að ræða gagnvirka netgátt þar sem neytendur geti með gagnvirkum hætti kannað rétt sinn á aðgengilegan og skiljanlegan hátt og komið kvörtunum til fyrirtækja á framfæri. Tillagan er hluti af útfærslu viðskiptaráðuneytisins á útgjaldasvigrúmi sínu. Niður fellur 5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna íslenska upplýsingasamfélagsins sem veitt var á fjárlögum 2007.

Flutningsjöfnun

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Flutningssjóður olíuvara og 831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða. Breytingar í þessum málefnaflokki eru tvær. Annars vegar er lagt til að veitt verði 150 m.kr. tímabundin fjárveiting á viðfangsefni *1.10 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða*. Niðurgreiðslan mun renna til flutningsfyrirtækjanna en ekki beint til einstakra viðskiptavina þeirra og er viðbótarafsláttur við þau kjör sem fyrirtækin kunna að njóta í dag. Um er að ræða tímabundna greiðslu til verkefnisins sem tæki enda þegar samgöngubótum til Vestfjarða er lokið en þær eru vegur um Arnkötludal, þverun Mjóafjarðar og aðrar vegabætur í Djúpinu sem allar eiga að klárast á síðari hluta ársins 2008 en þó eigi síðar en á árinu 2009. Hins vegar er lagt til að 401 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.10 Flutningssjóður olíuvara* falli niður þar sem áformað er að leggja sjóðinn niður árið 2008. Flutningssjóður olíuvara byggir á lögum um jöfnun á flutningssjóði olíuvara sem tóku gildi árið 1994. Sjóðurinn er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins. Afkoma ríkissjóðs mun því ekki breytast við það að leggja niður sjóðinn. Samskonar sjóður sem byggði á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi frá árinu 1973 var lagður niður árið 2004.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	626,6	595,0	628,6	6	0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2,1	0,3	0,3	0	-86
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	628,7	595,3	628,9	6	0
Greitt úr ríkissjóði	-	595,3	628,9	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	595,3	628,9	6	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2008 eru áætluð um 706 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 77 m.kr. en þær nema tæpum 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 629 m.kr. og eru öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður Hagstofa Íslands ekki ráðuneyti heldur sjálfstæð stofnun undir forsætisráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytinga-tillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Hagstofunnar hækki um 33,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 18,6 m.kr. þannig að raunhækkun fjárveitinga er 15 m.kr. Breytingar eru í fyrsta lagi þær að farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna stöðu tveggja sérfræðinga við hagskýrslugerð um þjónustuviðskipti við útlönd en sú starfsemi hefur nú verið flutt frá Seðlabanka Íslands til Hagstofunnar. Undirbúningur að flutningi verkefnisins hófst á árinu 2007 og 15 m.kr. veitt til þess á fjárlögum og jafnframt gert ráð fyrir 10 m.kr. viðbótarfjárveitingu á árinu 2008 þegar verkefnið væri endanlega komið til Hagstofunnar. Í öðru lagi er lögð til 7,5 m.kr. fjárveiting vegna nýrrar stöðu mannauðsstjóra. Á árinu 2006 störfuðu 82 starfsmenn í fullu starfi hjá Hagstofunni auk 40 starfsmanna sem ráðnir eru tímabundið vegna hinna ýmsu kannana sem Hagstofan gerir. Starfsmannamálum hefur til þessa verið sinnt af yfirstjórn Hagstofunnar en ekki er lengur talið fært að sinna þeim sem aukastarfi. Í þriðja lagi er lögð til 2,5 m.kr. fjárveiting til almennrar styrkingar á launamma Hagstofunnar. Í fjórða lagi fellur nú niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 vegna kostnaðar við norrænt tölfræðingamót

og þing hagstofustjóra á Norðurlöndum sem haldið var í Reykjavík í sumar. Rekstrar-
umfang Hagstofunnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum
undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er
gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 58 m.kr. Gjöld
umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

14 Umhverfísráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfísráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.414,4	3.267,1	3.257,9	0	35
Neyslu- og rekstrar tilfærslur	1.465,2	1.277,5	1.422,6	11	-3
Stofnkostnaður og viðhald	592,0	406,2	775,5	91	31
Samtals	4.471,6	4.950,8	5.456,0	10	22
Greitt úr ríkissjóði	-	2.848,9	3.049,8	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.101,9	2.406,2	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	4.950,8	5.456,0	10	-

Heildargjöld umhverfísráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 6.659 m.kr. á
rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.203 m.kr. en þær nema 18% af heildar-
gjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.456 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.050
m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.406 m.kr. innheimtar af ríkis-
tekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.258 m.kr. og lækka
um 9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagsbætur eru 79 m.kr. og því er raun-
lækkun rekstrarfjárveitinga 88 m.kr. Munar þar mest um 180 m.kr. lækkun á fjárveitingu til
Úrvinnslusjóðs vegna lækkunar á gjaldskrá sjóðsins ásamt því að niður falla nokkur fram-
lög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 130 m.kr. Á móti koma ný
framlög til ýmissa nýrra verkefna. Gert er ráð fyrir alls 126 m.kr. nýjum framlögum til
Náttúrufræðistofnunar Íslands. Munar þar mest um 50 m.kr. vegna leigu á nýju skrifstofu-
og rannsóknarhúsnæði fyrir stofnunina og 30 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar
við flutning og til kaupa á búnaði í hið nýja húsnæði. Þar sem enn liggur ekki fyrir hvaða
húsnæði verður fyrir valinu eða hvenær það verður tilbúið má gera ráð fyrir að þessar
tillögur komi til endurskoðunar fyrir 2. umræðu frumvarpsins. Önnur helstu framlög til
Náttúrufræðistofnunar eru þau að lagt er til að 20 m.kr. verði veitt til nokkurra mála til að


efla atvinnulíf á Vestfjörðum og veitt verði 13 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka rannsóknum á áhrifum sinueldanna á Mýrum vorið 2006 á náttúru og lífríki svæðisins. Ný framlög til Umhverfisstofnunar nema alls 59 m.kr. Þar af eru 20 m.kr. til að styrkja starf stofnunarinnar á sviði EES mála, 15 m.kr. til reksturs nýrrar Hornstrandargestastofu á Ísafirði og 12 m.kr. til reksturs Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum. Ný framlög til Veðurstofu Íslands nema 34 m.kr. Munar þar mest um 16 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á loftslagsbreytingum og 13 m.kr. til nokkurra mála til að efla atvinnu á Vestfjörðum. Að síðustu skal nefnt að rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 181 m.kr. Munar þar mest um 120 m.kr. hjá Veðurstofu Íslands og 50 m.kr. hjá Umhverfisstofnun. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 145 m.kr. og verða 1.423 m.kr. en eru 1.278 m.kr. í fjárlögum 2007. Þyngst vegur 145 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. og 28 m.kr. hækkun á framlagi til skipulagsmála sveitarfélaga. Niður falla alls 73 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Aðrar breytingar eru smærri.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 776 m.kr. og er það 369 m.kr. hækkun milli ára. Mest munar um 297 m.kr. hækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs og 111 m.kr. hækkun hjá Vatnajökulspjóðgarði. Niður falla framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna hjá Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands, 25 m.kr. hjá hvorri stofnun um sig.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfísráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfísráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfísráðuneyti, aðalskrifstofa	260,0	277,1	291,1	5,1	12,0
Ýmis verkefni	233,1	295,4	234,9	-20,5	0,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	493,1	577,5	531,0	-8,1	7,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 62 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 10 m.kr. nýju framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins til að kosta stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu en niður falla alls 72 m.kr. tímabundin framlög sem veitt voru til ýmissa verkefna, þar af 48,3 m.kr. framlag til minnarannsóknna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Umhverfísráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 291,1 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og er það 14 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 3 m.kr. Sótt er um 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að kosta stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu. Mikilvægt er talið að halda úti slíkri stöðu til að fylgjast með því sem helst er að gerast í umhverfismálum í Evrópusamstarfinu og koma sjónarmiðum Íslands til skila á erlendum vettvangi. Niður fellur 7 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til kaupa á búnaði í fundarsal ráðuneytisins. Rekstrarumfang skrifstofunnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 14 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 234,9 m.kr. framlagi til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 65 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangi *1.36 Rannsóknir og útrýming á mink* fellur niður 48,3 m.kr. tímabundið framlag. Lagt er til að 1 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið til CAFF-skrifstofunnar á viðfangi *1.41* og PAME-skrifstofunnar á viðfangi *1.42* falli ekki niður heldur verði varanleg. Á viðfangi *1.98*

Ýmis framlög umhverfisráðuneytis falla niður þrjú tímabundin framlög sem eru 10 m.kr. til Hoffellsstofu, 5 m.kr. til Sesseljuhúss á Sólheimum í Grímsnesi og 1,7 m.kr. sem veitt var til stuðnings rússneskri áætlun um verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá landi. Þá er gert ráð fyrir að 6,8 m.kr. fjárveiting sem umhverfisráðuneytið hafði á viðfangi 1.51 til að mæta kostnaði við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs flytjist á viðfang 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis. Aðrar breytingar á fjárveitingum liðarins skýrast af launa- og verðlagsbótum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar liðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	34,2	8,8	9,1	3,4	-73,4
Samvinnunefnd um miðhálendið	9,0	11,6	12,0	3,4	33,3
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	15,3	19,5	19,7	1,0	28,8
Umhverfissvöktun	26,5	28,0	28,0	0,0	5,7
Rannsóknir og útrýming á mink	29,3	48,3	0,0	-100,0	-100,0
Alþjóðastofnanir	10,6	17,7	16,4	-7,3	54,7
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF ...	9,5	9,9	10,2	3,0	7,4
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	9,5	9,8	10,0	2,0	5,3
Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	8,7	6,8	0,0	-100,0	-100,0
Rannsóknastöð að Kvískerjum	2,1	1,1	1,1	0,0	-47,6
Vernd Breiðafjarðar	5,6	7,8	8,1	3,8	44,6
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	32,1	33,1	34,1	3,0	6,2
Ýmis verkefni	11,5	19,0	19,7	3,7	71,3
Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	29,2	74,0	66,5	-10,1	127,7
Samtals	233,1	295,4	234,9	-20,5	0,8

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurlíðun á óskiptu viðfangsefni:		
14-190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15,0	15,0
Frjáls félagasamtök	10,0	10,0
Hoffellsstofa	10,0	0,0
Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	8,3	9,0
Staðardagskrá 21	5,0	5,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5,0	0,0
Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi	1,4	0,0
Umhverfisfræðsluráð	1,1	1,5
Byggingastaðlar	0,5	0,7
Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4,0	4,0
Vistvæn innkaup	3,0	3,0
Ýmis umhverfisverkefni	5,1	6,8
Óskipt	5,6	11,5
Samtals	74,0	66,5

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 202 Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulshjóðgarður; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn	11,5	14,2	14,8	4,2	28,7
Umhverfisstofnun	678,6	667,4	658,6	-1,3	-2,9
Vatnajökulshjóðgarður	0,0	119,0	233,4	96,1	-
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	240,3	190,0	200,0	5,3	-16,8
Úrvinnslusjóður	607,4	880,0	700,0	-20,5	15,2
Endurvinnslan hf.	921,0	840,0	985,0	17,3	6,9
Samtals	2.458,8	2.710,6	2.791,8	3,0	13,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 60,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Stærstu breytingarnar felast í 112,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu Vatnajökulshjóðgarðs en þar af eru 45 m.kr. millifærðar frá Umhverfisstofnun, 145 m.kr. hækkun á útgjöldum Endurvinnslunnar hf. og 180 m.kr. lækkun á framlagi til Úrvinnslusjóðs.

202 Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn. Gert er ráð fyrir 14,8 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar. Það er 0,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 2 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

211 Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir 658,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 27 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um að 45 m.kr. eru millifærðar til nýrrar stofnunar, Vatnajökulshjóðgarðs, sem m.a. tekur við rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Aðrar breytingar á rekstrarfjárveitingum á viðfangi *1.01 Umhverfisstofnun* felast í fyrsta lagi í tillögu um 12 m.kr. fjárveitingu til reksturs Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum. Undirbúningur fyrir stofnun stofnunar hófst með sýningu um Surtsey í Þjóðmenningarhúsinu í vor. Sýningin verður flutt í Surtseyjarstofu á næsta ári. Í öðru lagi er sótt um 12 m.kr. fjárveitingu í framhaldi af yfirtöku Matís ohf. á rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Rannsóknastofan var rekin sem fjárhagslega sjálfstæð eining innan Umhverfisstofnunar og skilaði rekstur hennar 12 m.kr. framlegð á ári upp í fastan kostnað

stofnunarinnar. Á síðustu árum hefur umfang vinnu hjá Umhverfisstofnun vegna Evrópusambandsgerða, stjórnsýsla öll og þátttaka í erlendu samstarfi vegna þess margfaldast. Er því í þriðja lagi lagt til að 20 m.kr. verði varið til að styrkja starfsemi stofnunarinnar á sviði EES mála. Fyrir liggur á næstunni upptaka nokkurra stórra Evrópusambandsgerða. Þær helstu eru tilskipun um efni og efnavörur og tilskipun um leyfisveitingar vegna sæfiefna. Í báðum tilvikum þarf að koma upp gagnagrunni til skráningar á þessum efnum en gert er ráð fyrir að innflytjendur og framleiðendur greiði fyrir rekstur gagnagrunnsins með skráningargjöldum. Þá verður lögð áhersla á að efla skráningu til að meta ústreymi og losun mengandi efna. Er það í samræmi við EES gerð samningsins um loftgæði og loftgæðavöktun og annarra alþjóðlegra skuldbindinga og framkvæmdaáætlun um mengun frá landstöðvum, og í takt við kröfur alþjóðasamfélagsins um tilvist og aðgengi að rauntíma upplýsingum um umhverfið. Í fjórða lagi er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til að koma á fót og starfrækja gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Gert er ráð fyrir að í gestastofunni muni starfa landvörður í heilsársstarfi, auk sumarstarfsfólks. Með því að gera starfið að heilsársstarfi er hægt að vinna að fræðslumálum, markaðssetningu og skipulagi ferðamennsku innan friðlandsins á vetrartímanum. Í fjáráukalögum 2007 er jafnframt sótt um 20 m.kr. framlag til undirbúnings og uppsetningar stofunnar. Áætlað er að rekstur stofunnar fjölgi störfum á Vestfjörðum sem svarar einu og hálfu stöðugildi, og er tillagan hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að gripa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Niður fellur 4 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til kaupa á tækjum til umhverfissvöktunar við Hvalseyrarholt, sem og 7 m.kr. framlag sem veitt var til undirbúnings að stofnun Surtseyjarstofu. Á viðfangi 1.11 *Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2006 og á viðfangi 5.41 *Þjóðgarðar og friðlýst svæði* fellur niður 25 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til uppbyggingar á gestastofum í Þjóðgördunum í Jökulsárgljúfrum og á Snæfellsnesi. Að síðustu skal nefnt að rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 50 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

212 Vatnajökulþjóðgarður. Lagt er til að fjárveiting til Vatnajökulþjóðgarðs verði 233,4 m.kr. og jafngildir það 112,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrarframlag hækkar um 2 m.kr. en framlag til stofnkostnaðar hækkar um 110,5 m.kr. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að hægar verði farið í uppbyggingu garðsins á árinu 2008 en ráðgert var í kostnaðaráætlun sem fylgdi lagafrumvarpinu um þjóðgarðinn, en þar var áætlað að garðurinn hefði tvöfalt hærri fjárveitingu á árinu

2008 en hér er lagt til, eða 466 m.kr. Breytingar á rekstrarfjárveitingum sem hér eru lagðar til eru þær að niður fellur 59 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna ýmiss undirbúningskostnaðar við stofnun þjóðgarðsins, 45 m.kr. fjárveiting er milli-færð frá Umhverfisstofnun í tengslum við það að þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum renna inn í Vatnajökulspjóðgarð og lögð er til 16 m.kr. fjárveiting til að efla rekstur garðsins. Breytingar á framlögum til stofnkostnaðar eru þær að niður fellur 50 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til endurbóta á gestastofunni í Skaftafelli en á móti er tillaga um að veitt verði 160,5 m.kr. nýtt framlag, þar af 100 m.kr. tímabundið í fimm ár.

281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Fjárveitingin hækkar um 10 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

287 Úrvinnslusjóður. Gert er ráð fyrir 180 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi er gert ráð fyrir að gjaldið skili 700 m.kr. tekjum á árinu 2008 og að tekjunum verði öllum veitt til Úrvinnslusjóðs. Þetta eru 180 m.kr. lægri tekjur en áætlað var á fjárlögum 2007. Lækkunin skýrist af því að fyrr á þessu ári var gerð breyting á lögum um úrvinnslugjald og fjárhæð gjaldsins lækkuð í því skyni að draga úr sjóðsmyndun, en tekjur af gjaldinu hafa verið töluvert umfram útgjöld sjóðsins. Áætlað er að sjóðurinn hafi 100 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði og að tekjunum verði varið til að standa undir útgjöldum sjóðsins. Áætlað er að útgjöld Úrvinnslusjóðs verði 950 m.kr. á árinu 2008 og að það sem uppá vantar að tekjur standi undir gjöldum verði fjármagnað af uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins.

289 Endurvinnslan hf. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir í samræmi við lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Áætlað er að á árinu 2008 muni þessi gjöld skila 985 m.kr. tekjum en það er 145 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga ársins í ár. Gert er ráð fyrir að tekjurnar renni allar til Endurvinnslunnar hf. Samkvæmt gildandi lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, skulu umbúðir sem lög nr. 52/1989 taka til falla undir fyrrnefndu lögin frá og með 1. janúar 2008, jafnframt því sem síðarnefndu lögin falla þá úr gildi. Í þessu frumvarpi til fjárlaga er þó reiknað með óbreyttu fyrirkomulagi á næsta ári því umhverfisráðuneytið áformar að leggja fram lagafrumvarp á haustþingi þar sem m.a. áðurnefndu gildistökuákvæði í lögum um úrvinnslugjald verði frestað vegna áforma um að innleiða svokallaða framleiðendaábyrgð á söfnun einnota drykkjarvöruumbúða.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	143,0	145,9	158,6	8,7	10,9
Skipulagsmál sveitarfélaga	104,7	127,5	155,0	21,6	48,0
Landmælingar Íslands	187,6	214,2	221,0	3,2	17,8
Brunamálastofnun ríkisins	158,3	120,1	124,1	3,3	-21,6
Ofanflóðasjóður	5,2	92,4	388,9	320,9	7.378,8
Samtals	598,8	700,1	1.047,6	49,6	74,9

Heildarframlag til málefnaflokksins hækkar um 332 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkunir vegna launa- og verðlagsbóta. Munar þar mest um tæplega 300 m.kr. hækkun á framlögum til Ofanflóðasjóðs.

301 Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir 158,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 8 m.kr. fjárveitingu til að bæta við einu stöðugildi vegna stöðugt vaxandi umfangs í starfsemi hennar, en fjöldi mála sem berst til afgreiðslu á ári hverju hefur margfaldast á síðustu árum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru minna en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum hvað varðar útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum. Gerð er leiðrétting á því í frumvarpinu með því að lækka hvoru tveggja um 4 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

303 Skipulagsmál sveitarfélaga. Á þennan lið er áætlað fyrir fjárveitingu til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 155 m.kr. fjárveitingu á liðinn og hækkar hún um 27,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin stafar af áætlaðri hækkun tekna af skipulagsgjaldi í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings, en skv. 3. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í þeim sveitarfélögum yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði.

310 Landmælingar Íslands. Gert er ráð fyrir 221 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 6,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Þann 1. janúar 2007 tóku gildi ný lög um landmælingar og kortagerð á Íslandi og samkvæmt þeim er stofnunni skylt að draga sig út úr sam-

keppnisrekstri. Þar af leiðandi minnka möguleikar hennar til öflunar sértekna. Með hliðsjón af því er í frumvarpinu dregið úr rekstrarumfangi stofnunarinnar með 31 m.kr. lækkun gjalda og sértekna. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

321 Brunamálastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir 124,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 4 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 14 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir 388,9 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins en það er 296,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins í ár. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins hækki um 416,5 m.kr. og verði 768,9 m.kr. og að vaxtatekjur af inneign sjóðsins hjá ríkissjóði hækki um 120 m.kr. og verði 380 m.kr. Lagt er til að veitt verði 400 m.kr. tímabundið framlag til ofanflóðaframkvæmda á næsta ári, auk þess sem fjárveiting hækkar um 4,5 m.kr. þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Sjóðurinn áætlar að styrkja framkvæmdir víða um land á næst ári. Munar þar mest um framkvæmdir á Ísafirði, Bolungarvík, Vesturbyggð og Fjarðabyggð.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	264,2	255,7	388,9	52,1	47,2
Náttúrustofur	93,8	110,6	72,6	-34,4	-22,6
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	22,2	28,4	29,4	3,5	32,4
Veðurstofa Íslands	540,7	567,9	594,7	4,7	10,0
Samtals	920,9	962,6	1.085,6	12,8	17,9

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 91,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkningar. Mest munar um 125,5 m.kr. ný framlög til Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar af 80 m.kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði, ásamt 36,3 m.kr. nýjum framlögum til Veðurstofu Íslands, þar af 16 m.kr. til rannsókna á loftslagsbreytingum. Niður falla nokkur tímabundin framlög, samtals 78,4 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 388,9 m.kr. fjárveitingu til Náttúrufræðistofnunar en það jafngildir 121,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirtandandi árs. Munar þar mest um tillögu um 80 m.kr. fjárveitingu vegna leigu á nýju skrifstofu- og rannsóknarhúsnæði fyrir stofnunina, þar af 30 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við flutning og kaup á búnaði í húsnæðið. Tillagan byggir á ríkisstjórnarsamþykkt frá 4. maí þar sem umhverfisráðherra var heimilað að auglýsa eftir nýju húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands sem uppfyllir þörf fyrir almennan rekstur og vísindasöfn stofnunarinnar, og farið fram á 45 - 50 m.kr. hækkun á fjárlagaramma umhverfisráðuneytisins vegna aukins leigukostnaðar í nýju húsnæði ásamt 30 m.kr. vegna flutningskostnaðar og húsbúnaðarkaupa. Fyrir milligöngu Ríkiskaupa hefur verið auglýst eftir nýju húsnæði fyrir stofnunina og fjölmörg tilboð hafa borist. Ekki liggur fyrir hvaða tilboði verður tekið og verður þessi tillaga endurskoðuð fyrir 2. umræðu frumvarpsins þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Aðrar breytingar á fjárveitingum stofnunarinnar nema samtals 41,1 m.kr. Þar er í fyrsta lagi tillaga um að veitt verði 8 m.kr. tímabundið framlag í tíu ár til áframhaldandi rannsókna og vöktunar á rjúpnastofninum, en 4,4 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins fellur að óbreyttu niður á næsta ári. Nauðsynlegt er talið að halda rannsóknunum áfram, m.a. til að meta veiðipól stofnsins. Í öðru lagi er sótt um 12,5 m.kr. tímabundið framlag svo ljúka megi rannsóknum á áhrifum sinueldanna, sem geisuðu á Mýrum vorið 2006, á náttúru og lífríki svæðisins. Ríkisstjórnin samþykkti þann 2. júní 2006 að veita fjármunum til rannsókna í þessu skyni og stofnunin fékk 8,3 m.kr. til þeirra á fjárukalögum 2006. Verkefnið er unnið í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnu Kópavogs. Í þriðja lagi er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til gróðurkortagerðar á Vestfjörðum. Takmörkuð gróðurkortagerð hefur farið fram á Vestfjörðum en sú sem er til á gömlum loftmyndum hefur ekki verið staffærð og engin gróðurkort verið gefin út. Gert er ráð fyrir að stór hluti kortagerðarinnar verði unnin fyrir vestan og er Náttúrufræðistofnun Íslands ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um verkefnið. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar tveimur stöðugildum vegna þessa verkefnis. Í fjórða lagi er farið fram á 6 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til að efla fuglarannsóknir og -vöktun á Vestfjörðum þar sem eru einhverjar mestu sjófuglabýggðir landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um að annast rannsóknaverkefnið. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar einu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í fimmta lagi er sótt um 2 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár í rannsóknarverkefni um vöktun á ástandi gróðurs á láglandi og hálendi á Vestfjörðum og jafnframt að setja upp föst snið til talninga á fuglum á sömu svæðum. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um að annast verkefnið. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar hálfu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í sjötta lagi er tillaga um að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Náttúru-

vefsjá. Er þar um að ræða úthlutun af framlagi verkefnisstjórnar átaks um íslenska upplýsingasamfélagið árið 2008 og er gert ráð fyrir jafn háu mótframlagi til verkefnisins frá stofnuninni eða úr útgjaldaramma ráðuneytis hennar. Að síðustu er gerð breyting á rekstrarumfangi stofnunarinnar en það hefur verið nokkru minna en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að lækka hvoru tveggja um 20 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

403 Náttúrustofur. Framlag ríkisins til reksturs náttúrustofa sveitarfélaga er veitt á þennan fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 72,6 m.kr. fjárveitingu á liðinn en það jafngildir 41 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum 2007. Lækkunin skýrist af því að niður fellur 7 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið til hvarrar stofu á fjárlögum 2007 en á móti kemur tillaga um 8 m.kr. sérstakt framlag til Náttúrustofu Vestfjarða. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa komið á fót þróunarsetri á Patreksfirði þar sem fyrirhuguð er samþærileg starfsemi og í Þróunarsetri á Ísafirði. Þessi tillaga um 8 m.kr. framlag til Náttúrustofu Vestfjarða er hluti af tillögu um alls 24 m.kr. framlag til að aðstoða Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands við að ráða starfsmann hvert um sig til að koma á fót verkefnum á sviði fiskeldis, ferðaþjónustu, fugla og gróður- og vistfræðirannsóknir og nýsköpunar í fyrirtækjum. Samsvarandi tillögur um 8 m.kr. framlög eru á fjárlagaliðum Háskóla Íslands og Byggðastofnunar.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir 29,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 1 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 5 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

410 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 594,7 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands og jafngildir það 11,3 m.kr. hækkun að raungildir frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru þær í fyrsta lagi að niður fellur 25 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til að koma upp nýrri veðursjá á Austurlandi. Í öðru lagi er tillaga um að veitt verði 16 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til rannsókna á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á Ísland. Í þriðja lagi er farið fram á 5 m.kr. fjárveitingu vegna háloftaathugana á Keflavíkurflugvelli. Veðurstofan tók við þessum þætti í rekstri háloftastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli síðla árs 2005 þegar varnarliðið hætti þátttöku sinni í rekstrinum.

Veðurstofan fékk 5 m.kr. fjárveitingu til þessara athugana á fjárlögum 2006 en komið hefur í ljós að kostnaður vegna þeirra var vanmetinn. Í fjórða lagi er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að koma upp samhæfðum gagnagrunni yfir stöðva-rekstur Veðurstofunnar og athuganasögu frá upphafi. Kröfur um áreiðanleika veðurgagna hafa aukist mjög á síðari árum, ekki síst vegna rannsókna á veðurfarsbreytingum. Skráningu eldri hluta gagnasögunnar er ætlað að fari fram á Ísafirði. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar einu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í fimmta lagi er sótt um 4 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að styrkja snjóflóðarannsóknir á Ísafirði og undirbúa fjölþjóðlega umsókn um ESB-rannsóknarstyrk til snjóflóðarannsóknarverkefnis sem óskað hefur verið eftir að Veðurstofan stýri. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar einu og hálfu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í sjötta lagi er lagt til að verja 2 m.kr. til að koma upp aðstöðu fyrir aukin verkefni á snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði. Hér er um að ræða hluta snjóflóðavöktunar sem stofnunin sinnir lögum samkvæmt. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir flutningi á allt að hálfu stöðugildi frá Reykjavík vestur á Ísafjörð. Aðrar breytingar á fjárveitingum Veðurstofunnar eru þær að framlag til stofnkostnaðar hækkar um 2,3 m.kr., þar af 1,3 m.kr. tímabundið, þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Að síðustu skal nefnt að rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 120 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	4.550,0	6.820,0	6.180,0	-9,4	35,8
Spariskirteini	989,0	600,0	780,0	30,0	-21,1
Ríkisbréf	5.752,0	8.150,0	8.900,0	9,2	54,7
Ríkisvixlar	980,0	1.780,0	1.600,0	-10,1	63,3
Önnur innlend lán	152,0	1.350,0	1.380,0	2,2	807,9
Annar vaxtakostnaður	2.096,0	1.750,0	2.740,0	56,6	30,7
Innlendur lántökukostnaður	261,0	160,0	160,0	0,0	-38,7
Erlendur lántökukostnaður	128,0	20,0	20,0	0,0	-84,4
Samtals	14.908,0	20.630,0	21.760,0	5,5	46,0

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi 21,8 milljörðum króna á árinu 2008. Það er 5,5% hækkun frá fjárlögum 2007.

Hækkunin skýrist aðallega af hækkun vaxtastigs innanlands og erlendis svo og hækkun annars vaxtakostnaðar. Annar vaxtakostnaður er aðallega vegna inneigna Atvinnuleysis-tryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að þessi liður hækki um 1 milljarð króna milli fjárlaga 2007 og frumvarps 2008 sem skýrist af hækkun inneigna þessara sjóða og hærri vaxtastigi auk þess sem Fjarskiptasjóður bætist nú við þennan lið. Vaxtagjöld ríkisbréfa hækka um 750 milljónir króna frá fjárlögum þrátt fyrir að staða þeirra í lok árána 2007 og 2008 sé áætluð svipuð á milli ára. Skýringuna er að finna í hærri vöxtum endurfjármögnunar þegar nær fjórðungur útistandandi ríkisbréfa er á innlausn. Undir lok árs 2006 tók ríkissjóður erlent lán að fjárhæð 1 milljarð evra sem hann síðan endurlánaði á sömu kjörum til Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Lántakan kemur hér fram í hærri vaxtakostnaði erlendra lána frá reikningi 2006 en þessum vaxtakostnaði er mætt með samsvarandi aukningu vaxtatekna af endurlánum. Vaxtakostnaður erlendra lána lækkar þó á milli árána 2007 og 2008 vegna niðurgreiðslu erlendra lána þessi ár. Aðrir liðir vaxtagjalda breytast óverulega milli fjárlaga 2007 og frumvarps 2008. Greiddir vextir eru áætlaðir 18 milljarðar króna 2008 sem eru 1,3 milljarði hærri en eru áætlaðir 2007. Mis- munur gjaldfærðra og greiddra vaxta eru 3,7 milljarðar króna sem kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Frá fjárlögum 2007 hafa orðið þær breytingar að Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ratsjárstofnun eru nú ekki í B-hluta. Tölur þessara aðila eru því ekki meðtaldar í eftirfarandi umfjöllun.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 23.626 m.kr. á árinu 2008 og rekstrargjöld 25.227 m.kr. Tekjur aukast um 2.125 m.kr. og gjöld um 2.236 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007. Frá ríkisreikningi 2006 hækka tekjur um 1.984 m.kr. og gjöld um 3.241 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 67 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það hækkun um 51 m.kr. frá fjárlögum en lækkun um 72 m.kr. frá reikningi 2006. Framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs er áætlað 2.811 m.kr. og hækkar um 260 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 1.213 m.kr. frá reikningi 2006. Miðað við framangreindar forsendur verður 1.277 m.kr. hagnaður á B-hluta ríkissjóðs og eykst um 200 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007 en lækkar um 116 m.kr. miðað við reikning 2006. Milli áranna 2007 og 2008 munar mest um 216 m.kr. afkomubata hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, 110 m.kr. hækkun á hagnaði Happraættis Háskóla Íslands og 137 m.kr. lækkun á hagnaði ÁTVR.

Fjárfestingar eru áætlaðar 857 m.kr., þar af 510 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 347 m.kr. í áhættufjármunum. Fjárfestingar dragast samkvæmt því saman um 42 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007. Mest munar um 135 m.kr. lækkun fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og 80 m.kr. aukningu áhættufjárfestinga hjá Happraætti Háskóla Íslands.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B-hluta fyrirtækjum á árinu 2008 en á fjárlögum 2007 var lántaka áætluð 625 m.kr., þ.e. 275 m.kr. hjá Happraætti Háskóla Íslands og 350 m.kr. hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Horfur eru á að Happraættið þurfi ekki að nýta sína lántökuheimild og Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar einungis 100 m.kr. af sinni heimild árið 2007.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2008 er áætluð tæpar 183 m.kr. en 152 m.kr. í fjárlögum 2007. Á árinu 2006 nam arðgreiðslan tæpum 161 m.kr. Einungis

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happprætti Háskóla Íslands greiðir hagnað sinn beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2008 nemi það framlag 215 m.kr.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja aukist um 323 m.kr. á árinu 2008 verði 1.838 m.kr. í árslok.

Að venju er gert ráð fyrir að áætlanir fyrirtækja í B-hluta verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Rekstrartekjur	21.500,8	23.625,7
Rekstrargjöld	-22.990,4	-25.226,7
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	16,1	67,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-1.473,5	-1.534,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.551,0	2.811,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	1.077,5	1.277,0
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.077,5	1.277,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	227,9	286,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	14,9	45,0
Handbært fé frá rekstri	1.320,3	1.608,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	-629,6	-510,0
Áhættufjármunir	-268,5	-348,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	0,0	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-898,1	-856,5
Tekin löng lán	625,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-119,5	-31,5
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-152,0	-182,5
Annað	-577,0	-215,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-223,5	-429,0
Breyting á handbæru fé	198,7	323,0
Handbært fé í ársbyrjun	1.347,9	1.515,2
Handbært fé í árslok	1.546,6	1.838,2

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 Happprætti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2008 verði 980 m.kr. hagnaður af rekstri happprættisins en það er 110 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2007 og 49 m.kr. betri afkoma en í reikningi ársins 2006. Tekjur og markaðshlutdeild happprættisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happprættismarkaði. Tekjuþróun og

markaðshlutdeild happdrættisins hefur verið hagstæð síðustu ár, m.a. vegna nýjunga og á síðasta ári fóru tekjur fram úr væntingum. Á samkeppnismarkaði er ekki hægt að gera ráð fyrir að tekjuaukning í kjölfar vörunýjungar verði viðvarandi. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að stafshemildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærrí fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og á fjárlögum er framlagið veitt á lið 02-238 *Tækjasjóður*. Eins og áður sagði er áætlað að á árinu 2008 skili rekstur happdrættisins 980 m.kr. hagnaði og eru 20% af þeirri fjárhæð 196 m.kr. Gert er ráð fyrir að 35 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi með sama hætti og gert var í fjárlögum 2007. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2008 verður því 115 m.kr.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þessa að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.

Gert er ráð fyrir að framlag til Háskóla Íslands nemi 607 m.kr. á árinu 2008. Framlagið er m.a. fólgið í greiðslu vaxta og afborgana vegna lána sem tekin voru vegna sérstakra framkvæmda og verkefna fyrir Háskóla Íslands og hefur þegar verið ráðstafað til þeirra þarfa. Lántökurnar eru færðar í bókum happdrættisins sem fyrirfram ráðstafaður hagnaður og afborganir vegna lánanna færðar sem framlag til Háskóla Íslands á því ári sem þær falla til. Kostnaður vegna þessara lána á árinu 2008 er áætlaður 7 m.kr. og framlag til Háskóla Íslands því áætlað 600 m.kr. Í A-hluta fjárlaga falla niður fjárheimildir upp á 390 m.kr. vegna byggingu Háskólatorgs. Um er að ræða framkvæmdir sem fjármagnaðar voru með framlagi happdrættisins. Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 215 m.kr. á árinu 2008. Peningalegt framlag Happdrættisins til Háskóla Íslands á árinu 2008 takmarkast við þá fjárhæð.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 61,5 m.kr. og framlag úr A-hluta ríkissjóðs af fjárlagalið 03-211 *Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli* verði 2.811 m.kr. Þar af er 1.300,8 m.kr. greiðsla úr ríkissjóði vegna yfirtöku á flugtengdri starfsemi bandaríska hersins og flugverndar á þriðjulanda-farþegum. Að auki er 290 m.kr. framlag úr A-hluta ríkissjóðs til stofnkostnaðar. Þá er

áætlað að lendingargjaldtekjur nemi 617 m.kr. og innheimta vegna öryggisgjalds muni nema 603,2 m.kr. Flugmálastjórn greiðir stærstan hluta innheimts öryggisgjalds til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli fyrir vopnaleit og aðra öryggisþætti. Þau útgjöld skýra 549,8 m.kr. af 2.724 m.kr. rekstrargjöldum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Fjármagnskostnaður umfram fjármagnstekjur er áætlaður 40 m.kr. Eins og fram kemur er framlag til stofnkostnaðar áætlaðar 290 m.kr. og skýrast sú fjárhæð að mestu af 147,4 m.kr. kostnaði við kaup á slökkvibifreið og öðrum tækjum ásamt 108,6 m.kr. kostnaði vegna aðflugsbúnaðar.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar um 18,5 milljarðar króna á næsta ári en það er um 1.075 m.kr. hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2007. Sala áfengis er miðuð við tekjuþróun ársins 2007 og er gert ráð fyrir 4% tekjuaukningu milli árana 2007 og 2008. Hins vegar er gert ráð fyrir 1% samdrætti í tekjum vegna sölu tóbaks milli árana 2007 og 2008. Rekstrargjöld ársins 2008 eru áætluð 18,3 milljarðar króna og hækka um 1.223 m.kr. frá áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Launagjöld hækka en fyrir því eru nokkrar ástæður. Kjarasamningar hækka um 2% á árinu og reiknað er með aukningu á mannafla vegna opnun nýrra vínbúða. Jafnframt má búast við aukningu vinnuafis í samræmi við söluaukningu milli ára. Eftirlaunaskuldbindingar vegna starfsmanna í B-hluta LSR eru áætlaðar 25. m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður aukist í samræmi við fjölgun verslana og aukinna umsvifa sem og bifreiðakostnaður. Að öðru leyti byggir áætlunin á rekstraráætlun ársins 2007 að viðbættum áhrifum af verðlagsbreytingum og auknum umsvifum. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld eru áætlaðar 27 m.kr. Áætlað er að hagnaður verði 158,5 m.kr. og gert er ráð fyrir að handbært fé ÁTVR verði 105 m.kr. í árslok. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld eru áætlaðar 27 m.kr. og gert er ráð fyrir að handbært fé ÁTVR verði 885,5 m.kr. í árslok. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 182,5 m.kr. í arð til ríkissjóðs á árinu 2008 en á fjárlögum 2007 er gert ráð fyrir 152 m.kr. arðgreiðslu.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar vaxi talsvert á árinu 2008. Í gildandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að ársveltan verði um 800 m.kr., en er 650 m.kr. í fjárlögum 2007. Þó er rétt að vekja athygli á, að búast

má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum fyrirtækisins frá ári til árs eftir markaðs- aðstæðum. Horfur eru góðar vegna mikilla framkvæmda í orkumálum, einkum á sviði jarðhita. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 40 m.kr. í tækjum og búnaði á árinu 2008. Fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsóknna og gerir ráð fyrir að fjárfesta í slíkum búnaði fyrir um 40 m.kr. árlega þótt gera megi ráð fyrir sveiflum. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 45 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé í ársbyrjun 2008 er áætlað um 17 m.kr. og tæpar 52 m.kr. í árslok.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélag. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2008 verði fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta rúmir 47 milljarðar króna, samanborið við 90,5 milljarða króna í fjárlögum yfirstandandi árs og 64,1 milljarð í ríkisreikningi 2006. Lækkun frá fjárlögum 2007 er 43,4 milljarðar króna, eða tæp 48%. Lækkun fjármunatekna er mest hjá Íbúðalánasjóði eða 41 milljarður króna og tekjur Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækka um 2,6 milljarða króna. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð tæpir 44 milljarðar króna en eru 84,7 milljarðar í fjárlögum 2007 og 58,5 milljarðar í ríkisreikningi 2006. Lækkun frá fjárlögum 2007 er 40,8 milljarðar króna, eða rúm 48%. Þessi mikla lækkun fjármunatekna og fjármagnsgjalda frá áætlun fjárlaga 2007 til áætlunar þessa frumvarps skýrist að megin hluta af lægri verðbólguþá á næsta ári. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að almennt verðlag hækki um 3,3% á árinu 2008 en 4,5% í ár. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar í verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum. Framlög í afskriftasjóð útlána eru 2,5 milljarðar, eða 2,6% af heildarútlánum árið 2008, samanborið við 3% í fjárlögum yfirstandandi árs.

Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til rekstrar C-hluta sjóða eru áætluð 6,7 milljarðar króna, samanborið við 5,8 milljarða í fjárlögum 2007 og 5,1 milljarð í ríkisreikningi 2006. Munar þar mest um rétt tæplega 6 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hækkar framlag til sjóðsins um 744 m.kr. frá fjárlögum 2007. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 1.041 m.kr. og önnur rekstrargjöld 2.041 m.kr. Rekstrartekjurnar hækka um 236 m.kr. milli ára og munar mest um 234 m.kr. hækkun á rekstrartekjum Íbúðalánasjóðs. Rekstrargjöld hækka um 111 m.kr.

Gangi framangreint eftir er áætlað að C-hluta sjóðir verði reknir með um 6,4 milljarða króna hagnaði á árinu 2008, samanborið við 8,3 milljarða hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2007 og 6,7 milljarða í ríkisreikningi 2006. Þyngst vegur tæplega 4,8 milljarða króna hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem varið er til að viðhalda eiginfjárstöðu og standa undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins. Hagnaður Íbúðalánasjóðs er áætlaður 1,4 milljarðar.

Að teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrar-tengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C-hluta sjóða verði samtals 11,3 milljarðar króna árið 2008. Það er 6,7 milljarða króna lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en 3,7 m.kr. hækkun frá reikningi 2006.

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C-hluta sjóða á næsta ári verði 96,3 milljarðar króna. Það er 24 milljarða króna, eða 33%, hærrí lánveitingar en áætlaðar eru á fjárlögum 2007. Mest munar um 83,3 milljarða króna áætlaðar lánveitingar Íbúðalánasjóðs, þar af 64,3 milljarða almenn íbúðalán og 19 milljarða til leiguíbúða. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 10,9 milljarðar. Áætlað er að árið 2008 verði 36,4 milljarðar króna innheimtar í afborganir af veittum löngum lánum. Það er lækkun um tæpa 5,6 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár og um 17 milljarða króna lækkun frá reikningi 2006. Megin hluti breytingarinnar er hjá Íbúðalánasjóði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Fjármunatekjur	90.533,4	47.126,2
Fjármagnsgjöld	-84.725,7	-43.956,5
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.156,0	-2.508,3
Hreinar fjármunatekjur	3.651,7	661,4
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	5.807,3	6.708,4
Aðrar rekstrartekjur	805,0	1.041,0
Önnur rekstrargjöld	-1.929,6	-2.040,9
Hagnaður (-tap)	8.334,4	6.369,9
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	8.334,4	6.369,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	9.826,0	5.389,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-98,0	-428,0
Handbært fé frá rekstri	18.062,4	11.330,9
Veitt löng lán	-72.263,0	-96.288,5
Afborganir af veittum löngum lánum	42.001,0	36.446,7
Varanlegir rekstrarfjármunir	-90,0	-102,0
Áhættufjármunir, nettó	-14.208,0	914,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-44.560,0	-59.029,8
Tekin löng lán	67.309,0	90.336,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-41.161,0	-31.518,8
Annað, nettó	-2.329,0	-11.061,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	23.819,0	47.756,2
Breyting á handbæru fé	-2.678,6	57,3
Handbært fé í ársbyrjun	30.000,6	15.625,6
Handbært fé í árslok	27.322,0	15.682,9

Lántökur sjóða í C-hluta eru áætlaðar 90,3 milljarðar króna, samanborið við 67,3 milljarða króna áætlun fjárlaga 2007. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 31,5 milljarðar en eru 41,2 milljarðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll af sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs árið 2008 eru áætluð 11,6 milljarðar en í fjárlögum yfirstandandi árs er

reiknað með 2,8 milljarða króna afföllum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. aukið stofnfé.

Gangi framangreindar áætlanir eftir er áætlað að handbært fé lánastofnana í C-hluta verði 15,7 milljarðar króna í árslok 2008.

Að venju er gert ráð fyrir að fjárreiður lánastofnana í C-hluta verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins árið 2008 eru áætluð 10.922 m.kr. og aukast um 1.416 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007 en um 2.744 m.kr. frá reikningi 2006. Hækkun milli árána 2007 og 2008 er 14,9% og auk verðlags- og gengisþróunar munar mest um 3% fjölgun lánþega á Íslandi og erlendis. Til viðbótar er áætluð 47 m.kr. hækkun vegna skólagjalda umfram þá sem mun leiða af fjölgun lánþega. Eins og á undanförunum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins á lið 02-872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna* í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar á framlagsþörf. Framlag ríkissjóðs er 51% útlána, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna, og er við það miðað í frumvarpinu. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu áætlað 5.988 m.kr. og þar af er áætlað að 149 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 289 m.kr. vegna rekstrar.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 4.649 m.kr., fjármagnsgjöld 4.261 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 1.201 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar neikvæðar um 813 m.kr. en voru jákvæðar um 1.092 m.kr. í fjárlögum 2007 og jákvæðar um 25 m.kr. í ríkisreikningi 2006. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins nemi 4.757 m.kr. og lækki um 1.183 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæða fyrir lækkaðri afkomu eru lækkun fjármunatekna vegna spár um lægri verðbólgu. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og nema tæpum 11 milljörðum króna. Fjármagnsgjöld lækka ekki að sama skapi þar sem mun minni fjárhæðir liggja þar að baki lántökum, eða um 8 milljarðar króna. Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysliverðsvísitölu frá námslokum og bera 1% vexti. Í árslok 2006 nam bókfært eigið fé sjóðsins 38.436 m.kr. en þar sem núvirði útlána í árslok var 22.097 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra er núvirði eigin fjár í árslok 16.339 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 4.843 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánnum og er það 552 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Áætlað er að verja 74 m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað er að sjóðurinn taki 8.000 m.kr. í löng lán og greiði 5.298 m.kr. í afborganir af teknum lánnum. Gangi framangreindar forsendur eftir lækkar handbært fé sjóðsins um 188 m.kr. á árinu 2008 og verður um 509 m.kr. í árslok.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Útlán sjóðsins í heild eru áætluð 83,4 milljarðar króna en þau eru 60,7 milljarðar króna í fjárlögum 2007. Það er um 37% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Til að fjármagna útlánin er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki að láni 80,3 milljarða króna en hann tekur 57,2 milljarða króna samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 40,7 milljarðar króna sem er lækkun um tæplega 41 milljarð króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöld eru áætluð 38,7 milljarður króna sem eru lækkun um rúmlega 40 milljarða króna frá áætlun ársins 2007. Í afskriftarsjóð útlána er áætlað að leggja 805 milljónir króna. Hreinar fjármunatekjur eru því áætlaðar 1.174 milljónir króna og hagnaður af starfsemi sjóðsins áætlaður 1.440 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánnum og uppgreiðsla eldri lána nemi 30,7 milljörðum króna. Afborganir sjóðsins af teknum lögnum lánnum eru áætlaðar 25,5 milljarðar króna.

Rekstrartekjur sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu rúmlega 1 milljarður króna m.kr. sem er rúmlega 30% hækkun frá áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Rekstrargjöld eru áætluð 1.035 m.kr. sem er 12% hækkun frá áætlun ársins 2007. Við áætlunina er tekið tillit til væntanlegra launabreytinga vegna kjarasamninga auk þess sem gert er ráð fyrir fjölgun starfsfólks um 3 sérfræðinga og tvo fulltrúa. Gert er ráð fyrir töluverðri aukningu útgjalda í tölvumálum frá árinu 2007 og einnig í kynningar- og markaðsstarf. Munar þar mestu um áætlanir um ný tölvukerfi sjóðsins sem verða komin í rekstur árið 2008 og aukna fjármuni í gerð ársskýrslna Íbúðalánasjóðs. Gert er því ráð fyrir að gjöld umfram tekjur nemi 34 m.kr.

201 *Íbúðalánasjóður, húsbrefadeild.* Fjármunatekjur húsbrefadeildar verða samkvæmt frumvarpinu 14 milljarður króna og fjármagnsgjöld 12,9 milljarðar króna. Framlag í afskriftasjóð útlána er 261 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 906 m.kr. Rekstrartekjur deildarinnar verða 60 m.kr., rekstrargjöld 62 m.kr. og hagnaður ársins því 904 m.kr. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðar 15,5 milljarður króna. Sjóðsstaða er áætluð 20,6 milljarður króna í árslok 2008.

205 *Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflakkar.* Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflakka verða um 19 milljarðar króna. Samkvæmt frumvarpinu verða í fyrsta lagi lánaðir allt að 6,5 milljarðar króna til bygginga eða kaupa leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra frá september 2005. Lánin eru veitt þeim aðilum sem skuldbinda sig til að leigja íbúðirnar einstaklingum og fjölskyldum með tekjur og eignir innan ákveðinna marka með 3,5% vöxtum. Alls er í

samkomulaginu gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til að greiða niður vexti vegna allt að 400 leiguíbúða á ári í fjögur ár til árloka 2009. Vaxtamunurinn miðast við fjármögnunarkostnað Íbúðalánasjóðs hverju sinni að frádregnu samtals 0,45% álagi vegna uppgreiðsluréttar og afskrifta. Miðað við þessar forsendur er árlegt framlag til niðurgreiðslu á hverjar 400 nýjar íbúðir rúmar 60 m.kr. á ári út lánstímann. Samtals er því gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi úr ríkissjóði vegna nýrra og eldri leiguíbúða sem byggðar hafa verið á þessum lánskjörum. Í öðru lagi er lagt til að lána allt að 8 milljarða króna til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði sjóðsins hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 1,0 milljarði króna í greiðsluferfiðleikalán sem er um 300 m.kr. lægri lánsfjárheimild en í gildandi fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir allt að 3,5 milljarði króna lánveitingum til byggingar þjónustumiðstöðva aldara, til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána til einstaklinga með sérþarfir, til lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum. Sjóðstaða er áætluð 227 m.kr. í árslok 2008 og er það um 412 m.kr. lækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árlök 2007.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Með breytingum, sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004, var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánum á árinu 2008 né heldur lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðstaða er áætluð um 1.595 m.kr. í árslok 2008 og er það um 596 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árslok 2007.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna. Áætlað er að tap af rekstri sjóðanna nemi 1,1 milljarði króna á árinu 2008 en áætlað tap samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er 1,3 milljarður króna. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi frá því að Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku vegna þeirra á yfirstandandi ári. Sjóðstaða er áætluð 3,5 milljarðar króna í árslok 2008 og er það hækkun um 1,1 milljarð króna frá áætlaðri sjóðstöðu í árlök 2007.

219 Íbúðalánasjóður, almenn íbúðalán. Gert ráð fyrir að heildarútlán þessarar deildar verði 64,3 milljarðar króna en þau eru tæpir 46 milljarðar króna í gildandi fjárlögum sem nemur um 40% hækkun á milli ára. Gert er ráð fyrir að deildin taki 56,8 milljarða króna að láni til að fjármagna þessi útlán en er 46,3 milljarða króna í fjárlögum yfirstandandi árs. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði og á yfirstandandi ári.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

371 Orkusjóður. Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn fær 34,1 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs af lið 11-371 *Orkusjóður* og hækkar framlagið um 1,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna verðlagsuppfærslu. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 16,5 m.kr. standi undir 34,6 m.kr. rekstrarútgjöldum sjóðsins auk þess að skila 16 m.kr. hagnaði á árinu 2008. Áætlað er að sjóðurinn veiti 20 m.kr. í lán og innheimti 12 m.kr. í afborganir af veittum lánum.

411 Byggðastofnun. Helsti tekjustofn Byggðastofnunar er fjármagnstekjur og eru þær áætlaðar 1.400 m.kr. árið 2008. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði 1.000 m.kr. og að 400 m.kr. verði lagðar í afskriftasjóð útlána, en það er 20% af áætluðum útlánnum á árinu, en í fjárlögum 2007 er þetta hlutfall 15%. Gert er ráð fyrir að stofnunin fái 386,3 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs af lið 11-411 *Byggðastofnun*. Þar af eru 223 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar en 163,3 m.kr. til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 20 m.kr., rekstrargjöld 436,3 m.kr. og áætlað er að stofnunin verði rekin með 30 m.kr. halla á árinu. Reglur stofnunarinnar gera ráð fyrir að 12% af útlánafé fari samkvæmt sérstakri stefnumótun í upphafi hvers árs. Áætlað er að veita 2.000 m.kr. í ný lán, sem er óbreytt frá gildandi fjárlögum, og taka í því skyni jafn háa fjárhæð að láni. Áætlað er að innheimta 900 m.kr. í afborganir af veittum lánnum og greiða 700 m.kr. í afborganir af teknum lánnum. Gangi framgreint eftir er áætlað að handbært fé í árslok verði 855 m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Í árslok 2005 ákvað Alþingi að leggja sjóðnum til samtals 2.500 m.kr. af söluandvirði Landssíma Íslands hf. og koma 500 m.kr. af því framlagi til greiðslu á árinu 2008. Sjóðurinn áformar að verja 1.000 m.kr. til fjárfestingarverkefna og útlána á árinu 2008, innleysa 200 m.kr. og leggja 102 m.kr. í afskriftarsjóð útlána. Hreinar fjár-

munatekjur sjóðsins eru áætlaðar 386 m.kr., rekstrargjöld 97 m.kr. og gert er ráð fyrir 187 m.kr. hagnaði af rekstri sjóðsins. Gangi framangreint eftir verður handbært fé sjóðsins í árslok rúmir 2,8 milljarðar króna.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárförf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérлага. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2007

Reiknað er með að á árinu 2007 verði hreinn lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 12,9 milljarða króna en á fjárlögum var áætlað að hann yrði jákvæður um 9,7 milljarða króna. Breytingin frá fjárlögum er 22,6 milljarðar króna til lækkunar og rekur sig að mestu til þrenna þátta. Í fyrsta lagi eru nú horfur á að í ár skili rekstur ríkissjóðs næstum 46 milljörðum króna í handbæru fé umfram það sem áætlað var á fjárlögum og munar þar mest um mikinn vöxt tekna. Í öðru lagi skilar sala á eignarhlutum í félögum 7,2 milljörðum króna umfram það sem áætlað var, aðallega vegna sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja. Á móti kemur svo í þriðja lagi 76 milljarða króna aukning stofnfjárframlaga og kaup ríkissjóðs á eignarhlutum í félögum. Mest munar þar um 44 milljarða króna eiginfjárframlag til Seðlabanka Íslands og kaup ríkisins á öllum eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun fyrir rúma 30,2 milljarða króna. Neikvæðum lánsfjárfjöfnuði er mætt með auknum lántökum og þannig er gert ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs verði 60,9 milljarðar á árinu 2007. Það eru 30,9 milljarðar umfram áætlun fjárlaga og tengist fyrst og fremst kaupunum á Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 33,6 milljarða króna í afborganir af teknum lánunum, eða 1,8 milljarða umfram áætlun fjárlaga. Eru lántökur umfram afborganir því áætlaðar 27,3 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að 4 milljarðar króna verði greiddir inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands styrkist um 10,4 milljarða króna.

Lántökur árið 2007. Eins og fyrr segir er gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2007 verði 60,9 milljarðar króna eða 30,9 milljörðum króna meiri en áætlað var á fjárlögum. Gert er ráð fyrir að afborganir tekinna lána verði 33,6 milljarðar og samkvæmt því eru horfur á að nettó skuldaaukning ríkissjóðs verði 27,3 milljarðar króna. Það er 29,1 milljarðs króna frávik frá áætlun fjárlaga því þar var ætlað að ríkissjóður myndi greiða niður skuldir um 1,8 milljarða. Eins og áður hefur komið fram stafar fráviknið fyrst og fremst af skuldabréfaútgáfu vegna kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga í Landsvirkjun, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir þeim viðskiptum á árinu 2006.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði 108 milljarðar króna og að afborganir af teknum lánunum verði 44,4 milljarðar. Nettó-lántökur þessara aðila verða samkvæmt því 63,6 milljarðar króna og hækka um 22,5

milljarða frá áætlun fjárlaga. Annars vegar munar þar mest um 21,8 milljarða króna hækkun á lántökum Íbúðalánasjóðs á móti 3,8 milljarða króna meiri afborgunum sjóðsins af teknum lánum og hins vegar um 6 milljarða króna hærri lántökur Landsvirkjunar á móti 2,3 milljarða króna hærri afborgunum fyrirtækisins af teknum lánum. Auknar lántökur Íbúðalánasjóðs skiptast þannig að 15,7 milljarðar eru til almennra íbúðalána en 6,1 milljarður til leiguíbúða. Fyrir utan hærri afborganir af teknum lánum skýrast hærri lántökur Landsvirkjunar að mestu af um 3 milljarða króna hækkun fjárfestinga frá fyrri áætlunum vegna yfirtöku Landsnets á flutningslínunum Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.

6.2 Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2008

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema 144,3 milljörðum króna á árinu 2008. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 87,7 milljarðar króna og hrein lánsfjárförf þessara aðila nemur því 56,6 milljörðum króna. Reiknað er með að ríkissjóður muni taka 30 milljarða króna að láni á árinu og greiða 44,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánum.

Lántökur fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins eru áætlaðar 114,3 milljarðar króna en afborganir tekinnna lána 43,2 milljarður. Nettólántaka þessara aðila er því áætluð 71,1 milljarður króna, en það er 7,5 milljörðum króna hærri nettólántaka en gert er ráð fyrir í horfum fyrir árið í ár. Mest munar þar um Íbúðalánasjóð, en áætlað er að nettólántökur sjóðsins á næsta ári verði 13,3 milljörðum hærri en í ár, að mestu vegna lækkunar á afborgunum af teknum lánum. Áætlað er að nettólántökur Byggðastofnunar verði 0,4 milljörðum króna hærri á næsta ári en í ár, eða 1,3 milljarður á móti 0,9 milljörðum. Á móti kemur svo að er gert ráð fyrir að nettólántökur Landsvirkjunar lækki um 6,2 milljarða króna milli ára, lántökur aukist um 6 milljarða króna en afborganir um 12,2 milljarða.

Í milljörðum króna	Horfur 2007			Frumvarp 2008		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	139,9	29,0	168,9	-	-	144,3
Ríki	139,9	3,0	142,9	-	-	112,3
A-hluti	60,9	0,0	60,9	-	-	30,0
B- og C-hluti	79,0	3,0	82,0	-	-	82,3
Landsvirkjun	0,0	26,0	26,0	-	-	32,0
Afborganir	60,8	17,2	78,0	-	-	87,7
Ríki	60,5	12,7	73,2	-	-	70,7
A-hluti	22,5	11,1	33,6	-	-	44,5
B- og C-hluti	38,0	1,6	39,6	-	-	26,2
Landsvirkjun	0,3	4,5	4,8	-	-	17,0
Hrein lánsfjárförf	79,1	11,8	90,9	-	-	56,6
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	6,4%	1,0%	7,4%	-	-	4,4%

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárför A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins verði jákvæður um 30,8 milljarða króna og handbært fé frá rekstri 24,4 milljarðar. Tekjujöfnuður lækkar þannig um 35 milljarða króna og handbært fé frá rekstri lækkar um 28 milljarða frá horfum fyrir árið í ár. Hvoru tveggja endurspeglar áformaðan vöxt ríkisútgjalda umfram vöxt tekna. Útgjaldavöxtinn má rekja til mikillar aukningar í fjárfestingum, einkum í samgöngumálum, hækkun tilfærsluútgjalda, m.a. vegna spár um aukið atvinnuleysi og minnkun tekjutenginga í almannatryggingakerfinu og loks hækkun almennra rekstrarútgjalda, m.a. vegna brotthvarfs varnarliðsins. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 7,5 milljarð króna og hreinn lánsfjárfjöfnuður jákvæður um tæpa 32 milljarða. Áformað er að verja lánsfjárafganginum í að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 14,5 milljarða króna, greiða 4 milljarða inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 13,4 milljarð króna.

M.kr.	Horfur 2007	Frumvarp 2008
Handbært fé frá rekstri	52.613	24.448
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-500
Veitt löng lán	-7.200	-8.000
Afborganir veittra lána	11.300	16.000
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-77.000	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.800	1.000
Fjármunahreyfingar samtals	-65.500	7.500
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-12.887	31.948
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	60.900	30.000
Afborganir	-33.600	-44.500
Fjármögnun samtals	27.300	-14.500
Framlag til LSR	-4.000	-4.000
Breyting á handbæru fé	10.413	13.448

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri 52,6 milljarðar króna en 24,4 milljarðar á næsta ári. Lækkunin er rúmlega 28 milljarðar og skýrist eins og áður hefur verið vikið að einkum af útgjaldavexti umfram vöxt tekna.

Veitt löng lán. Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga til lengri tíma en eins árs. Sótt er um 8.275 m.kr. endurlánaheimild á árinu 2008 en horfur eru á að í ár nemi endurlán samtals 7.200 m.kr. Sótt er um 8.000 m.kr. heimild vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem er 900 m.kr. hækkun frá áætlun fyrir árið í ár. Aðrar breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar nýti einungis 100 m.kr. af 350 m.kr. lánsfjárheimild sem fyrirtækið hefur á fjárlögum ársins í ár og engar lántökur eru áformaðar á næsta ári. Sótt er um 275 m.kr. lánsheimild vegna Hapdrættis Háskóla Íslands sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum. Hapdrættið áformar engar lántökur í ár og óvíst er hvort fyrirtækið þurfi að nýta lánsfjárheimildina á næsta ári.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 11,3 milljörðum króna en áætlað er að árið 2008 verði þær 16 milljarðar og hækki þannig um 4,7 milljarða króna milli ára. Skýrist hækkunin að lang mestu leyti af hækkun milli ára á afborgun Seðlabanka Íslands af 32 milljarða króna láni sem bankinn fékk hjá ríkissjóði á árinu 2005 þegar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. var ávaxtaður hjá Seðlabankanum í skuldabréfum sem endurgreiðast á árunum 2007-2010. Þannig kemur 6,1 milljarður króna til endurgreiðslu í ár, 10,1 milljarður árið 2008, 9,3 milljarðar árið 2009 og 6,5 milljarðar árið 2010.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Miklar breytingar hafa orðið í þessum lið frá því sem áætlað var á fjárlögum 2007 og hefur liðurinn hækkað frá 1.000 m.kr. áætlun fjárlaga í 77.000 m.kr. horfur fyrir árið í ár. Munar þar mest um 44.000 m.kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands í vor og kaup ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun fyrir 30.250 m.kr. svo sem á var minnst í kafla 6.1 hér að framan. Önnur stór breyting frá fjárlögum er 1.200 m.kr. stofnfjárframlag til Byggðastofnunar sem er hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Aðrar breytingar frá fyrri áætlun eru smærri. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 1.000 m.kr. hlutafjárkaupum og stofnfjárframlögum á næsta ári en það er óbreytt áætlun frá fjárlögum 2007 og ber þar hæst 500 m.kr. stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í samræmi við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands.

M.kr.	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Seðlabanki Íslands	44.000,0	0,0
Landsvirkjun	30.250,0	0,0
Byggðastofnun	1.200,0	0,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	500,0	500,0
Mátis ohf.	150,0	0,0
Neyðarlínan hf.	91,0	0,0
Vistorka hf.	25,0	100,0
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	205,0	205,0
Evrópubankinn, EBRD	35,0	35,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Helsinki	35,0	35,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	10,0	10,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	499,0	115,0
Samtals	77.000,0	1.000,0

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á tilteknum eignarhlutum ríkissjóðs í félögum. Eingöngu er gert ráð fyrir 1.000 m.kr. tekjum af sölu smærri eignarhluta.

Hreinn lánsfjárfjöldur. Áætlað er að á næsta ári verði hreinn lánsfjárfjöldur jákvæður um tæpa 32 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að honum verði varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 14,5 milljarða króna, greiða 4 milljarða inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild LSR og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 13,4 milljarða króna.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 30 milljarða króna lántökum ríkissjóðs á árinu 2008 og í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka þá fjárhæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs.

Afborganir af teknum lánnum. Áætlað er að á árinu 2008 greiði ríkissjóður 44,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánnum. Miðað við það er áætlað að á næsta ári greiði ríkissjóður niður skuldir sínar um 14,5 milljarða króna.

6.4 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða - ríkisábyrgðir

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Horfur eru á árinu 2007 verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða 108 milljarðar og áætlað er að þær verði 114,3 milljarðar króna árið 2008. Útlit er því fyrir að lántökur þessara aðila verði 6,3 milljörðun króna meiri á næsta ári en í ár. Stærstu breytingarnar eru 6 milljarða króna aukning á lántökum Landsvirkjunar og 1,3 milljarða króna hækkun á lántökum Íbúðalánsjóðs en lántökur Byggðastofnunar lækka um 1 milljarð króna. Horfur eru á að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir 44,4 milljarða króna í afborganir af

teknum lánum en 43,2 milljarða árið 2008. Miðað við þetta er áætlað að í ár hækki skuldir þessara aðila um 63,6 milljarða króna og 71,1 milljarð árið 2008, eða um samtals 134,7 milljarða á þessum tveimur árum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimilað að taka allt að 32 milljarða króna að láni á árinu 2008 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir ársins. Áætlað er að á því ári nemi fjárfestingar félagsins alls 17,5 milljörðum króna. Um að ræða 10 milljarða í framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, 4 milljarða í framkvæmdir við Neðri Þjórsá, 1,5 milljarðar í rannsóknarboranir á Þeistareikjasvæðinu og 2 milljarðar í ýmsar viðhaldsframkvæmdir. Því til viðbótar er gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum á vegum Landsnets fyrir um 5,5 milljarða króna. Helstu verkefni þar eru lagning jarðstrengs milli Geitháls og Nesjavalla, stækkun tengivirkis við Kolviðarhól, undirbúningur fyrir byggingu tengi- og flutningsmannvirkja vegna stórnotkunar í Helguvík og á Húsavík, tenging aflþynnuverksmiðju á Akureyri og almenn styrking og endurnýjun í flutningskerfinu. Félagið áætlar að greiða 17 milljarða í afborganir af teknum lánum þannig að hrein lánsfjárförf þess á árinu 2008 er 15 milljarðar króna.

2. Íbúðalánasjóður. Gert er ráð fyrir að Íbúðalánasjóður fái heimild til 80,3 milljarða króna lántöku á árinu 2008. Lántökur íbúðalánadeildar eru áætlaðar 56,8 milljarðar króna, og er það lækkun um 2,1 milljarð frá horfum fyrir árið í ár, og lántökur vegna leiguíbúða eru áætlaðar 23,5 milljarðar, sem er hækkun um 3,5 milljarða króna miðað við horfur fyrir árið í ár. Áætlað er að á árinu 2008 greiði sjóðurinn 25,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánum. Hrein lánsfjárförf sjóðsins á árinu 2008 nemur því 54,8 milljörðum króna. Horfur eru á að í ár þurfi sjóðurinn að taka að láni rétt tæpa 79 milljarða króna og greiða 37,4 milljarða í afborganir af teknum lánum, þannig að hrein lánsfjárförf hans í ár nemur 41,6 milljörðum króna. Samkvæmt því hækka nettólántökur sjóðsins um 13,2 milljarða króna milli áranna 2007 og 2008. Lántökur hækka um 1,3 milljarða en afborganir af teknum lánum lækka um 11,9 milljarða. Munar þar mest um 14,5 milljarða lækkun á afborgunum af skuldum húsbréfadeildar.

3. Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun fái 2 milljarða króna lántökuheimild á árinu 2008 sem öll er ætluð til nýrra lánveitinga. Stofnunin hefur 3 milljarða króna lánsfjárheimild á fjárlögum 2007 og þar af er 1 milljarður ætlaður til endurfjármögnunar á skuldum stofnunarinnar en 2 milljarðar til nýrra lánveitinga. Lánveitingar Byggðastofnunar í ár og á næsta ári eru því áætlaðar 2 milljarðar króna á ári hvort ár um sig.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 124 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 24, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 21, til sölu lóða og jarða eru 38, til sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 23 og ýmsar heimildir eru 11. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 190 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar um heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um þessar heimildir má nefna 2.19 sem er söluheimild vegna stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Auk sölu eignarinnar er lagt til að heimilt verði að ráðstafa hluta andvirðisins til uppbyggingar á landsmótssvæði fyrir hestaiþróttir á Gaddastaðflötum. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð verði ekki hærri en sem nemur 80 m. kr. Hluti söluandvirðisins mun renna til Hekluskóga samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum. Heimildir 2.20-2.22 eru allar vegna íbúðarhúsa á forræði Landbúnaðarháskóla Íslands sem skólinn hefur áhuga á að verði seldar inn í Húsfélag Hvanneyrar sem er sjálfseignarstofnun. Heimild 2.23 er til komin vegna áhuga á því að selja núverandi embættisbústað sýslumannsins á Hvolsvelli sem stendur ónotaður, ásamt lögreglustöðinni og ráðstafa andvirðinu til kaupa, leigu eða byggingar nýrrar lögreglustöðvar. Heimild 2.24 er til komin vegna flutnings Vegagerðar ríkisins í hentugra húsnæði. Heimild 2.25 er vegna starfsmanna-húsnæðis Vegagerðarinnar á Ísafirði sem ekki er lengur not fyrir. Heimild 2.26 er vegna „gamla hótelsins“ nálægt ylströndinni í Nauthólsvík og byggingum sem því tengjast. Heimildir 3.19 og 3.21 eru vegna almennrar umsýslu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna almennrar umsýslu Landbúnaðarráðuneytisins og Jarðasjóðs. Rétt er hins

vegar að minnast á heimild 4.32 sem er vegna nýs deiliskipulags sem samþykkt hefur verið við framhaldsskólann að Laugum í Reykjadal en í tengslum við það hefur skólameistarinn farið fram á að leigja tvær byggingarlóðir til starfsmanna skólans sem ætla að setjast að til frambúðar á staðnum. Heimild 4.37 er vegna áhuga Kópavogsbæjar að kaupa landsspildur ríkisins við Þinghól og Vatnsenda.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa og eru þessar heimildir óbreyttar frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Þar er helst að nefna heimild 6.21 sem er vegna kaupa á jörðinni Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi. Landbúnaðarráðuneytið hefur mikinn áhuga á því að ríkið eignist þessu sérstæðu jörð, m.a. vegna þeirra hamfaraflóða úr Kötlu sem oft hafa farið yfir hluta hennar og gera uppgræðslu hennar nauðsynlega.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í fjárlagafrumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til breyting á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við hækkun byggingarvísitölu.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi miðað við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins.

Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Lagðar verða til breytingar í samræmi við þær forsendur frumvarpsins að hækkun á olíugjaldi úr 41 krónu á líter í 45 krónur á líter komi ekki til framkvæmda um næstu áramót.

Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Lagðar verða til breytingar á gjaldskrá dómsmálaráðuneytisins fyrir vegabréfsáritun.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Lagðar verða til breytingar á lögnum í samræmi við áform í frumvarpinu um frestun framkvæmda við Sundabraut og Stofnun Árna Magnússonar.

Lög nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lagðar verða til breytingar á lögnum í samræmi við áform um afnám verðtilfærslugjalds á mjólk og áform um að leggja Fóðursjóð niður í áföngum á næstu þremur árum.

Lög nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Lagt verður til að jöfnun á flutningskostnaði olíuvara verði hætt og flutningsjöfnunarsjóður olíuvara lagður niður.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Lögð verður til frestun á gildistökuákvæði í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagðar verða til breytingar á ýmsum viðmiðunarfjárhæðum laganna, einkum varðandi barnabætur og vaxtabætur.

Atriðisorðaskrá

A	bls.
Aðildargjöld ESB	290
Aðrar rekstrartekjur	239
Afborganir lána ríkissjóðs	46
Afborganir veittra lána ríkissjóðs	46
Afnotagjöld RÚV	241
Afskriftir skattkrafna	233, 391
Alþingi	268,
Alþjóðastofnanir	314, 315
Atvinnuleysistryggingasjóður	233, 235, 354
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	415
Á	
Ábyrgðargjald vegna launa	235
Ábyrgðasjóður launa	235, 242, 353
Áfengis- og fíkniefnamál	338, 340
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	47, 438
Áfengisgjald	253
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	306
Átak í vímuvarnamálum	356
Átak til atvinnusköpunar	412
B	
Bandalag íslenskra skáta	305
Barnabætur	233, 390, 391
Barnaverndarstofa	349, 357
Beinar greiðslur til bænda	323, 324
Bifreiðagjöld	257
Bjargráðasjóður	353
Blindrabókasafn Íslands	299, 301
Borgarholtsskóli	241
Bridgesamband Íslands	306
Brunamálastofnun ríkisins	238, 429, 430
Búnaðarsjóður	234, 324, 325
Byggðaáætlun	415, 416
Byggðastofnun	48, 49, 411, 415, 445, 452
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	329, 331
Bændasamtök Íslands	318, 324, 325
Bætur brotþola	337, 338
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	233, 361, 362
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	364

D

Dagvistun aldraðra, aðrar	367
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	45, 332, 333
Dvalarrými aldraðra, önnur	367

E

Eftirlaunasjóður aldraðra	361, 365
Einkaleyfastofan	243, 410
Embætti forseta Íslands	268
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	382
Endurvinnslan hf.	238, 428
Evrópuráðið	315

F

Fangelsisbyggingar	343
Fangelsismálastofnun ríkisins	343
Fasteignamat ríkisins	236, 243, 393, 394
Fasteignir forsætisráðuneytis	273
Fasteignir framhaldsskóla	291, 294
Fasteignir ríkissjóðs	393, 395
Fasteignir Stjórnarráðsins	273, 274
Ferðamálastofa	237, 408
Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	306
Ferjubryggjur	405
Félagsmál, ýmis starfsemi	348, 355, 356
Félagsmálaráðuneyti	45, 345, 443
Félagsmálaskóli alþýðu	354
Fiskistofa	235, 242, 329
Fiskræktarsjóður	234, 324, 326
Fjármagnstekjuskattur	255, 391
Fjármálaeftirlitið	243, 419
Fjármálaráðuneyti	45, 384, 438
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	394
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	48
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	47
Fjársýsla ríkisins	265, 393
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	240
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	241
Fjölbrautaskóli Suðurlands	240
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	240
Fjölbrautaskóli Vesturlands	240
Fjölbrautaskólinn Ármúla	240
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	240
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	240

Flensborgarskóli	240, 295
Flugmálastjórn á Keflavíkflugvelli	47, 241, 311, 437
Flugvellir og flugleiðsögubjónusta.....	237, 243, 406
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	354
Fornleifavernd ríkisins	299
Forsætisráðuneyti	45, 270, 272
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.....	272
Forvarnasjóður.....	381
Fóðursjóður	234, 317, 324, 325
Framhaldsskólar, stofnkostnaður.....	291, 295
Framhaldsskólinn á Húsavík	240
Framhaldsskólinn á Laugum	241, 295
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu.....	240
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	240
Framkvæmdasjóður aldraðra.....	236, 369
Framkvæmdasjóður fatlaðra.....	349, 352
Framkvæmdasýsla ríkisins	275, 394
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	239
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	324, 325
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	296
Fullorðinsfræðsla fatlaðra.....	291, 296
Fylgiráttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	234
Fæðingarorlof	235, 355
Fæðingarorlofssjóður.....	233

G

Garðávaxtasjóður.....	324
Geislavarnir ríkisins	242, 380
Geymsluhúsnæði safna.....	302
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum.....	238
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	236
Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.....	236
Glímusamband Íslands	306
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	273, 275
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	322, 324
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	322, 323
Greiðslur vegna riðuveiki.....	324
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	322, 323
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	349, 352

H

Hafnabótasjóður	404, 405
Hafnamannvirki.....	399, 405
Hafrannsóknastofnunin	329, 330

Hagræn skipting gjalda í A-hluta	233
Hagstofa Íslands	45, 259, 270, 421
Hagþjónusta landbúnaðarins	320, 321
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs	46
Happdrætti Háskóla Íslands	47, 435, 436
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	282, 290
Háskólasjóður	245, 286
Háskóli Íslands	234, 239, 245, 285
Háskólinn á Akureyri	239, 282, 287
Háskólinn á Bifröst	282, 287
Háskólinn í Reykjavík	282, 287
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	45, 358
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	361
Heilbrigðisstofnun Austurlands	379
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	379
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	380
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	379
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	378
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	378
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	378
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	379
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	375
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	376
Heilsugæslustöðin Dalvík	376
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	376
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	376
Heilsugæslustöðin Lágmúla	375
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	376
Heilsugæslustöðvar, almennt	373, 374, 375
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	372
Heimildir	51
Hekluskógar	321, 322
Heyrnar- og talmeinnastöð Íslands	380
Héraðs- og Austurlandsskógar	321, 322
Héraðsdómstólar	337
Hið íslenska bókmenntafélag	305
Hjúkrunarheimili, almennt	368
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	241, 320
Hrafseyri	272
Húsafriðunarnefnd	298, 303
Hæstiréttur	337
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarið	234
Höfundarréttargjöld	234, 298, 303
Hönnunarsafn Íslands	300, 301

I

Icepro-nefnd	418
Iðnaðarmálagjald	237
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	411, 412
Iðnaðarráðuneyti	45, 409
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	410, 438, 445
Iðnnemasamband Íslands	296
Iðnskólinn í Hafnarfirði	241
Iðnskólinn í Reykjavík	241
Innheimtukostnaður	387, 389
Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	319

Í

Íbúðalánasjóður	48, 443, 444
Íslensk friðargæsla	315
Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	273, 276
Íslenskar orkurannsóknir	47, 438
Íslenski dansflokkurinn	298, 302
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	297
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	280, 306
Íþróttasamband fatlaðra	306

J

Jafnréttisstofa	348
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	242, 324, 325
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	236
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	413, 414
Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða	420
Jöfnunarsjóður sókna	245, 344
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	233, 245, 353

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	46
Kennaraháskóli Íslands	239, 282, 287
Kirkjugarðar	344
Kirkjumálasjóður	245, 344
Kjarasamningar	438
Kosningar	334, 336
Kristnisjóður	344
Kvennaskólinn í Reykjavík	240
Kvikmyndamiðstöð Íslands	298, 303
Kvikmyndasafn Íslands	299

L

Lagasafn	334
Landbúnaðarháskóli Íslands	241, 320
Landbúnaðarráðuneyti	45, 316, 319
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	319
Landbúnaðarstofnun	234, 241, 320
Landgræðsla ríkisins	241, 321, 322
Landhelgisgæsla Íslands	338, 340
Landhelgissjóður Íslands	338
Landlæknir	242, 380, 381
Landmælingar Íslands	238, 429
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	299, 300
Landspítali	243, 350, 365, 366
Landssamband KFUM og KFUK	306
Launa- og verðlagsmál	392
Lánasjóður íslenskra námsmanna	48, 233, 297, 442
Lánaumsýsla ríkissjóðs	387, 393, 394
Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs	46
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir	49
Leiguíbúðir	355, 356
Listaháskóli Íslands	282, 288
Listamannalaun	245
Listasafn Einars Jónssonar	299
Listasafn Íslands	299, 300
Listasjóðir	245, 298, 303
Listir	298, 303
Listir, framlög	298, 303
Listskreytingasjóður	298, 303
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	389
Lífeyristryggingar	233, 235, 361, 362
Lyfjastofnun	236, 243, 380, 381
Lýðheilsustöð	236, 245, 380, 381
Læknavaktin	375
Lögregluskóli ríkisins	338, 339
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	235, 338, 339
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	242, 338, 340

M

Mannúðarmál og neyðaraðstoð	315
Markaðar tekjur	234
Markaðsgjald	234
Matvælarannsóknir	329, 330
Málefni fatlaðra	349, 382
Málskostnaður í opinberum málum	337

Menningarhús	302
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	298, 302
Menntamálaráðuneyti	45, 278, 436, 442
Menntaskóli Borgarfjarðar	241
Menntaskólinn að Laugarvatni	239
Menntaskólinn á Akureyri	239
Menntaskólinn á Egilsstöðum	239
Menntaskólinn á Ísafirði	239
Menntaskólinn á Laugarvatni	239
Menntaskólinn í Kópavogi	240
Menntaskólinn í Reykjavík	239
Menntaskólinn við Hamrahlíð	239
Menntaskólinn við Sund	239
Myndlistarskólinn Akureyri	296
Myndlistarskólinn í Kópavogi	296
Myndlistarskólinn í Reykjavík	296

N

Námsefnisgerð	296
Námsgagnastofnun	297
Námsmatsstofnun	282, 288
Náttúrufræðistofnun Íslands	431
Náttúruminjasafn Íslands	299, 301
Náttúruannsóknastöðin við Mývatn	426
Náttúrustofur	430, 432
Neyðarsímsvörun	338, 340
Neytendasamtökin	417
Neytendastofa	238, 243, 419
Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	324
Niðurgreiðslur á húshitun	414
Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	274
Norðurlandsskógar	321
Norræn samvinna	304, 305
Norræna ráðherranefndin	273, 274
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	411
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	48, 445

O

Ofanflóðasjóður	238, 429, 430
Oliugjald	236
Opinber réttaraðstoð	337
Orkusjóður	48, 413, 445
Orkustofnun	413

Ó

Óbyggðanefnd	273, 275
--------------------	----------

P

Persónuvernd	337
Póst- og fjarskiptastofnunin	237, 243, 407

R

Rafræn þjónustuveita hins opinbera	276
Rannsóknamiðstöð Íslands	288
Rannsóknanefnd flugslysa	405
Rannsóknanefnd sjóslysa	404, 405
Rannsóknarnámssjóður	289
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	329, 331
Rannsóknasjóður	289, 331
Ratsjárstofnun	312, 435
Raunvísindastofnun Háskólans	286
Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla	396
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	393, 395
Rekstrarreikningur ríkissjóðs	247
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs	45
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll	312, 395
Reykjavíkúakademían	290
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	282, 289
Ríkisábyrgðir	49
Ríkisendurskoðun	270
Ríkiskaup	393, 394
Ríkislögmaður	273, 275
Ríkislögreglustjóri	235, 338, 339
Ríkissaksóknari	338
Ríkissáttasemjari	348
Ríkisskattstjóri	243, 387, 388
Ríkisstjórn	269
Ríkisstjórnarákvarðanir	395, 396
Ríkisútvarpið	233, 241, 302
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	365

S

Safnasjóður	299
Sala hlutabréfa og eignarhluta	46
Samgönguráðuneyti	45, 398, 401
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	401
Samkeppniseftirlitið	418, 419

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.....	304, 305
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	365
Samtök iðnaðarins	237, 411
Schengen-samstarf.....	338, 340
Sendiráð Íslands	313
Siglingastofnun Íslands	237, 243, 405
Sinfóníuhljómsveit Íslands	241, 260, 303
Símenntun og fjarkennsla	291, 296
Sjávarútvegráðuneyti	45, 327
Sjávarútvegráðuneyti, aðalskrifstofa	327
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	46, 247
Sjóður til síldarrannsóknna.....	329
Sjónstöð Íslands.....	381
Sjúklingatrygging	361
Sjúkraflug	374
Sjúkraflutningar.....	374, 378
Sjúkrahótel.....	365
Sjúkrahúsið á Akureyri.....	365
Sjúkratryggingar	233, 361, 363
Skammtímalán ríkissjóðs	46
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	387
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	387
Skáksamband Íslands	306
Skákskóli Íslands	306
Skálatúnshemilið, Mosfellsbæ	349
Skipulagsmál sveitarfélaga.....	238, 429
Skipulagsstofnun	429
Skjólsgógar á Vestfjörðum.....	321
Skógrækt ríkisins.....	242, 317, 322
Skógræktarfélag Íslands	319
Skriðuklaustur	305
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.....	329, 331
Slysatryggingar.....	236, 361, 364
Snorrastofa.....	305
Sóknargjöld	245, 344
Sólheimar í Grímsnesi	349, 352
Sóltún, Reykjavík	371
St. Jósefsspítali, Sólvangur.....	380
Staðlaráð.....	412
Starfsemi áhugaleikfélaga	304
Stimpilgjöld	253
Stjórnarskrárnefnd	272
Stjórnartíðindi.....	335
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	282, 286, 290
Stofnun Vilhjálm Stefnssonar	430, 432
Styrkir til ferja og sérleyfishafa.....	399, 402

Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	426, 428
Styrkir til innanlandsflugs	402
Styrktarfélag vangefinna	349
Suðurlandsskógar	321
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	341
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	341
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	242

T

Talsmaður neytenda	418, 420
Tannverndarsjóður	245
Tapaðar kröfur og tjónabætur	391
Tapaðar kröfur	391
Tekin löng lán ríkissjóðs	46
Tekjujöfnuður	45
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	239, 286
Tollstjórinn í Reykjavík	387, 389
Tóbaksvarnir	245
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	235, 354
Tryggingastofnun ríkisins	361
Tækjasjóður	239, 289, 437
Tækniþróunarsjóður	412

U

Umboðsmaður barna	273
Umferðarstofa	237, 243
Umhverfisráðuneyti	45, 422, 424
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	424
Umhverfisstofnun	238, 244, 424, 426
Ungmennafélag Íslands	305
Utánríkisráðuneyti	45, 308, 437
Úrvinnslusjóður	238, 426, 428
Útflutningsráð Íslands	234, 316
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	396
Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	305
Útlendingastofnun	338, 341

V

Vaktstöð siglinga	405
Varasjóður húsnæðismála	355
Varnarmál	311
Vatnajökulsþjóðgarður	426, 427
Vaxtabætur	233, 391
Vaxtagjöld ríkissjóðs	45, 434

Veðurstofa Íslands	432
Veiðimálastofnun	320
Veitt löng lán ríkissjóðs	46
Veitt stutt lán ríkissjóðs	46
Verðlagsstofa skiptaverðs	331
Verðmiðlun landbúnaðarvara	234, 325
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	242, 329
Verkmenntaskóli Austurlands	240
Verkmenntaskólinn á Akureyri	240
Vestmannaeyjajafja	405
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	273
Vesturfarasetrið á Hofsósi	273
Vesturlandsskógar	321
Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	306
Viðskiptaráðuneyti	45, 418, 445
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	418
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti	445
Vinnueftirlit ríkisins	235, 242, 348
Vinnumál	354
Vinnumálastofnun	54, 354
Virðisaukaskattur	45, 256
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	367
Vistvænir orkugjafar	414
Víkinganaust í Reykjanesbæ	301

Y

Yfirfasteignamatsnefnd	397
Yfirskattanefnd	387

Þ

Þjóðgarðar og friðlýst svæði	427
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	273, 276
Þjóðkirkjan	344
Þjóðleikhúsið	298, 302
Þjóðmenningarhúsið	275
Þjóðminjasafn Íslands	300
Þjóðskjalasafn Íslands	300
Þjóðskrá	242, 335, 341
Þróunaraðstoð	315
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	315
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	315
Þungaskattur	236
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	310

Æ

Æðsta stjórn ríkisins	45, 267
Æskulýðsmál	305
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	305
Æskulýðsrannsóknir	305

Ö

Öldrunarstofnanir, almennt	368
Öryggismálanefnd	272

